Atli Örvarsson í **Hollywood**
tónlist 26

Margrét Lára er barnakona
fólk 68

Morðin í Malmö
samfélagsmál 40

spottið 16

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

25. febrúar 2012
48. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011

Feldskerinn syngjandi
Eggert Jóhannsson á sér ýmsar ólíkar hliðar.
fólk 38

Snýr aftur í búrið
Gunnar Nelson mætir sínum erfiðasta andstæðingi.
bardagalistir 36

Fjórflokkurinn er mýta
Fimm ný samtök hafa tilkynnt um framboð til Alþingis í næstu kosningum.
stjórnmál 28

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Ferðir | Allt | Allt atvinna



FYRSTA STÓRA HLUTVERKIÐ Herdís Anna Jónasdóttir sópransöngkona tekst nú á við fyrsta stóra hlutverk sitt í stóru tónlistarhúsi því hún æfir annað stærsta kvenhlutverkið í La bohème í Íslensku óperunni. Hún er samt ekki óvön því að standa á sviði því hún byrjaði barnung að koma fram í heimabæ sínum Ísafirði, spilandi, syngjandi og leikandi. **Sjá síðu 34**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Varað við oftrú á blóðprófi

Félagið Framför sendi fimmtugum körlum bréf og mælir með blóðprufu til skimunar eftir krabbameini. Landlæknir segir mælinguna ekki gefa áreiðanlegar upplýsingar í opinberri yfirlýsingu vegna bréfsins.

HEILBRIGÐISMÁL Framför – krabbameinsfélag karla hefur sent hópi fimmtugra karla bréf þar sem þeir eru hvattir til að óska eftir blóðmælingu sem að mati félagsins getur gefið vísbendingar um krabbamein í blöðruhálskirtli. Landlæknir sendi af þessu tilefni frá sér yfirlýsingu á fimmtudag þar sem fram kemur að heilbrigðisyfirvöld mæli ekki með því að blóðprufan, svokölluð PSA-mæling, sé notuð til skimunar eftir þessari tegund krabbameins.

„Mælingin gefur ekki nægilega áreiðanlegar upplýsingar og ekki hefur verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að slík leit bjargi mannslífum. Hins vegar er ljóst að í kjölfarið fá stórir hópar karla að óþörfu meðferð sem getur haft í för með sér alvarlegar aukaverkanir, svo sem ristruflanir og þvagleka," segir í yfirlýsingu landlæknis.

> Við sem höfum fengið krabbamein sjáum þetta í öðru ljósi en landlæknir.
>
> **GUÐMUNDUR ÖRN JÓHANNSSON**
> FORMAÐUR FRAMFARAR

Guðmundur Örn Jóhannsson, formaður Framfarar, segir það ekki standa til að fara í stríð við landlækni en félagsmenn í Framför séu þessu ósammála. „Við sem höfum fengið krabbamein sjáum þetta í öðru ljósi en landlæknir. Án vitneskju um PSA hefðum við hugsanlega ekki tekið á okkar málum."

Helgi Sigurðsson, yfirlæknir á LSH og prófessor í krabbameinslækningum við HÍ, segir að erlendar rannsóknir sýni að oftrú á PSA-mælingar hafi leitt til ofgreiningar og yfirmeðhöndlunar. „Við vitum að verið er að ofgreina þetta krabbamein hér á landi," segir Helgi.

- shá / sjá síðu 12

SPURNING DAGSINS

Sigurður, hefur ÁTVR ekki útskýrt málið umbúðalaust?

„Nei. Kannski ættum við gefa kaupendum færi á að nálgast límmiða á skrifstofunni."

Sigurður Bernhöft er framkvæmdastjóri áfengisheildsölunnar HOB vín sem hugðist flytja inn Tempt-eplamjöð en fékk ekki. ÁTVR segir umbúðirnar ekki uppfylla reglur því á þeim sé kynferðislegur undirtónn.

Þrotabú Glitnis losar sig við 3,7% hlut í stærsta flugfélagi landsins:

Seldu í Icelandair fyrir milljarð

VIÐSKIPTI Þrotabú Glitnis seldi í fyrrakvöld allan hlut sinn í Icelandair Group fyrir 979 milljónir króna. Um er að ræða 3,7 prósenta hlut sem seldur var á genginu 5,37 krónur á hlut. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins keyptu tveir sjóðir í stýringu hjá Stefni, í eigu Arion banka, um þriðjung af þeim hlutum sem seldir voru.

Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri Glitnis, segir að tilboð hafi verið samþykkt eftir lokun markaða á fimmtudag. „Ég get staðfest að við höfum selt allan okkar hlut í Icelandair."

979 milljónir króna fengust fyrir 3,7 prósenta hlut gamla Glitnis í Icelandair.

Þetta eru stærstu viðskipti sem átt hafa sér stað með hlutabréf í Icelandair síðan Framtakssjóður Íslands (FSÍ) seldi 10 prósenta hlut í félaginu í nóvember 2011 á 2,7 milljarða króna. Í tilkynningu vegna þeirrar sölu var sagt að kaupendurnir væru breiður hópur fjárfesta. Fréttablaðið greindi síðar frá því að hinn breiði hópur væri að mestu skipaður níu lífeyrissjóðum sem eru líka eigendur FSÍ. Á meðal þeirra voru Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem keypti þá 2,5 prósent og á nú 14,5 prósent, og Gildi lífeyrissjóður, sem keypti um 1,1 prósents hlut. Hvorugur þessara sjóða var á meðal kaupenda að hlut Glitnis á fimmtudag. Icelandair hagnaðist um 4,5 milljarða króna í fyrra. Gengi bréfa í félaginu hefur hækkað um 120 prósent frá því gengi sem var á þeim í tveimur útboðum á árinu 2010. - þsj

50 milljónir á fjórum árum:

Kona ákærð fyrir fjárdrátt

LÖGREGLUMÁL Sérstakur saksóknari hefur ákært fyrrverandi starfsmann Kaupþings fyrir að hafa dregið sér rúmar 50 milljónir. Starfsmaðurinn er kona á sjötugsaldri sem starfaði í einkabankaþjónustu á eignastýringarsviði bankans en brotin munu hafa átt sér stað á fjögurra ára tímabili; á árunum 2004 til 2008. Rannsókn málsins mun hafa staðið yfir í rúm tvö ár.

Verði konan fundin sek getur hún átt yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi. - shá

Rannsaka bakhlið tunglsins:

Skýr merki um jarðhræringar

VÍSINDI Nýjar myndir úr könnunarfari Bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA) sýna skýr merki um nýlegar jarðhræringar á yfirborði tunglsins.

Nýlegar er ef til vill villandi orðalag þar sem talið er að sprungur á yfirborðinu hafi myndast fyrir um 50 milljónum ára. Það telst þó nýlegt þegar litið er til þess að talið er að tunglið hafi myndast fyrir um 4,5 milljörðum ára.

Sprungurnar sem sjást á yfirborðinu sýna að þar er spenna sem togar yfirborðið til. Vísindamenn geta sér til um að heitur kjarni tunglsins hafi þessi áhrif á yfirborð þess. - bj

Samið um skíðasvæði:

Opna á lyftur Skálafells í dag

ÍÞRÓTTIR Stefnt er að því að allar lyftur í Skálafelli verði opnar í dag. Skíðadeild KR hefur náð samningum við stjórn skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu um rekstur Skálafells það sem eftir lifir vetrar. „Skíðadeild KR býður í kaffi og kakó auk þess sem frítt verður í lyfturnar fyrir yngri en 12 ára í boði Mosfellsbæjar," segir Anna Laufey Sigurðardóttir, formaður skíðadeildarinnar.

Hún getur þess að fjallið sé pakkað af snjó. Langt sé síðan jafnmikill snjór hafi verið á svæðinu. - ibs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hald lagt á 60 plöntur

60 kannabisplöntur fundust við húsleit lögreglu í fjölbýlishúsi í miðborg Reykjavíkur í vikunni. Á sama stað var lagt hald á um 800 grömm af kannabisefnum. Karl á þrítugsaldri var yfirheyrður vegna málsins. Tildrög húsleitarinnar má rekja til tilkynningar um vatnsleka í húsinu og þurfti að kalla slökkvilið á staðinn vegna þess.

Telja starfslok notuð til að hækka launin

Fulltrúar minnihlutans í bæjarráði Kópavogs segja milljónahækkun á launum fyrrverandi bæjarstjóra ætlaða til að geta ráðið nýjan bæjarstjóra á hærri launum. Meirihlutinn segir samkomulag um starfslokin byggt á ráðningarsamningi.

SVEITARSTJÓRNIR „Hér er augljóslega verið að hækka laun fyrrverandi bæjarstjóra svo laun nýs bæjarstjóra geti tekið mið af þeim hækkunum," segir Hafsteinn Karlsson, fulltrúi Samfylkingarinnar, í bókun sem hann lagði fram í bæjarráði Kópavogs á fimmtudag.

Fyrir bæjarráðsfundinum lá samkomulag við Guðrúnu Pálsdóttur um starfslok sem bæjarstjóri. Guðrún snýr aftur til síns fyrra starfs sem skrifstofustjóri hjá Kópavogsbæ. Ármann Kr. Ólafsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, hefur tekið við starfi bæjarstjóra í kjölfar meirihlutaskipta í bænum.

Ólafur Þór Gunnarsson úr Vinstri grænum sagði í bókun að samkomulagið við Guðrúnu um „starfslok" hennar væri „illa unnið og ónákvæmt". Kvað hann spurningum fulltrúa minnihlutans um gerð samkomulagsins hafa verið svarað með „ekki svörum" og að ábendingum hafi ekki verið tekið.

„Launakjör eru hækkuð frá ráðningarsamningi sem er í mínum huga afar undarlegt og bærinn verður því fyrir kostnaðarauka sem nemur fleiri milljónum króna. Biðlaunaréttur lengist um sex mánuði að því er best verður séð sem er umfram það sem gert var ráð fyrir í fyrri samningi. Blandað er saman samningi um starfslok og væntanlega ráðningu í starf sem liggur ekki fyrir hvernig verður háttað," bókaði Ólafur.

Hafsteinn Karlsson sagði „í hæsta máta óeðlilegt" að gera þurfi sérstakan starfslokasamning við Guðrúnu. Í ráðningarsamningi hennar komi skýrt fram að taki hún við sínu fyrra starfi skuli kjör hennar þá þegar breytast. Furðu veki að í starfslokasamningnum séu laun bæjarstjóra hækkuð umfram það sem komi fram í ráðningarsamningi.

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

HJÁLMAR HJÁLMARSSON

HAFSTEINN KARLSSON

ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR Minnihlutinn í bæjarráði Kópavogs segir skipti fyrrverandi bæjarstjóra yfir í starf skrifstofustjóra kosta milljónir króna fyrir bæinn.

„Fyrir liggur lögfræðiálit sem telur af og frá að bæjarstjóri fái launahækkanir umfram þær sem getið er um í ráðningarsamningi," bókaði Hafsteinn sem eins og fyrr segir telur laun Guðrúnar hækkuð til að laun Ármanns geti tekið mið af því. „Líklega er það þess vegna sem enn hefur ekki verið lagður fram ráðningarsamningur nýs bæjarstjóra," sagði Hafsteinn.

Fulltrúi Næst besta flokksins, Hjálmar Hjálmarsson, tók undir bókanir Ólafs og Hafsteins. Vinnubrögð nýs meirihluta varðandi starfslok bæjarstjórans væru „einstaklega léleg og ófagleg". Blandað væri saman ráðningarsamningi og starfslokasamningi auk atriða sem komi málinu ekkert við.

Starfslokasamningnum var á endanum vísað frá bæjarráðinu til afgreiðslu bæjarstjórnar með atkvæðum meirihlutans. Minnihlutinn sagði það lýsa „ótrúlega óvönduðum vinnubrögðum" að nýi meirihlutinn vísi máli sem hann hafi í tvígang lagt fram í bæjarráði til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Fulltrúar meirihlutans vísuðu að endingu gagnrýni minnihlutans á bug. „Samkomulagið grundvallast á þeim ráðningarsamningi sem í gildi var milli þáverandi bæjarstjórnar og bæjarstjóra," sagði í bókun Rannveigar Ásgeirsdóttur, fulltrúa Y-lista og formanns bæjarráðs, og þeirra Ármanns og Ómars Stefánssonar úr Framsóknarflokki. gar@frettabladid.is

RUPERT MURDOCH Eigandi fjölmiðlasamsteypunnar með eintak af The Sun í kjöltunni. NORDICPHOTOS/AFP

Sun kemur út á sunnudegi:

Heita því að fara að lögum

BRETLAND, AP Breska síðdegisblaðið The Sun kemur út á morgun í fyrsta sinn í sunnudagsútgáfu, sem í reynd tekur við af sunnudagsblaðinu News of the World, sem lagt var niður síðasta sumar vegna harðrar gagnrýni á vinnubrögð blaðamanna.

Það verða fyrrverandi starfsmenn News of the World sem að hluta bera uppi útgáfu nýju útgáfunnar. Stefnt er að stóru upplagi, allt að þremur milljónum eintaka, en boðuð eru breytt vinnubrögð: Að þessu sinni verði farið í einu og öllu að lögum við öflun frétta.

„Það er hættulegur misskilningur að News of the World eða síðdegisblöð yfirleitt geti ekki orðið fyrst með stórfréttir nema beita ólöglegum eða siðlausum vinnubrögðum," segir Paul Connew, fyrrverandi framkvæmdastjóri News of the World. „Keppinautarnir eiga eftir að svitna." - gb

LANDKYNNING

Mynd um heimboð

Íslander, heimildarmynd um heimboð Íslendinga í tengslum við markaðsátakið Inspired by Iceland, verður sýnd á netmiðlinum Huffington Post bráðlega. Fjölmargir Íslendingar tóku þátt í verkefninu með því að bjóða erlendum ferðamönnum að sækja sig heim.

Nýr og öflugur bátur

Erum að kynna hönnunarvinnu á nýjum öflugum atvinnubát.
Kynnið ykkur málið á **www.bátasmiðjan.is**
eða leitið upplýsinga í síma 897-5188

Bátasmiðjan ehf - Flugumýri 28 - 270 Mosfellsbæ

Blaðamaður Fréttablaðsins tilnefndur til verðlauna í þriðja sinn síðan 2007:

Tilnefndur fyrir umfjöllun um díoxín

FJÖLMIÐLAR Svavar Hávarðsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, er tilnefndur til verðlauna Blaðamannafélags Íslands fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins 2011. Tilnefninguna hlýtur Svavar fyrir viðamikla umfjöllun sína um díoxínmengun frá sorpbrennslustöðvum í Skutulsfirði, Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er þriðja tilnefning Svavars frá árinu 2007. Þá var umfjöllun hans um sjóöryggi á siglingaleiðum við Suður- og Suðvesturland tilnefnd sem besta rannsóknarblaðamennskan, og árið 2009 var fékk hann tilnefningu fyrir umfjöllun um stjórnarskrármál.

Alls eru níu tilnefningar í þremur flokkum. RÚV, DV og Morgunblaðið fá tvær tilnefningar og Fréttablaðið, Stöð 2 og Fréttatíminn eina hver miðill.

Rannsóknarblaðamennska ársins:

- Ingi Freyr Vilhjálmsson, DV, fyrir umfangsmikinn og ágengan fréttaflutning af uppgjöri og afleiðingum fjármálahrunsins.
- Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kastljósi, fyrir áhrifaríka umfjöllun um lækna dóp, útbreiðslu þess og skelfilegar afleiðingar.
- Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu, fyrir fréttaflutning af mengun vegna díoxíns frá sorpbrennslum í Skutulsfirði, á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum.

Besta umfjöllun ársins:

- Helga Arnardóttir, Stöð 2, fyrir umfjöllun um endurupptöku Geirfinnsmálsins meðal annars á grundvelli nýrra gagna sem hún kynnti til sögunnar.
- Skapti Hallgrímsson, Morgunblaðinu, fyrir umfjöllun um Helgu Sigríði Sigurðardóttur sem fékk hjartaáfall 12 ára gömul 2010.
- Þóra Tómasdóttir, Fréttatímanum, fyrir umfjöllun um ofbeldi innan veggja Landakotsskóla.

Blaðamannaverðlaun ársins:

- Helgi Bjarnason, Morgunblaðinu, fyrir vandaðan og margháttaðan fréttaflutning af nýjungum í atvinnulífi og stöðu og íbúaþróun á Vestfjörðum og í landbúnaði, meðal annars með ræktun repju til orkuframleiðslu.
- Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, DV, fyrir fjölbreytt og mikilvæg skrif um samfélagsvandamál, svo sem ofbeldi, einkum er varða hlutskipti kvenna.
- Jón Björgvinsson, Ríkisútvarpinu, fyrir einstakan fréttaflutning af vettvangi „arabíska vorsins", uppreisnum gegn einræðisstjórnum í Norður Afríku.

Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga.

Hvað þýðir það nákvæmlega?

Viðskiptavinir TM eru ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga, samkvæmt íslensku ánægjuvoginni 2011. Það er sannarlega munur á tryggingafélögum og hvernig þau sinna viðskiptavinum sínum.

Frá árinu 2005 hafa margir viðskiptavinir TM sem lentu í tjóni, deilt með okkur hvernig þeir upplifðu úrlausn sinna mála. Svörin sýna ekki aðeins að það skiptir miklu máli hvar þú tryggir, heldur líka af hverju.

Í fyrsta lagi er ráðgjöfin sem þú færð þegar þú kaupir tryggingar lykilatriði. Með réttri ráðgjöf veistu hvað þú þarft að tryggja og lendir síður í því að verða fyrir tjóni sem tryggingarnar ná ekki yfir.

92%

92% viðskiptavina TM fengu tjón sitt bætt samkvæmt könnun Capacent.

Maður veit víst aldrei hvað gerist næst...

Í öðru lagi er það allra hagur þegar tjónamál koma upp að úr þeim sé leyst fljótt og vel. Því fyrr sem lífið kemst í samt horf, því betra fyrir alla og góð viðbrögð skipta öllu máli.

Á **afhverju.tm.is** getur þú séð fjölda umsagna viðskiptavina sem lent hafa í tjóni og notið þjónustu TM.

Í þriðja lagi getur skipt miklu hvernig brugðist er við tjóninu sjálfu. Ef fyrirtæki lendir til dæmis í bruna er mikilvægt að komast hjá því að reksturinn stöðvist. Þá skiptir afgreiðsla og aðkoma tryggingafélagsins miklu máli.

Á síðustu 13 árum hefur TM 11 sinnum verið með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.

Það er stefna TM að samband okkar og viðskiptavina sé langtímasamband, byggt á trausti og gagnkvæmum ávinningi. Ef eitthvað kemur fyrir, þá vilt þú vera hjá TM.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Tryggingamiðstöðin . Síðumúla 24 . Sími 515 2000 . tm@tm.is . **afhverju.tm.is**

GENGIÐ 24.02.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,70	124,30
Sterlingspund	195,32	196,26
Evra	165,50	166,42
Dönsk króna	22,254	22,384
Norsk króna	22,101	22,231
Sænsk króna	18,743	18,853
Japanskt jen	1,5340	1,5430
SDR	191,82	192,96

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 226,8634

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

REYKJAVÍKURHÖFN Togarar voru 58 í lok síðasta árs og opnir fiskibátar 833.

Flest skráð á Vestfjörðum:

Fjölgar í skipaflota á milli ára

SJÁVARÚTVEGUR Fiskiskipum á skrá Siglingastofnunar fjölgaði um þrjátíu milli áranna 2010 og 2011. Alls voru 1.655 skip á skrá í lok síðasta árs. Fjöldi vélskipa var 764, togarar voru 58 og opnir fiskibátar 833.

Flest fiskiskip voru með skráða heimahöfn á Vestfjörðum, að því er fram kemur á vef Hagstofunnar. Það gerir um 23 prósent flotans, en næstflest voru með skráða höfn á Vesturlandi. Flestir af opnu fiskibátunum voru einnig skráðir á Vestfjörðum. Fæst skip voru skráð á Suðurlandi sem og opnu fiskibátarnir. Fæstir togarar voru skráðir á Vesturlandi. - sv

Kínverjar á Evrópumarkað:

Kínverskur bílarisi í Búlgaríu

BÚLGARÍA Kínverjar hafa nú hafið framleiðslu á bílum í verksmiðju sem þeir hafa opnað í Búlgaríu, þá fyrstu í Evrópu. Kínverski bílarisinn Great Wall Motors hefur hafið innreið sína á evrópska markaðinn og hyggst framleiða 2.000 bíla í verksmiðjunni í Búlgaríu í ár.

Markmiðið er að framleiðslan verði 50 þúsund bílar eftir tvö ár.

Í fyrstunni er ráðgert að komast inn á bílamarkaðinn í Makedóníu, Albaníu, Svartfjallalandi og Serbíu. Því næst á að hefja innreið í önnur lönd Evrópu. -ibs

Lögmenn segja fullnaðarkvittun forsendu þess að samningsvextir gildi:

Getur gilt um alla lánasamninga

DÓMSMÁL Óvarlegt er að áætla að fordæmisgildi dóms Hæstaréttar um vexti af ólögmætum, gengistryggðum lánum sé bundið við ákveðna tegund lána. Líklegra sé að hann eigi við um allar gerðir gengistryggðra lánasamninga.

Þetta kemur fram í álitsgerð þriggja lögmanna lögmannsstofunnar LEX, sem unnin var fyrir Samtök fjármálafyrirtækja.

Í álitinu segir að niðurstaða Hæstaréttar taki til allra lánþega sem hafa undir höndum fullnaðarkvittun fyrir þeim greiðslum sem inntar hafa verið af hendi. Aðrir, sem ekki eiga slíkar kvittanir, þurfa að sætta sig við að lánið beri lægstu óverðtryggða vexti Seðlabankans, í stað lágra vaxta gengistryggðu lánanna.

HÆSTIRÉTTUR Samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar skulu samningsvextir gilda en ekki Seðlabankavextir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá komast lögmennirnir að þeirri niðurstöðu að þótt dómurinn fjalli ekki um lán til fyrirtækja geti hann haft fordæmisgildi gagnvart smærri fyrirtækjum. Stærð og staða fyrirtækja við samningsgerðina hafi að þeirra mati þýðingu við úrlausnina.

Enn fremur segir í álitinu að skilmálabreytingar á lánum hafi engin áhrif á niðurstöðuna að því gefnu að lántakinn hafi staðið í skilum. - sh

Atvinnumissir föður:

Einkunnir barna lækka

NOREGUR Þegar faðirinn missir vinnuna lækka einkunnir barnanna en ekki þegar móðirin missir vinnuna.

Þetta eru niðurstöður könnunar sem gerð var í Háskólanum í Stafangri í Noregi. Bornar voru saman einkunnir nemenda sem áttu foreldra með vinnu við einkunnir þeirra sem áttu atvinnulausa foreldra. Nemendurnir voru allir í tíunda bekk.

Atvinnumissir móður hafði jafnvel jákvæð áhrif á einkunnir nemendanna. - ibs

Þrjú tilboð í útboð skuldabréfa á Hörpu

Þrjár lánastofnanir vilja sjá um skuldabréfaútboð sem á að endurfjármagna skuldir vegna byggingar Hörpunnar. Umfang útboðsins verður 18,3 milljarðar króna. Féð verður notað til að borga sambankalán og lán frá ríki og borg.

VIÐSKIPTI Þrjár innlendar lánastofnanir skiluðu í gær inn tilboði til að sjá um skuldabréfaútgáfu til að endurfjármagna lántökur vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Búist er við því að ákvörðun um við hverja þeirra verði samið liggi fyrir í lok næstu viku. Endurfjármögnuninni á að ljúka fyrir mitt þetta ár. Skuldabréfaútgáfan verður um 18,3 milljarðar króna til að hægt verði að endurgreiða sambankalán sem veitt var fyrir byggingu hússins og eigendalán sem íslenska ríkið og Reykjavíkurborg veittu eigenda þess í lok síðasta árs.

Pétur J. Eiriksson, stjórnarformaður Portusar ehf., sem heldur utan um eignarhald Hörpunnar, segir að næsta vika fari í það að meta þau tilboð sem skilað var inn. „Ég get ekki sagt til um hvenær þeirri vinnu muni ljúka. En okkar markmið er að vera búnir að klára endurfjármögnun félagsins ekki seinna en á miðju þessu ári."

Portus er dótturfélag Austurhafnar-TR, sem er eigandi Hörpu. Austurhöfn, sem er í 54 prósenta eigu íslenska ríkisins og 46 prósenta eigu Reykjavíkurborgar, tók sambankalán hjá íslenskum bönkum í janúar 2010 sem átti að fjármagna byggingu Hörpunnar að fullu. Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki veittu lánið. 17,1 milljarðs króna þak er á láninu, sem kostar eigendur Hörpunnar um einn milljarð króna á ári í kostnað. Því ríkir enn ákveðin óvissa um hver endanlegur kostnaður ríkis og borgar verður vegna Hörpu á meðan lánið hefur ekki verið endurfjármagnað.

HARPA Kostnaður vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss átti að vera um sex milljarðar króna samkvæmt áætlunum sem settar voru fram árið 2002. Hann er í dag tæpir 28 milljarðar króna að teknu tilliti til afskrifaðs kostnaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sambankalánið orðið verðtryggt

Sambankalánið sem Austurhöfn-TR tók hjá stóru viðskiptabönkunum þremur, með 17,1 milljarðs króna þaki, var óverðtryggt fram til 15. febrúar síðastliðinn. Frá þeim tíma hefur það borið 3,5% verðtryggða vexti og mun gera það í tvö ár til viðbótar verði það ekki endurfjármagnað. Eftir tvö ár eiga verðtryggðu vextirnir að hækka um 0,15% samkvæmt lánaskilmálunum. Heildarlánstíminn er 35 ár og gert er ráð fyrir að lánið verði verðtryggt út þann tíma.

Áætlaður heildarkostnaður vegna byggingar Hörpu, reksturs hennar fram að endurfjármögnun og kostnaðar vegna annarra byggingareita er áætlaður 17,7 milljarðar króna, eða hærri en sem nemur sambankaláninu. Vegna þessa þurftu eigendur Austurhafnar, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, að lána félaginu 730 milljónir króna í lok síðasta árs. Lánið er til eins árs og á að endurgreiðast að fullu þegar skuldabréfaútboðinu verður lokið.

Heildarkostnaður vegna Hörpu og tengdra verkefna, að meðtöldum afskrifuðum kostnaði, er áætlaður um 27,7 milljarðar króna. Þegar samningar um byggingu hússins voru undirritaðir í apríl 2002 var áætlaður kostnaður við framkvæmdina um sex milljarðar króna. thordur@frettabladid.is

Ný prinsessa Svíþjóðar:

Heitir í höfuðið á ömmunum

SVÍÞJÓÐ Nýfædd prinsessa Svía hefur fengið nafnið Estelle Silvia Ewa Mary. Karl Gústaf Svíakonungur greindi frá nafninu í gær.

Estelle er dóttir Viktoríu krónprinsessu og Daníels prins og fæddist aðfaranótt fimmtudags á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi.

VIKTORÍA KRÓNPRINSESSA

Veðmálafyrirtæki og fjölmiðlar höfðu velt nafninu fyrir sér í sólarhring áður en það var tilkynnt í gær. Nöfnin Silvia og Ewa eru nöfn móður- og föðurömmu prinsessunnar.

Forsætisráðherrann var meðal þeirra sem heimsóttu fjölskylduna í gær, en æðstu yfirmenn þurfa að staðfesta fæðingu ríkisarfa. - þeb

Óheppileg jólagjöf:

Svipt aðstoð vegna ryksugu

DANMÖRK Daninn Steen Rytter sér nú eftir því að hafa ásamt systkinum sínum gefið 83 ára gamalli móður þeirra sjálfvirka ryksugu í jólagjöf. Móðirin hefur nefnilega fengið bréf frá sveitarfélaginu í Randers um að hún muni ekki lengur fá heimilishjálp þar sem hún geti nú sjálf sinnt heimilisverkunum.

Gömlu konunni var þó boðin þjálfun í meðal annars gólfþvotti en þar sem hún hafði verið ræstitæknir áður en hún fór á eftirlaun afþakkaði hún boðið.

Steen Rytter segir að í fyrstu hafi hann haldið að um grín hafi verið að ræða. - ibs

4 МАРТА 2012 ГОДА –
ВЫБОРЫ ПРЕЗИДЕНТА РОССИЙСКОЙ ФЕДЕРАЦИИ

Все граждане России старше 18 лет, как временно, так и постоянно находящиеся в Исландии, приглашаются принять участие в голосовании.

Голосование состоится 4 марта 2012 года с 08.00 до 20.00 по местному времени на избирательном участке № 5106 в помещении Консульского отдела Посольства России в Исландии по адресу: Рейкьявик, ул. Тунгата, д. 24 (телефон 561-08-51, факс 561-08-53, электронная почта russcons@internet.is).

Для участия в голосовании необходимо иметь при себе действующий документ, удостоверяющий личность гражданина России за её пределами.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

GOTT Í DAG Yfirleitt hæglætis veður og bjart með köflum en gengur í stífa suðaustanátt með vætu um sunnan- og vestavert landið í kvöld. Suðlæg átt og milt með mikilli vætu sunnanlands í fyrstu á morgun en úrkomulítið norðaustan til.



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	11°
Berlín	5°
Billund	7°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	19°
London	12°
Mallorca	17°
New York	7°
Orlando	26°
Ósló	3°
París	14°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Daviðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorm@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

HEIMILISTÆKJA DAGAR

BRJÁLAÐ VERÐ - MIKIÐ ÚRVAL!

Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

tilboð 69.900 ~~74.900~~

Þvottavél
EWF106410W.
1000sn. Tekur 6 kg.
Þvottahæfni A+
14 þvottakerfi.
Stærð 85x60x60cm.
1805650

tilboð 10.590 ~~13.900~~

Blandari Desire
Russel Hobbs, 600W, 1.5 ltr glerílát.
1840065

tilboð 12.790 ~~16.900~~

Matvinnsluvél Desire
Russel Hobbs, 600W, 1.5 ltr.
1840066

Russell Hobbs

SPANHELLUBORÐ

tilboð 89.900 ~~129.900~~

Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

Spanhelluborð
EHD60020P
Snertitakkar, tvær fasaður hliðar.
1808802

tilboð 89.900 ~~99.900~~

Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

Uppþvottavél
ESF 65050X
Orkunýting A, fimm þvottakerfi, 47dB.
1805340

tilboð 58.900 ~~73.900~~

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

Frystikista
G215, 203 ltr. Orkunýting A+
Frystigeta 18kg/24klst.
1805482

LJÓS RÝMINGAR SALA SKÚTUVOGI

50-70% afsláttur

ALLIR POTTAR OG PÖNNUR

20% afsláttur

BEKA

49.900

VERÐ VERND

LÆGSTA LÁGA VERÐ

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

Kælir/frystir
FHC 142/DF2-28, 143x55x58 cm Orkunýting A.
Kælirými 171 ltr. og frystirými 41ltr.
1805498

Kaffi Garður Skútuvogi

Pylsa eða pizza og kók

199kr

opið til kl. 17 um helgar.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

KJÖRKASSINN



Munt þú frekar kaupa D-vítamínbætta mjólk en hefðbundna?

Já	45,8%
Nei	54,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að Náttúruminjasafn Íslands fái inni í Perlunni?

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Ellefu ára stúlka bjargaði barni á öðru ári frá drukknun í Keflavík:

Hélt að litla stelpan væri dáin

FÓLK „Þegar ég var akkúrat komin að 25 metrunum þá sýndist mér ég sjá dúkku og hélt að einhver væri að gera grín að mér," segir Aníka Mjöll Júlíusdóttir, ellefu ára, sem með snarræði bjargaði stúlku á öðru ári frá drukknun í Keflavík í gær.

Aníka var á sundæfingu í miðri skriðsundsferð þegar litla stelpan stökk út í laugina. Hún hafði stungið af frá fjölskyldu sinni, ósátt við að þurfa að fara upp úr, að sögn Ragnars Arnar Péturssonar, forstöðumanns Vatnaveraldarinnar í Reykjanesbæ. Ragnar segir að farið hafi verið yfir málið á fundi í fyrrakvöld og aftur í gær.

BJARGVÆTTURINN Aníka Mjöll segist hafa verið í slíku áfalli að hún hafi varla getað haldið áfram á sundæfingunni. MYND/ÞÓRUNN ÓSK HARALDSDÓTTIR

„Ég tók hana upp úr eins fljótt og ég gat. Þá gat hún varla andað en ég sló létt á bakið á henni og þá spýttist vatn upp úr henni. Þetta var mjög hræðilegt," segir Aníka og kveðst hafa verið mjög létt þegar hún heyrði stelpuna gráta. „Ég hélt að hún væri dáin," segir hún.

Þórunn Ósk Haraldsdóttir, móðir Aníku, er mjög stolt af dóttur sinni. „Hún var í svolitlu sjokki eftir þetta í gær og ég sagði bara við hana: „Þetta er bara nákvæmlega eins og alvöru hetjum líður"," segir Þórunn. - sh, sv

Fengu gefins tíu búninga:

Þurfa árlega að endurnýja 30

FORVARNIR Slysavarnaskóli sjómanna fékk í byrjun vikunnar að gjöf tíu björgunarbúninga til að nota við kennslu í sjóbjörgun.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, afhenti búningana, sem eru liður í forvarnasamstarfi sem hófst haustið 2009 og felur meðal annars í sér að VÍS færi skólanum árlega tug björgunarbúninga. „Enda engin vanþörf á þar sem skólinn þarf að endurnýja hátt á þriðja tug björgunarbúninga á ári vegna mikillar notkunar á þeim á æfingum." - óká

Ráðgeri að opna lækningastofu 8. maí í Domus Medica, Egilsgötu 3, 101 Reykjavík.

Opið er fyrir tímapantanir í síma 563 1000 alla virka daga kl. 9-17.

Ólöf H. Bjarnadóttir. Sérgrein: taugalækningar.

Áfengir koffíndrykkir sendir til EFTA-dóms

Bann við sölu á áfengum koffíndrykkjum í vínbúðum stenst ekki ákvæði EES-samningsins að mati vínnflytjanda. Segir engar rannsóknir liggja að baki banninu. Íslenska ríkið vísar í heilsufarsleg sjónarmið til stuðnings banninu.

STJÓRNSÝSLA Bann íslenskra stjórnvalda við sölu á áfengum drykkjum með koffíni í vínbúðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) er á leið fyrir EFTA-dómstólinn til að fá úr því skorið hvort það standist ákvæði samningsins um evrópska efnahagssvæðið (EES).

Þar með eru tvö mál á leið fyrir dómstólinn, en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur annar áfengisheildsali farið fram á að fá ráðgefandi úrskurð dómstólsins um heimildir ÁTVR til að neita að taka áfengistegundir í sölu.

Drykkurinn Cult Shaker var fáanlegur í vínbúðum frá árinu 2006. Þegar nýjar reglur um vöruúrval ÁTVR um leyfilegt innihald á koffíni í áfengi tóku gildi árið 2009 tóku verslanirnar drykkinn úr sölu þar sem koffíninnihald hans var yfir leyfilegum mörkum.

Ákvörðun ÁTVR var kærð til fjármálaráðuneytisins, sem staðfesti ákvörðunina. Áfengisheildsalinn Vín Tríó, sem flutti drykkinn til landsins, höfðaði mál fyrir héraðsdómi til að fá niðurstöðunni hnekkt.

„Ákvörðunin byggði ekki á neinum rannsóknum, það hafði ekkert komið fram að svona drykkir væru skaðlegri en áfengi almennt," segir Birgir Tjörvi Pétursson, lögmaður Vín Tríó. Hann segir þá ákvörðun stjórnvalda að banna áfengistegundir sem innihaldi koffín skýrt brot á reglum EES-samningsins um frjálst flæði vöru. Engin rök séu fyrir því að banna þessa drykki þegar óáfengir koffíndrykkir séu seldir í verslunum, og séu gjarnan notaðir með áfengi.

Íslenska ríkið tók til varnar í málinu, og taldi viðurkennt að ríki hefði heimild til að takmarka aðgang að áfengi á grundvelli heilsufarslegra sjónarmiða.

Héraðsdómur tók ekki afstöðu í málinu, heldur ákvað að óska eftir ráðgefandi úrskurði EFTA-dómstólsins. Því mótmælti lögmaður íslenska ríkisins og kærði niðurstöðuna til Hæstaréttar, sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms.

Birgir segist vonast til þess að EFTA-dómstóllinn komist að niðurstöðu í málinu fyrir sumarið.

brjann@frettabladid.is

VÍNBÚÐ Heimilt var að selja áfenga koffíndrykki til ársins 2009, þegar bann var lagt við sölu þeirra í vínbúðunum með nýrri reglugerð. Því banni vill áfengisheildsali fá hnekkt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjór ekki kenndur við ölvunarástand

Ekki er rétt að orðið brió sé slangur yfir að vera hífaður, eins og fram kemur í kæru til fjármálaráðuneytisins vegna ákvörðunar ÁTVR að heimila ekki sölu á bjórnum Svarta dauða. Þetta fullyrða vertar Ölstofu Kormáks & Skjaldar.

Í kæru sem lögmaður eiganda vörumerkisins Svarta dauða bjórs sendi ráðuneytinu segir að mismunun eigi sér stað hjá ÁTVR. Stofnunin hafi neitað að taka í sölu bjór með slagorðinu „drekkið í friði", en tekið í sölu bjór með slagorðinu „það er gott að vera bríó". Lögmaðurinn segir að orðið bríó sé ekki til í orðabókum, en það muni vera slangur yfir að vera hífaður.

Í yfirlýsingu frá vertum Ölstofunnar er þessari fullyrðingu mótmælt. Bjórinn var upphaflega framleiddur fyrir Ölstofuna, en fæst nú í verslunum ÁTVR. Í yfirlýsingunni segir að bjórinn sé nefndur eftir tónlistarmanninum Steingrími Eyfjörð, sem oft var kallaður Bríó. Þar segir jafnframt að orðið bríó sé vel þekkt úr erlendum málum, þar sem það standi fyrir fjör, kraft, hressleika eða tilþrif. Slagorðið vísi því ekki í ölvun.

ÍSLENZKRA SÍMAMANNA FÉLAG F·Í·S

Framboð í trúnaðarstöður

Skv 34. grein félagsins skal tveim mánuðum fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 23. gr. og 24. gr.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til
kl. 12 á hádegi 12.03.2012

Reykjavík 21. febrúar 2012

Stjórn Félags íslenskra símamanna

www.simamenn.is

Grísk stjórnvöld hafa fyrir sitt leyti samþykkt skilmála skuldaniðurfellingar:

Beðið eftir samþykki bankanna

GRIKKLAND, AP Grísk stjórnvöld hafa samþykkt áætlun um skuldbreytingu, sem felur í sér að fjármálafyrirtæki felli niður 53,5 prósent af skuldum gríska ríkisins.

Gríska stjórnin lagði blessun sína yfir þessi áform í gær, daginn eftir að gríska þingið samþykkti þau. Enn er þó óvíst hvort öll fjármálafyrirtækin fallast á niðurfellinguna, sem vegna lágra vaxta felur líklega í sér að þau tapi allt að 70 prósentum af því sem Grikkir skulda þeim.

Vogunarsjóðir, sem krefjast þess sumir enn að Grikkir greiði skuldir sínar að fullu, gætu þó neyðst til að fallast á þessar sameiginlegu ráðstafanir.

Skuldbreytingin er forsenda þess að leiðtogaráð Evrópusambandsins leggi blessun sína yfir 130 milljarða fjárhagsaðstoð til Grikkja, sem fjármálaráðherrar evruríkjanna samþykktu nú í vikunni.

Gegn þessu hafa grísk stjórnvöld einnig samþykkt enn harðari aðhaldsaðgerðir, sem mætt hafa mikilli andstöðu verkalýðsfélaga og almennings í Grikklandi. - gb

TILÞRIF Á ÞINGI Evangelos Venizelos fjármálaráðherra sannfærir þingmenn um nauðsyn skuldbreytingarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Takk fyrir!

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Nú höfum við ástæðu til að brosa

Það gleður okkur virkilega að viðskiptavinir Íslandsbanka séu ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.

Ánægja viðskiptavina hefur ávallt verið helsta markmið Íslandsbanka og Byrs en í okkar huga er þessi niðurstaða fyrst og fremst hvatning til að gera góða þjónustu enn betri.

Starfsfólk Íslandsbanka býður ánægðustu viðskiptavinunum upp á kaffi og kökur í næsta útibúi í dag.

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM50592

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2012

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn þriðjudaginn 27. mars kl. 18 á Grand Hótel.

live.is

DAGSKRÁ FUNDARINS:

» Venjuleg ársfundarstörf

» Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 10. febrúar 2012
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

ÍMYNDUNARAFL / LV

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlunni 7, 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is

kostnaðaráætlun
frumkvæði
árangursmat
markaðssetning
nýnæmismat
framkvæmdaáætlun
verkefnislýsing

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

Iðnaðarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu *Átaki til atvinnusköpunar*.

Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins
- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

Í umsókn þarf að koma fram
- Skýr lýsing á verkefninu í heild og ætluðum árangri þess
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Ýtarleg lýsing á þeim verkþáttum sem sótt er um styrk til, s.s. þróunarvinnu eða markaðsstarfs

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á **www.nmi.is**.

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið **johanna@nmi.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **1. mars 2012**. Umsækjendur eru hvattir til að bíða ekki til síðasta dags með að sækja um til að forðast tafir vegna álags á umsóknarkerfi.

ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR

Iðnaðarráðuneytið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel

Fyrirhuguð frumsýning vekur hörð viðbrögð í Noregi:

Umdeilt leikrit byggt á stefnuskrá Anders Breivik sett á svið

NOREGUR Lítið leikhús í Ósló hyggst setja á svið umdeilt leikrit byggt á stefnuskrá hryðjuverkamannsins Anders Behring Breivik í haust.

Leikritið er eftir danska leikstjórann Christian Lollike, sem ætlar einnig að leika Breivik. Leikritið heitir Manifesto 2083 og vísar í árið sem Breivik heldur að hugmyndafræði hans muni sigra. Verkið verður einleikur.

ANDERS BEHRING BREIVIK

Þótt ekki eigi að frumsýna leikritið fyrr en í haust hefur það þegar vakið sterk viðbrögð. Samtök fórnarlamba og aðstandenda þeirra eru hneyksluð á leikritinu. Aðstandendur þess segja leikritið hins vegar vera mikilvægt. Þeir muni taka tillit til fórnarlambanna en árás Breiviks hafi ekki bara verið árás á þau, heldur samfélagið allt.

- þeb

FME Forstjóri Fjármálaeftirlitsins hefur ítrekað fengið framlengdan frest til að skila andmælum vegna fyrirhugaðrar uppsagnar hans á meðan stjórn FME svarar spurningum sem hann hefur að henni beint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppsögn gæti þurft að bæta

Stjórn FME kann að baka sér bótaskyldu með uppsögn forstjóra FME, að mati Láru V. Júlíusdóttur. Forstjórinn vinnur að andmælum vegna málsins.

STJÓRNSÝSLA Ekki er að merkja ný gögn eða sannleik í nýjasta bréfi stjórnar Fjármálaeftirlitsins (FME) til Gunnars Andersen, forstjóra FME, að mati Skúla Bjarnasonar, lögmanns Gunnars.

„Það er orðið margstaðfest, þrátt fyrir fullyrðingar um hið gagnstæða, að það er ekki um nein ný gögn að ræða," sagði Skúli í samtali við Vísi.is í gær. Hann vísar þar til lögfræðiálita, sem unnin hafa verið til að meta hæfi Gunnars til að gegna starfi forstjóra.

Gunnar hefur nú frest fram á næstkomandi þriðjudag til að skila andmælum við fyrirhugaða uppsögn stjórnarinnar á ráðningarsamningi hans. Fyrri frestir runnu út á mánudag og fimmtudag í þessari viku.

Lára V. Júlíusdóttir, hæstaréttarlögmaður og sérfræðingur í vinnurétti, segist velta fyrir sér af hverju ekki hafi verið valin „lögformlega réttari leið" við að segja Gunnari upp störfum. Eftir því sem ráða megi af opinberri umræðu um málið sé Gunnar opinber starfsmaður og með kjör eftir því sem gerist og gengur um ríkisstarfsmenn. Því gildi um hann lög um númer 70 frá 1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Alla jafna segir Lára að fólki í stöðu Gunnars sé ekki sagt upp nema að undangenginni áminningu. „Fyrst er áminningarferli þar sem fólki er tilkynnt um að

GUNNAR Þ. ANDERSEN

LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR

til standi að veita því áminningu," segir Lára, en viðkomandi er þá gefið færi á að andmæla þeirri fyrirætlan. Taki vinnuveitandinn ekki tillit til þess er svo venjan að það líði einhver tími þar sem viðkomandi fær tækifæri til að bæta ráð sitt.

„Þetta er ferlið sem lögin gera ráð fyrir nema eitthvert stórfellt brot hafi verið framið. Þá er gert ráð fyrir að viðkomandi sé vikið frá tímabundið á meðan málið er rannsakað."

Lára segist ekki fyllilega átta sig á lögfræðinni að baki uppsagnarferli forstjóra Fjármálaeftirlitsins, því henni virðist sem færð séu rök fyrir beinni uppsögn. „Hafi maðurinn ekki fengið áminningu eða framið stórfellt brot, þá sé ég ekki annað en hann eigi að minnsta kosti rétt á bótum ef þessi uppsögn fer fram," segir Lára og útilokar ekki að stjórn FME vilji fara slíka leið. „Annaðhvort þá bætur sem um semjast eða fást með dómi."

olikr@frettabladid.is

Fermingartilboð
á betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is
Faxafeni 5 • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

GLYS OG GLAUMUR Frá kjötkveðjuhátíð í Brasilíu þar sem óhófið ræður ríkjum að vanda. NORDICPHOTOS/AFP

Starfshópur forsætisráðuneytisins vill breyta ferlinu við einkavæðingar:

Ríkisbankar lúti eigendastefnu

STJÓRNSÝSLA Eigendastefna ríkisins ætti að ná til fjármálafyrirtækja í eigu hins opinbera og skylda þau þannig til að upplýsa opinberlega um eignir sínar og hvaða stefnu þau hafa um sölu þeirra.

Þetta segir starfshópur forsætisráðuneytisins um verklag við einkavæðingu í skýrslu sem lögð var fram á fundi ríkisstjórnarinnar í vikunni.

Starfshópurinn telur að rétta leiðin til að hafa áhrif á sölu fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins á hlutum sínum í öðrum fyrirtækjum sé að fella þau undir

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

eigendastefnuna. Ekki ætti að setja sérstakar reglur um Landsbankann eða önnur fjármálafyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins.

Starfshópurinn telur að skýra þurfi mörkin milli markmiða stjórnvalda með sölu ríkisfyrirtækja og faglegrar umsjónar með henni, ella verði ekki hafið yfir vafa að jafnræðis og gagnsæis verði gætt við einkavæðingar.

„Verklagið við einkavæðingu ríkisbankanna fyrir um einum áratug varð afdrifaríkt fyrir þjóðina og hefur verið harðlega gagnrýnt," er haft eftir Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í fréttatilkynningu. „Við viljum koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig og því fagna ég niðurstöðum starfshópsins."

Með gerð skýrslunnar sé þó ekki gefið til kynna að á döfinni sé að selja í bráð stórar eignir ríkisins, eins og Landsbankann. - sh

Börn veikjast í Víetnam:

Óttast faraldur barnavíruss

VÍETNAM, AP Óttast er að algengur barnavírus muni leggjast á margfalt fleiri víetnömsk börn þetta árið en undanfarin misseri. Síðan í janúar hafa meira en 6.000 börn í landinu veikst af vírusnum, sem veldur sýkingu á höndum, fótum og í munni, og níu látist. Banameinið er stökkbreytt afbrigði vírussins EV-71.

Fjöldi sýktra er sjö sinnum meiri en á fyrstu sex vikum síðasta árs. Þá veiktust meira en 110 þúsund manns og 116 létust. Ekkert bóluefni er til við sýkinni. - sv

Framúrskarandi ávöxtun Sparibréfa verðtryggðra á árinu 2011

Landsbankinn býður upp á fjölbreytt úrval ríkisskuldabréfasjóða. *Sparibréf verðtryggð* er sjóður sem fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum íslenska ríkisins og hefur það markmið að endurspegla ávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Reglubundinn sparnaður

Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

*Nafnávöxtun 30.12.2010–30.12.2011. Nánari upplýsingar um ávöxtun sjóðsins er að finna á landsvaki.is.
Fyrirvari: *Sparibréf verðtryggð* er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsvaki. is eða landsbankinn.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsinguna áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4040

BORGARASTYRJÖLD Sýrlenskir uppreisnarmenn í borginni Homs í átökum við herinn. NORDICPHOTOS/AFP

Konur og börn flutt frá Homs

Starfsmenn Rauða krossins og Rauða hálfmánans komu til Homs í Sýrlandi í gær. Þeir hófu þegar að flytja konur og börn á brott. Leiðtogar Vesturlanda og arabaríkja krefjast vopnahlés í Sýrlandi.

SÝRLAND, AP Konur og börn voru flutt burt frá úthverfi sýrlensku borgarinnar Homs í gær en þá komust starfsmenn Rauða krossins og Rauða hálfmánans á staðinn. Sprengjuregn hefur dunið á hverfinu undanfarið og eru slasaðir blaðamenn meðal þeirra sem bíða flutnings.

Hundruð stuðningsmanna Bashars al-Assad Sýrlandsforseta réðust í gær inn á hótel í Túnis þar sem fulltrúar Vesturlanda og arabaríkja ræddu leiðir til lausnar átökunum í Sýrlandi. Öryggisvörðum tókst þó að stöðva mennina.

Á fundinum komu fulltrúar Bandaríkjanna, Evrópusambandsins, Arababandalagsins og ýmissa alþjóðastofnana sér saman um að auka enn þrýstinginn á Assad forseta. „Vinahópur sýrlensku þjóðarinnar", eins og þessi hópur Vesturlanda, arabaríkja og alþjóðastofnana nefnir sig, krefst þess í drögum að ályktun fundarins að allri valdbeitingu verði þegar í stað hætt svo hægt sé að senda fólk frá hjálparstofnunum til landsins að aðstoða fólk, sem á þar um sárt að binda eftir hörð átök síðustu vikna og mánaða.

Hvorki Rússland né Kína vildu taka þátt í þessum fundi, enda eru þau andvíg því að erlend ríki blandi sér í átökin í Sýrlandi og beittu neitunarvaldi þegar ályktun þess efnis var borin undir atkvæði í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna nýverið.

Sýrlensk stjórnvöld efna á morgun til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytta stjórnskipan, sem sögð er fullnægja kröfum mótmælenda um endurbætur í lýðræðisátt, meðal annars með því að afnema formlega sérstöðu stjórnmálaflokksins Baath. Í reynd styrkja breytingarnar völd Assads forseta, meðal annars vegna þess að Baathflokkurinn hefur aðeins að nafninu til haft sterka stöðu. Völdin hafa verið hjá forsetanum og verða það áfram.

Breytingarnar eru því fallnar til þess að kljúfa enn frekar samfélagið í andstæðar fylkingar, en uppreisnin gegn Assad forseta hófst fyrir tæpu ári með friðsamlegum mótmælum. Harkaleg viðbrögð stjórnvalda sneru mótmælunum fljótt upp í óeirðir og nú síðast borgarastyrjöld sem kostað hefur þúsundir manna lífið.

Engar nákvæmar tölur eru um mannfallið. Í janúar sögðu Sameinuðu þjóðirnar 5.400 manns hafa látið lífið, en hafa ekki uppfært þá tölu síðan vegna þess að ekki er aðgangur að áreiðanlegum upplýsingum. Þó er vitað að fleiri hundruð manns hafa látist síðan. Uppreisnarmenn í Sýrlandi segja tölu látinna komna yfir 7.300 manns.

Stór hluti þeirra eru almennir borgarar, sem linnulítið verða fyrir sprengjuárásum frá stjórnarhernum. Hundruð barna eru þar á meðal.

gudsteinn@frettabladid.is

Að hlúa að sparnaði fyrir þig og þína

Byrjum að hlúa að sparnaði fyrir stóru stundirnar í lífinu. Það er nóg að byrja með lága upphæð á mánuði. Fyrstu skrefin þurfa ekki að vera stór til að þú sjáir árangurinn.

Hvernig vilt þú leggja fyrir? Viltu leggja inn á sparnaðarreikning, kaupa í ríkis-tryggðum sjóðum eða öðrum sjóðum?

Byrjaðu að hlúa að sparnaðinum þínum.

Hafðu samband eða komdu við í næsta útibúi.

Arion banki

arionbanki.is – 444 7000

BAKAR PÖNNUKÖKU Á HLAUPUM Ralph Godsall, sem er prestur í Westminster Abbey í London, hleypur þarna með pönnukökupönnu í Washington í árlegu pönnukökuhlaupi þar vestra. NORDICPHOTOS/AFP

Innkalla rjómasprautu:

Sögð hættuleg neytendum

NEYTENDUR Fyrirtækið Aðföng hefur innkallað eins lítra rjómasprautu af gerðinni Excellent Housewares. Á vef fyrirtækisins segir að í ljós hafi komið að rjómasprautan geti verið hættuleg neytendum.

RJÓMASPRAUTAN

Varan var til sölu í verslunum Bónus frá því í mars í fyrra. „Viðskiptavinir Bónus sem eiga rjómasprautuna eru hvattir til að hætta notkun hennar nú þegar og skila við fyrsta tækifæri til verslunarinnar þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu," segir í tilkynningu frá Aðföngum. **- óká**

Segja blóðprufu ekki henta til greiningar

Krabbameinslæknir segir að blöðruhálskrabbamein sé ofgreint hér á landi og erlendis. Mæling á PSA-mótefni í blóði á þar hlut að máli. Félagið Framför ráðleggur fimmtugum körlum að fara í blóðprufu. Landlæknir varar við því.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknir sendi frá sér yfirlýsingu á fimmtudag vegna dreifibréfs sem Framför – krabbameinsfélag karla sendi körlum sem verða fimmtugir á þessu ári. Í bréfinu er mælt með að viðtakandi láti mæla PSA-gildi í blóði sem geti gefið vísbendingar um blöðruhálskrabbamein á frumstigi. Landlæknir varar hins vegar sterklega við að blóðprufan sé notuð í þessum tilgangi.

Í yfirlýsingu landlæknis segir: „Að gefnu tilefni vill landlæknir árétta að ekki er mælt með því að mæling á PSA-mótefni í blóði sé notuð til skimunar eftir krabbameini í blöðruhálskirtli. Mælingin gefur ekki nægilega áreiðanlegar upplýsingar og ekki hefur verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að slík leit bjargi mannslífum. Hins vegar er ljóst að í kjölfarið fá stórir hópar karla að óþörfu meðferð sem getur haft í för með sér alvarlegar aukaverkanir, svo sem ristruflanir og þvagleka."

Yfirlýsingin er samin í samráði við sérfræðinga í heimilislækningum, krabbameinslækningum og þvagfæraskurðlækningum, og í samræmi við ráðleggingar frá Krabbameinsfélagi Íslands.

Helgi Sigurðsson, yfirlæknir á LSH og prófessor í krabbameinslækningum við HÍ, segir að niðurstöður liggi fyrir úr stórum rannsóknum erlendis á blöðruhálskrabbameini og PSA. „Niðurstaðan er sú að þetta leiðir til alveg hrikalegrar ofgreiningar og yfirmeðhöndlunar. Við vitum að verið er að ofgreina þetta krabbamein hér á landi, og það verulega."

Blóðprófið sem um ræðir er mjög næmt og segir Helgi að það skilgreini marga sjúka af krabbameini þótt sú sé ekki raunin. „Að gera svona stikkprufu skapar miklu fleiri vandamál en það leysir."

Það vekur athygli að árið 2008 var PSA-mæling í blóði talin af læknum besta greiningaraðferð sem völ var á. Þá kom til álita að hefja skipulega innköllun á einkennalausum körlum milli fimmtugs og sjötugs til rannsóknar, líkt og gert var erlendis. Læknar eru á annarri skoðun nú og hvergi í heiminum mæla heilbrigðisyfirvöld með því að einkennalausir karlar fari í mælingu eins og Framför hvetur til.

Guðmundur Örn Jóhannsson, formaður Framfarar, segir það ekki standa til að fara í stríð við landlækni en félagsmenn í Framför séu þessu ósammála. Bréf hafi verið sent út núna til karlmanna sem verða fimmtugir á árinu og sami háttur verði hafður á að ári.

Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra og stjórnarmaður í Framför, segir að yfirlýsing landlæknis sé óviðeigandi í því ljósi að PSA-mælingar bjargi mannslífum. Einar segist sjálfur vera í þeim hópi.

Framför hefur skrifað landlækni og óskað eftir fundi til að skýra sjónarmið sín. **svavar@frettabladid.is**

Sjúkdómurinn og PSA-blóðpróf

- Blóðprófið PSA mælir efni sem blöðruhálskirtillinn gefur frá sér. Blóðprófið er næmt og getur gefið vísbendingu um sjúkdóminn en greinir hann þó ekki eitt sér.

Hækkuð gildi geta líka komið fram af öðrum ástæðum, til dæmis við sýkingar í blöðruhálsi og góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli, en líkur á henni aukast með hækkandi aldri.

- Ár hvert greinast hér um 220 karlar með krabbamein í blöðruhálskirtli og um 50 látast af völdum sjúkdómsins. Tveir af hverjum þremur eru komnir yfir sjötugt þegar meinið greinist og sjúkdómurinn er mjög sjaldgæfur hjá karlmönnum undir fimmtugu.

Heimild: Krabbameinsfélag Íslands

PATREKSFJÖRÐUR Niðurfelling á bankaláni skapar svigrúm.

Betri tíð í Vesturbyggð:

Leikskólagjöld aftur lækkuð

VESTURBYGGÐ **Byggðaráð Vesturbyggðar hefur ákveðið „áherslubreytingar" í rekstri sveitarfélagsins fyrir árið 2012. Eru þær sagðar gerðar „í ljósi bættrar niðurstöðu í fjárhagsáætlun 2012 vegna niðurfellingar á láni í Landsbanka Íslands vegna stofnfjárbréfakaupa og endurfjármögnunar á lánum sveitarfélagsins".**

Álögur á íbúana verða léttar með því annars vegar að draga til baka hækkun á leikskólagjöldum sem varð um áramót og hins vegar með því að fella niður innritunargjald í félagsstarf aldraða. **- gar**

SUÐURLAND

Frítt í sund fyrir hádegi

Vinnumálastofnun á Suðurlandi vill samstarf við sveitarfélög um sundkort fyrir atvinnuleitendur. Bæjarstjórn Ölfuss hyggst veita atvinnuleitendum þar frían aðgang í sund í Þorlákshöfn fyrir hádegi á virkum dögum. Erindi frá Velferðarþjónustu Árnesþings um að hleypa atvinnuleitendum frítt í líkamsrækt í íþróttahúsinu var hins vegar hafnað.

BRP er leiðandi í hönnun og framleiðslu á vélknúnum farartækjum á borð við vélsleða, fjórhjól og sjóþotur. Fyrirtækið hefur 70 ára reynslu og þar vinna yfir 6.000 manns í fjölmörgum löndum. Ellingsen heldur nú sérstaka BRP-daga og kynnir það helsta í framleiðslunni. Kaffi og kleinur í boði, ekki missa af þessu!

CAN-AM Outlander 500
2012 árgerð

Vél:	499, 6 cc, V-twin
Bensíntankur:	16,3 l
Kælikerfi:	Vatnskæling
Hestöfl:	40,4
Startkerfi:	Rafstart
Dráttargeta:	590 kg
Þjófavörn:	380 mm
Þyngd:	319 kg

CAN-AM Outlander 800
2012 árgerð

Vél:	799, 6 cc, V-twin
Bensíntankur:	16,3 l
Kælikerfi:	Vatnskæling
Hestöfl:	71
Startkerfi:	Rafstart
Dráttargeta:	590 kg
Þjófavörn:	D.E.S.S.
Þyngd:	331 kg

CAN-AM Outlander 1000
2012 árgerð

Vél:	976, 6 cc, V-twin
Bensíntankur:	20,5 l
Kælikerfi:	Vatnskæling
Hestöfl:	82
Startkerfi:	Rafstart
Dráttargeta:	590 kg
Þjófavörn:	D.E.S.S.
Þyngd:	339 kg

CAN-AM Commander 1000
2012 árgerð

Vél:	976 cc, V-twin
Bensíntankur:	20,5 l
Kælikerfi:	Vatnskæling
Hestöfl:	85
Startkerfi:	Rafstart
Dráttargeta:	680 kg
Þjófavörn:	D.E.S.S.
Þyngd:	585 kg

LYNX Xtrim Boondocker
2012 árgerð

Vél:	Rotax E-Tec 800R
Bensíntankur:	39 l
Kælikerfi:	Vatnskæling
Hestöfl:	163,8
Startkerfi:	Rafstart
Olíutankur:	3,7 l
Breidd beltis:	380 mm
Þyngd:	218 kg

SKI-DOO Summit 146
2012 árgerð

Vél:	Rotax E-Tec 800R
Bensíntankur:	40 l
Kælikerfi:	Vatnskæling
Hestöfl:	163,8
Startkerfi:	Rafstart
Olíutankur:	3,7 l
Breidd beltis:	406 mm
Þyngd:	206 kg

SKI-DOO Summit 154
2012 árgerð

Vél:	Rotax E-Tec 800R
Bensíntankur:	40 l
Kælikerfi:	Vatnskæling
Hestöfl:	163,8
Startkerfi:	Handstart
Olíutankur:	3,7 l
Breidd beltis:	406 mm
Þyngd:	208 kg

SKI-DOO Freeride 154
2012 árgerð

Vél:	Rotax E-Tec 800R
Bensíntankur:	40 l
Kælikerfi:	Vatnskæling
Hestöfl:	163,8
Startkerfi:	Rafstart
Olíutankur:	3,7 l
Breidd beltis:	406 mm
Þyngd:	222kg

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPARTBWA • SÍA • 120501

KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

698 kr. kg

ÍM ferskur kjúklingur

20% afsláttur

1998 kr. kg

Verð áður ~~2498~~ kr. kg

ÍM ferskar kjúklingabringur

KJÚKLINGAVEISLA!

1198 kr. kg

Kjúklingur með lime og rósmarín

798 kr. kg

Tandoori kjúklingur

2298 kr. kg

ÍM kjúklingalundir

20% afsláttur

698 kr. kg

Verð áður ~~8[illegible]~~ kr. kg

ÍM kjúklingaleggir

598 kr. kg

ÍM kjúklingabitar

798 kr. kg

ÍM kjúklingalæri

1198 kr. stk.

Grillaður kjúklingur

398 kr. pk.

Holta kjúklingaborgarar, 2 stk. í pk

25% afsláttur

498 kr. fatan

Verð áður ~~6[illegible]~~ kr. kg

BBQ og Buffalo kjúklingavængir í fötu

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

40% afsláttur

FRÁBÆRT VERÐ!

2298 kr. kg

Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnauta piparsteik

1498 kr. kg

Lambalæri, þú velur: ókryddað, með kryddjurtum, hvítlauks og rósmarín, New York eða trönuberja og epla marineringu

299 kr. pk.

H&G klettasalat

318 kr. kg

Spergilkál



296 kr. kg

Tómatar í lausu

30% afsláttur

412 kr. kg

Verð áður ~~589~~ kr. kg
Hass avocado, full þroskað, í neti

20% afsláttur

389 kr. kg

Verð áður ~~489~~ kr. kg
Lime

240 kr. kg

Bananar

4x1 lítri

499 kr. pk.

Coka Cola og Coke Light, 4 x 1 l

25% afsláttur

449 kr. stk.

Verð áður ~~599~~ kr. stk.
Emmessís Hversdagsís, 2 teg., 1,5 l

2 fyrir 1

BKI Extra kaffi, 400 g

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

ÁTVR þarf að sinna eftirlitshlutverki sínu betur:

Sorann úr hillunum!

Ein af mikilvægustu ríkisstofnununum er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Hún hefur ekki bara einkarétt á að selja okkur áfengar veigar, heldur passar hún líka að fólk fái ekki ranghugmyndir um leið og það neytir þeirra eða taki upp á einhverri vitleysu annarri en þeirri sem sjálfur vínandinn kemur inn hjá því.

Þannig á ÁTVR samkvæmt reglum að gæta þess að myndmál og texti á flöskum og dósum hvetji ekki til áfengisneyslu, innihaldi gildishlaðnar eða ómálefnalegar upplýsingar, særi blygðunarkennd eða brjóti á annan hátt gegn almennu velsæmi, „m.a. með skírskotun til ofbeldis, trúar, ólöglegra fíkniefna, stjórnmálaskoðana, mismununar, refsiverðrar háttsemi o.s.frv.“

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

ÁTVR hefur sinnt eftirlitshlutverkinu með sóma undanfarið. Þannig hefur stofnunin bannað bjór með áletruninni „drekkið í friði“ og líka bjórtegund sem kölluð var Heilagur papi og var með óviðeigandi mynd af munki á miðanum. Þá sýndi stofnunin þá samfélagslegu ábyrgð að banna eplamjöð með myndum af berum kvenmannsleggjum og kom í veg fyrir að rauðvín sem ber nafn rokkhljómsveitarinnar Motörhead yrði tekið í sölu, enda hvetur sveitin til fíkniefnaneyzlu, stríðs og óábyrgs kynlífs, segir ÁTVR.

Umboðsmaður Alþingis segir reyndar að ÁTVR hafi ekki mátt banna papa-bjórinn og fjármálaráðuneytið hafi líka blandað sér í málið með ómálefnalegum hætti. Merkilegt hvað sá embættismaður er eitthvað úr tengslum og getur tuðað um aukaatriði eins og tjáningar- og atvinnufrelsi í stjórnarskránni þegar mest ríður á að Ríkið verndi áfengisneytendur fyrir guðlasti og dónaskap.

ÁTVR þarf hins vegar að gera miklu betur. Alls konar vara sem uppfyllir ekki skilyrði reglnanna hefur sloppið í sölu, líklega áður en þær voru settar. Þannig er selt hvítvín kennt við bláa nunnu, með mynd af einni slíkri sem augljóslega brýtur gegn almennu velsæmi. Sjálft nafnið getur misskilizt og allt er kórónað með því að kalla drykkinn frúarmjólk. Ógeðslegt.

Vita Ríkisstarfsmenn heldur ekki hver hann var, þessi kafteinn Morgan (Henry Morgan, 1635-1688), sjóræningi sem gerði strandhögg víða við Karíbahafið, brenndi heilu borgirnar, bar ábyrgð á fjöldanauðgunum, gíslatöku og fjárkúgun? Eða Giuseppe Galliano (1846-1896), hershöfðinginn sem braut Erítreu með ofbeldi undir Ítalíu á nítjándu öld? Og hvað um Napoleon Bonaparte (1769-1821), með öll sín mannslíf á samvizkunni? Margar sortir af koníaki sem við hann eru kenndar eru til sölu í Ríkinu. Þessir gaurar sungu sko ekki bara um stríð, ofbeldi og mismunun, þeir hrintu því í framkvæmd.

Bjórtegundina Delirium Tremens, sem útleggst áfengisæði, selur ÁTVR í fjögurra flaskna gjafapakkningu ásamt ósmekklegu glasi með mynd af bleikum fíl, þekktu tákni ofskynjananna sem eru afleiðing ofdrykkju. Hvetur þetta til ábyrgrar neyzlu áfengis?

Þessum pistli má ekki ljúka án þess að nefna þau tilmæli sem er að finna á ótal áfengisflöskum í hillum Ríkisins, að drykkurinn sé borinn fram kaldur. Það hvetur klárlega til áfengisneyzlu.

Stjórnendur ÁTVR þurfa augljóslega að taka sér tak og tryggja að vöruúrvalið fari eftir reglum, taki mið af heilsu og velferð viðskiptavinanna og verndi þá fyrir eigin fáfræði, heimsku og dómgreindarskorti. Sorann burt úr hillunum!

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Aðalfundur

Kvennadeildar R-RKÍ 2012 verður haldinn í Setri, Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, fimmtudaginn 8. mars kl. 18:00.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning varamanns í stjórn
3. Önnur mál
4. Kvöldverður
5. Sigríður Víðis Jónsdóttir les úr bók sinni Ríkisfang: Ekkert.

Mjög áríðandi að tilkynna þátttöku í síma 545 0405, 545 0400 eða með tölvupósti: audur@redcross.is í síðasta lagi daginn fyrir fundardag.

Stjórnin

Rauði kross Íslands
Kvennadeild Reykjavíkurdeildar

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Vitlaus eða vitiborin þjóð?

Skiptar skoðanir virðast vera um hvort bera á texta stjórnlagaráðs undir þjóðaratkvæði samhliða forsetakosningum á sumri komandi. Einn af höfundum textans segir að þeir sem andmæla því líti svo á að þjóðin sé of heimsk til að fjalla um svo flókin mál.

Í reynd víkur þessu alveg öfugt við. Með réttu ber að líta svo á að það sé vanvirðing við þjóðina að leggja mál í dóm hennar ef þau eru ekki nægjanlega vel undirbúin. Ef ágreiningsefni er ekki lagt með nægjanlega skýrum hætti fyrir dómstóla er það ekki tekið til dóms. Enginn heldur því fram að sá háttur sé hafður á vegna heimsku dómaranna.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Ástæðulaust er að sýna dómstóli þjóðarinnar minni virðingu að þessu leyti en almennum dómstólum. Þrætubókarstílbrögð um hitt hvort þjóðin er vitlaus eða vitiborin koma hugmyndum um nýja stjórnarskrá ekkert við. Ákvörðun um þjóðaratkvæði byggist á mati á því hvort álitaefnið er fullreifað eða vanreifað.

Í fyrra krafðist forsætisráðherra þess að Alþingi tæki til afgreiðslu frumvarp að nýjum fiskveiðistjórnarlögum áður en sérfræðingar sem ríkisstjórnin sjálf hafði kallað til gætu sagt álit sitt á efnahagslegum áhrifum þess. Þjóðaratkvæði var hótað ef þetta gengi ekki eftir. Öll andmæli voru dæmd sem sérhagsmunaþjónkun við útgerðarmenn.

Það var aðeins vegna þess að jafn gráum leik og málþófi var beitt að álit sérfræðinganna fékk að líta dagsins ljós. Eftir það datt engum í hug að samþykkja frumvarpið. Það reyndist andstætt þjóðarhagsmunum. Nú er stjórnarskrármálið í sama farvegi.

Vitibornir eða vitlausir þingmenn?

Þrjú ár eru frá því að ríkisstjórnin lýsti yfir því að endurskoðun stjórnarskrárinnar væri nauðsynleg. Alþingi hefur haft hugmyndir stjórnlagaráðs til skoðunar í meira en hálft ár. Samt er staða málsins sú að ríkisstjórnin hefur ekki enn sagt eitt aukatekið orð um það hvernig hún telur að breyta eigi stjórnarskránni.

Þeir sem forystu hafa fyrir málinu á Alþingi hafa sett lok á efnislegar umræður um hugmyndir stjórnlagaráðs. Þeir hafa látið hjá líða að láta greina hugmyndir þess. Ekki hefur verið óskað eftir lögfræðilegu mati, ekki stjórnmálafræðilegu mati og ekki hagfræðilegu mati. Þá hefur enginn þingflokkur tekið afstöðu eða flutt eigin tillögur.

Forseti Íslands er sá eini sem rætt hefur hugmyndir stjórnlagaráðs efnislega á Alþingi. Það gerði hann við þingsetningu á liðnu hausti. Þar taldi hann að hugmyndir stjórnlagaráðs færðu honum og eftirmönnum hans stóraukin völd. Flestir stjórnlagaráðsmenn hafa andmælt þessari túlkun. Margir lögfræðingar líta svo á að forsetinn hafi nokkuð til síns máls.

Hvað þýða þá hugmyndirnar? Meirihluti Alþingis vill ekki svara því. Hann hefur falið skrifstofustjóra Alþingis að segja þjóðinni til um hvað í hugmyndunum felst. Skrifstofustjórinn er mætur maður en hefur ekki umboð til að túlka hugmyndir sem Alþingi hafa borist og það ekki tekið afstöðu til.

Þegar skrifstofustjórinn á að skýra hvort þeir sem vilja texta eins og forsetinn skilur hann eigi að segja já eða nei er hætt við að jafnvel þeim spaka manni vefjist tunga um tönn. Hann verður þá að snúa sér til Alþingis og biðja um afstöðu þess. Þetta er þó einfaldasta álitaefnið af hundrað en segir þá sögu eina að málið er vanreifað. Það er vanvirðing við þjóðina að leggja það þannig í dóm hennar.

Hví fær þjóðin ekki úrslitavald?

Þjóðaratkvæði í sumar snýst ekki um að færa stjórnarskrárvaldið til fólksins. Ætlunin er aðeins að fá óskuldbindandi álit á hugmyndum sem verulegur vafi leikur á hvað þýða í raun og veru. Eftir það getur tvennt gerst:

Annað er að þingmenn taki niðurstöðuna og túlki hana þá með sínum hætti og endurskrifi textann. Hitt er að þeir ómaki sig ekki á því heldur samþykki textann óbreyttan og láti dómstólum eftir að ákveða hver raunveruleg stjórnskipun er í landinu. Þetta heitir að spila með fólk en á lítið skylt við hugmyndir um að færa valdið til fólksins.

Eigi að færa þjóðinni vald í raun og veru þarf Alþingi sjálft að gera upp við sig hvernig stjórnarskrá það vill fá. Það þarf að koma sér saman um texta sem ekki er ágreiningur um hvað merkir. Síðan þarf Alþingi eða meirihluti þess að hafa kjark til að leggja þann ávöxt eigin dómgreindar í dóm þjóðarinnar.

Sjálf gildistaka stjórnarskrárinnar verður þannig háð samþykki fólksins í landinu. Þá reynir á þá pólitísku leiðsögn sem þingmenn buðu sig fram til að gegna og taka laun fyrir. Er ástæðan fyrir klúðrinu sú að þingmenn þora ekki að leggja dómgreind sína undir úrslitavald kjósenda?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) atlifannar@frettabladid.is HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

LIVE FOR GREATNESS

EVERY ROLEX IS MADE FOR GREATNESS. SINCE 1971, THE EXPLORER II HAS ACCOMPANIED EXPEDITIONS AROUND THE WORLD. IT FEATURES A 24-HOUR HAND, WHICH IS INVALUABLE TO SPELEOLOGISTS AND POLAR EXPLORERS AS IT ALLOWS THEM TO DISTINGUISH DAY FROM NIGHT. THE LATEST EXPLORER II FEATURES A 42 MM CASE AND IS THE IDEAL INSTRUMENT TO HELP TODAY'S EXPEDITIONS PUSH THE BOUNDARIES EVEN FURTHER.

THE EXPLORER II

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

ROLEX

Alþjóðavæðing netsins

Alþjóðavæðing netsins

Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur

Það liggur í loftinu ný menning. Forstjórar leiðandi fyrirtækja stíga niður úr stólum sínum og eiga lárétt samskipti við starfsfólk sitt og viðskiptavini. Þeir styrkja stöðu fyrirtækja sinna á félagstengslum á félagsmiðlum, þeir virkja hugvit og hugarflug starfsfólks síns til að ná árangri og hlúa að ímyndum vöru, vörumerkja og þjónustu með aðferðum netsins. Og þeir nota tölvuleiki, (tilbúnar) persónur og önnur úrræði netsins til þess að tengjast réttum félagshópum á netinu. Jafnræði og félagsauður virðast handan við hornið.

Nýr milliríkjasamningur?

Alþjóðavæðing með tilkomu netsins og upplýsingatækninnar er smám saman að ná til íslensks samfélags. Stjórnmálamenn hafa ekki gert nýja milliríkjasamninga sem auka frelsi og opna landið fyrir alþjóðlegum áhrifum. Enda vita þeir ekki hvaðan á sig stendur veðrið. Samt eru breytingarnar mjög sýnilegar og þær munu ganga umtalsvert lengra en orðið er. Óháð samningum við önnur ríki. Við erum á hraðfleygu breytingaskeiði í sögu mannkynsins, viljug óviljug.

Verslunin hefur nú óskað eftir lækkun innflutningsgjalda af vöru í því skyni að bæta stöðu sína. En því miður er það ekki í valdi ríkisins að bjarga vöruversluninni, enda greiðir netverslun öll innflutningsgjöld og það er hún sem ógnar. Hætt er við því að stóru alþjóðlegu vöruhúsin nái til sín umtalsverðum hluta af viðskiptum Íslendinga, en mun ganga það hægar en annars ef verslunin hér er vel rekin. Svo lengi sem ríkið lokar ekki landamærunum, sem er gert varðandi margs konar matvæli.

Hliðstæða sögu er að segja frá mörgum öðrum atvinnugreinum, þær geta ekki snúið sér til ríkisins til að rétta sinn hlut, heldur þurfa þær að berjast á nýjum forsendum á alþjóðlegum markaði netsins.

Tækifæri og ógnanir

Þessi alþjóðavæðing nær til margra sviða innlendrar starfsemi. Í henni felast bæði tækifæri og ógnanir. Ef ekkert er að gert þá mætum við ógnunum. Atvinna mun fyrirsjáanlega dragast saman um mörg þúsund „hefðbundin“ störf á komandi árum vegna þessarar þróunar. Framhaldið gæti orðið kaupmáttarrýrnun og landflótti.

Tækifærin eru þau sömu og ógnanirnar. Það losnar umtalsverður hluti vinnuaflsins í landinu og hann getur tekist á við ný verðmætaskapandi verkefni. Og þau verkefni er ekki að finna í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi, sem nýta tæknina til fækkunar starfsfólks. Hins vegar getur mannauðurinn skapað ný verðmæti á netinu.

Við þurfum að fylgja fordæmi dúkkulísavefjarins á Ísafirði, sem sýnir vel að undirbyggja má verðmætasköpun á netinu með hugviti hvar sem er og það getur jafnvel hver sem er gert.

Jöfnuður og frjálst val

Þessari þróun fylgja ný sjónarmið um samskipti fólks, einkum með tilkomu gagnvirkni á netinu og félagsmiðlum. Einráðir forstjórar og stjórnmálamenn sem ekki líta á almenning sem jafningja sína eru líklegir til að endast stutt. Þannig eru verðmætin önnur en áður. Þau felast meðal annars í láréttum samböndum á netinu og viðskiptavild og nýjum viðskiptaaðferðum á netinu sem eru af allt öðrum toga en áður hafa sést. Staða almennings stór styrkist því nú fá allir rödd og almenningur velur og hafnar í meira mæli en áður.

Skemmtilegri störf

En allt það fólk sem missir vinnuna vegna hagkvæmni netsins getur fengið skemmtilegri og betri atvinnu, valdeflst við samskipti á netinu og tekið þátt í samfélögum og mörkuðum um allan heim. Þetta snýst í aðalatriðum ekki um peninga eða tækni heldur um samskipti á félagsmiðlum og nýja menningu. Í stað iðnaðaraldar kemur upplýsingatækniöld. Einkenni hennar eru hröð gagnvirk samskipti sem skila árangri á skemmri tíma, með fleiri sjónarmiðum og þátttöku.

Að horfa til framtíðar

Þörfin fyrir að líta til framtíðar og opna augu landsmanna fyrir tækifærum hennar, bæði til lengri og skemmri tíma, er gríðarlega mikil. Tækifæri smáþjóðar í alþjóðavæðingunni eru alls ekki minni en hjá stærri þjóðum. En við verðum að líta á allan heiminn sem viðskiptavin ef við ætlum öll að eiga heima á Íslandi til framtíðar og hafa jafnan kaupmátt hér á landi og íbúar nágrannaþjóðanna hafa.

Bóka- og söguþjóðinni gæti verið tamt að horfa í baksýnisspegilinn og það getur orðið að aðalóvini velmegunar og farsællar framtíðar á Íslandi. Sem stendur hrannast ógnanir netsins og alþjóðavæðingarinnar að okkur og tækifærin bíða ónýtt. Enginn stjórnmálamaður berst fyrir skilningi á breytingunum eða alþjóðlegri framtíðarsýn sem byggir á veruleika netsins.

Ótrúlegt skeytingarleysi ríkir raunar um framtíðina hér á landi. Hún er þó meiri breytingum undirorpin en nokkru sinni fyrr. Netverjar og fjölmiðlamenn hamast við að greina atburði fortíðarinnar og taka með því athyglina frá því sem skiptir meira máli.

Tækifæri netsins opna fyrir nýja verðmætasköpun þess vinnuafls sem losnar vegna hagkvæmni upplýsingatækninnar og netsins. Hún kallar á markvissar aðgerðir og ákveðnar stórar fjárfestingar:

a) Efna þarf til vakningar meðal almennings og stjórnmálamanna um tækifæri netsins. Horfa þarf til framtíðar í stað fortíðar (söguþjóðin).
b) Breyta þarf menningu fyrirtækja og stofnana og auka jafnræði og samskipti í því skyni að nýta þekkingu og sköpunarafl vinnuafls. Forstjórarnir stigi niður úr stólunum.
c) Stórefla þarf menntun og endurmenntun á sviði upplýsingatækni.
d) Efla þarf alþjóðlega netverslun og leggja áherslu á sérstöðu ef samkeppni í magnsölu er erfið. Selja ætti íslenska framleiðsluvöru beinni sölu á netinu.
e) Uppbygging (íslenskra) gagnavera fari fram þar sem orka er.
f) Styðja þarf sprotafyrirtæki með stórfelldum fjárfestingum í tæknigörðum og þróunarstyrkjum og þróunarlánum. Það er næsta stórframkvæmd Íslands og mætti útbúa verkefnið sem vænlegan alþjóðlegan fjárfestingarkost.
g) Leggja þarf mörg þúsund ljósleiðara á kostnað samfélagsins um allt Ísland þannig að hver leiðari kosti nánast ekki neitt. Það jafnar aðstöðu byggðarlaga fyrir gagnaver og margmiðlunarstarfsemi, breytir atvinnusamsetningu og nýtir ódýrt vinnuafl.
h) Ljósleiðaratenging við útlönd verði allri starfsemi í landinu að kostnaðarlausu.
i) Stjórnvöld og stjórnmálamenn starfi fyrir opnum tjöldum á netinu og eigi eðlileg lárétt samskipti við almenning og bæti með því samfélagið.

Ógnanir upplýsingatækninnar og netsins eru einkum hagkvæmni hennar:

a) Tæknivæðing opinberrar þjónustu fækkar opinberum starfsmönnum mikið.
b) Félagsauður og traust minnkar enn frekar ef stjórnvöld taka ekki upp lárétt samskipti við kjósendur.
c) Tölvudeildir fyrirtækja og stofnana leggjast af, reksturinn fer til gagnavera á netinu.
d) Verslunin smáflyst frá íslenskum aðilum til alþjóðlegra stórverslana eftir því sem innflutningsmúrar falla.
e) Útgáfa og dreifing fjölmiðla- og menningarefnis flyst til stórra hringja á netinu.
f) Auglýsingar og auglýsingatekjur flytjast til netsins, einkum félagsmiðla.
g) Samning, útgáfa og dreifing kennsluefnis flyst til alþjóðlegra aðila sem starfa m.a. á netinu.
h) Menntun vinnuaflsins á Íslandi er röng, endurmenntunin og skólakerfið þarf að leggja áherslu á raungreinar.
i) Varnarmál eru í enn meiri ólestri en nokkru sinni fyrr, en þau hafa flust til upplýsingatæknikerfa hjá helstu burðarstofnunum samfélagsins.
j) Staða landsbyggðarinnar veikist.

Niðurlag

Þótt þær aðgerðir sem stjórnmálamenn hafa gripið til í þágu framtíðarinnar séu virðingarverðar, svo sem sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar, þá er vilji ekki allt sem þarf. Þær eru mörgum stærðargráðum of smáar, að verulegu leyti án fjármögnunar og byggja ekki á markvissri greiningu sérfróðra aðila á tækifærum framtíðarinnar.

Stjórnmálin og stjórnsýslan þurfa að hafa bæði vilja og getu til þess að endurskapa Ísland, rétt eins og atvinnu- og viðskiptalífið.

Nýja Norðrið

Norðurslóðir

Guðmundur Franklín Jónsson
viðskiptafræðingur og formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Lega Íslands er auðlind vegna þeirrar aðstöðu og tækifæra, sem hún býður upp á. Íslendingar verða að nýta sér tækifærin í framtíðinni sem uppbyggingin í Nýja Norðrinu mun skapa. Þess vegna er Nýja Norðrið einn af hornsteinum í utanríkisstefnu stjórnmálahreyfingarinnar Hægri grænna, flokks fólksins. Íslendingar eru smátt og smátt að gera sér grein fyrir þeim gríðarlegu tækifærum sem uppbygging og umsvif á norðurslóðum munu skapa okkur á komandi áratugum.

Áhugi Evrópusambandsins (ESB) á norðurslóðum er skiljanlegur en ESB er efnahagslegt og pólitískt stórveldi og á mikilla hagsmuna að gæta vegna nýrra siglingaleiða og náttúruauðlinda í hinu Nýja Norðri. Íslendingar þurfa að halda vel á málum í því kapphlaupi sem hafið er á milli ríkja á norðurslóðum um aðgang að auðlindum sem þar er að finna. Íslendingar verða að gæta að strandríkin fimm haldi okkur ekki fyrir utan umræðuna. Bandaríkjamenn eru vinir okkar í þessu samhengi og getum við verið þeim þakklát fyrir þá vináttu.

Þessi litla þjóð verður einnig að gæta þess að ESB gleypi okkur ekki með húð og hári og nái óverðskulduðum yfirráðum yfir auðlindum okkar og Nýja Norðursins. Flokkurinn telur einnig nauðsynlegt að hefja viðræður við Bandaríkjamenn og NATO að koma hér upp varnarliði á ný.

Hægri grænir eru alfarið á móti inngöngu Íslands í ESB. Flokkurinn telur óskynsamlegt að standa í aðlögunarferli við ESB á meðan efnahagslíf þjóðarinnar er í molum og hver höndin uppi á móti annarri. Flokkurinn vill að aðlögunarferlinu og aðildarviðræðum að ESB verði umsvifalaust hætt, umsóknin dregin til baka og framhaldið eingöngu ef þjóðin er spurð í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu eftir ítarlega endurskoðun EES-samningsins. Flokkurinn vill nota beint lýðræði, þ.e. þjóðaratkvæðagreiðslur, þegar um mjög mikilvæg mál er að ræða sem varða þjóðarhag.

Á degi tónlistarskólanna

Menning

Sigursveinn Magnússon
formaður Samtaka tónlistarskólastjóra

Stórvirki sem unnin voru fyrir nær hálfri öld og fólust í því að efla menningarlíf á Íslandi eru flestum gleymd, þó hafa þau auðgað daglegt líf okkar og eru nú talin sjálfsögð. En er nokkuð sjálfsagt? Hollt er að rifja upp að fátt verður til af sjálfu sér. Menningarsókn dr. Gylfa Þ. Gíslasonar og Vilhjálms Hjálmarssonar, þáverandi menntamálaráðherra sem beittu sér fyrir löggjöf um tónlistarmenntun á

> Þegar litið er til baka er efst í huga þakklæti til þeirra frumkvöðla sem lögðu grunninn að íslenskri tónlistarfræðslu.

Íslandi á 7. og 8. áratug síðustu aldar, ber vott um framsýni þessara merku stjórnmálamanna sem svöruðu kalli tímans með því að greiða börnum og fullorðnum leið að iðkun tónlistar og innihaldsríkara lífi.

Skipulagsmál

Hinn öri vöxtur kallaði á skjót úrræði. Námsefni af skornum skammti, hljóðfærakostur fábrotinn og aðstaða frumstæð. Kennara vantaði, en þar kom sér vel að til var stofnun sem gat tekist á við það úrlausnarefni, Tónlistarskólinn í Reykjavík bjó yfir langri og dýrmætri reynslu og mótaði kennaranám með tilliti til hinnar nývöknuðu skólahreyfingar. Önnur skipulagsmál voru leyst af einlægum vilja og áhuga.

Aðstoð ráðuneytis

Dr. Gylfi réði fulltrúa í menntamálaráðuneytinu til að aðstoða hina nýstofnuðu skóla og gefa góð ráð. Frá Bretlandi bárust fréttir af góðu fyrirkomulagi, þaulreyndu áfangakerfi, sem íslenskir tónlistarkennarar tóku tveim höndum. Nú er svo komið að tekin eru hér á landi samræmd áfangapróf í öllum námsgreinum tónlistar undir umsjón Prófanefndar tónlistarskólanna í samræmi við námskrár sem gefnar eru út af menntamálaráðuneytinu.

Samvinna ríkis og sveitarfélaga

Frá upphafi voru tónlistarskólarnir samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og reyndist sú skipan ákaflega vel, eða þar til árið 1989 að tónlistarskólarnir urðu verkefni sveitarfélaganna. Nú liðlega 20 árum síðar er ríkið aftur orðinn virkur þátttakandi á þessu sviði með því að veita fjárstuðning sbr. samkomulag þessara aðila frá sl. vori um eflingu tónlistarnáms. Þegar sniðnir hafa verið af framkvæmdinni byrjunarhnökrar ætti endurvakið samstarf ríkis og sveitarfélaga um starfsemi tónlistarskólanna að geta orðið íslenskri tónlistarfræðslu til hagsbóta.

Þegar litið er til baka er efst í huga þakklæti til þeirra frumkvöðla sem lögðu grunninn að íslenskri tónlistarfræðslu. Það sér ekki fyrir endann á menningarsókn þeirri sem dr. Gylfi og Vilhjálmur stofnuðu til í árdaga. Tilkoma tónlistarhússins Hörpu er rökrétt framhald af þeirri ævintýralegu atburðarrás og verður í framtíðinni vettvangur þess sem fremst stendur í tónmenningu þjóðarinnar.

Sá fríði hópur æskufólks sem flutti öndvegisverk á sviði Hörpu í lok janúar er aðeins eitt dæmi um það gróskumikla starf sem unnið er í tónlistarskólunum sem helga sér þennan dag til að vekja athygli á starfi sínu.

Til hamingju með daginn!

Sýnum um helgina
Dethleffs 2012 hjólhýsi

Í tilefni 80 ára afmælis **Dethleffs** bjóðum við sérstakar afmælisútgáfur, Eighty I og Eighty II með ríkulegum aukabúnaði og miklum afmælis afslætti.

Dethleffs Eighty Beduin **II** 565 DB

Allt að 990.000kr Afmælis afsláttur*

*Dethleffs Beduin Eighty II 565DB

Opið laugardag & sunnudag
frá kl 12 til 17

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 12-18
Laug-Sun. kl: 12-17

Fosshálsi 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®

COSTA BRAVA

Fyrstu 100 sætin m/gistingu frá

76.500 kr.

Netverð á mann til Costa Brava m.v.
2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Flogið út 4. eða 8. júní og heim 11., 15. eða 18. júní

Lloret de Mar á Costa Brava er nýr áfangastaður Express ferða á Spáni. Lloret de Mar er heillandi strandbær sem býður upp á frábæra og fjölskylduvæna afþreyingu; skemmtigarða, köfun, sólarstrendur, golfvelli og barnvæn leiksvæði. Fjöldi góðra veitingastaða er á svæðinu og njóta hefðbundnir spænskir fiskréttir mikillar hylli ferðamanna. Lloret de Mar er í Katalóníu-héraði og þar er að finna margar minjar frá tímum Rómverja sem áhugavert er að skoða. Flogið er með Iceland Express til Barcelona og farþegum ekið til og frá Lloret de Mar gegn vægu gjaldi.

BÓKAÐU G

Prag - Flug & bíll

20.-27. júní

Verð frá:

79.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, VW Polo eða sambærilegur bíll með ótakmörkuðum akstri, tryggingar og skattar. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna

Prag í Tékklandi er nýr og spennandi áfangastaður hjá Express ferðum í sumar. Borgin er einstök og sannkölluð Mekka arkitekta, hönnuða og listunnenda um allan heim. Í Prag er blómlegt tónlistarlíf og ávallt mikið um áhugaverða tónleika.

Prag er afar vel staðsett og tilvalið að fara til nærliggjandi landa og heimsækja aðrar borgir. Á ferðalaginu má víða finna þægileg og mjög ódýr þriggja stjörnu hótel þar sem matur og drykkir eru einnig á sérlega hagstæðum kjörum.

PRAG

Dresden	153 km
Bratislava	320 km
Vín	335 km
Berlín	350 km
Búdapest	443 km

Berlín

TILBOÐ

30. mars-2. apríl

Netverð á mann í tvíbýli frá:

69.900 kr.

Fullt verð: 99.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* Hotel NH Berlin eða sambærilegu hóteli.

Fararstjóri: Eirik Sördal

Berlín er dásamleg á vorin. Þessi magnaða stórborg iðar af mannlífi og þar finna ferðalangar á öllum aldri sér dægradvöl við hæfi. Í ferðinni verður boðið upp á spennandi skoðunarferð, vítt og breitt um borgina með ítarlegri íslenskri leiðsögn.

BOR

Trimar Apartments ★★★

Verð á mann í 7 daga frá:

76.500 kr.

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í fjölskylduherbergi. Flogið út 4. júní.
Netverð m.v. 2 fullorðna frá 90.900 kr.
Flogið út 4. júní.

Costa Encantada Aparthotel ★★★★

Verð á mann í 7 daga, frá:

77.800 kr.

Frá 95.300 kr. - Allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 - 11 ára í fjölskylduherbergi í viku. Flogið út 4. júní.

Hotel Norai ★★

Verð á mann í 10 daga, frá:

77.800 kr.

- með morgunverði

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára.
Flogið út 8. júní.
Netverð m.v. 2 fullorðna frá 85.700 kr. Flogið út 8. júní.

BÓKAÐU NÚNA!
TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

Don Juan Hotel ★★★

Verð á mann í 7 daga, frá:

83.500 kr.

- með fullu fæði

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn. Flogið út 8. júní.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna frá 94.200 kr. Flogið út 8. júní.

ÓÐA FERÐ!

SÉRFERÐIR

Sigling um Miðjarðarhafið

8. júní-19. júní - Allt innifalið á skipi!

Það er algjört ævintýri að geta sameinað dvöl í hinni dýrðlegu Barcelona og vikusiglingu um Miðjarðarhafið þar sem lifað er í vellystingum um borð í lúxusskipinu Sovereign. Komið verður við á langþráðum stöðum eins og frönsku Rívíerunni, Montecarlo, Mónakó, Flórens, Písa, Róm, Napólí og Túnis.

Verð á mann frá:

289.000 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting í þrjár nætur í Barcelona með morgunverði. Sigling í 7 daga í innri klefa í skipinu með fullu fæði og allir drykkir innifaldir. Flugvallaskattar og hafnargjöld.

RGIR

Skráðu þig í NET-KLÚBBINN á expressferdir.is

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Ármúli 7, 108 Reykjavík | expressferdir.is | sími: 5 900 100

Baráttan við refsileysi skilar árangri

Kynferðislegt ofbeldi

Margot Wallström
sérstakur erindreki Sameinuðu þjóðanna á sviði kynferðislegs ofbeldis í hernaði

Kynferðislegt ofbeldi í hernaði er alvarlegt mein sem bitnar á milljónum manna um allan heim. Eitt stærsta viðfangsefnið í mannréttindabaráttu í heiminum er að binda enda á skipulagða beitingu kynferðislegs ofbeldis í styrjaldarátökum. Skýrsla framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til Öryggisráðsins 23. febrúar markar tímamót því þar eru í fyrsta skipti nafngreindir einstaklingar sem gerst hafa sekir um kynferðislegt ofbeldi í hernaði. Birting lista yfir þessa einstaklinga er nýjasta vopn Öryggisráðsins til að vinna bug á refsileysi og kröftug yfirlýsing þess efnis að þeir sem láti kynferðislegt ofbeldi líðast brjóti með því alþjóðalög.

Drengjum nauðgað í fangelsum

Sum einstök dæmi, sem nefnd eru í skýrslunni, eru átakanleg. Frásagnir hafa borist frá Sýrlandi frá körlum sem segjast hafa verið misnotaðir kynferðislega og orðið sjálfir vitni að því að unglingspiltum hafi verið nauðgað. Og í Líbíu var konum rænt á heimilum sínum, í bifreiðum eða á götum úti og þær fluttar á ókunna staði þar sem þeim var nauðgað. Körlum var nauðgað í endaþarm í fangelsum í því skyni að knýja þá til sagna.

Það er í senn jákvætt og hvetjandi að Öryggisráðið láti, hér eftir sem hingað til, kynferðislegt ofbeldi í hernaði til sín taka. Engu að síður hef ég enn sem fyrr þungar áhyggjur af látlausum mannréttindabrotum um allan heim, þar á meðal tíðni nauðgana í tengslum við átök. Sérstaklega er áhyggjuefni að í mörgum tilfellum eru það öryggissveitir ríkja sem gera sig sekar um kynferðislegt ofbeldi, og höggva þar þeir sem síst skyldi, því hlutverk þeirra er að vernda borgarana. Einkennisbúningurinn á að vera tákn öryggis, aga og almannaþjónustu en er á allt of mörgum stöðum táknmynd nauðgana, ránа og gripdeilda; ógnar og skelfingar.

> Refsileysi er þýðingarmikið mál í mörgum ríkjum. Þess vegna hef ég skorið upp herör gegn refsileysi við kynferðislegum glæpum.

Annað dæmi er beiting kynferðislegs ofbeldis eða hótana um slíkt, sem kúgunartækis í kosningabaráttu eða til að brjóta borgaralegt andóf á bak aftur. Við þekkjum einnig dæmi þess að kynferðislegu ofbeldi sé beitt í fangelsum og á landamærum þar sem átök geisa.

Stjórnmála- og herforingjar á átakasvæðum nota kynferðisglæpi til að ná fram pólitískum, hernaðarlegum og efnahagslegum markmiðum með því að rekja upp þann vef sem hnýtir samfélagið saman í eina heild.

Beiting þessa þögla, ódýra og áhrifaríka vopns hefur í för með sér alvarlegar og langvarandi afleiðingar fyrir þolandann og dregur úr von um að hægt sé að koma á varanlegum friði. Það er lífseig þjóðsaga að nauðganir séu óumflýjanlegar á stríðstímum. En ef hægt er að skipuleggja kynferðislegt ofbeldi, þá er einnig hægt að refsa gerendum; ef hægt er að fyrirskipa það, þá er hægt að fordæma það.

Barátta við refsileysi skilar árangri

Refsileysi er þýðingarmikið mál í mörgum ríkjum. Þess vegna hef ég skorið upp herör gegn refsileysi við kynferðislegum glæpum. Við sjáum þess nú merki að þetta er farið að skila árangri, til dæmis í Lýðveldinu Kongó (DRC): Á innan við ári hafa með fulltingi Sameinuðu þjóðanna verið haldin 250 réttarhöld yfir liðsmönnum öryggissveita ríkisins. Í kjölfarið hafa meira en 150 einstaklingar verið dæmdir fyrir nauðgun og annars konar kynferðislega glæpi.

Enn er margt ógert í baráttunni við nauðganir sem vopn í hernaði. Ég mun halda áfram með aðstoð Öryggisráðsins að berjast fyrir því að refsileysi heyri sögunni til og tryggja að gerendur verði dregnir fyrir dóm. Í þessari baráttu treysti ég á vilja Öryggisráðsins til að grípa til allra tiltækra ráða.

Börn og umhverfi
Barnaöryggisnámskeið Rauða krossins

SKRÁNING ER HAFIN!

Námskeiðin Börn og umhverfi 2012 verða haldin frá byrjun mars til loka maí hjá Reykjavíkurdeild Rauða krossins. Námskeiðin eru ætluð ungmennum fædd árið 2000 eða fyrr. Hvert námskeið er 16 kennslustundir og skiptist á 4 kvöld.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysabætur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar.

Verð námskeiðs kr. 8.500,-
Innifalið: Námsgögn, og hressing. Staðfestingarskírteini að námskeiði loknu. Nánari upplýsingar í síma 545 0406.
Skráning á heimasíðu Rauða krossins í Reykjavík:
www.redcross.is/reykjavik/

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

Vaxtaverkir

Fjármál

Gylfi Magnússon
dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Umræðan um skuldir heimilanna, vexti og verðtryggingu virðist sífellt geta orðið undarlegri. Hún byggir að uppistöðu til á mjög sérstakri blöndu af misskilningi, áróðri og óskhyggju. Það er því ekki að undra að erfitt sé að ná áttum, hvað þá sáttum í þessu viðkvæma máli. Staðreyndirnar eru samt tiltölulega einfaldar og það eru kostirnir í stöðunni líka.

Fyrst er rétt að benda á það, sem oftast gleymist, að verðtrygging breytir engu um raunvirði skulda. Lánveitendur högnuðust því ekkert á verðbólguskotinu, sem varð í kjölfar hruns krónunnar 2008. Af sömu ástæðu töpuðu þeir, sem voru með verðtryggð lán, engu vegna verðbótanna. Þeirra skuldir stóðu í stað að raunvirði. Á móti hverri krónu, sem bættist við vegna verðbóta, rýrnuðu krónurnar, sem fyrir voru. Verðtryggð lán stökkbreyttust því ekki, sama hve oft er klifað á því í fjölmiðlum.

Það er því engin þörf fyrir leiðréttingu lána vegna verðbólguskotsins eins. Það var raunar hvorki sérstaklega mikið né óvenjulegt á íslenskan mælikvarða. Það er heldur engin ástæða til leiðréttingar lána vegna þess að vísitalan sé rangt reiknuð. Hún er það ekki og mælir eins vel og hægt er með góðu móti hina sorglegu rýrnun kaupmáttar krónunnar ár frá ári, áratugum saman.

Þar með er þó auðvitað ekki öll sagan sögð. Skuldavandi heimilanna er mjög raunverulegur og þungbær. Hann kemur fyrst og fremst til af þrennu. Í fyrsta lagi gríðarlegri skuldasöfnun heimilanna fyrir hrun. Þær skuldir eru ein af orsökum hrunsins, ekki afleiðing þess, þótt skuldir fyrirtækja skipti þar reyndar mun meira máli. Í öðru lagi mjög snarpri lækkun raunlauna, eftir öra hækkun árin á undan, og, í þriðja lagi, snarpri lækkun húsnæðisverðs, einnig eftir öra hækkun árin á undan, sérstaklega á suð-vesturhorni landsins.

Aðalvandinn, fyrir utan skuldasöfnun fyrri ára, er mikil og hröð lækkun raunlauna, þ.e. kaupmáttar launa, þótt hún hafi þegar gengið að hluta til baka. Slík lækkun, sem á níunda áratugnum var kölluð misgengi lána og launa, veldur mestu um skuldavandann. Slíkt misgengi varð reyndar enn meira nú en á níunda áratugnum.

Lækkun raunlauna á sér aftur tvær skýringar, annars vegar samdrátt efnahagslífsins og hins vegar hrun krónunnar. Hrun krónunnar olli því að lækkun raunlauna varð mun meiri en sem nam samdrætti efnahagslífisins. Það er skuggahliðin á hinum margrómaða sveigjanleika gjaldmiðilsins.

Sem betur fer eru öll teikn á lofti um að þetta misgengi lána og launa gangi til baka með tíð og tíma. Laun hækka alla jafna hraðar en verðlag þegar til lengdar lætur. Ekki er útlit fyrir annað nú. Fyrir vikið kallar þetta misgengi ekki á niðurfærslu eða leiðréttingu lána. Hins vegar er greiðslujöfnun skynsamlegt úrræði við þessar aðstæður, þ.e. tímabundin lækkun afborgana uns raunlaun hækka að nýju.

Sá hópur, sem varð illa fyrir barðinu á verðbróun húsnæðis, fær það hins vegar ekki sjálfkrafa bætt með tíð og tíma. Þeir, sem keyptu sitt fyrsta húsnæði á árunum 2004 til 2008, þegar verð var í hæstu hæðum, hafa óneitanlega orðið illa úti. Færa má sterk sanngirnisrök fyrir því að dreifa byrðum þessa hóps með jafnari hætti.

> Aðalvandinn, fyrir utan skuldasöfnun fyrri ára, er mikil og hröð lækkun raunlauna, þ.e. kaupmáttar launa, þótt hún hafi þegar gengið að hluta til baka. Slík lækkun, sem á níunda áratugnum var kölluð misgengi lána og launa, veldur mestu um skuldavandann. Slíkt misgengi varð reyndar enn meira nú en á níunda áratugnum.

Hér duga hins vegar engar töfralausnir, þótt af þeim sé nægt framboð. Það er einfaldlega ekki hægt að færa byrðar af einum þjóðfélagshópi án þess að kostnaðurinn komi einhvers staðar niður.

Frumlegasta töfralausnin, sem stungið hefur verið upp á, byggir á því að búa til peninga í Seðlabankanum, senda þá í hringferð um hagkerfið þar sem þeir hrifsa til sín skuldir almennings áður en þeir lenda aftur í Seðlabankanum. Þetta er ekki hægt án þess að einhver borgi. Væri það hægt lægi beint við að leysa allan skuldavanda í heiminum með slíkri leikfimi. Höfundar tillögunnar fá þó prik fyrir hugmyndaauðgina, sem jafnast á við það besta í útrásarhagkerfinu.

Hversdagslegri töfralausn er að hræra í verðtryggingunni, breyta vísitölum afturvirkt eða gera verðbætur upptækar. Það er hvorki sanngjörn né eðlileg leið og þess utan sem betur fer ófær vegna eignarréttarverndar stjórnarskrár. Af sömu ástæðu er ekki hægt að gera eignir núverandi og tilvonandi lífeyrisþega upptækar. Jafnvel þótt það væri hægt ætti varla nokkrum heilvita manni að detta í hug að þar sé að finna þau breiðu bök, sem rétt sé að velta byrðunum á.

Fleiri töfralausnir hafa verið nefndar, m.a. ýmsar útfærslur af því að ræna vonda útlendinga, sem ekki verða raktar hér. Þær eru engu skárri eða raunhæfari en fyrrgreindar lausnir.

Það, sem hins vegar er gerlegt, er að færa byrðar á milli þjóðfélagsþegna í gegnum skatta- og bótakerfið. Til þess þarf ekkert nema pólitískan vilja. Það hefur að nokkru marki þegar verið gert, með mikilli hækkun vaxtabóta, en, sem fyrr segir, má færa sterk sanngirnisrök fyrir því að ganga lengra.

Sérstaklega hlýtur að vera athugandi að afla fjár, með skattheimtu og/eða niðurskurði til að greiða sérstakar bætur til þeirra, sem keyptu sitt fyrsta húsnæði á fjögurra ára tímabili, frá hausti 2004 til haustsins 2008. Bæturnar gætu annað hvort verið greiddar út, eins og vaxtabætur nú, eða gengið beint til lækkunar höfuðstóls lána. Slíkar bætur gætu tekið mið af eignum og tekjum, líkt og vaxtabætur, verið með þaki, sem endurspeglaði hóflega stærð húsnæðis, og tekið tillit til þess hvort viðkomandi hafi fengið lækkun skulda af öðrum ástæðum. Á nokkrum árum væri hægt að bæta hag þessa hóps umtalsvert án þess að kostnaðurinn yrði óviðráðanlegur.

Útfærslan gæti verið með ýmsum hætti en þyrfti auðvitað að standast eðlileg viðmið um það hvernig skattbyrði er skipt og bótum úthlutað af hinu opinbera á Íslandi. Um það má takast á hinum pólitíska vettvangi. Niðurstaðan gæti orðið bæði raunhæf og eðlileg leið til að taka á vanda þjóðfélagshóps, sem hefur orðið illa úti í sviptingum undanfarinna ára.

BIKARÚRSLITIN Í HANDBOLTA RÁÐAST Í DAG!

Eimskip hvetur handboltaunnendur til að fjölmenna í Laugardalshöll í dag þar sem keppt verður til úrslita í Eimskipsbikarnum í flokki kvenna og karla. Á morgun verður keppt til bikarúrslita í yngri flokkum í Laugardalshöll.

Eimskip styður íslenskan handbolta með stolti og það forvarnargildi sem hann hefur fyrir íslenska æsku.

BIKARÚRSLIT KVENNA
ÍBV – VALUR
kl. 13.30

BIKARÚRSLIT KARLA
FRAM – HAUKAR
kl. 16.00

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

Garðyrkjan og rafmagnskostnaður

Orkumál

Bjarni Jónsson
framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda

Frá því að efnahagshrunið varð hér á landi hefur dreifingarkostnaður rafmagns til garðyrkjubænda aukist langt umfram það sem talist getur eðlilegt. Garðyrkjubændur hafa látið taka saman gögn um þróun verðs á rafmagni frá 2005 í samanburði við vísitölu neysluverðs. Á tímabilinu hækkaði vísitalan um 62%. Orkan hækkaði um 30% en dreifing í þéttbýli um 87% og í dreifbýli 105%!

Fróðlegt er að sjá að þar sem samkeppni ríkir, við framleiðslu og sölu á orku, er um raunlækkun verðs að ræða. Annað er upp á teningnum þar sem einokun ríkir. Til að setja þetta í samhengi þá hafa niðurgreiðslur ríkisins vegna dreifingarkostnaðar hækkað frá árinu 2005 um 30 milljónir króna vegna aukinnar notkunar rafmagns við framleiðslu á grænmeti. Á sama tíma hefur ríkið þurft að skjóta til 100 milljónum króna vegna gjaldskrárhækkana RARIK. Allt undir nafni niðurgreiðslna til garðyrkju!

Búið að borga fjórar veitur!

Þessar upplýsingar ollu því að garðyrkjubændur létu reikna út kostnað við eigin dreifiveitu rafmagns. Það var gert árið 2010 og uppfært nú í febrúar. Eigin dreifiveita, sem staðsett væri á svæði nálægt Flúðum og þéttbýlanna í Biskupstungum, Laugarási og Reykholti, er afar hagkvæm. Með staðsetningunni næst til tæplega 80% af framleiðslu í ylrækt í 10 km radíus.

Verkfræðistofa, sem hefur mikla reynslu, var fengin til að annast útreikningana. Fjárfestingin er um 460 milljónir króna og er allur kostnaður vel áætlaður og gerð næmnigreining með mismunandi breytum.

Niðurstaðan er sláandi. Á aðeins fimm árum borgar fjárfestingin sig upp. Eftir þann tíma og út líftíma dreifiveitunnar (30-40 ár) er kostnaður garðyrkjubænda jafnhár og rekstrarkostnaður veitunnar og eðlileg ávöxtunarkrafa. Sá kostnaður er áætlaður um 5% af fjárfestingunni en benda má á að sambærilegur kostnaður í orkuþjónustu er reiknaður 1-3%. Orkustofnun hefur yfirfarið útreikningana en öllum er heimilt að skoða þá. Þeir sýna að uppsafnaður hagnaður RARIK af viðskiptum við garðyrkjubændur á undanförnum áratugum hefur borgað sem svarar kostnaði við fjórar dreifiveitur.

Samkeppnisstaða íslensks grænmetis

Þeirri réttmætu spurningu hefur verið varpað fram í umræðunni hvort ekki væri réttast að minnka framleiðsluna ef garðyrkjan getur ekki framleitt grænmetið við núverandi kjör. Á það skal bent að með samningi garðyrkjubænda við ríkið árið 2002 voru fjögur markmið sett. Þrjú markmiðanna hafa náðst með láði, að auka hagkvæmni, að lækka grænmetisverð til neytenda og styðja framleiðslu og markaðssetningu grænmetis.

Fjórða markmið samningsins hefur ekki náðst. Það er að treysta tekjugrundvöll garðyrkjunnar. Samtímis því að veruleg hagræðing hefur átt sér stað, um 3,8% á ári síðan 2002 eða 15% meira en gert var ráð fyrir, hefur verð lækkað til almennings. Að auki var opnað fyrir óheftan innflutning grænmetis án tolla og það var samkeppnisumhverfi íslensks grænmetis og hefur verið svo síðan. Staða íslensks grænmetis er sterk og er það fyrir að þakka góðri vöru en stuðningur neytenda hefur skipt megin máli.

Rekstur ylræktarinnar mætti skila bændum meira til þess að takast á við síhækkandi kostnað aðfanga. Það skýtur því skökku við að það sé fyrirtæki í eigu ríkisins sem er þess valdandi að núverandi ástand hefur skapast.

Á að framleiða grænmeti á Íslandi?

Í könnun Landlæknis á mataræði, sem birt var í upphafi árs, kemur fram að neysla grænmetis hefur aukist um 19% frá 2002 og er aðeins 120 g á dag. Markmiðið er að neysla grænmetis og ávaxta verði 400 g á mann. Það er því langt í land.

> Stjórnvöld þurfa að viðurkenna að ylræktun grænmetis sé þjóðþrifamál. Ef það næst er eftirleikurinn auðveldur. Þá væri hægt að ákveða hver kjör garðyrkjubænda varðandi dreifingarkostnað ættu að vera.

Garðyrkjubændur hafa lagt sitt lóð á vogarskálarnar á þessu tímabili. Framleiðsla á gúrkum hefur aukist um 45% og á tómötum um 80% svo eitthvað sé nefnt. Hagræðing garðyrkjubænda hefur skilað verulega lægra verði og hollustan er óumdeilanleg. Staðfest er með rannsóknum að aukin grænmetisneysla skili heilbrigðara fólki og lækkar kostnað ríkisins. Aukin framleiðsla íslensks grænmetis skilar sér einnig í fjölgun starfa og minnkar notkun gjaldeyris við innflutning.

Hver er þá lausnin?

Af hverju eru garðyrkjubændur öðru hverju að minna á þessi mál? Ekki skortir á velvilja stjórnvalda á hátíðastundum en garðyrkjubændur vilja sjá þann velvilja í verki. Því skal haldið til haga að í iðnaðarráðuneytinu liggur fyrir breyting á skilgreiningu á hvað sé þéttbýli í skilningi orkulaga og við þá breytingu munu garðyrkjubændur í Laugarási í Biskupstungum greiða fjórðungi lægra gjald fyrir dreifingu rafmagns.

Stjórnvöld þurfa að viðurkenna að ylræktun grænmetis sé þjóðþrifamál. Ef það næst er eftirleikurinn auðveldur. Þá væri hægt að ákveða hver kjör garðyrkjubænda varðandi dreifingarkostnað ættu að vera. Það væri hægt að tryggja jafnræði þeirra út frá þeirri forsendu að um stórnotendur séu að ræða. Það er kominn tími til að ræða hugmyndina um eina gjaldskrá fyrir allt landið eins og gert var með símann á sínum tíma.

Aðalatriðið er þó að garðyrkjan hafi það rekstrarumhverfi sem hvetur til aukinnar framleiðslu á frábæru grænmeti til hagsbóta fyrir alla!

Svaka búnaður í Titanium
ABS hemlalæsivörn með EBD
hemlajöfnun
IPS öryggiskerfi
(Intelligent Protection System)
4 öryggispúðar
öryggisgardínur
öryggispúði fyrir hné ökumanns
Diskabremsur á öllum hjólum
ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla
Ofnæmisprófuð efni í innréttingu
12v tengill í mælaborði
Dagljósabúnaður
Gardína í farangursrými, station
LED lesljós að framan og aftan
Viðgerðarsett fyrir dekk
Verksmiðjuryðvörn
17“ Titanium álfelgur
Blátónaðar rúður
Sér blástur frá miðstöð fyrir
Krómlistar neðst við hliðarrúður
Sjálfvirk hæðarstilling aðalljósa
Kortaljós að framan og aftan
Samlit hurðarh
Stillingar fyrir h
Tölvustýrð mið
Miðjustokku

skoðaðu greiðslukjörin
nýttu verðmætin í gamla bílnum við kaupum hann kaupir þú nýjan
komdu í kaffi og kleinur á milli kl. 12 og 16

visthæf skref með Brimborg

Hlaupárstilboð
Verð áður 4.660.000 kr.
Verðlækkun -350.000 kr.
Ford Mondeo Titanium:
4.310.000 kr.*

Góður í rekstri
Eldsneyti: frá 3,9 l/100km í langkeyrslu
CO_2 114 g/ km = lægri bifreiðagjöld
Fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mínútur

Spyrðu um greiðslukjörin

verðlækkun -kr.350.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu. Verð miðast við 6 gíra beinskiptan 115 hestafla 1,6 TDCi dísil, 4 eða 5 dyra. Tilboð gilda í febrúar 2012.

Nýi Landspítalinn: „Heldur þann versta…“

Nýr Landspítali

Guðjón Baldursson
læknir

Bryndís Guðjónsdóttir
hjúkrunarfræðingur

Flestum mun kunnugt um að fyrir liggja áætlanir um að byggja upp nýjan Landspítala við Hringbraut. Nefndir hafa verið aðrir möguleikar á staðsetningu t.d. Vífilsstaðir, Keldnaholt og fleiri en ekki hefur verið léð máls á þeim tillögum. Undirrituð og fleiri hafa bent á að staðarvalið sé stór mistök ekki síst með hliðsjón af umferð. Miklabrautin/Hringbrautin og Bústaðavegur eru sennilega mestu umferðargötur höfuðborgarinnar og mikill farartálmi bæði í nútíð og framtíð.

Eftirfarandi tafla sem fengin er frá Umferðar- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar sýnir sniðtalningar sl. 10 ára þ.e. umferðarmagn (metin sólarhringsumferð, allir straumar í gatnamótum) á stærstu umferðarljósagatnamótum borgarinnar:

Miklabraut/Kringlumýrarbraut	95.901
Miklabraut/Grensásvegur	78.051
Miklabraut/Bústaðavegur/Hringbraut	69.432
Miklabraut/Háaleitisbraut	68.506
Reykjanesbraut/Bústaðavegur	68.202
Miklabraut/Langahlíð	54.791
Kringlumýrarbraut/Háaleitisbraut	51.065
Kringlumýrarbraut//Laugavegur	46.820
Bústaðavegur/Flugvallarvegur	40.189
Bústaðavegur/Snorrabraut	35.539
Bústaðavegur/Kringlumýrarbraut –brú austar	34.673

Af töflunni má ráða að umferðarþungi á götum Reykjavíkur er þyngstur einmitt næst þeim stað sem valinn hefur verið fyrir hinn Nýja Landspítala við Hringbraut. Þessar tölur koma samt ekki á óvart þar sem öllum sem leið eiga um Miklubraut/Hringbraut og Bústaðaveg er kunnugt um hvernig umferðin mjakast áfram um þessar götur á flestum tímum dagsins.

Aðkoman að Nýjum Landspítala við Hringbraut (sem vonandi mun aldrei verða byggður þar) er þannig skelfileg jafnt fyrir sjúklinga, heimsóknargesti, starfsfólk og síðast en ekki síst fyrir sjúkraflutninga.

Ástandið á eftir að versna, bílafjöldi eykst og umferð mun aukast t.d. með tilkomu Háskólans í Reykjavík, nýrra stúdentagarða, Hörpunnar og fjölgun ferðamanna. Fyrirhugað er að reisa 250 rúma hótel við hlið Hörpunnar, sótt hefur verið um leyfi til byggingar 300 rúma hótels við rætur Öskjuhlíðar, við Keiluhöllina. Þrengslin á götunum umhverfis Vatnsmýrina munu aukast ár frá ári.

Reykjavíkurborg hefur þegar gefið út yfirlýsingu um að meiri háttar gatnagerð sé ekki á framkvæmdaáætlun næstu 10-15 árin.

Var þeim sem tóku ákvörðun um staðarval hins Nýja Landspítala við Hringbraut kunnugt um umferðarþungann sem ofangreind tafla sýnir? Það verður að draga í efa. Var leitað álits sjúkraflutningamanna? Það eru jú þeir sem betur en aðrir þekkja þessa mestu farartálma Reykjavíkur og hve sjúkraflutningar um ofangreindar umferðaræðar geta verið tímafrekir og erfiðir á öllum tímum sólarhrings.

Flutningstími bráðveikra eða slasaðra sjúklinga frá heimili eða slysstað að bráðamóttöku sjúkrahúss getur oft skipt höfuðmáli varðandi það hvernig sjúklingnum reiðir af. Flestum er kunnugt um að hver mínúta sem líður áður en sjúklingur með bráðan kransæðasjúkdóm kemst á sjúkrahús getur verið afdrifarík. Mestu máli skiptir að flutningstíminn sé sem allra stystur. Verði Landspítalinn byggður við Hringbraut er hverjum manni ljóst að sjúkraflutningar munu verða tímafrekari innan þessa þrengsta og umferðarþyngsta hluta höfuðborgarinnar, heldur en þar sem umferðaræðar eru greiðari og aðgengi betra eins og t.d. að Vífilsstöðum eða Keldnaholti eða þess vegna í Fossvoginum. Í þessu samhengi er höfð í huga áætluð framtíðarsýn á íbúabyggð á höfuðborgarsvæðinu sem og umferðarþungi eftir stofnbrautum.

> Aðkoman að Nýjum Landspítala við Hringbraut (sem vonandi mun aldrei verða byggður þar) er þannig skelfileg jafnt fyrir sjúklinga, heimsóknargesti, starfsfólk og síðast en ekki síst fyrir sjúkraflutninga.

Tökum dæmi: Bráðveikan sjúkling eða illa slasaðan þarf að flytja frá vettvangi í Grafarvogi, Breiðholti, Mosfellsbæ, Akranesi eða Selfossi. Það tekur tímann X að flytja sjúklinginn að Vífilsstöðum, en að minnsta kosti 10 mínútum lengur, eða tímann X+10 mínútur að Hringbrautinni, vegna meiri vegalengdar og hins mikla umferðarþunga á leiðinni eftir Miklubraut/Hringbraut. Þessi viðbótartími, 10 mínútur, getur skipt sköpum varðandi lífslíkur eða batahorfur sjúklingsins í sjúkrabílnum. Hver vill taka ábyrgð á mannslífi eða heilsutjóni sem af slíkri töf á sjúkraflutningi getur leitt? Stjórnendur Landspítalans? Velferðarráðherra? Alþingi?

Greinarhöfundar hafa fyrr fært ítarlegar og vel rökstuddar ástæður fyrir því hvers vegna nýr Landspítali eigi ekki að rísa við Hringbraut. Það er versta staðsetningin af öllum þeim sem nefndar hafa verið. En svo virðist sem þeir sem tóku ákvörðun um staðarvalið hafi verið með svipað hugarfar og Snæfríður Íslandssól þegar velja skyldi henni mannsefni:

„Heldur þann versta en þann næstbesta“ sagði hún þegar faðir hennar spurði hana 17 ára gamla hvers vegna hún vildi ekki Dómkirkjuprestinn.

Sá langflottasti...

Nýttu þér hlaupárstilboðið í dag . . .

Titanium er flottasta gerðin af **Ford Mondeo**. Nú fæst hún á sérstöku hlaupárstilboði. Með tilboðinu færðu flottustu gerðina á aðeins **4.310.000 kr.*** Nýir og betri samningar við framleiðandann gera þér kleift að fá Ford Titanium á lækkuðu verði. Ekki missa af þessu tilboði. Nýttu tækifærið. Komdu í Brimborg.

*Ef þú telur þig ekki hafa not fyrir ríkulegan umframbúnað Ford Mondeo Titanium bjóðum við hjá Brimborg líka Ford Mondeo Trend á hlaupárstilboði frá aðeins **3.990.000 kr.** Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford Mondeo.*

Hönnun Ford er heilsteypt og tekur mið af þörfum nútímafjölskyldunnar. Vertu örugg innan um þá sem standa þér næst. Nýttu þér hlaupárstilboðið og settu þann gamla upp í nýjan og glæsilegan Ford Mondeo. Veldu Ford. Komdu í Brimborg í dag

Kauptu bara góða og sparneytna bíla. Skoðaðu ford.is. Kauptu Ford.

Nýtt tákn um gæði

.000!

Hlaupárstilboð
Opið 12-16

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Dauðlangar að vinna á Íslandi

Tónskáldið **Atli Örvarsson** hefur búið í Bandaríkjunum í nítján ár og samið tónlist við mýmargar Hollywood-kvikmyndir, sjónvarpsþætti og fleira. ***Kjartan Guðmundsson*** ræddi við Atla um fortíðina í poppinu og hugmyndaþurrð í draumaverksmiðjunni.

Einhver spurði mig um daginn hvort ég væri kominn heim til Íslands til að núllstilla mig. Sú lýsing þykir mér ansi góð, en fyrst og fremst finnst mér mikilvægt að koma heim öðru hverju til að tengjast landi og þjóð, fjölskyldunni og náttúrunni," segir tónskáldið Atli Örvarsson sem sest niður yfir kaffibolla með blaðamanni í stuttu stoppi hér á landi. Atli, sem hefur getið sér gott orð fyrir kvikmyndatónlist sína, meðal annars fyrir rándýrar Hollywood-kvikmyndir, hefur búið í Bandaríkjunum í nítján ár og þar af fjórtán í sjálfri Borg englanna sem hýsir draumaverksmiðjuna.

Hann kemur þó ekki aðeins til Íslands þegar gloppur opnast í þéttskipaðri stundarskrá tónskáldsins heldur reynir hann að ferðast eins mikið og hann mögulega getur til að komast í nýtt umhverfi og öðlast innblástur. „Þannig hleð ég sköpunarbatterín. Reyndar er ég frekar óduglegur við að kanna mismunandi heimshluta og enda nánast alltaf í Suður-Evrópu og þá helst á Ítalíu eða í Frakklandi. Sagan, arkitektúrinn og lífsstíllinn heilla mig og þar vinnur fólk til að lifa, en lifir ekki til að vinna eins og í Bandaríkjunum. Ætli við Íslendingar séum ekki einhvers staðar mitt á milli, rétt eins og í landfræðilegum skilningi."

Í smá snertingu við náttúruna

Hvað hefurðu haft fyrir stafni í þessum skreppitúr til Íslands?

„Ég heimsótti fjölskylduna á heimaslóðir á Akureyri og fór í Bárðardalinn, þar sem ég komst í smá snertingu við náttúruna, þótt gaddfreðin hafi verið og öll undir snjó. Ég var líka að hjálpa tónlistarmanninum Ólafi Arnalds vini mínum með því að stjórna hljómsveitarupptöku í Kaldalóns-sal Hörpu fyrir nýjustu plötuna hans. Ég gef mig reyndar ekki út fyrir að vera hljómsveitarstjóri, en hef reynslu af því að taka upp í svona umhverfi og það er ákveðin verkkunnátta sem fylgir slíkri upptöku, ákveðin trix sem lærast til að ná sem bestum árangri á sem stystum tíma. Svo skellti ég mér á Edduverðlaunahátíðina, þar sem ég var tilnefndur fyrir tónlistina við kvikmyndina Eagle eftir leikstjórann Kevin MacDonald. Á svona samkomum má segja að maður kynnist gömlum vinum, fólki sem maður hefur ekki hitt í fjöldamörg ár, og kynnist líka nýju fólki. Það er gaman að fá innsýn í þennan heim hér á Íslandi."

Hefðirðu áhuga á að vinna við íslenskar kvikmyndir?

„Já, mig dauðlangar til þess, og í raun er það ekki spurning um hvort heldur hvenær ég geri það. Ég hef reyndar samið tónlist fyrir stuttmynd sem Páll Grímsson, sem býr líka í Bandaríkjunum, leikstýrði og heitir Pension Gengið. En ég tæki hverju tækifæri til að vinna hér mjög fagnandi."

Sakna ekki sviðsins

Atli er fæddur árið 1970 og er sonur hins landsþekkta tónlistarmanns og harmonikkuleikara Örvars Kristjánssonar. Atli hlaut því eðlilega afar tónlistarlegt uppeldi, lék upphaflega á trompet með skóla-, sinfóníu- og lúðrasveitum en heillaðist af svuntuþeysum og öðrum hljómborðum á unglingsárum. Árið 1986 stofnaði hann hljómsveitina Stuðkompaníið ásamt Karli bróður sínum og fleirum, sem vann Músíktilraunir árið eftir, og síðar lék hann til lengri eða skemmri tíma með Todmobile, SSSól og Sálinni hans Jóns míns, lengst af þó með síðastnefndu sveitinni.

Í minningunni varstu lítið fyrir að trana þér fram á þessum árum í kringum 1990, þrátt fyrir að hafa leikið með nokkrum af vinsælustu hljómsveitum landsins. Er það rétt?

„Ég veit það ekki. Kannski veljast ákveðnar manngerðir í ákveðin hlutverk innan hljómsveita og hljómborðsleikararnir eru nánast aldrei mjög áberandi. Karl bróðir minn er til dæmis meira út á við en ég, sem er töluvert hlédrægari. Á hinn bóginn er ég mjög félagslyndur og mikill áhugamaður um mannlegt eðli, en það hentar mér betur að vinna bak við tjöldin og ég hef afskaplega lítinn áhuga á að vera uppi á sviði."

Var það ástæða þess að þú kúpluðaðir þig út úr bransanum og hófst nám við Berklee-tónlistarháskólann í Boston árið 1993?

„Já, að hluta til. Ég hafði spilað svo mikið og lengi opinberlega og drukkið of mikið úr pottinum þegar ég var ungur, rétt eins og Steinríkur. Fólk spyr mig oft hvort ég sakni þess, en ég svara því hreinskilnislega neitandi. Ég fann mig heldur aldrei nægilega vel í því að semja popplög, auk þess sem ég vildi herja á erlenda markaði en fyrir því var ekki áhugi innan þeirra sveita sem ég lék með. Ég skipti því um gír og fór að gera eitthvað allt annað. Ég hafði lengi haft áhuga á bíómyndum og kvikmyndatónlist og strax í fyrsta verkefninu í skólanum varð ég fyrir hálfgerðri vitrun eða köllun. Þessi galdur sem verður til þegar tónlist og mynd koma saman, og er miklu áhrifameiri en summan af þessu tvennu, heillaði mig strax og ég er stórkostlega þakklátur fyrir að hafa fundið þessa fjöl."

> Ég hafði spilað svo mikið og lengi opinberlega og drukkið of mikið úr pottinum þegar ég var ungur, rétt eins og Steinríkur.

Gæfuspor að kynnast Hans Zimmer

Tónskáldið lauk MA-námi í kvikmyndatónlist frá Berklee í Boston og flutti síðan til Los Angeles þar sem hann komst meðal annars í læri hjá sjónvarpsþáttatónskáldinu Mike Post. Starfinu með Post þakkar Atli öll þau tækifæri sem síðan hafa boðist honum í Hollywood.

Varla hefur leiðin verið svo greið inn í þennan erfiða og eftirsótta bransa?

„Nei, alls ekki. Á köflum vissi ég ekki hvað ég var að gera í Los Angeles og var í peningavandræðum eins og gengur. Einn Valentínusardaginn frétti ég að hægt væri að vinna sér inn fé með því að gerast blómasendill. Ég stökk í það, enda skítblankur, en reiknaði ekki með þessum miklu fjarlægðum í borginni og komst því yfir mun færri sendingar en ég hélt. Að frádregnum bensínkostnaði þénaði ég líklega um fimm þúsund krónur íslenskar yfir daginn. það var frekar svekkjandi og líklega lágpunkturinn, en það er hægt að hlæja að þessu eftir á. Ég var svo heppinn að fá fasta vinnu hjá Mike Post og við vorum iðulega að semja tónlist fyrir um 120 sjónvarpsþætti á nokkrum mánuðum, sem eru undarlega mikil afköst. Ég skal vera fyrstur til að viðurkenna að margt af þessari tónlist var ekki ýkja spennandi, en svona vinna kennir manni að semja hratt og skilja kvikmyndagerð upp að ákveðnu marki. Eftir nokkur ár með Post starfaði ég sjálfstætt, gerði meðal annars tónlist fyrir sjónvarpsþætti og kvikmyndina Stuart Little 3, en kynntist svo Hans Zimmer árið 2007. Það var mikið gæfuspor."

JAFNVÆGI Atli Örvarsson segist vilja stefna í þá átt að taka að sér fleiri smærri og listrænni verkefni til mótvægis við Hollywood-myndirnar sem hann hefur unnið við síðustu árin. „Þannig gæti draumurinn ræst," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hinn þýski Hans Zimmer er eitt af virtustu og afkastamestu kvikmyndatónskáldunum í Hollywood með yfir hundrað kvikmyndir á ferilskránni, þar á meðal stórmyndir á borð við Rain Man, The Lion King, Gladiator og Inception. Zimmer rekur einnig stórt tónlistarframleiðslufyrirtæki sem hýsir fjölda hljóðvera og bauð Atla að flytja sitt hljóðver til sín, sem sá síðarnefndi þáði með þökkum.

Hvernig er að vinna með Hans Zimmer?

„Það er algjör lúxus og í gegnum hann hef ég meðal annars kynnst yfirmönnum tónlistardeilda kvikmyndavera, sem hefur leitt til fleiri og stærri verkefna. Zimmer vinnur gjarnan þannig að hann semur mikið af stefjum, en svo er hópur fólks í því að aðlaga stefin að myndunum. Ég hef hjálpað honum á þennan hátt með myndir eins og Pirates of the Carribean 3 og Simpsons-bíómyndina og lært heilmikið. Zimmer er mikill brautryðjandi og hefur í raun hannað nýjar aðferðir varðandi það hvernig kvikmyndatónlist er gerð með tölvum og tækni."

Draumurinn að rætast

Atli, sem sjálfur hefur samið tónlist við Hollywood-myndir á borð við Vantage Point með Dennis Quaid og Forest Whitaker, Babylon A.D. með Vin Diesel, Thick as Thieves með Antonio Banderas og Morgan Freeman og Season of the Witch með Nicholas Cage á síðustu árum, auk annarra verkefna, segist líta á starfið með Hans Zimmer sem eins konar doktorsnám í kvikmyndatónlist.

„Þetta doktorsnám hefur kennt mér að starfið snýst 20% um tónlist og 80% um sálfræði og pólitík í Hollywood. Sem dæmi gerði ég tónlistina við Babylon A.D. með franska leikstjóranum Mathieu Kassovitz. Í upphafi leyfði ég honum að heyra helstu stefin sem ég hafði samið og bjóst svo við að hann myndi vilja fylgjast daglega með framganginum, en hann hélt nú ekki, sagðist hafa valið mig til að gera tónlistina og ég ætti bara að gera það. Kannski er þetta lýsandi fyrir franska vinnumenningu og virðinguna fyrir listamanninum. Þú segir ekki ostagerðarmeistaranum hvernig hann á að búa til ostinn. En í Hollywood er oftast heljarstór nefnd með puttana í öllu, leikstjórinn, fjórir framleiðendur, yfirmaður tónlistardeildar myndversins, yfirmaður hljóðversins og aðstoðarfólk þeirra allra, og allir með sínar skoðanir á því hvernig tónlistin á að vera. Úr þessu verður oft mikil málamiðlun og í raun held ég að slík málamiðlun standi Hollywood dálítið fyrir þrifum almennt. Til dæmis er sífellt verið að endurgera myndir, frá Evrópu og fleiri stöðum, sem lýsir greinilegri hugmyndaþurrð og meðalmennsku. Tökum til dæmis myndina The Artist sem ég held að vinni Óskarinn fyrir bestu myndina núna um helgina. Það eru engar líkur á að bandarískur kvikmyndagerðarmaður hefði fengið tækifæri til að gera þögla og svarthvíta mynd af þessari stærðargráðu."

Áttu þér óskaverkefni?

„Það væri þá helst að prófa eitthvað nýtt og ekki endurtaka mig. Sjálfur horfi ég á mun listrænni myndir í frítíma mínum en þær sem ég vinn oftast við. Í raun mætti segja að stefnan hjá mér sé að vinna meira með evrópskum leikstjórum. Ég hef fyrir reglu að tala ekki um verkefni sem ekki er búið að negla alveg niður, en það er ýmislegt á döfinni í þeim efnum og svo virðist sem ég gæti fljótlega náð góðu jafnvægi milli Hollywood-mynda og smærri, listrænni verkefna. Þannig gæti draumurinn ræst."

OUTLET SPRENGJA

Í CINTAMANI OUTLETINU
AUSTURHRAUNI 3
DAGANA 23. - 26. FEB.

20% AUKA AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

Föt á alla fjölskylduna
Úlpur
Peysur
Buxur
Barnaföt
Húfur
Vettlingar

CASALL Á 50%
ASICS SKÓR Á 50%
TEVA Á 50%



CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

OPNUNARTÍMI

Fimmtudag	10 - 18
Föstudag	10 - 18
Laugardag	11 - 16
Sunnudag	11 - 16

Fjórflokkurinn er bara mýta

Fimm ný samtök hafa tilkynnt um framboð sitt til Alþingis í næstu kosningum. Það er svipað og í kosningunum 1987. Oft er talað um fjórflokkinn en síðan árið 1983 hafa fimm flokkar ætíð átt sæti á Alþingi. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* kynnti sér nýju framboðin og gluggaði í söguna. Lífseigasta kenning íslenskrar stjórnmálasögu er kannski þrátt fyrir allt bara enn ein mýtan.

Ekki færri en fimm hreyfingar hafa kynnt fyrirhugað framboð til Alþingis í næstu kosningum. Hvenær þær verða er ekki öruggt, en samkvæmt áætlun verða þær í maí 2013. Það veltur hins vegar á því að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur haldi velli, en ljóst er að krafan um kosningar fyrr verður æ háværari. Sérstaklega hjá stuðningsmönnum annarra en stjórnarflokkanna.

STEFÁN PÁLSSON

Ný framboð eru ekki ný bóla í íslenskum stjórnmálum. Lýðveldi var stofnað á Þingvöllum árið 1944 og þá sátu fjórir flokkar á Alþingi: Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Sósíalistaflokkur Íslands. Það liðu hins vegar ekki nema níu ár þar til fimmti flokkurinn bættist við þegar Þjóðvarnarflokkurinn náði inn á þing.

Á lýðveldistímanum hefur 20 sinnum verið gengið til alþingiskosninga og aðeins sex sinnum hefur fjórflokkurinn einn náð manni inn.

Fimm flokka norm

Stefán Pálsson sagnfræðingur segir að sé rýnt í kosningaúrslit komi í ljós að hinn frægi fjórflokkur sé mýta. Vissulega séu sömu fjórir flokkarnir, eða arftakar þeirra, alltaf til staðar. Réttara sé þó að tala um flokkana fjóra og fimmta flokkinn.

„Mönnum verður tíðrætt um fjórflokkinn en ansi drjúgan hluta af lýðveldistímanum sé nær að tala um fimmflokkinn. Það á sérstaklega við um síðustu áratugi. Fimmta framboðið hefur hins vegar verið fljótandi og sjaldnast mjög lífvænlegt. Það er hins vegar frekar normið síðustu áratugi að við séum með fimm flokka á þingi en fjóra.“

KÁTT Á HJALLA Kvennalistinn er sigursælasta fimmta framboðið. Flokkurinn kom þremur þingkonum á Alþingi árið 1983, 6 árið 1987, 5 árið 1991 og 3 árið 1995. Hann rann síðan inn í Samfylkinguna. Kvennalistinn var mjög óhefðbundinn stjórnmálaflokkur og til að mynda ekki með formann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefán bendir á að síðan árið 1983 hafi alltaf verið fleiri en fjórir flokkar á þingi. Fimmti flokkurinn hafi hins vegar yfirleitt gert út á fjórflokkshugmyndina.

„Þá er ýtt undir þá hugmynd að um nýtt framboð sé að ræða sem sé öðruvísi en fjórflokkurinn. Sami rassinn sé undir öllum hinum og það er gert út á ákveðið nýjabrum.“

Uppbygging eða innkoma

Þetta getur hins vegar skapað ákveðið vandamál að mati Stefáns. „Það kemur upp ákveðin „catch 22“ staða fyrir ný framboð. Besta leiðin til að detta inn á þing er að gera það með látum, að bjóða fram á síðustu stundu, rétt fyrir kosningar.

Besta dæmið um það er Borgaraflokkurinn, en þar var ákveðið að bjóða fram nokkrum dögum áður en framboðsfrestur rann út. Menn mönnuðu framboð á nokkrum klukkutímum, sem er alveg galið. Frjálslyndi flokkurinn er annað dæmi um þetta og líka Íslandshreyfingin.

Vandinn við þetta getur hins vegar verið sá að auknar líkur eru á að flokkar liðist í sundur eftir kosningar ef þú hristir eitthvað saman á síðustu stundu. Þá byrja erjurnar, sem aðrir flokkar ljúka fyrir kosningar, að kosningum loknum.“

Stefán segir mýmörg dæmi um þetta, svo sem Borgarahreyfinguna, Borgaraflokkinn og Frjálslynda flokkinn. „Það getur því verið góð leið til að ná fylgi í kosningum að koma inn með látum, en það er ekki endilega heilladrjúgt til uppbyggingar.“

Kvennalistinn sé hins vegar dæmi um að tekist hafi að byggja upp flokk með góðum fyrirvara sem náði góðum árangri.

Flokksvald minnkar

Athyglisvert er að skoða þau framboð sem komið hafa fram til hliðar við fjórflokkana. Að Kvennalistanum, Borgarahreyfingunni og Þjóðvarnarflokknum undanskildum hafa þeir allir snúist um ákveðna persónu. Samtök frjálslyndra og vinstri manna um Hannibal Valdimarsson, Bandalag jafnaðarmanna um Vilmund Gylfason, Borgaraflokkurinn um Albert Guðmundsson, Þjóðvaki um Jóhönnu Sigurðardóttur og Frjálslyndi flokkurinn um Sverri Hermannsson. Að auki eru mörg dæmi um sérframboð.

Segja má að ákveðin skil verði við kosningarnar 1983, en líkt og áður hefur komið fram hafa síðan þá ætíð verið fimm flokkar á þingi. Stefán segir að árin þar á undan hafi ekki verið góð fyrir stétt stjórnmálanna, tíðar kosningar og erfiðleikar við stjórnarmyndun.

„Velta má því fyrir sér hvort það hafi einhver áhrif að þegar líður á 9. áratuginn fer að losna um stöðu flokksblaðanna og þau fara að veikjast og hverfa og við sjáum frjálsar útvarps- og sjónvarpsstöðvar.

Möguleiki fjórflokksins á að halda utan um þjóðmálaumræðuna fer minnkandi. Það gerir fimmtu framboðunum auðveldara fyrir, það þarf ekki lengur að eiga eitt stykki dagblað og prentsmiðju.“

Hvorki hægri né vinstri

Lilja Mósesdóttir, fyrrum þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og nú utan flokka, hefur tilkynnt um framboð flokksins Samstöðu. Hún er í forystusveit hans ásamt Sigurði Þ. Ragnarssyni og fleirum. Þegar flokkurinn var kynntur lögðu þau áherslu á að hefðbundnar skilgreiningar stjórnmálanna næðu ekki utan um þau. Flokkurinn væri hvorki til hægri né vinstri. Lilja hefur fordæmt aðra stjórnmálaflokka og sett þá alla undir einn hatt markaðshyggju. Þá leggur flokkurinn mikla áherslu á að skuldastaða heimilanna verði leiðrétt. Lilja hefur í þeim efnum talað fyrir svokallaðri peningaprentunarleið.

Stuðla að bjartri framtíð

Björt framtíð er heitið á framboði Guðmundar Steingrímssonar, fyrrum þingmanns Framsóknarflokksins og nú utan flokka, og Besta flokksins. Guðmundur er í framvarðasveit hans ásamt Heiðu Kristínu Helgadóttur og fleirum. Flokkurinn á eftir að vinna málefnavinnu, en hefur tilkynnt að hún verði á grunni hugsjóna flokksins um græna, frjálslynda, alþjóðasinnaða, lýðræðislega framtíð. Flokkurinn vill að auðlindir skili þjóðinni sjálfbærum arði, lýðræði þurfi að vera virkt og fljótt og velferðarkerfið og menntakerfið hið besta.

Flokkurinn hefur áhyggjur af því að ungt fólk flytji af landi brott þar sem það telji framtíðina ekki nógu bjarta hér. Þá vísar nafn samtakanna til viðfangsefna í umhverfismálum á heimsvísu sem kalla á afgerandi viðbrögð.

Grænn borgaraflokkur

Hægri grænir, flokkur fólksins, skilgreinir sig sem grænan borgaraflokk. Guðmundur Franklín Jónsson hefur verið í forsvari fyrir flokkinn. Flokkurinn segir gamla íslenska fjórflokks- og embættismannakerfið vera úrelt sem hafi sýnt sig best í aðdraganda efnahagshrunsins. Flokkurinn vill opið þjóðfélag og beint lýðræði. Hægri grænir vilja byggja upp grænt hagkerfi á Íslandi og telja að frjáls samkeppni efli heilbrigða samkeppni. Þá segir að einstaklingsfrelsi sé lykillinn að gæfu þjóðarinnar, ásamt lágum sköttum, friðsömum og haftalausum millirríkjaviðskiptum, traustum gjaldmiðli, frjálsri samkeppni og sem minnstum ríkisafskiptum. Flokkurinn ætlar að beita sér sérstaklega í málefnum kvenna, fjölskyldunnar og heimilanna og telur að sinna þurfi námsmönnum, öryrkjum og eldri borgurum betur.

Lækka skatta og auka einkaneyslu

Guðbjörn Guðbjörnsson er forsvarsmaður Lýðfrelsisflokksins. Flokkurinn vonast eftir svo hagstæðum samningum við Evrópusambandið að þjóðin samþykki þá og gangi í sambandið. Við það leysist vandamál sem lúta að peningamálum, svo sem óðaverðbólga, óstöðugleiki gengis og hátt vaxtastig. Flokkurinn vill stórauka útflutning og lækka skatta til að auka einkaneysluna. Hann vill sýna gífurlegt aðhald í ríkisrekstri og halda viðskiptajöfnuði hagstæðum. Flokkurinn telur að sterkt samfélag og velferðarkerfi byggi aðeins á sterku atvinnulífi og því þurfi að efla það.

Lýðfrelsisflokkurinn segist bjóða upp á heiðarlega hægri stefnu sem byggi á trú á blandað markaðshagkerfi. Meginreglan eigi að vera sú að ríkið standi ekki undir atvinnurekstri, en ekki megi þó hafna honum kerfisbundið.

Ný stjórnarskrá og skjaldborgin

Unnið er að stofnun nýs stjórnmálaafls sem hefur hlotið vinnuheitið Breiðfylking. Endanlegt nafn verður ákveðið á stofnfundi hreyfingarinnar. Friðrik Þór Guðmundsson, formaður Borgarahreyfingarinnar, er einn þeirra sem að framboðinu standa, en auk einstaklinga úr þeim flokki stendur fólk úr Hreyfingunni, Frjálslynda flokknum, fullveldissinnar og fleiri að framboðinu. Breiðfylking fyrir stjórnarskrá, skjaldborg og siðvæðingu mun því bjóða fram í næstu kosningum.

Meðal annarra mála sem Friðrik hefur sagt flokkinn leggja áherslu á er uppstokkun kvótakerfisins og siðvæðing stjórnsýslunnar og fjármálamarkaðarins. Þá sé gengið út frá því að samningaviðræðum við ESB ljúki og niðurstaðan verði borin undir þjóðina.

SÉRFRAMBOÐ Á ÍSLANDI



RÆKTUNARHELGI
í Blómavali

Ræktum sjálf - Fróðleg námskeið

Forskráning hefst um helgina í Blómavali
Net og símaskráning hefst á mánudag,
takmarkaður sætafjöldi

Ókeypis
FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ

Komdu í Blómaval um helgina og skráðu þig, takmarkaður sætafjöldi

Leiðbeinendur:
Steinn Kárason, Ásdís Lilja Ragnarsdóttir, Svava Rafnsdóttir og
Lára Jónsdóttir garðyrkjufræðingar.

**Sáning sumarblóma,
mat- og kryddjurta**
8. mars Skútuvogi kl. 19:30-20:45

**Sáning sumarblóma,
mat- og kryddjurta**
14. mars Grafarholt kl. 19:30-20:45

**Sáning sumarblóma,
mat- og kryddjurta og allt um
ávaxtatré og berjarunna**
14. mars Fitjum Reykjanesi kl. 18:00-19:15

**Sáning sumarblóma,
mat- og kryddjurta**
15. mars Skútuvogur 19:30-20:45
15. mars Selfoss kl. 18:00-19:15

**Sáning sumarblóma,
mat- og kryddjurta og allt um
ávaxtatré og berjarunna**
20. mars Egilsstaðir kl. 18:00-19:15

**Sáning sumarblóma,
mat- og kryddjurta og allt um
ávaxtatré og berjarunna**
21. mars Akranesi kl. 19:00-20:15

**Allt um ávaxtatré og berjarunna
og rétt kvæmi**
22. mars Skútuvogur kl. 19:30-20:45

**Sáning sumarblóma,
mat- og kryddjurta og allt um
ávaxtatré og berjarunna**
29. mars Akureyri kl. 18:00-19:15

**Sumarbústaðalandið
fjölbreyttur trjágróður**
12. apríl Skútuvogur kl. 19:30-20:45

**Allt um ávaxtatré og berjarunna
og rétt kvæmi**
12. apríl Selfoss kl. 18:00-19:15

Skráðu þig í síma 525 3000 virka daga eða á namskeid@blómaval.is

TILBOÐ
10 Túlipanar
799 kr.

Vorlaukarnir eru komnir í Skútuvoginn

tilboð
Sáðbakki fyrir glugga
1.199 kr
~~1.699kr~~

tilboð
10 ltr. JONGKIND mold
399 kr
~~499kr~~

tilboð
schefflera
1.490 kr
~~2.290kr~~

Fjölbreytt úrval sáðbakka!

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfirði - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

SOLLA Í BÓNUS BESTI HRÁVÖRUKOKKUR Í HEIMI

259
KR. 330 ML
ENGIFER
DRYKKUR

598
KR. 425 ML
AGAVE
SÝRÓP

398
KR. 900 GR
HAFRAMJÖL

298
KR. 500 GR
TRÖLLA HAFRAR

998
KR. 250 ML
HÖRFRÆ-OLÍA

798
KR. 500 ML
ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN

598
KR. 200 GR
CHIAFRÆ
OFURFÆÐA

598
KR. 140 GR
KAKÓNIBBUR
RAW

259
KR. 300 GR
HIMALAYA SALT

998
KR. 400 GR
KÓKOSOLÍA
KALDPRESSUÐ

Sólveig Eiríksdóttir heilsufrömu□ur vann keppnina Besti hráfæ□skokkur heims. Sólveig, e□a Solla eins og hún er köllu□, sigra□i í tveimur flokkum; „BEST of RAW Gourmet Chef“ og „Best RAW Simple Chef“.Keppnin fór fram á netinu og voru úrslit kynnt í San Francisco í Bandaríkjunum

HIMNESKT

HTTP://WWW.FACEBOOK.COM/HIMNESKT

HTTP://WWW.GLO.IS/SOLLA_EIRIKS

498
KR. 600 GR
600 GRÖMM
FERSKAR DÖÐLUR

698
KR. 500 GR
HEIMA
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI

195
KR. KG
VATNSMELÓNUR
ÓMISSANDI EFTIR SALTKJÖTIÐ

298
KR. KG
SÆTAR
KARTÖFLUR

398
KR. 500 ML
LÍFRÆNT
KÓKOSVATN

198
KR. 1 LTR.
ALOVERA
DRYKKUR

298
KR. 1 LTR.
RICE DREAMS
RÍSMJÓLK

359
KR.200 GR
BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI

AVOCADO ER OFURFÆÐA
LÁRPERAN
AVOCADO Í LAUSU
459 KR.KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Íslenska ánægjuvogin er mæling á ánægju íslenskra viðskiptavina í nokkrum atvinnugreinum.

Bónus hlaut **hæstu einkunn** matvöruverslana í Íslensku ánægjuvoginni árið 2011.

Takk fyrir valið og stuðninginn íslenskir neytendur.

Starfsfólk Bónus.

	4		9	5				1
8				3				9
					1	5		
	1	5			4	2	7	
		8				6		
	2	6	7			4	1	
		9	6					
2				8				7
5				2	9		3	

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS

LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN 10

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

LÍF Í SÁTT OG SAMLYNDI VIÐ UMHVERFIÐ

Fáðu þér göngutúr um heimilið með grænu gleraugun á nefinu...

1. Eldhúsið

Það er einfalt að gera eldhúsið mun umhverfisvænna með smá breytingum á neysluvenjum. Þar er jafnan að finna mörg tæki sem nota rafmagn. Það má spara orku með því að slökkva á tækjum og helst taka þau úr sambandi (þó ekki ísskápinn, af augljósum ástæðum). Það er einnig mikilvægt að velja lífrænar og umhverfisvottaðar vörur. Tuskan er oftast á lofti í eldhúsinu og þess vegna er gott að vistvænar hreinlætisvörur séu til í miklu úrvali. Það er vert að hafa í huga að ofnotkun hreinsiefna er dýrkeypt fyrir umhverfið. Oft má nota örtrefjaklúta eða edik, eða hreinlega bara vatn, í staðinn fyrir sápu.

2. Stofan



Sjónvarpið eyðir yfirleitt mestri orku í stofunni. Raforkunotkun tækja má takmarka með því a slökkva á þeim, en um 10 prósent orkunotkunar heimilistækja leka út í gegnum tæki í biðstöðu. Leitast ætti við að velja sparperur í stað venjulegra ljósapera. Þó þær séu töluvert dýrari nota þær einungis um 15 til 20 prósent af orku venjulegrar peru, auk þess sem líftími þeirra er allt að 10 sinnum lengri. Þegar húsgögn eru keypt ætti að ganga úr skugga um að þau séu ekki úr regnskógarviði og innihaldi ekki efni sem eru skaðleg heilsunni eða umhverfinu.

3. Svefnherbergið

Í svefnherberginu skiptir máli að húsgögnin andi ekki frá sér eituefnum á meðan sofið er. Með því að kaupa umhverfisvæn húsgögn, til dæmis FSC-vottuð eða Svansmerkt, má koma í veg fyrir það. Margar vefnaðarvörur, á borð við sængurföt og fatnað, eru meðhöndlaðar með sýruböðum og eituefnum. Mikil eituefni eru notuð við ræktun á bómull. Því er tvímælalaust besti kosturinn að velja vefnaðarvöru úr lífrænt ræktaðri bómull, silki, hampi eða hör.

4. Barnaherbergið

Herbergi fullt af plastleikföngum og gerviefnum hefur slæm áhrif á börn. Nýlegar rannsóknir sýna að þalöt, sem eru mýkingarefni í leikföngum, séu mjög algeng þrátt fyrir að geta haft hormónatruflandi áhrif. Til að koma efnum úr umferð þurfa neytendur að taka þátt í því að sniðganga vörur og vörumerki sem stefna heilsu barna í hættu. Framleiðendur hafa jafnframt verið gagnrýndir fyrir að nota eldhemjandi efni og blýmagn í óhóflegu magni. Leikföng sem markaðssetja á hér á landi eiga að vera CE-merkt. Í notkunarleiðbeiningum skal varað við þeirri hættu sem fylgir tilteknum leikföngum, ásamt upplýsingum um hvernig skuli brugðist við henni.

5. Baðherbergið

Of mikið hreinlæti, með tilheyrandi notkun hreinsiefna, getur verið dýrkeypt fyrir náttúruna. Því er mikilvægt að nota umhverfisvænar hreinlætisvörur og hreinsivörur á baðherberginu. Hreinsivörur úr kemískum efnum geta haft heilsuspillandi áhrif á menn, auk þess sem þau enda að lokum í hafinu og valda þar miklum skaða. Vistvæn húsráð duga betur en mörg hreinsiefni. Gamalt kók hreinsar klósettskálina mjög vel og dagblaðapappír pússar spegla best. Edik og salt gera baðkarið aftur skjannahvítt. Svona einfalda hluti má innleiða í daglegt líf og haft með því jákvæð áhrif á umhverfið í stað neikvæð.



Þessi 7 ráð og myndirnar sem þeim fylgja eru birt með leyfi natturan.is, upplýsingaveitu um allt mögulegt sem tengist náttúru og umhverfisvænum venjum. Þar er að finna mun ítarlegri upplýsingar um hvernig gera má heimilið umhverfisvænna.

6. Skrifstofan

Á flestum heimilum er að minnsta kosti ein tölva. Tölvuframleiðsla hefur neikvæð umhverfisáhrif, bæði vegna þeirra náttúrauðlinda sem framleiðsla hráefnis í tölvurnar hefur í för með sér, flutnings efnis heimsálfa á milli og framleiðsluferlisins við gerð tölvunnar sjálfrar. Nokkrir tölvuframleiðendur hafa umhverfismerkið Svaninn á framleiðslu sinni, en tölvur með Svansmerkinu uppfylla strangar kröfur um magn þungmálma, samsetningu plastefna, framleiðsluferli, orkunotkun, möguleika á endurvinnslu og fleira. Orkumerki, eins og Energy Star eða GEEA label, segja til um hvort tölva, prentari eða ljósritunarvél er orkusuga.

7. Þvottahúsið

Þvottavélin og þurrkarinn eyða miklu rafmagni. Ef þú þarft að kaupa nýja þvottavél ættir þú að skoða hvort hún er umhverfis- og orkumerkt. Til er nóg af umhverfismerktu þvottaefni og svo er ágætt að hafa í huga að langflestir nota of mikið af þvottaefni. Yfirleitt má helminga það magn sem ráðlagt er á pakkanum. Það er líka betra að þvo bara fullar vélar, til að spara orku, og á eins lágum hita og hægt er. Því lægra hitastigið, því betra fyrir umhverfið. Tvisvar sinnum meira rafmagn er notað þegar þvegið er við 90°C heldur en við 60°C.

UMHVERFISVÆNIR LÍFSHÆTTIR:
Heimilið

Með nýtnina að leiðarljósi

Þegar **Vigdís Hrefna Pálsdóttir** og **Örn Úlfar Höskuldsson** keyptu gamalt hús í niðurníðslu ákváðu þau að gera það upp með eins umhverfisvænum hætti og mögulegt er. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* spjallaði við húsfreyjuna á Bergstaðastræti 20.

Þegar Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikkona og maður hennar, Örn Úlfar Höskuldsson þýðandi, festu kaup á gömlu húsi við Bergstaðastræti tóku þau strax ákvörðun um að gera það upp með eins sjálfbærum og umhverfisvænum hætti og kostur væri. Húsið, sem er byggt á milli 1903 og 1905, var í algjörri niðurníðslu, en það hafði verið í eigu verktaka sem höfðu beðið þess lengi að fá að rífa það til að byggja nýtt hús á lóðinni. „Við höfum reynt að nýta allt sem er heilt í húsinu og það sem fellur til í kringum okkur. Okkur þykja margir of gjarnir á að skipta öllu út, henda öllu sem fyrir er og fá sér eitthvað nýtt í staðinn. En það er okkar afstaða að maður skiptir ekki um neitt í gömlu húsi, nema maður sé nauðbeygður til. Það er tímanna tákn að einfaldast þyki að skipta út hlutum í stað þess að laga þá. Við það glatast oft verðmæti."

Gæðin eru líka oft og tíðum lakari í nýjum efnivið, segir Vigdís Hrefna. „Í húsinu okkar er hægvaxið 19. aldar timbur, sem er mun vandaðra en það hraðsprottna og ræktaða sem fæst í dag. Eldra timbur fúnar mun síður. Húsið okkar hafði til dæmis staðið tómt, ókynt og gluggalaust að hluta í sjö ár þegar við keyptum það. Það var samt sem áður nær enginn fúi í því. Við þökkum það gæðum timbursins."

Þegar þau Vigdís og Örn keyptu húsið var búið var að rífa allt út úr því, þar með talið allar hurðir, hurðarkarma, gólflista og ofna. Þau þurftu því að hafa allar klær úti til að útvega sér nýja innviði. „Við höfum fengið mikla hjálp frá vinum og vandamönnum. Þegar maður er að gera upp hús er líka um að gera að vera vakandi, því efni falla til á ótrúlegustu stöðum. Við erum til dæmis að smíða grindverk núna, sem er meðal annars unnið úr timbri sem er notað til að flytja nýtt bárujárn. Við fengum gamla eldhúsinnréttingu úr húsinu á móti okkur, panil frá húsinu hér við hliðina á okkur og lista frá öðru húsi hér við götuna. Við fengum líka gamla pottofna gefins og höfum við verið að viða að okkur gömlum gluggafögum. Við fengum meira að segja gefins hurðir sem átti að farga en hefði kostað mörg hundruð þúsund að smíða."

HEIMA Um þessar mundir eru þau Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Örn Úlfar Höskuldsson að smíða grindverk, sem meðal annars er unnið úr timbri sem notað er til að flytja nýtt bárujárn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar komið var að því að mála húsið varð línolíumálning fyrir valinu, en hún er unnin úr hörfræjum og töluvert umhverfisvænni en olíumálningin sem flestir nota í dag. „Við keyptum upp gamlan lager af línolíumálningu, enda eru það bara svona sérvitringar eins og við sem notum svona málningu í dag. Hún þykir of dýr, lyktsterk og lengi að þorna. En það er mjög gaman að mála með henni. Hún er eins og hunang og hún binst viðnum, í stað þess að liggja utan á honum eins og hjúpur," segir Vigdís Hrefna að endingu.

ÁKVARÐANIR NEYTENDA SKIPTA ÖLLU MÁLI

„Það er mikilvægt fyrir okkur sem neytendur að átta okkur á því að okkar ákvarðanir skipta öllu máli," segir Guðrún Tryggvadóttir, konan að baki hinni umhverfisvænu vefsíðu Náttúran.is. „Þegar við kaupum hluti ættum við leggja okkur eftir því að spyrja hvaðan hlutirnir koma og hvernig þeir eru búnir til. Þannig fá verslanir og framleiðendur skýr skilaboð frá okkur."

Guðrún telur að það myndi koma mörgum á óvart hversu mikið af skaðlegum efnum er að finna inni á hinu venjulega heimili og hversu mikil söun á náttúrugæðum eigi sér stað í hugsunarleysi hversdagsins. Íslendingar séu til dæmis vanir að láta vatnið renna í stríðum straumi, hækki í ofnunum eins og þá lystir og láti ljós sín skína í hverju herbergi ef þeim sýnist svo. „Ef allir myndu til dæmis hugsa betur um það hvernig þeir eyða rafmagninu sínu gætum við sparað okkur heila virkjun. Það myndi skapa þjóðfélaginu mikla peninga," segir hún.

Það var árið 2007 sem Guðrún og samstarfsfólk hennar opnaði vefsíðuna natturan.is. Eftir áralanga dvöl erlendis kom það Guðrúnu á óvart hversu skammt á veg Ísland var komið í umhverfisvernd og því ákvað hún að leggja sín lóð á vogarskálarnar til að breyta því. Hún merkir mikla hugarfarsbreytingu hér. „Á þessum tíma var fólk bara hissa og sagði „hver hefur áhuga á því" þegar ég sagði frá áformum um að opna umhverfisvef. Í dag fæ ég allt að 2.000 heimsóknir á dag."

GRÆN Í HUGSUN Guðrún Tryggvadóttir, sem rekur Náttúru.is, telur að það myndi koma mörgum á óvart hversu mikið af skaðlegum efnum er að finna inn á hinu venjulega heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á Náttúran.is er að finna ógrynni af upplýsingum sem geta nýst þeim vel sem vilja gera heimilið umhverfisvænna. Þar er meðal annars að finna vistvæn innkaupaviðmið, sem einfalda val á vörum og þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu og heilsunni. Þar er líka að finna græna kortið, sem auðveldar fólki að finna græn fyrirtæki, vörur og þjónustu um allt land, og margt fleira.

Að mati Guðrúnar ætti það ekki að vera val að vera umhverfisvænn í neysluvenjum. „Við viljum að börnin okkar og barnabörn lifi í þessum heimi. Þetta er einfaldlega spurning um hvort við ætlum að halda áfram að búa á þessari jörð eða ekki."

Það besta úr ríki náttúrunnar
Hildur Hákonardóttir kennir hvernig lifa má í sátt og samlyndi við náttúruna.
Handbók um ræktun gróðurs og lífs.

~~3.990.-~~ **1.990.-**



Nýtt líf leigumorðingja
Metsölubók Hallgríms Helgasonar sem nú fer sigurför um heiminn. Sagan um atvinnudráparann sem skipti á byssu og uppþvottabursta.

~~4.990.-~~ **1.490.-**

Hvað heitir þetta?
Pósturinn Páll kemur við á ýmsum stöðum í Grænadal. Allt heitir eitthvað og við sitjum saman og tengjum orð og hluti.

~~2.490.-~~ **1.690.-**

OPIÐ
FRÁ KL. 10-18
ALLA DAGA

BÓKAMARKAÐURINN

VERÐHRUN
ALLT AÐ 90%
AFSLÁTTUR

Perlunni

ÓTRÚLEGT ÚRVAL ÞÚSUNDIR TITLA EKKI MISSA AF ÞESSU

Sagnameistari í essinu sínu
Í fyrra bindi ævisögu sinnar segir Sigurður Sigurðarson frá Keldum frá veröld sem var. Ótrúlegur og töfrandi sagnasjóður.

~~5.980.-~~ **2.480.-**

Drekktu safa og kílóin hverfa!
Uppskriftir að heilsusamlegum og ljúffengum safadrykkjum sem losa líkamann við eituefni og aukakíló. Bætir útlit og eykur vellíðan.

~~2.630.-~~ **1.990.-**

Flakkað um heiminn
Ferðasögur og ljósmyndir af ævintýralegum slóðum, hvort heldur í Andesfjöllum, Kína eða Færeyjum.
Bók sem lætur mann dreyma.

~~5.480.-~~ **2.490.-**

Svo ótrúlega fögur
Óður Páls Stefánssonar ljósmyndara til hinnar ægifögru Afríku. Með hjálp Didier Drogba er farið í ævintýralega fótboltaferð um álfuna.

~~7.990.-~~ **1.990.-**

Öll trixin í einni bók
Feður og synir gleyma sér saman yfir þessari fræðandi bók um hvernig reisa á trjákofa, gera flóknar skutlur og skjóta ör af boga.

~~3.990.-~~ **1.690.-**

Uppspretta ævintýranna
Allt sem gerir lífið skemmtilegt og ótrúlegt. Bókin þar sem ömmur, mæður og stelpur sækja endalausan innblástur til ævintýralegra verka.

~~3.990.-~~ **1.690.-**



Draugar fortíðar
Þegar ráðist er á Laurel Estabrook þar sem hún hjólar á fáförnum skógarvegi breytist líf hennar til frambúðar. Spennandi og áhrifarík.

~~3.980.-~~ **795.-**

Breyttu lífinu!
Bók sem fékk milljónir manna um allan heim til að breyta mataræðinu. Árangurinn af nýjum áherslum lætur ekki á sér standa.

~~4.790.-~~ **990.-**

Alltaf opnast einhver gluggi

Herdís Anna Jónasdóttir söngkona byrjaði ung að læra á píanó og fiðlu og bætti söng við. Hún var í hljómsveit, kór og leiklist og las skólabækurnar í frístundum. Nú æfir hún í Íslensku óperunni en gaf sér þó tóm til að spjalla við *Gunnþóru Gunnarsdóttur.*

Sópransöngkonan Herdís Anna Jónasdóttir er komin heim frá Berlín til að fara með hlutverk Músettu í óperunni La Bohème sem frumsýnd verður 16. mars. Hún notar æfingahlé bæði í þetta spjall og að næra sig á fiskbollum með aspas í mötuneyti Hörpunnar, sem hún hrósar í hástert. Ekki spillir heldur útsýnið yfir Esjuna og Sundin. „Fólk hefur það ofsalega gott hér á Íslandi að búa svona í miðri náttúrunni," segir hún hrifin. „Það eru lífsgæði sem maður áttar sig ekki á ekki fyrr en maður fer í burtu."

SÖNGKONAN „Ég áttaði mig á að það er allt hægt, maður þarf ekki að standa fremst á sviðinu með báðar hendur útréttar.," segir Herdís Anna er hún rifjar upp hvernig hún byrjaði að smitast af óperuforminu þegar hún horfði á vídeó af Önnu Netrepko og Rolando Villazón í La Traviata kvöldið áður en hún hélt til Austurríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TÓNLISTIN Í ÆTTINNI



Ætlaði að verða leikkona

Herdís Anna er 28 ára, dóttir Sigríðar Ragnarsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar og Jónasar Tómassonar tónskálds og auk genanna ber hún svipmót síns fólks. Spurð hvort það hafi verið til bóta eða baga fyrir hana að vera af þekktu tónlistarfólki svarar hún: „Ég veit það ekki. Það þekkjast svo sem allir í tónlistarbransanum hér á Íslandi en það var plús fyrir mig að alast upp í þessu umhverfi. Það komu svo margir vestur á Ísafjörð í sambandi við tónleikahald og þá voru alltaf veislur heima. Yfirleitt komu listamennirnir í mat fyrir tónleika og svo í partí á eftir. Mér sem krakka fannst þetta bæði spennandi og skemmtilegt fólk."

Herdís Anna kveðst hafa átt erfitt með að velja milli píanós og fiðlu og lærði því á hvort tveggja til 6. og 7. stigs. Einnig lauk hún 6. stigi í söng hjá Ingunni Ósk Sturludóttur og Guðrúnu Jónsdóttur. „Ég ætlaði samt alltaf að verða leikkona. Ég og vinkonur mínar vorum með lítinn leikklúbb og héldum sumarhátíðir og vetrarhátíðir með leikritum sem við skrifuðum sjálfar. Svo settum við upp Skilaboðaskjóðuna eftir mikinn innblástur frá Þjóðleikhúsinu! Við stofnuðum líka atvinnuleikhús ungs fólks þegar ég var í gaggó og það lifir enn í dag. Svo var ég alltaf að syngja, með Þórunni Örnu, bestu vinkonu minni. Við vorum óaðskiljanlegar og sungum dúó um allar trissur, meira að segja fyrir Danadrottningu. Mamma spilaði undir á píanó en pabbi samdi handa okkur lög. Við tókum saman þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna, sungum Hvíta máfa – og það er gott skemmtiatriði enn í dag!"

Á menntaskólaárunum kveðst Herdís Anna hafa tekið þátt í öllum leiksýningum, meðal annars Söngvaseið sem Litli leikklúbburinn og Tónlistarskóli Ísafjarðar settu upp árið 2003 undir leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur. „Okkur var boðið með Söngvaseið í Þjóðleikhúsið sem bestu áhugamannaleiksýningu ársins og vorum með þrjár sýningar þar. Það var mikið ævintýri."

La Traviata kveikti ljósið

Á netinu kemur fram að Herdís Anna hafi dúxað á stúdentsprófi. „Já, ég tók þátt í mörgu og vandist á að nýta tímann. Ég var í kór, hljómsveit, fiðlutímum, píanótímum, söngtímum og leiklistinni, svo notaði ég pásurnar til að læra undir próf. Maður verður duglegri ef mikið er að gera og núna er ég alveg ómöguleg ef ég er verkefnalaus."

Eftir inntökupróf bæði í leiklistardeild og söngdeild Listaháskólans komst Herdís Anna inn í söngdeildina. „Það var samt ekki ætlunin að verða óperusöngkona," tekur hún fram. „Mér hafði aldrei þótt óperan spennandi. Sá fyrir mér stórt fólk að hlunkast á sviði og fannst það óraunverulegt og ekkert sérlega heillandi. Aðalkennarinn minn var Elísabet Erlingsdóttir og það var æðislega gaman í skólanum. Ég fór í skiptinám til að víkka aðeins heimssýnina og komst að í Mozarteum í Salzburg hjá Mörthu Sharp, sem hefur kennt mörgum Íslendingum. Þar var ég í eina önn og þá fór ég loks að taka námið af alvöru. Kvöldið áður en ég fór til Salzburgar sýndi móðursystir mín mér vídeó með La Traviata. Þetta var í fyrsta skipti sem ég sá óperu sem ég heillaðist gjörsamlega af. Ég var að klára að pakka en gat ekki slitið mig frá þessu. Anna Netrepko og Rolando Villazón slógu algerlega í gegn í þessari uppfærslu. Þau voru svo full af lífi og ástríðu og ég áttaði mig á að það er allt hægt, maður þarf ekki að standa fremst á sviðinu með báðar hendur útréttar. Þarna byrjaði ég að smitast af óperunni, sem er auðvitað hin fullkomna lausn því hún sameinar sönginn og leikhúsið."

Æfði hláturköst og öskur

Hvernig finnst henni svo að vera komin í Íslensku óperuna? „Alger draumur. Mitt fyrsta stóra hlutverk í stóru húsi og með hljómsveit. Alvöru pakki. Músetta er líka fullkomið hlutverk fyrir mig að byrja á. Hún er skemmtileg, svolítil dramapía en hjartagóð og hefur svo margar hliðar sem gaman er að túlka. Ég hef oft sungið aðalaríuna, held að flestar sópransöngkonur kunni hana. Ég skrapp út til Berlínar um daginn að hitta kennarann minn sem vann heilmikið með mér enda hefur hún sungið hlutverkið margoft, meðal annars á Metropolitan. Við æfðum hlátursköstin og öskrin og allt það líka. Músetta er svo opin, frjáls og kynþokkafull, ég þarf því aðeins að koma út úr sjálfri mér og hætta að vera þessi feimna mús. Kannski var það það sem heillaði mig við leikhúsið að fá að stíga inn í ákveðið hlutverk og skapa eitthvað um leið."

> Maður verður duglegri ef mikið er að gera og núna er ég alveg ómöguleg ef ég er verkefnalaus.

Herdís Anna á bráðum sex ár að baki við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Hún hefur sungið í barnasýningum í tveimur af þremur stærstu óperuhúsunum Berlínar, Komische og Staatsoper Unter den Linden, aðalhlutverk í því síðarnefnda. Einnig hefur hún margoft sungið við Neuköllner Oper og Konzerthaus í Berlín. Lokatónleikar hennar við skólann verða í maí í vor, með hljómsveit. „Ég er að reyna að starta söngferlinum," segir hún brosandi og opinberar drauminn um að geta valið um verkefni. „Maður er alltaf að bíða eftir að verða uppgötvaður en þetta gerist ekki þannig. Þetta er bara vinna og söngheimurinn er harður. Mín reynsla er samt sú að „þegar einar dyr lokast þá opnast alltaf gluggi annars staðar" eins og segir í Söngvaseið! Ég fór til dæmis í prufu í haust fyrir verkefni í London sem ég fékk ekki, sem betur fer, því þá hefði ég ekki getað verið hér að taka þátt í La Bohème. Og það er hollt og gott fyrir sálartetrið að koma heim, tala íslensku og losna við þá tilfinningu að vera í keppni um að koma mér áfram."

Það er fleira en óperan sem dregur Herdísi Önnu til Íslands. Hún á kærasta í Reykjavík, Höskuld Sæmundsson, leikara og hagfræðinema sem starfar í Hinu húsinu. „Nú getum við Höskuldur verið á sama stað í nokkrar vikur og ekki bara annað að vinna og hitt í heimsókn eins og reyndin hefur verið síðustu tvö árin," segir hún hlæjandi. Ekki er hægt að sleppa henni nema minnast á vestfirskuna sem hún hefur greinilega haldið við. „Við systkinin tölum svona öll. Ég vissi samt ekki að ég talaði vestfirsku fyrr en ég flutti suður. Ég var í Listaháskólanum og allt í einu fór einhver að hlæja þegar ég sagði langur með a-hljóði. Fyrir mér á þetta að vera svona og ég er byrjuð að smita kærastann."

Mímir pollagalli | Stærðir: 86-128 | Litir: rauður, gulur og blár | Verð: 9.500 kr.
Ófóðruð Aigle stígvél | Stærðir: 21-33 | Litir: rauður, gulur og blár | Verð: 6.800 kr.

Fáanlegt í eftirtöldum verslunum 66°NORÐUR:
Bankastræti 9, Kringlunni, Faxafeni 12, Smáralind,
Miðhrauni 11 og Glerártorgi á Akureyri

www.66north.is

Klæddu þig vel

66° NORÐUR

Gunnar snýr aftur í búrið

Bardagakappinn Gunnar Nelson keppir í blönduðum bardagalistum eftir sautján mánaða hlé þegar hann mætir Alexander Butenko frá Úkraínu í Cage Contender keppninni í kvöld. *Kristján Hjálmarsson* ræddi við **Jón Viðar Arnþórsson**, formann Mjölnis, um uppgang blandaðra bardagalista, styrkleika Gunnars og væntanlegan andstæðing, sem verður sá erfiðasti til þessa.

Það er óhætt að segja að það ríki mikil eftirvænting hjá áhugafólki um blandaðar bardagalistir (MMA) því í kvöld mun Gunnar Nelson, helsti bardagaíþróttakappi landsins, reyna sig í Cage Contender-keppninni sem fram fer í Dublin á Írlandi.

„Það er óhætt að segja að það séu margir spenntir fyrir kvöldinu enda hafa vinsældir íþróttarinnar vaxið gríðarlega að undanförnu. Þjóðin er líka búin að bíða lengi eftir því að Gunnar snúi aftur í búrið enda hefur hann ekki keppt í MMA í eitt og hálft ár," segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður bardagaíþróttafélagsins Mjölnis.

Gunnar ákvað að taka sér frí frá keppni í blönduðum bardagalistum eftir að hann lagði Eugene Fadiora að velli í september árið 2010 en hefur þess í stað einbeitt sér þess að gólfglímu með mjög góðum árangri.

Hann snýr hins vegar aftur í búrið nú eftir sautján mánaða hlé og mætir Alexander „Iron Capture" Butenko frá Úkraínu í aðalbardaga kvöldsins. Butenko er gríðarlega öflugur bardagamaður og hefur unnið tólf af sextán bardögum sínum, þar af tíu af síðustu ellefu. Hann hefur getið sér góðs orðs að undanförnu og er talinn ein skærasta vonarstjarna austantjaldsþjóða í veltivigt í MMA.

Butenko er með svart belti bæði í brasilísku jiu jitsu og í combat sambo sem er mjög þekkt bardagaíþrótt í Rússlandi og nágrannríkjunum en bardagaíþróttir eru gríðarlega vinsælar þar. Alexander æfir með bræðrunum Aleksander og Fedor Emelianenko en sá síðarnefndi er af mörgum talinn besti MMA bardagamaður allra tíma.

Jón Viðar telur að bardaginn við Butenko verði afar erfiður. „Butenko er svakalegt efni og hann hefur aldrei verið stoppaður í bardaga – sem sagt enginn sem hefur rotað hann né komið honum í lás. Hann hefur alltaf enst út allan bardagann og það segir okkur bara hversu góður hann er," segir Jón Viðar. „Hann er talinn eitt mesta efnið í sportinu í Úkraínu og löndunum í kring."

Þetta verður tíundi atvinnubardagi Gunnars Nelson í MMA en hann er ósigraður hingað til í sportinu með átta sigra og eitt jafntefli, sem kom í hans fyrsta bardaga.

Gunnar hefur verið við stífar æfingar að undanförnu. Hann æfði með keppnisliði Mjölnis um nokkurra vikna skeið en undanfarið hefur hann verið í Dublin þar sem hann hefur æft undir stjórn Johns Kavanagh, sem er aðalþjálfari Gunnars og af mörgum talinn einn fremsti MMA-þjálfari í Evrópu í dag.

Árni „úr járni" Ísaksson átti einnig að keppa í Cage Contender-keppninni í kvöld. Það gekk hins vegar heldur brösuglega að finna andstæðing fyrir Árna. Þrír mótherjar höfðu þegar gengið úr skaftinu svo hann átti að mæta Rich „Souza" Gorey frá Norður-Írlandi. Í fyrradag kom hins vegar í ljós að Rich myndi ekki berjast og því ljóst að ekkert verður af bardaga Árna.

ÁTÖK Gunnar Nelson tók sér frí frá blönduðum bardagalistum í 17 mánuði en snýr nú aftur í búrið. MYND/PÁLL BERGMANN

JÓN VIÐAR ARNÞÓRSSON Formaður bardagaklúbbsins Mjölnis segir vinsældir MMA íþróttarinnar hafa vaxið gríðarlega síðustu misseri. MYND/PÁLL BERGMANN

BARDAGINN Í BEINNI

Bardagi Gunnars Nelsonar verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport í kvöld. Þetta er í fyrsta skipti sem bardagi Gunnars er sýndur í beinni útsendingu í íslensku sjónvarpi. Útsendingin hefst klukkan 21.30. Hálftíma fyrir útsendinguna verður þátturinn **Í greipum Gunnars** sýndur en hann fjallar meðal annars um þátttöku Gunnars á ADCC-mótinu 2011, sterkasta uppgjafaglímumóti heims, og um væntanlegan bardaga við Alexander Butenko í Cage Contender. Þá er aðeins farið yfir sögu brasilíska jiu-jitsusins sem og sögu blandaðra bardagalista sem eiga rætur sínar að rekja til Forn-Grikkja.

Aðalfundur

Kvennadeildar R-RKÍ 2012 verður haldinn í Setri, Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, fimmtudaginn 8. mars kl. 18:00.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning varamanns í stjórn
3. Önnur mál
4. Kvöldverður
5. Sigríður Víðis Jónsdóttir les úr bók sinni Ríkisfang: Ekkert.

Mjög áríðandi að tilkynna þátttöku í síma 545 0405, 545 0400 eða með tölvupósti: audur@redcross.is í síðasta lagi daginn fyrir fundardag.

Stjórnin

Rauði kross Íslands
Kvennadeild Reykjavíkurdeildar

JÓN VIÐAR UM STYRKLEIKA GUNNARS

Jón Viðar kynntist Gunnari við landsliðsæfingar í karate fyrir átta árum síðan. Jón Viðar dró hann með sér í blandaðar bardagalistir og saman stofnuðu þeir bardagaíþróttafélagið Mjölni ásamt nokkrum öðrum æfingafélögum árið 2005. „Styrkleikar Gunnars eru margir. Hann hefur sýnt það að undanförnu að hann er einn besti glímumaður heims í dag - sem er í raun ótrúlegt miðað við hvað hann hefur æft glímuna í stuttan tíma. Flestir sem æfa MMA og lenda í jörðinni á móti Gunna eiga í raun lítinn séns í hann, voðinn er vís fyrir þá. Þá er kickboxið mjög öflugt hjá honum og óhefðbundið. Hann blandar í raun saman stílum úr karate og kickboxi. Þeir sem keppa á móti honum eru ekki vanir svona stíl - hann heldur höndunum niðri og er með svakalega góða fótavinnu úr karateinu og því snöggur inn með höggin. Svo blandar hann vel saman höggum úr boxinu. Í síðustu bardögum hefur hann ekki notað fæturna mikið en hann er samt með góð og hnitmiðuð spörk. Hann heldur líka alltaf ró sinni sem gerir andstæðingana oft mjög stressaða. Hann kann að slaka á á réttum tímum í bardaganum og er alltaf öruggur, með því sparar hann mikla orku."

ALEXANDER BUTENKO	
Aldur:	26
Þyngd:	70 kg
Hæð	178 cm
Árangur í MMA:	12 - 4 - 0
	(12 sigrar, 4 töp, 0 jafntefli.)

GUNNAR NELSON	
Aldur:	23
Þyngd:	79 kg
Hæð	180 cm
Árangur í MMA:	8 - 0 - 1
	(8 sigrar, ekkert tap, eitt jafntefli.)

Það er SPORT að SPARA

www.intersport.is

YFIR 1.000 PÖR Á HÁLFVIRÐI

LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG

dömuskór verðdæmi

7.990 (fullt verð 15.990)

ADIDAS ADRIA MID SLEEK W
Götuskór úr leðri eða fjólublátt textile-efni.
Dömustærðir.

9.490 (fullt verð 18.990)

NIKE WMNS COURT TRADITION
Götuskór úr leðri.
Dömustærðir.

9.490 (fullt verð 18.990)

NIKE WMNS COURT TRADITION MID
Götuskór úr leðri.
Dömustærðir.

herraskór verðdæmi

7.990 (fullt verð 15.990)

NIKE FIN STAR LEATHER
Götuskór úr leðri.
Herrastærðir.

5.990 (fullt verð 11.990)

NIKE CAPRI CANVAS
Götuskór úr bláu textile-efni.
Herrastærðir.

6.690 (fullt verð 13.490)

NIKE COURT 6T5
Götuskór úr leðri.
Herrastærðir.

barnaskór verðdæmi

4.490 (fullt verð 8.990)

SKECHERS ONSET
Barnaskór úr brúnu vatnsfráhrindandi leðri.
Stærðir: 27-33.

5.490 (fullt verð 10.990)

NIKE COURT TRADITION 2 PLUS GS
Barnaskór úr leðri.
Stærðir: 35,5-40.

6.490 (fullt verð 12.990)

NIKE BLAZER MID METRO GS
Barnaskór úr leðri.
Stærðir: 35,5-38,5.

DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 25. – 27. FEBRÚAR

EXPO - www.expo.is Verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

Nánast eins og Jack the Ripper

Eggert feldskeri er nafn sem allir kannast við. Færri þekkja **Eggert Jóhannsson**, manninn á bak við nafnið. Hvaðan kom hann? Hver er hann? Hvert er hann að fara? ***Friðrika Benónýsdóttir*** tók hús á Eggert og rakti úr honum garnirnar.

EGGERT JÓHANNSSON FELDSKERI tældi samferðakonu sína til lags við sig með því að spila á gítar og syngja fyrir hana. Hans sérstaka uppáhald eru lög og textar Cornelis Vreeswijk sem hann syngur með hljómsveitinni Spottum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég er Þingeyingur í aðra ættina og Borgfirðingur í hina með tengingu í gegnum bæði Skagafjörð og Eyjafjörð, en fæddur og uppalinn í Reykjavík," segir Eggert Jóhannsson feldskeri spurður hverra manna hann sé. „Móðir mín heitir Anna Gunnlaug Eggertsdóttir og faðir minn hét Jóhann Friðriksson, kenndur við Efri-Hóla í Norður-Þingeyjarsýslu. Þetta var fólk með mikla framtakssemi og stóð á gömlum menningarmerg en flutti á mölina, eins og algengt var á þeim tíma, því þar var auðveldara að sjá fyrir sér."

Eggert ólst upp á Laugarásveginum. Hann og segir umhverfið þar hafa verið algjört ævintýraland fyrir stráka. „Þarna var ekki búið að malbika neinar götur og við strákarnir gátum teikað strætó og gert ýmislegt sem nútímabörnum leyfist ekki. Ég fór svo sex ára í sveit norður í Skagafjörð. Þar kynntist ég hestum, öðrum dýrum og náttúrunni, sem hefur verið eitt mitt helsta áhugamál allar götur síðan. Seinna var ég í sveit á Vogi við Raufarhöfn, en fjórtán ára gamall var ég kominn á sjóinn. Ég var ekki mikill lestrarhestur, væri eflaust búið að greina mig með einhvern fjandann ef ég væri barn í dag. Ég fann mig ekki í skólanum. Þar var ýmislegt sem lá vel fyrir mér, annað ekki, en sérstaklega átti ég erfitt með að beygja mig undir vald annarra, þannig að frekari skólaganga freistaði mín lítið á þeim tíma."

Eggert líkaði vel á sjónum en átti sér þó draum sem hann flíkaði lítið. „Ég hafði lengi haft áhuga á því að verða klæðskeri eða eitthvað slíkt, – fá að sýsla eitthvað með fatnað, en vissi ekki alveg hvaða leið væri best að fara í því. Sjómennskan var svona millibilsástand á meðan ég var að gera það upp við mig. En fataáhuginn var alltaf fyrir hendi og við Pétur Pétursson, vinur minn, veltum því til dæmis mikið fyrir okkur hvað væri hægt að gera úr skinnum og enduðum á að sauma vesti úr gærum keyptum hjá Sláturfélagi Suðurlands. Þetta var á þeim tíma sem hinir frægu Led Zeppelin-tónleikar voru og við fengum tilboð í vestið fyrir utan tónleikana frá einhverjum Ameríkana sem þótti þetta flott og mjög íslenskt. Þannig byrjaði nú ferill minn í í fatagerðinni."

Feldskurðurinn verður að veruleika

Hvörf urðu í lífi Eggerts þegar hann sextán ára gamall fór í siglingu með Þormóði goða til Bremerhaven. „Yfirleitt voru stoppin í erlendum höfnum mjög stutt og maður sá lítið af viðkomandi borg, en í þetta sinn hafði eitthvað komið upp á með vélarnar og við þurftum að vera þrjá daga í landi. Á labbi um bæinn með strákunum sá ég í fyrsta skipti loðfeldaverslun og varð alveg hugfanginn. Strax þegar ég kom heim talaði ég um þetta við pabba og það æxlaðist þannig að stuttu seinna var ég kominn í læri hjá einum fínasta feldskera í Bond Street í London. Það varð mér til happs að lenda hjá þeim harða meistara sem kenndi mér þá lexíu að það sem ekki væri 100% væri einskis virði."

Eggert var í námi í London í tvö ár en fékk ekki atvinnuleyfi í Bretlandi og hélt til Svíþjóðar til frekara náms í iðninni. „Svíþjóð varð fyrir valinu einfaldlega vegna þess að þar var auðveldast að komast í skóla. Ég hefði farið til Ítalíu eða Þýskalands ef það hefði verið hægt, en ég sé ekkert eftir því að hafa dvalið í Svíþjóð í fimm ár. Þar kynntist ég fyrri konu minni. Hún flutti með mér hingað heim og við stofnuðum fyrirtækið Eggert feldskera. Nafnið kom þannig til að ég var að viðra hugmyndir mínar um nafn við Ólaf Stephensen vin minn, hvort ég ætti að láta það heita Feldskurðarverkstæði Reykjavíkur eða eitthvað í þá áttina. Nei, nei, segir Ólafur, það er ómögulegt. Hafðu þetta einfalt, Eggert feldskeri bara. Af hverju? spurði ég. Nú, það segir nákvæmlega hver þú ert og hvað þú ert að gera. Já, þú meinar. Svona eins og Jack the Ripper, sagði ég, og nafnið var komið. Þremur vikum eftir að við byrjuðum formlega með fyrirtækið vorum við farin að flytja út mokkafatnað. Það gekk vel og fyrstu fjögur árin fóru ekki nema um tíu prósent af framleiðslunni á innanlandsmarkað. Í dag hins vegar skiptist það nokkurn veginn til helminga. Þannig að í öll þessi 35 ár hefur fyrirtækið verið gjaldeyrisskapandi."

Cornelis, Spottar og hestar

Eggert fann ástina í Svíþjóð en þar kynntist hann líka tónlist og textum Cornelis Vreeswijk sem átt hafa stóran stað í hjarta hans síðan. „Þegar ég var að vinna í Malmö vildi þannig til að dóttirin á heimilinu var góð vinkona Cornelisar. Ég hitti hann reyndar bara einu sinni og sá fundur varð hvorugum okkar minnisstæður, en ég kynntist plötunum hans og hreifst mjög af þeim, einkum textunum. Ég hef alltaf verið mjög hrifinn af málinu og möguleikum þess. Mér fannst alveg brilljant hvernig þessi maður gat ort á sænsku og hvað hann notaði sænskuna miklu betur en aðrir sem voru að yrkja á þeim tíma í vísna- og dægurtónlist. Lögin hans eru líka frábær, mikil gleði, mikill húmor og mikil þjóðfélagsádeila. Ég átti alltaf gítar og hafði gaman af að gutla og fór auðvitað að spila og syngja lögin hans fyrir sjálfan mig. Eftir að ég kom heim og fór að vasast í fyrirtækisrekstri lagði ég gítarinn á hilluna á tímabili. En svo kom þar sögu að ég hitti samferðakonu mína, Margréti Stefánsdóttur, og fór að reyna að tæla hana til lags við mig með því að spila fyrir hana. Það virkaði og hún hvatti mig til þess að gera meira af því spila, keypti meira að segja gítar handa mér, svo ég á henni mikið að þakka í því efni."

Svo var stofnuð heil hljómsveit utan um flutning á lögum Cornelisar, ekki satt? „Já, við höfum verið að spila saman nokkrir í fáein ár, köllum okkur Spottana og áherslan hefur verið á lög Cornelisar, þótt við spilum reyndar ýmislegt fleira. Þeir eru með mér Magnús R. Einarsson, Ragnar Sigurjónsson og Einar Sigurðsson og við höfum spilað opinberlega nokkrum sinnum. Fórum meðal annars á tónlistarhátíð í Stokkhólmi, sem helguð er tónlist Cornelisar, fyrir tveimur árum og spiluðum þar á Mosebacken sem ég held að sé elsta svið í Skandinavíu. Það hefur verið notað síðan á tímum Bellmans. Þetta þótti okkur mikil upphefð og óskaplega gaman en það var ekki frá því að maður væri pínulítið nervös, svo vægt sé til orða tekið."

> Mér finnst algjörlega fáránlegt að fjölmiðlar skuli slá því upp á forsíðu að frægar fyrirsætur neiti að ganga í loðfeldum. Hverjum kemur það við?

Annað áhugamál Eggerts er hestamennskan. Hann segist hafa smitast af henni norður í Skagafirði í æsku og það sé baktería sem engin leið sé að losna við. „Þetta er eins og hver annar sjúkdómur. Ég er alveg ómögulegur maður ef ég kemst ekki á bak reglulega. Svo hef ég verið svo heppinn að fá að fara nokkrar hestaferðir með Ólafi Flosasyni sem aðstoðarkokkur og leiðsögumaður og þar hef ég lært að stúdera sósíallíf hestanna, sem er mikil og skemmtileg stúdía. Við vorum kannski með kílómetra langt stóð eða meira og maður sá hvernig hóparnir börðust innbyrðis, hvernig þeir unnu saman, hvernig einstaklingar innan hópanna tóku upp vinskap og svo framvegis. Algjörlega heillandi samfélag."

Umhverfisverndarsinni í ham

Öll áhugamál Eggerts blikna hins vegar í samanburði við áhuga hans á umhverfismálum. Um leið og hann byrjar að tala um þau kemur glampi í augun, hann baðar út höndum og sannfæringarkrafturinn stigmagnast eftir því sem hann talar lengur. „Sóunin er stærsta vandamálið fyrir utan notkun á plasti og öðrum gerviefnum. Mengunin sem af því hlýst er svo óskapleg. Eins og málin standa núna geta tæplega 30% af hvölum, selum og ísbjörnum í Norðurhöfum ekki eignast afkvæmi vegna mengunar. Öll þessi mengun fer upp í Norðurhöfin og stoppar þar, hún gufar ekkert upp. Eftir einhverja tugi ára verður það ekkert spurning hvort við eigum að veiða eða ekki, – vegna þess að þessi dýr verða ekki til. Og afurðir okkar Íslendinga eins og fiskurinn verða óætar og hvaða möguleika höfum við þá á því að búa hérna? Eigum við öll að fara að búa til ál? Ég get ekki gúdderað að þetta sé í lagi. Í samræmi við þessar hugmyndir mínar hef ég eingöngu unnið úr náttúrulegum efnum síðustu tuttugu árin til að leggja áherslu á það að okkur ber að vinna með náttúrunni en ekki á móti henni, nota það sem til fellur í hinni eðlilegu hringrás í stað þess að horfa fram hjá því og búa endalaust til gerviefni. Mér finnst algjörlega fáránlegt að fjölmiðlar skuli slá því upp á forsíðu að frægar fyrirsætur neiti að ganga í loðfeldum. Hverjum kemur það við? Fyrir nú utan það að þessar stelpur fá greiddar háar upphæðir fyrir þessar yfirlýsingar en fjölmiðlum dettur ekki í hug að skoða það mál. Annað mál er það að ef við erum að rækta dýr í búrum fyrir svona framleiðslu verðum við auðvitað að fara eins vel með þau og kostur er. Ég er dýraverndunarsinni, sem margir setja ekki í samhengi við starf mitt, en þetta fólk áttar sig bara engan veginn á því hvernig náttúran fúnkerar. Við hreykjum okkur af því að bjóða ferðamönnum upp á ómengaða og hreina náttúru, en gerum svo allt sem við getum til að spilla henni. Ég fór í Landmannalaugar fyrir nokkrum árum og mér var illa brugðið að sjá hvernig farið er með þessa perlu. Þarna var allt fullt af gömlum strætóum frá hernum sem höfðu verið málaðir í alls kyns litum og gerðir að sjoppum. Þetta var eins og maður getur hugsað sér Klondike á sínum tíma, nema þeir voru víst ekki með gamla strætóa. Allir vilja fá að vera með í uppgripunum en það verður einhvern veginn að sporna við þessu. Við þurfum að átta okkur á því að okkar gull er náttúran og okkur ber skylda til að skila henni í sama, eða betra ástandi og við fengum hana. Ef kapítalisminn hefur það markmið að hagvöxtur sé hálft prósent á ári hlýtur að vera hægt að heimfæra sama lögmál upp á náttúruna þannig að hún verði alltaf hálfu prósenti betri á hverju ári. Okkur ber skylda til að umgangast náttúruna af þeirri virðingu sem hún á skilið og skila henni í sem bestu ástandi til barnanna okkar. Það er okkar eina ábyrgð."

Eggert er algjörlega óstöðvandi þegar kemur að þessu hjartans máli og verður hálf hvumsa þegar skotið er inn spurningu um það hvort hann sé ekki mikill flakkari, en svarar þó skilmerkilega. „Nei, það er ég alls ekki. Ég þarf að flakka töluvert í sambandi við vinnuna en þar fyrir utan vil ég helst bara vera hérna. Hér er allt sem ég þarf og það dugir mér ágætlega."

FERÐIR

LAUGARDAGUR **25. FEBRÚAR 2012**

Kynningarblað
Sólarferðir
Golfferðir
Hjólaferðir
Gönguferðir
Rútuferðir
Flugferðir

Fjörug og fjölskrúðug borg

Dublin hefur notið mikilla vinsælda hjá Íslendingum og skipuleggur ferðaskrifstofan Úrval Útsýn fjögurra daga ferð í apríl þar sem þátttakendum gefst færi á að kynnast öllu því besta sem borgin hefur upp á að bjóða.

Ævintýraleg, fjörug og iðandi af lífi. Þannig lýsir Daði Guðjónsson, markaðsstjóri Úrvals Útsýnar, Dublin höfuðborg Írlands sem landsmenn hafa fyrir löngu tekið ástfóstri við.

„Einn helsti kosturinn við þessa fallegu borg sem hefur verið í mikilli uppbyggingu er sá að fólk á öllum aldri finnur skemmtun og stemningu við sitt hæfi. Leitun er að annarri borg í Evrópu sem býður upp á jafn fjölbreytta afþreyingu, menningu, listir, ljúffengan mat, verslanir og magnaða sögu. Dublin er lítil borg með ótrúlega mikinn sjarma og býður allt milli himins og jarðar," segir hann.

Helgi Daníelsson fararstjóri verður ferðalöngum til halds og trausts í fyrirhugaðri ferð í apríl. Að sögn Daða þekkir Helgi Dublin eins og handarbakið á sér og leiðir þátttakendur í ævintýralega skoðunarferð um borgina til að vekja athygli á helstu stöðum og afþreyingu.

Af öðrum skemmtilegum viðburðum í Dublin í þessari ferð nefnir Daði írskt kráarkvöld sem þarf að bóka sig sérstaklega á og tónleika í O2-tónleikahöllinni með tveimur af vinsælustu strákaböndum síðustu áratuga, Back Street Boys og New Kids on the Block sem hann segir tilvalið fyrir saumaklúbba, gæsa- og vinkonuhópa sem vilja gera sér glaðan dag. „Þá er heimsókn í Guinness-bruggverksmiðjuna áhugaverð fyrir alla sem leið sína leggja til Dublinar og í borginni eru margs konar söfn sem oft er ókeypis inn á."

Fjörugt og fjölskrúðugt næturlíf er í og í kringum hverfið Temple Bar í miðbænum, þar úir og grúir af spennandi veitingahúsum, krám og skemmtistöðum.

„Einn helsti kosturinn við þessa fallegu borg sem hefur verið í mikilli uppbyggingu er sá að fólk á öllum aldri finnur skemmtun og stemningu við sitt hæfi," segir Daði um Dublin.

Daði segir borgarferðir nú vinsælar.

Daði segir því tilvalið að kíkja út á kvöldin og fá næturlífið beint í æð.

Daði bætir við að ekki skemmi fyrir að frá Íslandi er aðeins tveggja tíma flug til Dublinar þar sem hægt er að velja um gistingu á þremur úrvals hótelum. „Hilton Dublin og Maldron eru bæði fjögurra stjörnu, Camden Court er þriggja stjörnu hótel og öll þessi hótel eru miðsvæðis," bendir hann á og bætir við að útvírætt sé mikil hagræðing í því að fljúga út 19. apríl á sumardaginn fyrsta. „Þar af leiðandi missir maður í raun bara tvo daga úr vinnu. Þetta gerist eiginlega ekki betra og frábær leið til að hefja sumarið."

Úrval Útsýn býður upp á fleiri möguleika á borgarferðum og má nálgast allar upplýsingar á www.urvalutsyn.is

Í sól og sumaryl

Úrval Útsýn býður einnig upp á spennandi sólarlandaferðir í sumar og að sögn Daða er þegar byrjað að bóka langt inn í sumarið. „Það er ánægjulegt að segja frá því að við upplifum aukna eftirspurn á þessu ári. Majorka er að koma mjög sterk inn hjá landanum eftir langt hlé," segir hann og nefnir einnig til sögunnar Almería í hjarta Andalúsíu sem sló svo rækilega í gegn síðasta sumar. „Flottur kostur fyrir fjölskyldur og þá sem vilja mikið fyrir peninginn." Aðrir sumaráfangastaðir sem Úrval Útsýn býður upp á er blómaeyjan Tenerife og smábærinn Albír sem er mitt á milli Benidorm og listamannaþorpsins Althea á Spáni.

Auk sólarlanda og borgarferða er hægt að svala ævintýraþorsta sínum í spennandi sérferðum, lúxussiglingum, gönguferðum í einstakri náttúrufegurð og ekki má gleyma golfferðunum í vor en þar fer hver að verða síðastur að tryggja sér sæti. Hægt er að fræðast meira um ferðir Úrvals Útsýnar á heimasíðunni www.urvalutsyn.is.

AÐRAR SPENNANDI FERÐIR Á VEGUM ÚRVALS ÚTSÝNAR



NÝ OG BETRI

Ógleymanleg ferðalög í bland við rækt á líkama og sál með frábærum félagsskap!

Þaulvanir leiðbeinendur blanda saman skemmtun og uppbyggilegum námskeiðum í góða veðrinu á suðrænum slóðum. Farið verður m.a. í spennandi zumba- og jógaferð til Albír, fjöruga konuferð með Eddu Björgvins og nýbúið er að setja upp glæsilega vikuferð til Majorka með Ásdísi Olsen. Góður félagsskapur, ný sýn á lífið – og ný og betri!

GÖNGUFERÐIR

Einstök náttúrufegurð og ævintýralegar gönguleiðir.

Heillandi og fjölbreyttar gönguferðir erlendis. Spennandi 6 daga gönguferð í júní um Windermere Way í vatnahéraði Englands sem er eitt fegursta svæði landsins. Í ágúst verður farin vikuferð til Oberstorf í þýsku Ölpunum. Ævintýralegar ferðir þar sem er gengið, ferðast með kláfum og ýmsum öðrum farartækjum í ævintýralegu umhverfi. Athugið að aðeins eru örfá sæti eftir í Oberstorf-ferðina.

Höfuðborg Írlands

DUBLIN

Fjörug menningarborg!

19. -23. apríl

ÚRVAL·ÚTSÝN

Frábær ferð til hinnar stórskemmtilegu og líflegu borg Dublin á Írlandi. Borgin iðar af fjöri fyrir jafnt unga sem aldna og allir finna skemmtun og stemmningu við sitt hæf. Tilvalið fyrir hópinn þinn!

Verð frá:

84.900 kr.

á mann m.v 2 fullorðna í tvíbýli í 4 nætur á Camden Court með morgunmat inniföldum

LÁGMÚLA 4 108 RVK
SÍMI 585 4000
URVALUTSYN.IS

Rómantískir áfangastaðir

Ísland er einn af sex stöðum sem Lonely Planet telur upp sem ákjósanlega en óhefðbundna rómantíska áfangastaði. Listinn var tekinn saman í tilefni Valentínusardagsins en á við hvenær sem er ársins fyrir ástfangin pör.



1 Miðaldastemning í Kantaraborg

Canterbury er borg í Kent í suðausturhluta Englands. Miðaldastemning ríkir í borginni þar sem er að finna fallega dómkirkju, krár, leikhús og rómantískar gönguleiðir að miðaldakastala í smáþorpinu Chilham.

2 Vín og ristað brauð í Mendocino í Kaliforníu

Eitt besta leyndarmál Kaliforníu er strandferðalag norður af San Fransico frá Sonoma-héraði til Mendocino. Mendocino-bær þykir afar fallegur og hentugt að gista í bænum og fara þaðan í ferðir á vínekrur í grenndinni.

3 Panama og Kólumbía

Cartegna er bærinn sem Gabriel García Márquez notaði sem sögusvið bókar sinnar Ástin á tímum kólerunnar. Hún þykir ein rómantískasta borg Suður-Ameríku.

4 Ástarlest til Churchill í Manitoba

Norðurljósin eru líklega það sem helst dregur elskendur til hins kalda smábæjar Churchill í Manitóba í Kanada. Reyndar er bærinn helst þekktur fyrir ísbirni sem oft leggja leið sína um svæðið.

5 Helgi á Íslandi

Lonely Planet bendir á að ferðalag til Íslands frá bæði austurströnd Bandaríkjanna og Englandi taki skamma stund. Norðurljósin, náttúran og heitar laugar eru talin upp sem helsta aðdráttarafl elskenda.

AUÐVELT AÐ SKREPPA TIL BRIGHTON

Það tekur aðeins hálfa klukkustund með rútu frá Gatwick-flugvelli til Brighton sem er við suðurströnd Bretlands. Bærinn er vinsæll sumarleyfisstaður Breta og hefur yfir sér rómantískan blæ. Í miðbænum eru þröngar götur þar sem fjölda veitingastaða má finna. Verslunarmiðstöð er skammt þar frá með þekktum og vinsælum verslunum eins og H&M og Mothercare. Í nágrenninu má síðan finna litlar sérverslanir jafnt með fatnað sem hluti fyrir heimilið.

Þröngar og skemmtilegar götur eru í Brighton þar sem eru veitingahús og verslanir.

Á veturna er Brighton vinsæll háskólabær en á sumrin sækir fólk á ströndina. Helgarferðir eru vinsælar, þá er legið í sólbaði á ströndinni á daginn og veitingahúsin heimsótt á kvöldin. Brighton er stutt frá London og reglulegar lestarferðir á milli svo auðvelt er að skreppa þangað. Brighton hentar þeim sem vilja rólegra umhverfi en stórborgin býður upp á en engu að síður margt spennandi að gerast. Leikhús- og tónlistarlíf er líflegt.

Í Brighton er tívolí niðri á bryggju og þangað sækja margir ferðamenn. Frá því í apríl er boðið upp á útsýnisferðir í tveggja hæða strætisvögnum. Leiðsögn er í gegnum heyrnartæki. Eitt af því sem vekur gjarnan athygli ferðamanna er Royal Pavillon sem Georg IV lét reisa. Höllin er byggð í indverskum stíl og hefur yfir sér ævintýralegan blæ. Auðvelt er að rata um Brighton og strætisvagnar eru stöðugt á ferðinni vilji menn fara í skoðunarferð með þeim.

Á ströndinni í Brighton með tívolíið í bakgrunni.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411.
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Útivist með Bændaferðum

Bændaferðir hafa boðið upp á svokallaðar hreyfiferðir um margra ára skeið þar sem náttúrunnar er notið með útivist og hreyfingu. Rúnar Helgason og Sigrún Valbergsdóttir eru fararstjórar í spennandi hjóla- og gönguferðum meðal annars í Færeyjum, Austurríki og Þýskalandi.

Hjólið frábær ferðamáti

Rúnar Helgason er fararstjóri tveggja sjö daga hjólaferða um Þýskaland: Við rætur Alpanna og Garmisch Partenkirchen – Bad Tölz. Í báðum ferðum er hjólað eftir vinsælustu hjólaleiðum Þýskalands.

„Þessar hjólaferðir eru fyrir alla sem hreyfa sig eitthvað og þátttakendur hafa verið á aldrinum 12 til 74 ára. Í flestum tilfellum leigjum við reiðhjólin á staðnum og fólk pakkar létt fyrir ferðina en við hjólum með farangurinn á bögglaberanum," segir Rúnar en búið er að skipleggja dagleiðirnar fyrirfram. Hópurinn hjólar á milli hótela þar sem gist er eina nótt, en einu sinni í hvorri ferð gistir hópurinn í tvær nætur og er þá hægt að taka hvíld.

„Við erum ekkert að flýta okkur. Við stoppum á veitingastöðum á leiðinni, fáum okkur hressingu og skoðum okkur um. Það er engin keppni í gangi og markmiðið að allir fái á tilfinninguna að þeir séu í fríi," segir Rúnar. „Hjólið er frábær ferðamáti til að upplifa umhverfið, lyktina, ferska loftið og hljóðin, en í báðum ferðum er hjólað um stórbrotið landslag. Við reynum að velja leiðir þar sem eru ekki miklar brekkur en auðvitað er alltaf eitthvað um þær. Við hjólum frá München og inn í Alpana. Ég fer yfirleitt á undan hópnum og konan mín, Þuríður Árnadóttir, er aftast og passar að enginn dragist aftur úr. Við segjum bara eins og skáldið, ekkert bratt, bara mismunandi flatt," segir Rúnar.

Hjólað er um eina fallegustu hjólaleið Þýskalands við rætur Alpanna sem gjarnan er kölluð „Panorama-hjólaleiðin" eða útsýnisleiðin. MYND/BÆNDAFERÐIR

Mikil náttúrufegurð einkennir svæðið við rætur Keisarafjallanna. Sigrún Vilbergsdóttir leiðir ferðalanga um svæðið. MYND/BÆNDAFERÐIR

Gengið milli byggðarlaga

Sigrún Valbergsdóttir er öllum hnútum kunnug í Færeyjum en þar leiðir hún göngugarpa milli byggðarlaga. Þá er Sigrún einnig fararstjóri í gönguferðum um Keisarafjöllin í Austurríki.

„Þetta eru hvort tveggja vikuferðir og gengið alla dagana. Í Færeyjum gistum við á þremur mismunandi stöðum og göngum milli byggða, gamlar leiðir sem gengnar voru áður en vegasamband komst á. Þetta eru óbyggðagöngur, stundum troðningar eða varðaðar leiðir en ekki alltaf," útskýrir Sigrún og segir fólk þurfa að vera í sæmilegu formi til að ráða við gönguleiðirnar.

„Þetta er ekkert klifur né yfir jökulár að fara en við leggjum að baki nokkur hundruð hæðarmetra á hverjum degi. Hver dagleið er 10-15 kílómetrar og við komum við á sex af átján eyjum Færeyja. Einn daginn siglum við frá Vogum og yfir í Mykines sem er vestasta eyjan, undurfögur klettaey með gamalli byggð og eins og að detta inn í nítjándu öldina að ganga þar um. Á göngunni er fræðst um fólk og sögu og náttúru eyjanna og farið á menningarstaði eins og Kirkjubæ á Straumey."

Í gönguferðinni um Keisarafjöllin er gist á fjögurra stjörnu hóteli í bænum Walchsee við samnefnt vatn. Þar er gist allan tímann og daglega farið í ferðir út frá hótelinu. „Þarna eru allt í kring fjöll og fjallahryggir og aldrei gengin sama leiðin tvo daga í röð. Þetta er óendanlega fallegt svæði," segir Sigrún. „Við miðum við að vera á hæsta hrygg um hádegisbil og þar eru bændur með veitingastað þar sem hægt er að fá sér hressingu. Ekkert þarf að bera með sér á göngunni, nema kannski auka peysu eða regnstakk. En annars er að sjálfsögðu alltaf sól í svona ferðum."

Flugþjónar og -freyjur þola ekki þegar fólk hunsar kynningar á öryggisatriðum.

ÞAÐ SEM FER Í TAUGARNAR Á FREYJUNUM

Ferðasíðan Frommers tók saman fjögur atriði sem fara mest í taugarnar á flugfreyjum og -þjónum.

1. Að veita kynningu á öryggisatriðum ekki athygli. Farþegar eiga til að lesa bók eða spjalla saman meðan á kynningunni stendur. Þetta þykir mörgum flugfreyjum dónalegt og bera vott um virðingarleysi.
2. Þegar fólk tekur ekki af sér heyrnartólin rétt á meðan því er þjónað.
3. Fólk sem hagar sér ruddalega og segir til dæmis ekki takk þegar því er réttur koddi eða drykkur fer í taugarnar á áhafnarmeðlimum. Það þykir heldur ekki fínt að sitja og klippa á sér neglurnar eða vera með skóna upp í sætinu. Þeir sem standa langdvölum í ganginum og eru þannig fyrir flugfreyjunum og vögnunum þeirra vekja sjaldnast lukku.
4. Þeir sem hlusta ekki á leiðbeiningar. Meðan á flugferðinni stendur þarf áhöfnin stundum að koma skilaboðum til farþeganna. Oft virðast þessar ábendingar fara inn um annað eyrað og út um hitt. Því spyr fólk reglulega um atriði sem búið er að útskýra í hátalarakerfinu, flugfreyjunum til mikillar armæðu.

heimild: turisti.is

EKIÐ UM BANDARÍKIN

Einn vinsælasti þjóðvegur

Bandaríkjanna er númer 66 (Route 66) en bæði hefur verið sungið um hann og gerðir sjónvarpsþættir. Vegurinn liggur frá Chicago til Los Angeles. Margir hafa farið þessa frægu braut á mótorhjóli en aðrir velja að keyra. Þegar undirbúa á slíka ferð er gott að vera vel skipulagður. Best er að panta hótel fyrirfram á upphafs- og lokastað ferðarinnar. Önnur gisting getur verið tilviljanakennd á leiðinni en einnig er hægt að panta á netinu með dagsfyrirvara. Bílaleigubíllinn þarf að vera rúmgóður með loftkælingu. Nauðsynlegt er að hafa kælitösku í bílnum og fylla hana reglulega með vatni og nesti. Þá er GPS-tæki ómissandi í svona ferð. Mælt er með því að aka ekki lengur en þrjá til fjóra tíma á dag til að ofþreyta sig ekki. Með því móti er hægt að stoppa á fleiri stöðum og skoða sig um.

Munnlegar ábendingar fram yfir smáforrit

Bakpokaferðalangar reiða sig frekar á munnlegar ábendingar frá heimafólki og öðrum sem þekkja til en upplýsingar í smáforritum snjallsíma á ferð sinni um heiminn.

Meirihluti bakpokaferðalanga skilur snjallsímana sína eftir heima áður en þeir leggja í hann samkvæmt niðurstöðum rannsóknarteymis á vegum TNT-ferðasýningarinnar sem haldin er í London ár hvert og ber upp á þriðja mars næstkomandi.

Þrátt fyrir að framleiðendur keppist við að hanna smáforrit í snjallsíma sem ætlað er að vísa ferðamönnum veginn hvar sem þeir eru í heiminum kjósa flestir að fara eftir munnlegum ábendingum heimafólks eða annarra sem þekkja til.

Þúsund bakpokaferðalangar á aldrinum 18 til 35 ára voru spurðir og kusu 73 prósent að leita eftir munnlegum ábendingum á meðan 14 prósent notuðu samskiptavefi og smáforrit í símanum í leit að upplýsingum og áhugaverðum stöðum að skoða. 85 prósent þeirra sem áttu blackberry-síma og 68 prósent þeirra sem áttu iPhone sögðust kjósa að skilja símana eftir heima. Enn fremur sögðust 90 prósent kjósa að nota hefðbundna digital-myndavél í stað símamyndavélarinnar.

„Þrátt fyrir að gömlu góðu póstkortin séu á undanhaldi og unga fólkið noti aðrar samskiptaleiðir, er ljóst að það tekur mannleg samskipti enn þá fram yfir tæknina og þykir hreinlega ekki eftirsóknarvert að eyða fríinu í að vafra um í símanum," segir Kevin Ellis, framkvæmdastjóri TNT-ferðasýningarinnar.

73 prósent bakpokaferðalanga leita eftir munnlegum ábendingum en 14 prósent nota samskiptavefi og smáforrit.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ferðalag til Seychelleseyja í Indlandshafi er upplifun sem lætur engan ónsnortinn. Gestamóttakan býður nú í annnað sinn uppá ferðalag þangað. Eyjarnar liggja 4° sunnan við miðbaug og þarna er alltaf hlýtt og notalegt en sjaldnast of heitt. Við munum lenda á Mahé og siglum þaðan til Praslin þar sem við verðum í 5 daga í sól, sandi og sjó. Á Praslin er frumskógur sem er á heimsminjaskrá UNESCO sem við heimsækjum og þeir sem vilja geta farið í golf á unaðslega fallegum 18 holu velli. Köfun er einnig í boði fyrir þá sem vilja. Næst er dvalið í 4 daga á eyjunni La Digue og farið nokkra áratugi aftur í tímann; þar er friðsæld, kyrrð og strendurnar engu líkar. Leigubíll eyjunnar heitir Thomas og er 12 ára gamall uxi sem dregur farþegakerru. Gaman er að hjóla um eyjarnar enda nánast engir bílar. Að endingu er siglt til Mahe og síðstu 5 dögunum eytt við ströndina Beau Vallon. Við munum heimsækja kryddgarð og sjáum m.a. pipar á trjánum og vanillu. Göngu- og veiðiferðir verða í boði ásamt snorkelferðum en sjávarlífið er stórkostlegt við eyjarnar. Flogið er frá Frankfurt til Mahe og sömu leið til baka.

Hringdu í Gestamóttökuna í síma 551 1730

eða skoðaðu www.yourhost.is

Gestamóttakan
Kirkjutorg 6, IS-101 Reykjavík

GESTAMÓTTAKAN
YOUR HOST IN SEYCHELLES

BYLGJAN 989

Sprengisandur

kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

Þórarinn Þór, markaðsstjóri Kynnisferða, segir flugrútuna einn besta ferðamáta sem völ er á á innlendum markaði.

Erum ávallt til taks

Flugrútan er starfrækt allan sólarhringinn, alla daga ársins. Hún er til taks þegar flugvélar lenda á Keflavíkurflugvelli og flytur farþega að Umferðarmiðstöðinni á BSÍ.

Flugrúta Kynnisferða ehf. hefur um árabil verið eftirsóttur valkostur bæði meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Þórarinn Þór markaðsstjóri Kynnisferða segir vinsældirnar ekki ástæðulausar þar sem hvorki sé hægt að hugsa sér þægilegri, fljótlegri, öruggari né ódýrari ferðamáta á innlendum markaði í dag.

„Við erum með ferðir bæði frá Keflavík og Reykjavík í tengslum við allar komur og brottfarir frá Keflavíkurflugvelli. Brottfarir frá flugstöðinni eru um 45 mínútum eftir lendingu hvers flugs. Rúturnar fara á fimmtán til tuttugu mínútna fresti þaðan þannig að þetta gengur mjög hratt fyrir sig," bendir hann á. Hann bætir við að tíðar brottfarir séu frá Umferðarmiðstöðinni BSÍ til flugstöðvarinnar. „Til dæmis getur hentað fólki sem kemur utan af landi og ætlar að fljúga út, að hvíla lúin bein og gista á hóteli eða gistiheimili á höfuðborgarvæðinu og taka síðan flugrútuna út á Keflavíkurflugvöll daginn eftir. Flugrútan er einnig kjörinn ferðamáti fyrir þá sem lenda í Keflavík og fljúga áfram samdægurs innanlands frá Reykjavík," segir Þórarinn.

Þórarinn Þór

Mikið er lagt upp úr þægindum og notalegheitum í flugrútunni og sem dæmi um það hafa Kynnisferðir nýverið aukið þjónustuna við farþegana með því að innleiða þráðlaust net í allar rútur, sama hvert leiðin liggur og er það notendum að kostnaðarlausu að sögn Þórarins. „Þetta styttir fólki stundir meðan það bíður eftir að rútan leggi af stað og auðvitað meðan á ferðalaginu sjálfu stendur."

Kynnisferðir bjóða ýmsa fleiri möguleika fyrir ferðamenn. Þórarinn nefnir þá helstu. „Við seljum svokallaða rútupassa sem gerir fólki kleyft að ferðast innan ákveðins tímaramma innanlands, bæði styttri vegalengdir og lengri. Einnig bjóðum við upp á göngupassa á nokkrum af vinsælustu gönguleiðum landsins. Dagsferðir út frá Reykjavík fyrir erlenda ferðamenn eru reknar allt árið og sömuleiðis setjum við saman „pakka" fyrir hópa," segir hann og bendir á heimasíðuna www.re.is en þar má finna frekari upplýsingar.

Námskeið í skíðagöngu verður haldið við skála skíðagöngufélagsins Ulli í Bláfjöllum í dag. Það er ætlað ungum sem öldnum en þátttakendum er skipt í hópa með tilliti til reynslu. Takmarkaður fjöldi þátttakanda getur leigt búnað á staðnum. Nánari upplýsingar veitir formaður félagsins, Þóroddur F. Þóroddsson í síma 861-9561.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf **www.namsadstod.is s. 557 9233**

Gallabuxur - 3 síddir

- short
- regular
- long

Litur: blátt og svart

Við erum á Facebook

Rita

Bæjarlind 6 S. 554 7030
Eddufelli 2 S. 557 1730
www.rita.is

Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum

www.gabor.is

Sérverslun með

Gabor® **25 ár á Íslandi**

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Hrund Ósk Árnadóttir er komin inn í tónlistarháskólann Hans Eisler í Berlín.

Klassíkin er ástríða mín

Ég var að taka inntökupróf í mastersnám í Hans Eisler-tónlistarháskólann í Berlín og komst inn. Skólinn byrjar í apríl þannig að ég ákvað að skella mér aðeins heim og hlaða batteríin áður en ég byrja," segir Hrund Ósk Árnadóttir söngkona. „Ég fer aftur út í byrjun mars til að koma mér í gírinn. Má eiginlega segja að þetta sé sumarfríið mitt."

Hrund hefur ekki mikil plön fyrir helgina. „Ég er vægast sagt í miklum rólegheitum hérna í Reykjavík. Ég fer út að labba með hundana hennar mömmu, það verður eitthvað grillað og svo reyni ég að hitta vinkonurnar eitthvað. Það verður bara mjög slök stemning um helgina."

Hrund hefur búið í Berlín síðan haustið 2009 og stundað söngnám. „Ég hef verið í einkanámi hjá bandarískri söngkonu sem heitir Janet Williams. Ákvað svo núna að fara í masterinn og komast aðeins inn í tengslanet tónlistarheimsins í Berlín. Janet kennir við Hans Eisler svo ég verð áfram hjá henni, eina breytingin er að ég verð í skóla en ekki einkanámi. Síðustu tvö og hálft ár

FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Takmarkað magn
Gildir með birgðir endast

Rendur stór rúmfatnaður
200x200 og 220x220
2 koddaver 50x70 fylgja

Verð 22.990 kr
Tilboð 9.990 kr

5 litir

Rendur rúmfötin eru ofin úr 380 þráða Pima bómull

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Myndlistarkonan Harpa Árnadóttir veitir leiðsögn um sýninguna handverk frú Magneu Þorkelsdóttur í Þjóðminjasafni Íslands klukkan 14 á sunnudag. Magnea biskupsfrú var mikil hannyrðakona og saumaði meðal annars fjölda þjóðbúninga. Á sýningunni eru valdir búningar úr safni fjölskyldunnar.

HEILSA

Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

LAGERSALA
Í NOKKRA DAGA
60%-70%
VETRAYFIRHAFNIR-SUMARYFIRHAFNIR -SPARIDRESS OG FLEIRA
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S:551 4422

Framhald af forsíðu

„Berlín er æðisleg borg. Strax þegar ég kom þangað í fyrsta sinn leið mér eins ogég hefði búið þar í mörg ár. Hún er algjör listamannaborg.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hafa miðast við að læra tæknina en nú er kominn tími til að komast á svið og nýta það sem maður hefur verið að læra.“

Hrund er þekkt sem ein okkar ferskasta blús- og djasssöngkona, er þeim kafla alveg lokið? „Nei, nei, nei. Málið er að þetta er allt spurning um tíma. Ef þú hefur einhvern áhuga og vilja til að gera eitthvað í klassíkinni þá verðurðu að gera það strax. Ég hef mikinn áhuga á klassíkinni og það er ástríða mín núna að láta verða af einhverjum ferli í henni. Ég hugsa samt að ég hætti aldrei í hinu, það verður alltaf með. Fókusinn er bara meira á klassíkinni núna.“ Er það óperuheimurinn sem heillar? „Já, hann gerir það. Röddin er mitt hljóðfæri og í klassíkinni gefast miklu betri tækifæri til að þróa hana. Svo ertu að leika, vinna með heilli hljómsveit, leikstjórum og tónlistarstjórum. Í óperuheiminum er svo margt samofið sem gerir hann að ótrúlega spennandi vettvangi til að starfa á.“ En samkeppnin er ansi hörð, ekki satt? „Það er gríðarleg samkeppni. Ég er sópran og þar er hún allra hörðust. Það er algengasta kvenröddin og mest skrifað fyrir hana, en líka hart barist um að hreppa hlutverkin.“

Hvernig líður þér í Berlín? „Berlín er æðisleg borg. Strax þegar ég kom þangað í fyrsta sinn leið mér eins og ég hefði búið þar í mörg ár. Hún er algjör listamannaborg. Allt fullt af list og engir peningar. Það koma allir til Berlínar til að verða listamenn og komast að því að þar er allt krökkt af þeim og enginn bissness. En það er allt að þróast og gerjast þarna þannig að það er aldrei að vita nema þetta breytist.“ Ertu búin að ná þér í mann í listamannaborginni? „Nei, engan mann. Ég get ekki sagt að sé mikið að leita að honum. Mínir dagar snúast mest um að æfa mig, ég fer varla út úr húsi nema til að fara í ræktina og hitta vini mína. Ég er ekki mikið í því að fara á djammið til að ná mér í einhvern framtíðareiginmann. Það gerist bara þegar það gerist og þá tekur maður því opnum örmum. það liggur ekkert á.“

fridrikab@frettabladid.is

„Síðustu tvö og hálft ár hafa miðast við að læra tæknina en nú er kominn tími til að komast á svið og nýta það sem maður hefur verið að læra.“

Námskeið í ræktun
ávaxtatrjáa og berjarunna

Ræktun ávaxtatrjáa, 2 kvöld - mánudagana 27. febrúar og 5. mars kl. 19:30 - 22:00. **Verð kr. 12.800.-**

Ræktun berjarunna - mánud. 27. feb. kl. 17:00 - 19:00. **Verð kr. 4.500.-**

Leiðbeinandi: Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingur

Staðsetning námskeiða:
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands,
Íþróttamiðstöðin í Laugardal,
hús 2, 3 hæð, Engjavegi 6.

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
20 ÁRA

Skráning og upplýsingar í síma 578 4800 og á www.rit.is

Verðlaunatillögur arkitekta til sýnis í Norræna húsinu

Arkitektafélag Íslands og Norræna húsið standa fyrir málþingi um arkitektúr í dag en auk þess opnar sýning með sýnishornum frá arkitektasamkeppnum síðustu áratuga.

Málþing um arkitektúr verður haldið í Norræna húsinu í dag milli 14 og 16. Þar verður meðal annars fjallað um hlutverk arkitekta fyrr og nú, menningarstefnu í mannvirkjagerð og samtal mannvirkjahönnuða við samfélag sitt.

Klukkan 16 opnar sýning með sýnishornum frá arkitektasamkeppnum síðustu áratuga. Fyrsta arkitektasamkeppnin var haldin hér á landi fyrir réttum 85 árum. Síðan þá hafa verið haldnar hátt á annað hundrað opnar samkeppnir. Á sýningunni má sjá verðlaunatillögur í opnum arkitektasamkeppnum síðustu 40 ára.

Málþingið hefst klukkan 14 en sýningin verður opnuð klukkan 16.

Elstu tillögurnar eru frá stórri hugmyndasamkeppni um skipulag þingvalla frá árinu 1974, á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Tilgangur sýningarinnar er að vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í því að bjóða verk út í opinni samkeppni.

ego dekor

COMO - Svart vengi

ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 149.900,-

CARLO Borðstofuborð
Stærð: 220X100
Verð: 108.000,-

DAKOTA leðurtungusófi
Stillanlegir höfuðpúðar - stærð: 277x165
Verð: 328.000,-

OSCAR leðurtungusófi
Stærð: 282X167 - Stillanlegir höfuðpúðar
Verð: 348.000,-

NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM

EASTON tungusófi
Stærð: 297X166
Tilboðsverð 212.400,-

LUCA Sófaborð
Stærð: 120X60cm
Verð: 78.000,-

FOREX tungusófi
Stærð: 270x160
Tilboðsverð 197.100,-

HARLOW tungusófi
Stærð: 296X192
Tilboðsverð 219.600,-

ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð:139.900,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13:00 - 16:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

Fjallganga er frábær hreyfing og tekur á öllum helstu vöðvum líkamans. Á uppleið reynir mikið á rass, kálfa og aftanverð læri en á niðurleið reynir sérstaklega á framanverð læri. Í kaupbæti fá göngugarpar ferskt loft í lungun.

AT405 RADIAL

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is

38x15,5R15

38 tommu dekk sem er sérstaklega hannað fyrir íslenskar aðstæður.

- Slitsterkt
- Endingargott
- Hljóðlátt
- Míkróskorið
- Neglanlegt

Bjóðum alla almenna dekkjaþjónustu
Skjót og góð þjónusta!

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

Reglulegar gönguferðir eru ein besta líkamsrækt sem hægt er að stunda. Ávinningurinn er margfaldur á ýmsum sviðum.

Átta góðar ástæður til þess að byrja að ganga

Hippókrates sagði á sínum tíma að gangan væri besta læknislyf sem fólk ætti völ á. Það hefur ekkert breyst í aldanna rás og auknar rannsóknir renna enn frekari stoðum undir þessa kenningu.

Hippókrates vissi greinilega hvað hann söng. Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós að ganga er eitt það heilsusamlegasta sem hægt er að gera. Niðurstöðurnar benda til að reglulegar gönguferðir dragi verulega úr hættu á bæði sykursýki og hjartasjúkdómum, lækki blóðþrýsting, auki þéttni beina og svo mætti lengi telja. Vefsíðan medicinenet.com hefur tekið saman átta bestu ástæðurnar fyrir því að taka upp reglulegar göngur.

1 Gönguferðir vinna gegn því að fólk fái áunna sykursýki. Rannsóknir sýna að með því að ganga rösklega í 150 mínútur á viku minnka líkurnar á sykursýki um heil 58 prósent.

2 Ganga styrkir hjörtu karlmanna. Dánartíðni karla á eftirlaunum úr hjartasjúkdómum er helmingi minni hjá þeim sem ganga reglulega en þeim sem gera það ekki.

3 Ganga er holl fyrir heilann. Konur sem ganga í einn og hálfan tíma á viku eru mun minnisbetri og eiga auðveldara með samhæfðar hreyfingar en þær sem ekki ganga.

4 Ganga styrkir beinin. Margar rannsóknir sýna að konur sem ganga reglulega eftir tíðahvörf hafa mun þéttari bein og eiga síður á hættu að fá beinþynningu en aðrar konur.

5 Ganga dregur úr einkennum þunglyndis. Þrjátíu mínútna ganga þrisvar í viku minnkaði einkenni hjá þunglyndissjúklingum um 47 prósent í einni könnuninni.

6 Ganga dregur úr hættunni á að fá brjósta- eða ristilkrabbamein. Fjölmargar rannsóknir sýna fram á að þeir sem ganga reglulega fá sjaldnar brjósta- eða ristilkrabbamein.

7 Ganga er styrkjandi fyrir allan líkamann. Þetta er óumdeilanlegt og talið að nóg sé að ganga í þrjátíu mínútur þrisvar í viku til að komast í ágætis form.

8 Göngur auka styrk og liðleika. Ganga gagnast í baráttunni við stirðnun vöðva og liðamóta. *- fsb*

Kynning

Góðir skór eru lykilatriði

Gönguskór.is selur gönguskó frá ítalska skóframleiðandanum LOMER. Fyrirtækið var stofnað árið 2009 en frá upphafi hefur verið náið samstarf við ferðafélagið Útivist þar sem skórnir eru seldir.

„Ég keypti umboðið af skósmiðnum Högna Einarssyni sem hafði ofurtrú á merkinu en hann kenndi mér allt sem ég kann í sambandi við góða skó," segir eigandinn Gunnlaugur Örn Valsson. LOMER er vinsælt merki í Evrópu og gæðin eru að sögn Gunnlaugs ótvíræð. Því eru leiðsögumenn Útivistar sammála sem og björgunarsveitarmenn og aðrir gönguhrólfar sem hafa hlaðið skóna lofi eftir að hafa gengið á þeim um fjöll og firnindi.

„Samstarfið við Útivist hefur reynst afar vel en í versluninni að Laugavegi 178 gengur fólk að afgreiðslufólki með reynslu af gönguferðum vísu og fær örugg-ar leiðbeiningar um það hvernig skór henta við tilteknar aðstæður. Þá höfum við verið að vinna með öllum helstu hjálparsveitum landsins og flytjum meðal annars inn sérstaka jöklaskó til að mæta þeirra þörfum, svo þetta er sífellt að vinda upp á sig," segir Gunnlaugur. Hann býður upp á fjölmargar gerðir sem henta fyrir allar tegundir gönguferða; allt frá göngum á jafnsléttu og upp í alvöru fjallgöngur á hæstu tinda heims. Skórnir eru misháir og misstífir eftir því hvað hentar. „Þeir eru allir með Vibram-sóla og sérstaklega góðu gripi. Þeir eiga það sameiginlegt að vera fisléttir en þyngsti skórinn vegur 650 grömm. Skórnir eru úr þykku Nabuk-leðri sem er það besta sem völ er á og hentar sérstaklega vel við íslenskar aðstæður. Það þarf hins vegar að bera á þá eins og alla leðurskó og fylgir tilheyrandi áburður með. Með réttri meðhöndlun er endingin afar góð og verðið með því lægsta sem gerist.

Skórnir eru fisléttir en þyngsta týpan vegur einungis 650 grömm. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gunnlaugur segir mikla vakningu hafa verið í gönguferðum frá því að hann hóf rekstur. „Ég byrjaði rétt eftir hrun og þá var þetta aðeins byrjað. Ég fór þó aðallega út í þetta af því að ég hafði trú á vörunni en í kjölfarið kom þessi mikla vakning sem er virkilega gaman. Það er líka gaman að sjá hvað þetta gefur fólki mikið og spretta gönguhópar upp úti um allt hvort sem er meðal ættingja, vina eða vinnufélaga. Til að mæta þeim höfum við verið að gera þeim góð hópatilboð.

Gönguskór sem henta við allar aðstæður

Þegar gengið er sér til heilsubótar, skundað yfir fjöll eða farið í fjörur, er mikilvægt að skórnir séu af bestu gerð og fari vel með fæturna.

Fjallgönguskórnir frá LOMER þykja einhverjir þeir bestu á markaðinum og hafa björgunarsveitameðlimir og þaulvanir gönguhrólfar hlaðið þá lofi.

Láttu verðið koma þér á óvart

KIWI áburður fylgir öllum skópörum

gonguskor.is

Allir okkar skór fást í **Útivist** Laugavegi 178

Áhugi á landakortum eykst stöðugt

Fuglakort njóta vinsælda ekki síður en landsfjórðungskort. Fólk skreytir heimili sín með fallegum kortum. Göngugarpar vilja fræðast um gönguleiðir landsins og sumir föndra með kortin. Sumarbústaðaeigendur vilja hafa kort hjá sér og sömuleiðis fræðandi handbækur.

Kolbrún Ósk Skaftadóttir, verslunarstjóri hjá bókaverslun Forlagsins við Fiskislóð 39, segist bjóða upp á mesta úrval korta á landinu. Með vaxandi áhuga fólks á göngu- og fjallaferðum um landið eykst eftirspurn eftir vönduðum kortum.

„Við erum með stærstu kortadeildina á landinu. Kort af öllum mögulegum gerðum og stærðum. Þar má nefna landsfjórðungakort, sérkort af helstu ferðamannastöðum landsins, fuglakort með myndum af þeim fuglum sem sjá má í náttúru landsins, plöntukort og jarðfræðikort. Þess utan erum við með ákaflega vandað Atlaskort svo úrvalið er ótrúlega mikið en á því er landinu skipt niður í 31 hluta með yfirgripsmiklum fróðleik," segir Kolbrún Ósk.

Mikið úrval er af kortum hjá Forlaginu, landakortum, fuglakortum og jarðfræðikortum svo eitthvað sé nefnt. Hér er Kolbrún Ósk Skaftadóttir, verslunarstjóri í kortadeildinni í bókaverslun Forlagsins við Fiskislóð.

MYND/VALLI

Ramma inn kortin

Kortin er bæði hægt að fá samanbrotin en einnig flöt en þau hafa verið vinsæl til innrömmunar. „Við erum sömuleiðis með falleg, upphleypt kort sem eru mikið tekin til gjafa. Kortin er hægt að fá í gjafaöskju," greinir Kolbrún frá og bætir við. „Margir kaupa kort til að hengja upp á vegg á heimilinu, skrifstofunni eða í sumarbústaðnum. Við seljum til dæmis mikið af flötu fuglakorti en við vitum að það er vinsælt að hengja það upp á vegg í sumarbústaðnum. Þá getur fólk virt fyrir sér fuglana úti í náttúrunni og séð á kortinu hvað þeir heita. Íslandskortin fara gjarnan á veggi á skrifstofum, skólum og ekki síður á heimilum," segir Kolbrún Ósk ennfremur.

Kortin eru fáanleg á íslensku, ensku og þýsku. „Mér finnst vera vaxandi áhugi hjá fólki að eignast landakort. Björgunarsveitamenn koma gjarnan og kaupa kort ef þeir eru að fara á einhvern ákveðinn stað og vilja kynna sér hann betur. Undanfarið hef ég fundið fyrir auknum áhuga fólks að velja kortin til gjafa. Flötu kortin hafa lækkað í verði og eru núna á sama verði og hin sem eru brotin saman."

Göngugarpar skoða kort

Alls kyns gönguhópar hafa sprottið upp á undanförnum árum og segir Kolbrún að göngugarparnir vilji gjarnan kynna sér gönguleiðir áður en haldið er í ferðir. „Færri ferðast til útlanda en á móti hefur ferðum innanlands fjölgað. Svo virðist sem fólk fái um leið áhuga á ýmsum staðaheitum, örnefnum og slíkum landslagsheitum. Við erum einnig með fjölbreytt úrval af ferðabókum um gönguleiðir. Fuglavísirinn var endurútgefinn á síðasta ári og margir virðast hafa áhuga á þeirri bók, steinabókinni og bókinni um plöntur. Þessar bækur köllum við sumarbústaðabækur því fólk vill geta flett í þeim í bústaðnum. Slíkar bækur eru ekki síður vinsælar til gjafa en kortin. Það er heilmikill fróðleikur um landið í þessum bókum og gaman að hafa þær við höndina."

Kolbrún Ósk segir að fólk komi í kortadeildina í margvíslegum tilgangi. „Um daginn kom hingað maður sem býr á Seltjarnarnesi og vildi vita hvað eyjarnar heita sem hann sá út um gluggann sinn. Hann keypti því kort af nesinu og gat fundið allt um Gróttu og fleiri staði í nágrenni sínu. Úrvalið af kortum og bókum um landið hefur verið að aukast umtalsvert á undanförnum árum. Síðan erum við með götukort af Reykjavík og nánasta umhverfi borgarinnar."

Föndrað með fugla

Í verslun Forlagsins á Fiskislóð 39 er sérhönnuð deild fyrir kortin og viðskiptavinir fá aðstoð við valið. „Við erum með sýnishorn af öllum kortunum þannig að fólk getur skoðað þau áður en keypt er. Vinsælustu kortin hafa verið um fuglana og síðan fjórðungskort af landinu. Landakort sem sýna allt landið hafa einnig verið mjög eftirsótt. Ég hef heyrt af fólki sem hefur klippt niður fuglakort og föndrað með það," segir Kristín Ósk.

Bókaverslun Forlagsins er á góðum stað á Grandanum, stutt frá Krónunni og Bónus og þar eru næg bílastæði.

> **„Um daginn kom hingað maður sem býr á Seltjarnarnesi og vildi vita hvað eyjarnar heita sem hann sá út um gluggann sinn. Hann keypti því kort af nesinu og gat fundið allt um Gróttu og fleiri staði í nágrenni sínu.**

KORTADEILD

Kortadeild Máls og menningar og Forlagsins var stofnsett árið 1998, en meginhlutverk hennar er útgáfa landakorta af Íslandi. Helstu útgáfur deildarinnar eru ferða- og fjórðungskort, kortabækur handa ferðamönnum og Íslandsatlas. Auk þess hefur deildin gefið út 12 nákvæm sérkort, 31 atlaskort af öllu landinu, nokkrar gerðir náttúrufarskorta, barnakort og upphleypt kort. Fjórðungskortin og kortabækurnar hafa unnið til alþjóðlegra verðlauna. Heildarfjöldi kortatitla er kominn yfir 50.

Nýjasta verkefni deildarinnar er útgáfa á vönduðum Ferða-Atlas, en í honum verða 78 nákvæm kort af Íslandi í mælikvarða 1:200 000 auk upplýsinga um rúmlega 100 náttúruperlur og sögustaði landsins. Ferða-Atlasinn kemur á markað í maí nk.

Eini starfsmaður kortadeildar Máls og menningar frá upphafi er Örn Sigurðsson landfræðingur, en honum til aðstoðar eru kortagerðarmennirnir Hans H. Hansen og Ólafur Valsson.

Í verslun Forlagsins má finna gríðarlegt úrval af alls kyns ferða- og handbókum sem nýtast vel í fríinu og í sumarbústaðnum.

Ert þú ofurhetja sem er...

...þá áttu heima hjá okkur

Java forritari

Við leitum að starfsmönnum sem hafa a.m.k tveggja ára reynslu í Java forritun (lead developer). Viðkomandi mun starfa með hópi Java forritara sem vinna fyrir nokkur af stærri fyrirtækjum landsins við þróun veflausna og smáforrita fyrir farsíma. Unnið er í Maven, Spring, Hibernate, Portlets 1.0/2.0 og JavaScript.

.NET forritari

Um er að ræða stöðu í .NET hópi forritara sem vinna að fjölbreyttum vefverkefnum fyrir stóran hóp viðskiptavina. Forritun í Microsoft .NET umhverfi (Visual Studio og C#). Háskólapróf í tölvunarfræði er æskilegt.

Forritarar og ráðgjafar í Microsoft SharePoint

Um er að ræða starf í hópi SharePoint snillinga sem vinna að metnaðarfullum SharePoint 2010 verkefnum. Við leitum að starfsmanni sem hefur a.m.k tveggja ára reynslu í .NET forritun og hefur góða þekkingu á SharePoint og CSS.

Sérfræðingur í vefmálum og samfélagsmiðlum

Við leitum að snillingum í vefforritun og uppsetningu vefsvæða fyrir stóran hóp viðskiptavina. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða þekkingu á HTML, CSS, XML/XSL, JavaScript og jQuery. Góður skilningur á samfélagsmiðlum nauðsynlegur og reynsla af vefumsjónarkerfum æskileg.

www.tmsoftware.is

TM Software leggur áherslu á:

- Virka endurmenntun í starfi og uppbyggingu þekkingar og færni
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Góða starfsaðstöðu og úrvals mötuneyti
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Góðan starfsanda og liðsheild

TM Software er hugbúnaðarhús sem þróar og framleiðir hugbúnað fyrir viðskiptavini í meira en 50 löndum. Hjá fyrirtækinu starfa 70 hugbúnaðarsnillingar sem hafa náð miklum árangri í starfi.

Nánari upplýsingar um störfin veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) eða Ari Eyberg (ari@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 11. mars. Umsókn með ferilskrá þar sem fram koma upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf óskast fyllt út á www.intellecta.is.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

TM Software
Okkar þekking - þinn styrkur

MATREIÐSLUMENN SUMARIÐ ER TÍMINN

Óskum eftir að ráða matreiðslumenn til sumarstarfa á Edduhótelin.

Í störfunum felst m.a. yfirumsjón með eldhúsi, innkaupum og meðferð matvæla.

Umsóknir um störfin sendist á netfangið tryggvi@icehotels.is fyrir 3. mars nk.

www.hoteledda.is | Sími 444 4000

DB SCHENKER

SCHENKER AB útibú á Íslandi, Ármúli 8, 108 Reykjavík, Iceland

DB Schenker er eitt öflugasta fyrirtæki heims á sviði vöruflutninga og vörustjórnunar. Hjá því starfa yfir 90 þúsund manns í um 130 löndum, á tvö þúsund starfsstöðvum á öllum stærstu mörkuðum heims. Það er sama hvert verkefnið er - flutningar með flugfrakt, á sjó, með flutningabílum eða í gegnum víðfeðmt lestarkerfi. DB Schenker býr að sérþekkingu, mannafla og reynslu til að leysa flóknustu viðfangsefni í samræmi við ítrustu kröfur á sístækkandi alþjóðlegum markaði.

DB Schenker stofnaði útibú á íslandi á síðasta ári og vegna aukinna verkefna þarf félagið nú að bæta við starfsmönnum.

Starfsfólk í flutningsmiðlun

Starfsmaður í flutningsmiðlun

Starfið felur í sér stýringu á flutningum í bæði inn- og útflutningi. Viðkomandi þarf einnig að sinna sölutengdum málum ásamt áætlana- og skýrslugerð.

Starfsmaður í skjaladeild

Viðkomandi þarf að hafa reynslu í tollskjalagerð, bæði í inn- og útflutningi, gerð vottorða og annara skjala sem unnin eru hjá flutningsmiðlurum. Nám hjá Tollskóla Ríkisins er kostur en ekki skilyrði og viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

Viðkomandi aðilar þurfa að búa yfir eftirfarandi eiginleikum:

- Góð enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Að geta unnið undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Þekking úr flutningaheiminum er kostur

Umsóknir skal senda á netfangið: hr.iceland@dbschenker.com fyrir mánudaginn 12. mars nk.
Frekari upplýsingar veitir Valdimar Óskarsson framkvæmdastjóri DB Schenker á Íslandi í síma 571 4600.

WORLD CLASS ÓSKAR EFTIR STARFSMANNI Í ELDHÚS

World Class Laugar

óskar eftir að ráða matreiðslumann / konu frá 1. mars 2012.

Vinnutími er 8 - 15 á virkum dögum og 15 - 20 aðra hverja helgi.

Umsækjandi þarf að hafa þekkingu á matreiðslu á hollustu- og grænmetisréttum og kunna að setja upp matseðla.

Viðkomandi þarf að vera snyrtilegur, hafa frumvkæði í starfi, geta unnið sjálfstætt og hafa góða hæfileika í mannlegum samskiptum.

Umsóknir sendist til Gísla á gisli@worldclass.is
Nánari upplýsingar í síma 693 7176

ÞJÓNUSTU - SAMVINNA - ÞEKKING

ÁBYRGÐARSTARF Á SKEMMTILEGUM VINNUSTAÐ

VAKTSTJÓRI Í AFGREIÐSLU

Við leitum að kraftmiklum og þjónustulunduðum einstaklingi í áhugavert ábyrgðarstarf sem felur í sér þjónustu við viðskiptavini, símsvörun, sölu á vörum, þjónustu og veitingum auk ýmissa annara verkefna. Reynsla af Navision tölvukerfi er kostur. Viðkomandi þarf að vera félagslyndur og hafa ánægju af samskiptum við fólk.
Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu.
Þarf að geta hafið störf strax.
Lágmarksaldur 22 ár. Reykleysi skilyrði.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 1. mars.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

BIRK FLIGHT SERVICES

Fjölbreytt störf í boði

Vegna aukinna umsvifa óskar BIKF Flight Services eftir því að ráða starfsfólk í fjölbreytt og skemmtileg störf í alþjóðlegu starfsumhverfi á Keflavíkurflugvelli.

Við erum að leita eftir fólki í bæði fullt starf og hlutastarf.
Um vaktavinnu er að ræða þar sem unnið er eftir sveigjanlegu vaktakerfi.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð til að eiga möguleika á starfi.

Þeir sem að vilja starfa hjá BIKF Flight Services þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund, einstaklega góðri færni í mannlegum samskiptum, vera stundvísir og agaðir í vinnubrögðum.

Starfsfólk okkar mun þurfa að sækja námskeið af ýmsu tagi áður en það getur hafið störf.

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá skulu berast í pósti til BIRK Flight Services, Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík, merktar **„Starf BIKF Flight Services“** fyrir 31. mars nk.

BIKF Flight Services er viðskiptanafn Keflavík Flight Services ehf. dótturfélags Flugþjónustunnar ehf. á Reykjavíkurflugvelli.
Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.birk.is
Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.birk.is og www.bikf.is

Capacent Ráðningar

INNKAUP
ÖFLUGUR SÉRFRÆÐINGUR

Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing til starfa í innkaupadeild. Um afar fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða. Starfið tilheyrir fjármálasviði og heyrir undir innkaupastjóra fyrirtækisins.

Starfssvið:
- Umsjón með útboðs- og samningagerð
- Samskipti við verktaka, innlenda og erlenda birgja
- Greining upplýsinga
- Finna tækifæri og leita nýrra lausna
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

Við leitum að einstaklingi sem hefur:
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Getu til að starfa sjálfstætt
- Frumkvæði og metnað
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í hóp

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af útboðum og samningagerð kostur
- Reynsla af innkaupum
- Góð kunnátta í MS Office

Í boði er:
- Krefjandi verkefni
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagreikning upp á 4,8 milljarða dala. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Á síðasta ári setti Landsvirkjun sér nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun stefnir að því að verða eitt af leiðandi orkufyrirtækjum Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.
Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum hennar starfa um 350 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 12. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FORSTJÓRI HÖRPU

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Harpa auglýsir starf forstjóra laust til umsóknar. Leitað er að reyndum, ábyrgðarfullum og hugmyndaríkum einstaklingi til að að leiða starfsemi Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu.

Lýsing á húsi, eignarhaldi og rekstrarumhverfi:
Harpa er tónlistar- og ráðstefnumiðstöð með framúrskarandi aðstöðu, tæknibúnað og hljómburð. Félagið er hlutafélag í eigu ríkis (54%) og Reykjavíkurborgar (46%) og er starfsemin grundvölluð á eigendastefnu þessara aðila. Lögð er áhersla á að í húsinu verði öflug tónlistar-, menningar- og ráðstefnustarfsemi sem rekin verður á sjálfbæran hátt. Fasteignin er fjármögnuð með láni til 35 ára sem greiðist niður af eigendum.

Lýsing á starfsvettvangi hússins:
Starfsemi Hörpu felst í útleigu sala, tækniþjónustu og annarar aðstöðu til flutnings tónlistar, funda- og ráðstefnuhalds og annarra viðburða. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan eru leigjendur í húsinu. Annarri starfsemi eins og rekstri veitinga, verslunar og bílastæða er úthýst til sérhæfðra rekstraraðila.
Frá því að húsið opnaði á síðasta ári hafa nálægt 800 þúsund gestir heimsótt það.

Ábyrgðarsvið forstjóra:
Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun hússins, stefnumótun, markmiðasetningu, fjármálum, markaðssetningu og starfsmannahaldi.
Í húsinu starfar hópur sérhæfðra starfsmanna á ýmsum sviðum og mun forstjóri leiða starf þeirra í samræmi við skipurit.

Hæfniskröfur:
Leitað er að forstjóra sem hefur farsæla reynslu af rekstri, flóknu rekstrarumhverfi og markmiðasettri stjórnun. Reynsla af menningarrekstri eða úr ferðaþjónustu s.s. þekking á alþjóðlegum ráðstefnumarkaði er kostur svo og reynsla af því að tengja saman menningu og atvinnulíf. Forstjóri þarf að búa yfir góðum hæfileikum til samskipta og að koma fram með sóma fyrir hönd hússins innanlands og utan. Viðkomandi þarf að sýna fram á leiðtogahæfileika og getu til að skapa örvandi starfsumhverfi og jákvæðan starfsanda. Háskólamenntun sem nýtist í starfi skilyrði.

Umsjón með starfinu hefur Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Rio Tinto Alcan

Sumarstörf í Straumsvík

Við leitum að fólki í sumarstörf á tímabilinu 15. maí til 1. september, eða eftir samkomulagi.

Starfsmenn óskast á eftirtalda vinnustaði:

Ker- og steypuskáli. Aðallega er unnið á þrískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

Skautsmiðja. Unnið er á tvískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

Hafnarvinna. Unnið er í dagvinnu og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði og standast lyftarapróf, hafi þeir ekki réttindi.

Mötuneyti. Meðal annars er leitað eftir matreiðslumanni.

Öryggisvarsla. Unnið er á þrískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði.

Birgðahald og innkaup. Unnið er í dagvinnu.

Rannsóknarstofa. Unnið er á tvískiptum vöktum.

Efnisvinnsla. Unnið er á tvískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

Verkstæði. Unnið er í dagvinnu og krafist er iðnréttinda.

Ýmsir aðrir vinnustaðir.

Á flestum vinnustöðum ISAL er bæði dagvinna og vaktavinna í boði.

Allt nýtt starfsfólk:

» Þarf að vera orðið 18 ára eða verða það á árinu.

» Þarf að gangast undir læknisskoðun og standast lyfjapróf áður en það hefur störf.

Lögð er rík áhersla á öryggismál starfsmanna og er markviss þjálfun í upphafi starfstíma.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um á heimasíðu okkar **riotintoalcan.is** þar sem jafnframt eru nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars.

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, framsækið og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

SUMARSTÖRF

Þekkt húsgagnaverslun í RVK óskar eftir starfsfólki í verslun og á lager.
Aldurstakmark 20 ára. Áhugasamir leggi inn umsókn á husgagnaverslun@gmail.com

RAFKERFISHÖNNUÐUR

Rafmagnsverkfræðingur eða rafmagnstæknifræðingur

Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar óskar eftir að ráða rafmagnsverkfræðing eða rafmagnstæknifræðing til starfa. Við leitum að áhugasömum starfsmanni til að vinna með okkur við hönnun ýmiskonar tölvustýrðra stjórnkerfa í iðnaði.

Upplýsingar veitir Magnús Kristbergsson í síma 560 5400, netfang magnus@vji.is
Umsóknir skulu berast til VJI, Síðumúla 1.

ráðgjöf
hönnun
áætlanir

Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar var stofnuð 1960. Fyrirtækið veitir alhliða ráðgjöf og hannar kerfi fyrir háspennu, lágspennu og smáspennu auk ýmiskonar stjórnkerfa. Verkefni VJI tengjast jarðvarma- og vatnsaflsvirkjunum og öðrum orkumannvirkjum, vatns og hitaveitum, samgöngumannvirkjum, iðnaðar-, stjórn- og skjákerfum. Einnig veitir VJI ráðgjöf við ýmiskonar rekstrarþjónustu.

Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf.

Síðumúli 1 • 108 Reykjavík • Sími 560 5400 • Fax 560 5410 • www.vji.is

BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun.

Hæfniskröfur:

- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Ekki sækja um ef þú ert:

- Ekki faglærður bifvélavirki
- Fúll á móti
- Átt erfitt með að umgangast fólk

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 15. mars

TÉKKLAND Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Sími 414 9900 / www.tekkland.is

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK / HAG / 0212

Ert þú framúrskarandi?

Vegna aukinna verkefna óskar LS Retail að ráða framúrskarandi sérfræðinga. Eftirtalin störf eru laus til umsóknar:

Hugbúnaðarþróun .NET

Starfssviðið felst í hönnun og forritun á hugbúnaðarlausnum í .NET umhverfi.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun æskileg. Viðkomandi þarf að vera búinn að sanna sig sem forritari og að geta geta notið sín í dýnamísku starfsumhverfi þar sem agile-aðferðafræði er beitt. Þekking á Microsoft Visual Studio og C# er kostur en ekki skilyrði.

Verkefnastjóri

Starfssviðið felst í umsjón með og stýringu ráðgjafarverkefna, samskiptum við erlenda samstarfsaðila og forðastýringu.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun ásamt haldgóðri reynslu og þekkingu á verkefnaumsjón og áætlanagerð á sviði hugbúnaðargerðar. Reynsla af viðskiptahugbúnaði er mikill kostur. Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar auk góðrar enskukunnáttu eru skilyrði.

Hugbúnaðarprófanir

Starfssviðið felst í hugbúnaðarprófunum, gerð prófanatilvika og samskiptum við hugbúnaðarsérfræðinga.

Menntunar- og hæfniskröfur: Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi með reynslu af hugbúnaðarprófunum í kröfuhörðu umhverfi. Háskólamenntaðir einstaklingar sem hafa starfað við forritun koma einnig vel til greina. Reynsla af agile-aðferðafræðinni eða sambærilegum vinnuferlum er kostur.

Við leggjum okkur fram, stöndum saman og vitum hvað þarf til að skara framúr. Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu.

Við þróum hugbúnað fyrir fyrirtæki í verslunarrekstri og seljum vörur okkar í gegnum net 120 endursöluaðila í 60 löndum. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum sem eru reiðubúnir að takast á við fjölbreytt og vaxandi verkefni. Góð enskukunnátta er mikilvægur þáttur til að ná árangri í okkar starfsumhverfi.

Nú er lag á að sækja um og koma til liðs við samheldinn hóp sem metur góðan starfsanda mikils.

Hugbúnaðarþróun Microsoft Dynamics NAV

Starfssviðið felst í hönnun og forritun viðskiptalausna fyrir Microsoft Dynamics NAV.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða önnur háskólamenntun ásamt reynslu af sambærilegu starfi. Reynsla af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics NAV er æskileg.

Góð þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra er kostur.

Ráðgjafi Microsoft Dynamics NAV

Starfssviðið felst í ráðgjöf og þjónustu á viðskiptalausnum byggðum á Microsoft Dynamics NAV.

Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun á sviði viðskipta-, tölvunar- eða verkfræði. Haldgóð þekking á Microsoft Dynamics NAV (eða öðrum viðskiptakerfum) er nauðsynleg. Góðir samskiptahæfileikar eru skilyrði og viðkomandi verður að vera ófeiminn við að sýna og kenna á hugbúnað. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði sem og aðstæður til að geta verið mikið á ferðalögum.

Upplýsingar um störfin veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars.

intellecta

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is Umsókn um störfin þarf að fylgja starfsferilskrá.

Microsoft Partner Gold Enterprise Resource Planning

LS RETAIL

LS Retail hugbúnaður er í fremstu röð á heimsvísu og seldur í samstarfi við 120 vottuð fyrirtæki í meira en 60 löndum. Um 2.000 fyrirtæki nota hugbúnað LS Retail á 80.000 afgreiðslukössum í alls 38.000 verslunum. Meðal ánægðra viðskiptavina LS Retail eru: adidas, Fríhöfnin, ÁTVR, Nova, Apple Íslandi, Laugar, Ilva, Melabúðin, Dublin Airport Authority (DAA), Rivoli Group, aswaaq, Pizza Hut, IKEA, Hard Rock Café Þýskalandi, Bodycare International, Eu Yan Sang, Sony Co. (Hong Kong), Wind (Telecom) Ítalíu, Topps Tiles, DIAL (Delhi International Airport Limited) og Kingdom of Dreams.

Lektor

Lektor í ólífrænni efnafræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands

Laust er til umsóknar starf lektors í efnafræði við Raunvísindadeild.
Kennaranum er ætlað að stunda rannsóknir á sviði ólífrænnar efnafræði, leiðbeina nemendum í framhaldsnámi, kenna grunn- og framhaldsnámskeið á sérsviði sínu og koma að kennslu á fyrsta ári. Kennsla í grunnnámi í efnafræði við Háskóla Íslands fer að jafnaði fram á íslensku.

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í efnafræði eða sambærilegu námi. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum. Rannsóknaáform umsækjenda þurfa að falla sem best að þeirri rannsóknastarfsemi sem fyrir er og aðstöðu til rannsókna. Ætlast er til að viðkomandi stundi öflugar rannsóknir og styrki með því framhaldsnám á sínu sviði. Rektor er heimilt að veita framgang í starfi strax við nýráðningu uppfylli viðkomandi þau skilyrði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Snorri Þór Sigurðsson, námsbrautarstjóri efnafræðinámsbrautar í síma **525 4801**, netfang: **snorrisi@hi.is.**

Sjá nánar um starfið á **www.starfatorg.is** og **www.hi.is.skolinn/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 120636

Fimm í ævintýraleit?

PIPAR\TBWA auglýsir eftir hugmyndaríku og flinku fólki til starfa á skemmtilegustu auglýsingastofu landsins.* Umsækjendur þurfa bæði að geta unnið sjálfstætt og tekið þátt í hópastarfi og krefjandi verkefnum í líflegu umhverfi. Jákvæðni, gott skap og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.

\ Texta- og hugmyndasmiður
Hæfniskröfur:
\ Góð þekking á tungumálinu og reynsla af ritun og meðferð þess
\ Góð reynsla af hugmyndavinnu og handritagerð er kostur
\ Brennandi áhugi á markaðsmálum
\ Hugmyndaauðgi

\ Grafískur hönnuður með mikla reynslu af skjámiðlun og hreyfigrafík
Hæfniskröfur:
\ Háskólapróf í grafískri hönnun
\ Góð starfsreynsla í faginu
\ Sérhæfing í hreyfigrafík og forritum á borð við Flash, After Effects, Final Cut o.fl.
\ Hugmyndaauðgi

\ Viðskiptastjóri í samfélagsdeild
Hæfniskröfur:
\ Háskólamenntun á sviði viðskipta eða markaðsfræða
\ Góð þekking á samfélagsvefjum
\ Góð reynsla af markaðs- og sölustörfum

\ PPC- og SEO-sérfræðingur í samfélagsdeild
Hæfniskröfur:
\ Sérfræðiþekking á PPC og SEO og starfsreynsla á því sviði
\ Góð þekking á samfélagsvefjum og markaðssetningu á netinu

\ Birtingastjóri
Hæfniskröfur:
\ Háskólamenntun
\ Góð tölfræðiþekking
\ Góð þekking og reynsla af birtingamálum
\ Góð þekking og reynsla af markaðsgreiningu og úrvinnslu kannana

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að fylla út umsóknarform á Facebook-síðu stofunnar **facebook.com/pipartbwa** fyrir **5. mars** nk. Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA \ Tryggvagötu 17 \ 101 Reykjavík \ Sími 510 9000 \ www.pipar-tbwa.is

Hjá PIPAR\TBWA starfa 28 manns. Stofan er sú fyrsta á landinu sem hefur sérdeild samfélagsvefja, en þar starfa þegar fimm sérfræðingar. PIPAR\TBWA er hluti af TBWA sem er ein af framsæknustu samstarfskeðjum auglýsingastofa í heiminum. Þar starfa um 12.000 manns á 258 stofum í 77 löndum.

**Samkvæmt ítarlegri könnun sem gerð var meðal starfsfólks PIPARS\TBWA.*

Sölufólk óskast.

Fyrirtæki í matvælaiðnaði getur bætt við sölufólki vegna afleysinga í rúmt ár. Starfið er laust frá og með byrjun mars n.k.

Aðeins vant fólk kemur til greina. Krafist er stundvísi og samviskusemi í starfi.

Æskilegt er að viðkomandi geti líka unnið almenna skrifstofuvinnu en þó ekki skilyrði.

Áhugasamir sendi umsókn á thjonusta@365.is merkt (sölumaður 25/2/2012)

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

MANNAUÐSSTJÓRI

Innanríkisráðuneytið auglýsir stöðu mannauðsstjóra lausa til umsóknar. Starfið felur annarsvegar í sér áherslu á metnaðarfulla mannauðsstefnu og góða menningu og hins vegar áherslu á vandaðan undirbúning að skipun embættismanna hjá stofnunum ráðuneytisins.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er æskileg.
- Starfsreynsla á sviði mannauðsmála er mikill kostur.
- Þekking á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er kostur.
- Sjálfstæði í störfum og metnaður til að ná árangri.
- Áhugi á fólki og mjög góð færni í mannlegum samskiptum.
- Þjónustulund og jákvæðni.

Helstu verkefni:

- Þróun mannauðsstefnu, framkvæmd og eftirfylgd.
- Umsjón með starfsþróun og endurmenntun m.a. gerð og eftirfylgd starfsþróunaráætlunar.
- Greining og mat á mannaflaþörf og umsjón með ráðningum, móttöku og starfslokum starfsmanna.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðstengdum málum.
- Gerð starfslýsinga og undirbúningur og eftirfylgd starfsmanna- og frammistöðusamtala
- Skipulagning starfsmanna- og fræðslufunda
- Undirbúningur að skipun, setningu og starfslokum embættismanna

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Ingilín Kristmannsdóttir, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu, í síma 5459000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 12. mars nk. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

Ert þú **ekki gera ekki neitt** týpa?

Motus ehf. (áður Intrum á Íslandi ehf.) er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 130 starfsmenn á 11 starfsstöðvum um land allt. Meðal viðskiptavina Motus eru m.a. fjölmörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

intrum justitia

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

Rekstrarstjóri óskast

Við hjá Motus leitum að öflugum einstaklingi í starf rekstrarstjóra. Rekstrarstjóri er hluti af stjórnendateymi Motus og vinnur náið með forstjóra að daglegri stjórnun fyrirtækisins og þeim málefnum sem efst eru á baugi á hverjum tíma.

Hlutverk rekstrarstjóra er samstarf við aðra stjórnendur við daglega stjórnun og stefnumörkun fyrirtækisins ásamt þróun og framreiðslu stjórnendaupplýsinga. Rekstrarstjóri ber jafnframt ábyrgð á innkaupum fyrirtækisins.

Áherslur í starfi rekstrarstjóra verða þróaðar með hliðsjón af styrkleikum þess einstaklings sem ráðinn verður í starfið, en það kemur m.a. inná eftirfarandi svið:

- Frávika- og hagkvæmnisgreiningar
- Áætlanagerð
- Þróun og vinnsla framlegðarútreikninga
- Innkaup
- Ráðgjöf til starfsmanna og stærri viðskiptavina
- Stjórnun og stefnumörkun
- Vöru- og viðskiptaþróun
- Aðkoma að starfsmannamálum
- Verkefnastjórnun
- Fjármál
- Upplýsingatækni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólamenntun t.d. viðskipta- eða hagfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi og hæfileikar til greiningar tölulegra gagna
- Sjálfstæði, metnaður og nákvæm vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Öll reynsla af vinnslu sambærilegra verkefna er kostur
- Vera „EKKI GERA EKKI NEITT“ týpa

EKKI GERA EKKI NEITT er grundvöllur fyrirtækjamenningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpsemi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi. Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannastjóri í síma 440-7122 og sibba@motus. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 7.mars. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

motus

kaktus MOT 0212-03

SUÐURNES | GARÐUR | GRINDAVÍK | REYKJANESBÆR | SANDGERÐI | VOGAR

Verkefnisstjóri Reykjanes Geopark Iceland

Heklan, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, leitar að kraftmiklum starfsmanni í krefjandi starf verkefnisstjóra um stofnun og þróun jarðvangs á Reykjanesi. Um er að ræða tímabundna ráðningu til 31.12.2013.

Verkefnið felst í því að leiða vinnu við stofnun jarðvangs á Reykjanesi. Verkefnisstjóri tekur þátt í að skapa og ýta úr vör áhugaverðu þróunarverkefni í ferðaþjónustu og vísindastarfi á Reykjanesi

Nánari upplýsingar veitir Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri í síma 420 3288 eða berglind@sss.is.

HÆFNISKRÖFUR

» Háskólapróf sem nýtist í starfi
» Lipurð í mannlegum samskiptum
» Framúrskarandi skipulagshæfni
» Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
» Reynsla af verkefnastjórnun
» Reynsla af nýsköpunarstarfi

Umsóknir skulu berast skrifstofu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ, eða á berglind@sss fyrir 12. mars.

HEKLAN | ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG SUÐURNESJA

Nortura SA, one of Norway's largest food groups, produces the Gilde, Prior, Norgården, Terina, Thulefjord, Eldhus and St. Kristina brands. Nortura SA is a co-operative, owned by 17,800 farmers. We have 5,800 employees located across the country and a turnover of NOK 17 billion.

Nortura - fra råvarer til merkevarer

Do you want to work with some of Norway's strongest brands?
Nortura Forus has the following vacancy:

Automation mechanic

Nortura Forus is situated in the municipality of Stavanger. We slaughter pigs and sheep and cut and process many products. We also have our own office facilities.

Your duties:
The successful applicant will form part of a specialist team, which is tasked with ensuring that the company's production lines remain operational at all times and run at maximum capacity. The factory's requirement for uptime on its production equipment requires us to stay ahead in terms of preventive maintenance, and to systematically develop specialist expertise in all areas. An important aspect of the position will be to contribute to the improvement and further development of existing equipment, and to provide support for projects concerning investments in new machinery or lines. Our production equipment is supplied by a leading global supplier to our industry. All our employees must undergo the group's hygiene and HSE training programme.

Qualifications:
Certificate of apprenticeship/training within an automation-related subject. Applicants with a mechanical background may be considered if their previous work experience can document the desired qualifications.

We are seeking a person who is:
Positive, goal-oriented, innovative, reliable, responsible and cooperative. Applicants must have good oral and written skills in a Scandinavian language.

We can offer:
A gross salary of around NOK 225 per hour (with over ten years' experience within the field). Payments for antisocial working hours will be made in addition to this. Good working environment. Competent employees. Good development opportunities. Good pension and insurance schemes.

Other:
The company may be able to provide assistance in finding accommodation. Typical costs for lodgings are between NOK 6.000 and NOK 10.000 per month. The company may also be able to provide assistance if you are moving with your family.

Working time arrangements:
Shifts/rotation, permanent full-time. We have two shift patterns/rotations; The "Three-shift rotation system" (Week 1: 06.00 – 14.00, week 2: 07.00 – 15.00, week 3: 14.45 – 22.21) and "Fixed afternoons/evenings" (14.45 – 22.21).

Application:
For more information and to submit an application, send to kjetil.stokkeland@nortura.no

Appointment:
We consider joining the Recruitement Seminar that is to be held in Reykjavik on 20th of March. We want you to send CV in forehand, and we will then make an appointment for the 20th of March.

For more information in English, please visit **www.nortura.no**

Deadline for receipt of applications:
9th of March 2012

Gilde PRIOR Terina ØKOLOGISKE NORGÅR Eldhus Thulefjord

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

Tölvufræðikennari óskast

Menntaskólinn Hraðbraut óskar að ráða vanan tölvufræðikennara til að kenna grunnáfanga í upplýsingatækni og forritun á tímabilinu frá 26. mars til 22. júní. Áhugasamir sendi upplýsingar sem fyrst á netfangið ohj@hradbraut.is.

Ertu flugklár í tölum?

Vegna aukinna umsvifa leitar Iceland Express eftir starfskrafti í tekjustýringu og áætlanagerð. Um er að ræða krefjandi starf hjá framsæknu fyrirtæki með skemmtilegan starfsanda. Starfið felur í sér náin samskipti við sölufólk, verðstýringu, vinnu við flugáætlun og flest það sem viðkemur rekstri flugfélags.

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskipta eða sambærilegt nám
- Skipulögð og ögguð vinnubrögð
- Vandvirkni, nákvæmni, góð yfirsýn og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg
- Góð tölvukunnátta og reynsla af Excel

Umsóknir sendist á job@icelandexpress.is fyrir 25. febrúar, merkt „Tekjustýring".

Iceland Express

Fíton/SÍA

Viltu vera fararstjóri?

Ferðaskrifstofan **Express ferðir** auglýsir eftir fjölhæfum og dugmiklum fararstjóra til starfa á Costa Brava á Spáni í sumar.

Hæfniskröfur:

- Framúrskarandi tök á talaðri og ritaðri íslensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Tungumálakunnátta í ensku og spænsku
- Reynsla af fararstjórn æskileg
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 25 ára aldri

Umsækjendur skulu senda á skrifstofu Express ferða í Ármúla 7, 108 Reykjavík. Einnig er hægt að senda á netfangið klaraiv@expressferdir.is Umsóknarfrestur rennur út 6. mars 2012.

Fíton/SÍA

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

NETSÉRFRÆÐINGUR ÓSKAST TIL STARFA

Við óskum eftir netsérfræðingi til starfa í miðlungs til stórum netkerfum. Kostur er að hafa gráður í faginu s.s. Cisco CCNA/CCNP, góðan skilning á OSI módelinu, TCP og tölvusamskiptum yfir höfuð.

Við störfum í umhverfi þar sem sjálfstæð og öguð vinnubrögð skila árangri. Frumkvæði ásamt góðum samskiptahæfileikum eru lykil kostir.
Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

NORRIQ NetPartner, www.norriq.is
Umsóknir skulu sendar á work@npi.is.
Öllum umsóknum er svarað.

ERTU FRAMÚRSKARANDI FASTEIGNASÖLUKONA / MAÐUR?

Við bjóðum réttu fólki:
- Góðan starfsanda
- Gott starfsumhverfi
- Góð kjör
- Ábyrg vinnubrögð

Reynsla eða löggilding skilyrði

Allar upplýsingar veita sigurdur@landmark.is eða magnus@landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

ATVINNA

Touring Cars Iceland, Reykjanesbæ, óskar eftir að ráða starfsfólk í sumar.

Í boði eru eftirfarandi störf:
- Afgreiðsla.
- Þrif og viðhald húsbíla.

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar umsækjendum með tölvupósti.
Umsókn sendist með upplýsingum um starfsferil (CV) á: umsokn.tc@gmail.com.
Umsókn skal berast fyrir **15. mars** næstkomandi.

VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · OPEL · RENAULT · NISSAN

Starfsmaður við tollafgreiðslu og innflutning

Starfssvið:
- Skráning innflutnings
- Tollafgreiðsla
- Utanumhald og afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Haldgóð menntun og reynsla af tollafgreiðslu eða sambærilegum störfum
- Unnið er í Navision bókhaldskerfi

Gerð er krafa um góða almenna tölvukunnáttu og áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu okkar, www.bl.is, eða með því að senda tölvupóst á starfsumsokn@bl.is. Umsóknarfrestur er til 2. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir starfsmanna- og gæðastjóri í síma 525 8082, netfang: hrafnhildur.hauksdottir@bl.is

ENNEMM / SÍA / NM40799

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

BL

If you really want, you can achieve everything. If you have the abilities and the ambition, we give you the challenges and the opportunities. NTE is developing innovative solutions for green energy, electronic products and communication and it is the largests industrial group in Mid-Norway. We are a company with highly skilled and satisfied employees, a safe work environment and a responsible ownership. And we are constantly looking for people who have the courage and the willingness to challenge us.

ENGINEERS (BACHELOR'S AND MASTER'S DEGREE)

We look for several skilled employees for exciting hydro- and wind power projects both domestically and internationally

NTE Energy Development carries out profitable development projects with emphasis on the exploitation of renewable energy sources. We have one of of the largest professional communities within renewable energy in Norway. We have offices in Steinkjer and Trondheim and we carry out projects in other countries such as Nicaragua and Montenegro. Our project portfolio is large and includes everything from the feasibility studies to the planning and the implementation of large hydro- and wind power projects.
We offer excellent opportunities for skill development and interesting career possibilities in a large corporation. We have a pleasant work environment and great work conditions.

The job positions are within our project team and involve a variety of challenging tasks:
- Construction management/project management
- Design of complete hydro power and wind power plants
- Rehabilitation of existing facilities
- Hydro power engineering and hydrology
- Construction of concrete and steel
- Wind power, machines and electric power
- Preparation of tenders and drawings

To get more information and to apply, check www.nte.no/karriere or contact Ove Sotberg, Managing Director of NTE Energy Development (ove.sotberg@nte.no; mob: +47 907 97 948)

Deadline to apply: ASAP

Tlf: 07400
www.nte.no

NTE

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Laus störf hjá Seðlabanka Íslands

Skjalastjóri/Forstöðumaður innri upplýsingaþjónustu

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða skjalastjóra/forstöðumann innri upplýsingaþjónustu bankans, sem er eining innan rekstrar- og starfsmannasviðs. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík

Helstu verkefni:
- Þróun skjalastefnu og eftirfylgni við hana.
- Mótun verklags við skjalastjórnun fyrir bankann í heild.
- Umsjón með aðgangsstýringu skjala.
- Gerð skjalavistunar- og grisjunaráætlunar og eftirfylgni hennar.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn varðandi skjalamál.
- Ábyrgð á að reglugerðum og stöðlum um skjalastýringu sé framfylgt.

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði.
- Víðtæk reynsla af skjalastjórnun.
- Þekking og reynsla af OneRecords mála- og skjalavistunarkerfi.
- Góð almenn tölvufærni.
- Góð íslensku og enskukunnátta.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lögð er áhersla á skipuleg og fagleg vinnubrögð, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Skrifstofumaður

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða skrifstofumann til starfa við innri upplýsingaþjónustu bankans, sem er eining innan rekstrar- og starfsmannasviðs. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík

Helstu verkefni og ábyrgð
- Móttaka, flokkun og dreifing pósts.
- Skönnun innkominna erinda og skráning í skjalakerfi bankans.
- Pökkun og frágangur skjala.
- Móttaka skjala frá starfsmönnum, flokkun og vistun.

Menntun og hæfniskröfur:
- Reynsla af sambærilegu starfi.
- Þekking á OneRecords mála- og skjalakerfi er kostur.
- Góð almenn tölvufærni.
- Góð íslensku og enskukunnátta.
- Frumkvæði metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lögð er áhersla á skipuleg og fagleg vinnubrögð, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

Markmið rekstrar- og starfsmannasviðs Seðlabankans er að skapa umhverfi og aðbúnað sem gerir bankanum kleift að uppfylla hlutverk sitt sem best á hverjum tíma. Að gæta hagsýni í hvívetna við notkun á þeim fjármunum sem ætlaðir eru til reksturs bankans og að framfylgja starfsmanna- og fræðslustefnu bankans hverju sinni.

Nánari upplýsingar um störfum veitir Ásta H. Bragadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og starfsmannasviðs í síma 569 9600.

Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi laugardaginn 10. mars næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Aðstoðarhjúkrunardeildarstjóri

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða aðstoðardeildarstjóra á hjúkrunardeild.
Á deildinni eru 46 hjúkrunarrými sem skiptast niður á þrjár einingar og er ein þeirra 10 rúma eining fyrir minnisskerta.
Á deildinni er einn deildarstjóri og tveir aðstoðardeildarstjórar.
Gerð er krafa um viðurkennt hjúkrunarpróf og leyfi frá Landlæknisembættinu til að stunda hjúkrun. Nám í stjórnun og/eða öldrunarhjúkrun er æskilegt sem og starfsreynsla í hjúkrun.

Upplýsingar um starfið veita:
Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri
Sími 560-4163, dagmar@sunnuhlid.is og
María Fjóla Harðardóttir, deildarstjóri
Sími 560-4161, maria@sunnuhlid.is

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður í leikskólum

Þessu beintengt hefur ólöglegum skotvopnum fjölgað geysilega á svæðinu og samkvæmt tölum frá lögreglunni á Skáni hafa um 200 skotvopn verið gerð upptæk á ári síðustu fjögur ár.

Átta morð tengd glæpaklíkum

Síðasta árið hefur ofbeldið í Malmö þó keyrt um þverbak. Frá 10. júlí hafa átta látið lífið í tengslum við meint uppgjör í undirheimum borgarinnar. Þar af voru sex myrtir frá nóvember fram í janúar. Yngsta fórnarlambið er 15 ára piltur sem var skotinn á nýársnótt.

Auk þess sprakk sprengja við hverfislögreglustöð í borginni 1. febrúar, en enginn meiddist. Tilræðismennirnir komust undan í öllum þessum tilfellum.

Uppgjör milli glæpahópa

Erfitt er að segja til um nákvæmlega hvað liggur að baki þessari aukningu, en í samtali við Svenska Dagbladet fyrir skemmstu sagði Daniel Vesterhav, sérfræðingur hjá glæpaforvarnaráði sænskra stjórnvalda, að útlit væri fyrir að ný kynslóð glæpamanna væri að ryðja sér til rúms í Malmö, sem og víðar um land. Þeir væru klíkusæknari en glæpamenn af „gamla skólanum“ og legðu meira upp úr stöðu og virðingu innan glæpaheimsins. Metnaður fyrir því að klífa upp metorðastiga glæpahópa felur svo gjarna í sér skotvopnaeign og notkun þeirra.

Vesterhav segir að skýringar á nýlegri hrinu ofbeldisverka megi rekja til þess að um uppgjör milli glæpahópa sé að ræða, eitt ódæðið leiði af öðru og fyrr en varði sé kominn af stað vítahringur ofbeldis og hjaðningarvíga, sem ekki sér enn fyrir endann á.

„Smávægilegt ósætti getur þess vegna undið upp á sig og orðið að stórmáli án þess að maður muni endilega um hvað var deilt til að byrja með,“ sagði Vesterhav.

Ráðast þarf að rótunum

Síðasta hrina ofbeldisverka í Malmö vakti mikla athygli og kallaði á sterk viðbrögð.

Lögreglan hefur stóraukið viðveru og sýnileika lögreglumanna á götum Malmö og sérsveit sænsku lögreglunnar gegn skipulagðri glæpastarfsemi, GOB, er með mikinn viðbúnað í borginni.

Það hefur þó ekki skilað miklu enn sem komið er, því að enginn hefur verið ákærður vegna morðanna átta og ekkert málanna er upplýst.

Alls óvíst er hvort hertar löggæsluaðgerðir séu best til þess fallnar að slá á glæpatíðnina. Meðal þeirra sem sem eru efins um að slíkt dugi til, eitt og sér, er Jerzy Sarnecki, prófessor í afbrotafræði við Háskólann í Stokkhólmi.

Í grein í Svenska Dagbladet segir Sarnecki að þó að vissulega sé mikilvægt að mæta hækkandi glæpatíðni með samstilltu löggæsluátaki, þurfi einnig að greina rætur vandans. Til þess þurfi að gæta að margvíslegum og djúpstæðum samfélagslegum þáttum.

Sarnecki segir það viðurkennda staðreynd að í hverfum þar sem fátækt er viðvarandi, líkt og víða er í Malmö, sé líklegra að ungt fólk sem fer halloka í lífinu þvælist út á refilstigu glæpa. Atvinnuleysi, veikar stofnanir í samfélaginu, takmarkaðir framtíðarmöguleikar og vantraust á yfirvöldum, sérstaklega lögreglu, eru meðal þess sem er landlægt við slíkar aðstæður.

„Ungt fólk (sérstaklega menn) úr þess háttar umhverfi leitar í auknum mæli í skipulagða glæpastarfsemi þegar það áttar sig á því að erfitt sé með löglegum hætti að öðlast efnahagsleg gæði eða félagslega stöðu í líkingu við lánsamari jafnaldra þeirra,“ segir Sarnecki og bætir við að slíkt ástand drífi áfram andfélagslega hegðun, til dæmis fíkniefnanotkun og afbrotahneigð.

Að hans mati er því vænlegast til árangurs til lengri tíma að uppræta fátæktina, atvinnuleysið og vonleysið sem einkennir nú mörg hverfi í Malmö, og raunar víðar í Svíþjóð. Mikilvægt sé að láta ekki staðar numið þó takist muni að slá á yfirstandandi glæpaöldu, heldur halda áfram að vinna á rótum vandans.

Einkenni og orsakir

Þrátt fyrir ófremdarástandið sem ríkir í Malmö þessa dagana segjast íbúarnir reyna að lifa sínu lífi, enda séu átökin í borginni að mestu milli glæpahópanna.

Þó er ljóst að fái ástandið að gerjast enn frekar er viðbúið að illa fari áður en langt um líður.

Það er hægt að taka fast á málum og hefta starfsemi glæpahópanna og vinna gegn skotvopnaflauminum en þar til unnið hefur verið á samfélagsböli vonleysis í fátækrahverfum Malmö verður aðeins um tímabundnar lausnir að ræða, sem beinast frekar að einkennum sjúkdómsins heldur en orsökum hans.

(Heimildir: Expressen, Aftonbladet og Svenska Dagbladet)

MÓTMÆLA OFBELDI Ættingjar 15 ára pilts sem lést eftir skotárás á nýársnótt komu saman í miðborg Malmö til að mótmæla framferði glæpagengjanna, en fjöldi manna liggur í valnum eftir vargöld síðustu mánaða. NORDICPHOTOS/AFP

SEX MORÐ Á SEX VIKUM

Skálmöld hefur ríkt í undirheimum Malmö að undanförnu þar sem hvert morðið hefur rekið annað.

- 24. nóv: 31 árs klíkuleiðtogi skotinn til bana.
- 20. des: Tveir grímuklæddir menn skjóta 55 ára gamlan iðnaðarmann til bana.
- 26. des: 27 ára gamall maður skotinn til bana af grímuklæddum manni í verslun.
- 1. janúar: 15 ára piltur skotinn í höfuð og brjóst í hinu alræmda Rosengårdenhverfi. Deyr á sjúkrahúsi skömmu síðar.
- 3. janúar: 48 ára gamall maður skotinn til bana á götu um hábjartan dag.
- 31. janúar 48 ára gamall leigubílstjóri skotinn til bana.

2011: BLÓÐUGT ÁR

6 Skotnir til bana.

10 Særðust eftir skotárásir.

23 Tilkynningar um skothríð í borginni.

16 sprengjur voru sprengdar í borginni

Húsmæðraorlof Gullbringu- og Kjósarsýslu

Álftanes, Garðabær, Garður, Grindavík, Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Sandgerði, Seltjarnarnes, Vogar.

Rétt til þess að sækja um eftirfarandi ferðir, hefur sérhver kona sem veitir, eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf.

Franska Rivieran, Cannes og Mónakó	**2. - 9. júní**
Aðventuferð til München	**8. - 11. desember**

Eftirtaldar konur veita nánari upplýsingar og taka á móti pöntunum í síma á milli kl. 17:00 og 19:00 á virkum dögum frá 27. febrúar til 7. mars:

Svanhvít Jónsdóttir	565 3708
Ína Jónsdóttir	421 2876
Guðrún Eyvindsdóttir	422 7174
Valdís Ólafsdóttir	566 6635
Sigrún Jörundsdóttir	565 6551

Orlofsnefndin

SJÓNARHORN ÍSLENDINGS Í MALMÖ

Glæpaaldan hefur lítil áhrif á daglegt líf almennings í Malmö

Smári Jökull Jónsson, íbúi í Malmö

Hundruð Íslendinga eru búsett í Malmö og næsta nágrenni. Þeirra á meðal er Smári Jökull Jónsson, sem hefur búið í Malmö í tæp þrjú ár ásamt fjölskyldu sinni. Þau búa í nágrenni miðborgarinnar, en Smári segir glæpaölduna lítil áhrif hafa haft á þeirra daglega líf.

„Þessir atburðir eru mestmegnis tengdir skipulagðri glæpastarfsemi og gerast innan þeirra hópa. Þetta er því ekki að trufla hinn almenna borgara að ráði. Glæpagengin hafa verið stórt vandamál í Malmö, en þessar árásir undanfarið beinast að öðrum klíkum frekar en almenningi.“

Smári segir þó að atburðir liðinna mánaða setji svip sinn á borgarlífið.

„Það hefur auðvitað verið mikil umræða um þessi mál og maður kemst ekki hjá því að heyra af því. Síðustu vikur hefur lögreglan verið að bæta í starfsemi sína og er orðin mikið sýnilegri. Þessi verstu tilfelli eru að mestu bundin við ákveðin hverfi þar sem glæpagengin eru. Það eru hverfi eins og Rosengård þar sem er mikið af innflytjendum og íbúar standa ef til vill ekki svo vel, hvorki fjárhagslega né félagslega. Við verðum þó ekkert vör við neitt slíkt í okkar hverfi þó að við séum niðri í miðbæ og hér búi margir innflytjendur.“

BT viltu vinna PS VITA?

allir sem kaupa fartölvu, spjaldtölvu leikjatölvu eða sjónvarp komast í pottinn !

kynningarverð 49.999 kr.

3G 69.999 kr.

stærðin skiptir máli !!

SAMSUNG 89.900 32"
Samsung D455 LCD
1366 x 768 - HD Ready

SAMSUNG 37" 159.900 40" 179.900
Samsung D5005 LED
Full HD - 100Hz - 4 HDMI - USB Movie - Allshare

SAMSUNG 3D 279.900 51"
Samsung D555 Plasma
3D - 1920 x 1080 - Full HD

gæði og gott verð

SAMSUNG 139.999
NP300E5A 15.6" LED
500GB - 4GB DDR3
Intel i3 2350M Dual-Core 2.3Ghz

SAMSUNG 169.999
NP300V5A 15.6" LED
500GB - 6GB DDR3
Intel Core i5 2450M 2.5GHz

19.999
7" PLAYTAB2 PRO spjaldtölva
Glæsileg og öflug multimedia spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Google Android 2.3 stýrikerfi

23.899
Ljómandi fínn hljómur
SCOTT
Hljómtækjastæða S2
2.1 - 40W hátalarar - DVD

39.999
SHARP
Hljómtækjastæða DH-330 Silfur
2.1 - 100W RMS (2x50W)

syngjandi sveitt partý-efni !!

7.999 The X Factor Wii
9.999 We Sing Bundle Wii
12.999 We Sing Encore Bundle Wii

99.999 Nýtt flottar græjur
SAMSUNG Heimabíó 2.1 3D 500W
Ipod Vagga, 3D Converter (2D->3D)
Smart Hub, AllShare, Anynet

99.999 Nýtt
SAMSUNG Heimabíó 5.1 3D 1000W
Ipod Vagga, 3D Converter (2D->3D)
Smart Hub, AllShare, Anynet

VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða

BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 - Vefverslun BT opið allan sólarhringinn - www.bt.is

Óskarsverðlaunin í tölum

Hin eftirsóttu og mikilsvirtu **Óskarsverðlaun** Bandarísku kvikmyndaakademíunnar verða veitt annað kvöld í Hollywood og verða í beinni útsendingu á Stöð 2. *Kjartan Guðmundsson* rýndi í tölurnar sem tengst hafa verðlaununum í gegnum tíðina.

Verðlaunahátíðin er send út beint til yfir **100 landa**

Elsti Óskarsverðlaunahafinn fyrir leik er **Jessica Tandy** sem var **80 ára og 252** daga gömul þegar hún fékk styttuna fyrir Driving Miss Daisy **árið 1989**

Yngsti Óskarsverðlaunahafinn fyrir leik er **Tatum O'Neal**, sem var **10 ára og 106 daga** þegar hún fékk styttuna fyrir hlutverk sitt í Paper Moon **árið 1973**

Þýska leikkonan **Luise Rainer** er elsti Óskarsverðlaunahafinn **sem er á lífi**, **102 ára** gömul.

Jennifer Lopez hefur **aldrei** verið tilnefnd

Gwyneth Paltrow hefur **1 sinni** verið tilnefnd **(og vann)**

Ben-Hur (1959), Titanic (1997) og **The Lord of the Rings: The Return of the King** hafa hlotið flest Óskarsverðlaun, eða **11 hver**

The Turning Point (1977) og **The Color Purple (1985)** hlutu flestar tilnefningar, **11 talsins**, **án þess að vinna til verðlauna**

Meryl Streep vann síðast Óskar fyrir **29 árum,** árið 1983, fyrir leik sinn í Sophie's Choice. Síðan þá hefur hún fengið **12 tilnefningar**

Skapari **South Park-þáttanna**, Trey Parker, hefur **1 sinni** verið tilnefndur en félagi hans **Matt Stone 0 sinnum**. Þeir mættu þó báðir á Óskarsverðlaunahátíðina árið 2000 – **á sýru**

Hingað til hafa **62 leikarar og leikkonur** fengið Óskar fyrir að leika fólk sem **er** eða **var** til í raunveruleikanum

Meðalaldur þeirra sem tilnefndir eru í flokknum besti leikari í aukahlutverki í ár er **62,6 ár**

Meryl Streep er tilnefnd í **17. skipti** í ár fyrir leik (sem Margaret Thatcher í myndinni The Iron Lady) og bætir þar með sitt eigið met

Billy Crystal verður kynnir í ár í **9. sinn. Bob Hope** er sá eini sem hefur kynnt hátíðina oftar, **19 sinnum.**

Billy Crystal hefur 0 sinnum unnið til Óskarsverðlauna

Bob Hope hlaut **5 heiðursviðurkenningar** Akademíunnar fyrir störf sín í þágu kvikmynda

2 rapplög hafa fengið Óskar fyrir besta lagið, **Lose Yourself** með **Eminem** (2002) og **It's Hard Out Here for a Pimp** með **Three 6 Mafia** (2005)

Óskarsstytta er **34 sentimetrar** að **hæð** og **3,85 kíló** að **þyngd**

John Singleton var tilnefndur sem besti leikstjórinn **24 ára**, yngstur slíkra

Sænski leikarinn **Max von Sydow**, sem er tilnefndur í flokknum besti **leikari í aukahlutverki** í ár fyrir myndina **Extremely Loud and Incredibly Close**, er næstelsti leikarinn sem tilnefndur hefur verið í þessum flokki, **82 ára og 289 daga gamall**. Sá elsti var **Hal Holbrook**, sem var **82 ára og 339 daga** þegar hann var tilnefndur fyrir myndina **Into the Wild** árið 2007

2.809 **Óskarsstyttur** hafa verið afhentar frá 1929

Óskarsverðlaunin verða afhent í 84. sinn á sunnudagskvöld

Ævintýramyndin **Hugo** eftir **Martin Scorsese** er tilnefnd í **flestum flokkum** í ár, **11 talsins**. Franska myndin **The Artist** fylgir í kjölfarið með **10 tilnefningar**

Gary Oldman er tilnefndur í fyrsta sinn í ár fyrir leik sinn í myndinni **Tinker Tailor Soldier Spy**

2 Bandaríkjamenn eru tilnefndir í flokknum besti leikari í aðalhlutverki í ár. Hinir eru **Breti**, **Frakki** og **Mexíkói**

Óskarsverðlaunanefndin, sem kýs vinningshafa, samanstendur af **5.783 meðlimum**. **94%** þeirra eru **hvítir á hörund**. **77%** meðlima eru **karlar**. **Meðalaldur** nefndarmanna er **62 ár**

Hrikaleg spenna!

VEIÐARNAR ERU HAFNAR – HVER HREMMIR BRÁÐINA?

NÝ KILJA

JUSSI ADLER-OLSEN er einn vinsælasti glæpasagnahöfundur Norðurlanda um þessar mundir. Fyrsta bókin um Carl Mørck og Deild Q, *Konan í búrinu*, kom út á síðasta ári og vakti mikla athygli og aðdáun.

★★★★★

„Jussi Adler-Olsen skrifar frumlegar glæpasögur með heillandi húmor þrátt fyrir myrk málefni ...“

Jyllands-Posten

„... vel samin, glæsilega stíluð og áhrifamikil ...“

Fyens Stiftstidende

VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Krossgáta

Lárétt

1. Lausn á fégræðgi er sjálfsögð (7)
4. Ræktar sið svo allir heyri (11)
10. Heldur erfiðu drápunum frá klaufunum (9)
11. Elska kosningu Daníels litla í hóp kuklaranna (10)
12. „Málbeinið á selnum“ segir einn kjaftaglaður (13)
13. Heimsóknin var fín, öfugt við útlitið (8)
14. Tínið pinna fyrir treflana (10)
15. Sættir þig við staup fyrir disk (9)
18. Bragi bjargaði konunni sinni úr svelgnum (6)
21. Ekki fyrsti dagur þessa misseris (5)
24. Ættleiddur gaur á kamerunni (9)
26. Teikna skaltu frægðarmenni með þekkingu á minnst tveimur tungum (12)
27. Vatn, E og sviti, þetta blikkar sjóara fyrir norðan land (11)
28. Clark Kent er toppgaur (10)
29. Eitt spil fyrir einangrun (7)
31. Strákarnir okkar börðust oft við þá meðan land þeirra var til (7)
32. Sé álögur loða við Þorlák (5)
33. Dópa með tröllum hjá Bayer og Roche (10)
34. Tíminn flýgur, en þora þau? (5)
35. Dundaðu við lúðuna + 50 (7)
36. Sunna fer í reisu kringum sænskan flugvöll (14)

Lóðrétt

1. Ávöxtur Evu stendur enn í stráknum og er nú kenndur við hann (9)
2. Fræðsluumdæmi kenna mætingu (9)
3. Nær tökum á taugataki? (9)
4. Faxið bandbók utan (9)
5. Sár skjálfti, og svo kraftaverkið (6)
6. Gyðjan gengur í salinn og leggst á bekkinn (8)
7. Gleðihugur einkennir hífaða (8)
8. Málvenjan afhjúpar málverkinn (10)
9. Ruglaðir atvinnumenn afgirða LA (9)
15. Þau sofa á útskerjum, litlu skinnin (8)
16. Hafði lært að bíða með hespunni (8)
17. Lofar milliríkjasamning (13)
19. Hrekkjalómur og fuglaskuggsjá fylgjast að (11)
20. Hér fara guðaveigar og fótamennt berlega saman (12)
22. Sækja svefngallann til að fá Tappa Tíkarrass og Tryggingastofnun á skerið (12)
23. Stillt hefur ekki hugmynd um hættuna (11)
25. Lokkir eftir prik sem þú raðar upp á nýtt (11)
26. Horfi til kornpolla, þar er margsungið himintungl um vor (10)
30. Ó vei, kal mun draga kraft úr grasi (6)



S	K	J	Ó	L	-			
F	A	T	N	A	Đ	U	R	

Lausnarorð síðustu viku var **skjólfatnaður**.

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafabréf fyrir tvo á sýningu að eigin vali í Borgarleikhúsinu. Vinningshafi síðustu viku var **Lilý Erla Adamsdóttir, Reykjavík.**



Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist byggingarform sem löngum hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi . Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 29. febrúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „25. febrúar“.

ÚTILÍF

URÐ OG GRJÓT UPP Í MÓT

ÖLL TOPPMERKIN Í FJALLGÖNGUNA:

DEUTER
Margverðlaunaðir bakpokar af öllum stærðum.

GRIVEL
Toppurinn í mann-broddum og ísöxum.

THE NORTH FACE
Stærsta útivistarmerkið.

HELLY HANSEN
Frábær nærföt.

TREZETA
Gönguskór á góðu verði.

MEINDL
Gönguskór fyrir kröfuharða.

BRIDGEDALE
Göngusokkar sem ganga.

TENDON
Gæða-klifurlínur á góðu verði.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 56427 09/11

tímamót

timamot@frettabladid.is

TENNESSEE WILLIAMS leikskáld lést þennan dag árið 1983.
„Við erum öll tilraunadýr á rannsóknarstofu guðs. Mannkynið er bara hluti af tilrauninni.“

†

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Þorvaldar Guðmundssonar
frá Bóndhól.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði.

Guðfinna Þorvaldsdóttir
Guðmundur Hafþór Þorvaldsson
Vilhjálmur Birgir Þorvaldsson
Sigríður Ragna Þorvaldsdóttir
Sumarliði Þorvaldsson
Þorvaldur Hannes Þorvaldsson
Ólafía Ingibjörg Þorvaldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elías Pálsson
Helga Margrét Gígja
Elínborg Ögmundsdóttir
Ólafur Árnason
Sigríður R. Helgadóttir

Steinar Garðarsson

†

Þökkum samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þórdísar Tryggvadóttur
myndlistarkonu

sem lést föstudaginn 10. febrúar 2012.

Sigríður Egilsdóttir
Helga Egilsdóttir
Björgúlfur Egilsson
Tryggvi Egilsson

Ólafur Jóhann Ólafsson

Lísa Pálsdóttir
Elín Magnadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þakka auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts eiginmanns míns,

Hauks Arnars Bogasonar.

Guðlaug Jónsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir

Hermann Jónasson
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

ÞETTA GERÐIST: 25. FEBRÚAR 1966

Ella Fitzgerald kom til Íslands

„Ella er komin“ var fyrirsögn í Tímanum 26. febrúar árið 1966 og vísaði til þess að daginn áður steig stórsöngkonan Ella Fitzgerald í fyrsta sinn fæti sínum á Ísland. Það var um kvöld og í kulda á Reykjavíkurflugvelli norpuðu blaðaljósmyndarar og fréttamenn og biðu eftir að stjarnan birtist. Ella var frægasta djasssöngkona þessa tíma og neðst í landgangi flugvélarinnar stóð Guðjón B. Baldvinsson verkalýðsforingi og færði henni blóm. Það var sonur hans, Baldur Guðjónsson sem stóð fyrir komu djassdívunnar til landsins en hann var þá við nám í Svíþjóð.

Ella hélt ferna tónleika en þeir voru illa sóttir og salur Háskólabíós varla hálfsetinn sum kvöldin. Ástæðan trúlega hátt verð á aðgöngumiðunum sem kostuðu meira en vikulaun verkamanns. Enda var frúin ekki par ánægð þegar hún fór og kvaddi með þeim orðum að til Íslands kæmi hún aldrei aftur. Við það stóð hún.

ÞORSTEINN EGGERTSSON RITHÖFUNDUR: ER SJÖTUGUR Í DAG

Yrkir mest um hamingjuna og hina sígildu leit að henni

Þorsteinn Eggertsson er svo unglegur í röddinni þegar hann svarar í símann að smástund kviknar efi um að þetta sé hið sjötuga afmælisbarn. Því er hann fyrst spurður hvort honum finnist ekki skrítið hvað aldurstölurnar hækka. „Jú, jú, en það er bara gaman,“ svarar hann léttur í bragði. „Ég stefni að því að bæta átta og níu við líka áður en yfir lýkur. En spegillinn sýnir að maður er orðinn svolítið grár.“

Þorsteinn er Suðurnesjamaður í húð og hár, fæddist í Keflavík, flutti þriggja ára með fjölskyldu sinni í Garðinn og eftir tólf ár þar aftur til Keflavíkur. Nú er hann hins vegar kominn til höfuðborgarinnar. Inntur eftir ástæðunni svarar hann: „Keflavík er fremur skjóllítill staður fyrir vindum og veðri. Ég sá alltaf borgina hinum megin við flóann í hillingum þegar ljósin kviknuðu þar á haustkvöldum. Þangað stefndi ég og þar ætlaði ég að gera góða hluti. Nú er ég sestur að í Skipholtinu. Ég hef reyndar búið úti um allar jarðir. Ég fór í myndlistarnám í Kaupmannahöfn, síðan hef ég búið í Berlín, Dublin og hér og þar. Held að það sé ansi gott veganesti fyrir hvern sem er að vera einhvern smá tíma erlendis til að meta enn betur það sem okkur er boðið upp á hér.“

Afmælisveisla er á döfinni hjá Þorsteini. Hann segir konuna sína, Jóhönnu Fjólu Ólafsdóttur lektor vera á fullu að undirbúa hana. „Ég ætla að halda upp á afmælið hérna hinum megin við götuna, í færeyska sjómannaheimilinu. Færeyjar er einn af þeim skemmtilegu stöðum sem ég hef komið til. Færeyingar eru afslappað og yndislegt fólk. Það er ekki stressið þar eins og víða hér.“

Þorsteinn hefur fengist við ýmsa listsköpun um ævina. Hann hefur skrifað, teiknað, málað og sungið, kennt myndlist og samið og sett upp söngleiki. Einnig sinnt blaðamennsku. Þekktastur er hann þó líklega fyrir dægurlagatexta sína sem hafa verið gefnir út á plötum í hundraðavís. Hann átti nokkra texta í nýafstaðinni söngvakeppni sjónvarpsins og einn þeirra rataði í undanúrslit. Þegar textarnir eru pantaðir er yfirleitt búið að semja lögin að hans sögn. „Ég yrki mest um hamingjuna og leitina að henni,“ segir hann og upp í hugann koma textar eins og Ástarsæla, Ég elska alla og Lífsgleði. „Sá kveðskapur sem fellur algerlega inn í samtímann eldist oft verr en sá sem fjallar um sígilt efni,“ segir hann. „Textar um vídeó eru til dæmis orðnir þokkalega gamaldags,“ tekur hann sem dæmi. Hann kveðst engan eftirlætistexta eiga eftir sjálfan sig. „Það fer bara eftir dögum og skapi,“ segir hann. „Þetta er allt komið í sama pottinn.“

Þorsteinn kveðst afskaplega ánægður með lífið. „Ég er kominn á besta stað í bænum, á yndislega konu og frábær börn og barnabörn,“ segir hann glaðlega og lætur það ekki angra sig þó sumt af yngra fólkinu sé í öðrum löndum. „Dóttir mín býr í Englandi, stjúpsonur minn í Kaupmannahöfn og stjúpdóttir í Póllandi en tvö eru heima. Meirihlutinn er semsagt erlendis en það gefur okkur hjónum tilefni til að ferðast. Svo er tæknin orðin þannig að auðvelt er að tala við fólkið sitt í gegnum tölvuna og sjá framan í það. Maður setur bara Skype í samband.“

gun@frettabladid.is

ÞORSTEINN EGGERTSSON RITHÖFUNDUR Á engan eftirlætistexta eftir sjálfan sig. „Það fer bara eftir dögum og skapi. Þetta er allt komið í sama pottinn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

†

Elsku móðir okkar,

Jakobína Jóhannesdóttir
Akralandi 1, áður Jaðri, Saurbæ,

lést á líknardeildinni í Kópavogi sunnudaginn 12. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug, sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahlynningar LSH og líknardeildarinnar í Kópavogi.

Gunnar Kristinsson
Hanna Lóa Kristinsdóttir
og fjölskyldur þeirra.

†

Þökkum af alhug auðsýnda samúð, kærleika og stuðning við andlát ástkærs mannsins míns, pabba okkar, tengdapabba og afa,

Sæmundar Þ. Sigurðssonar (Sæma)
Heiðarbæ 1.

Guð blessi ykkur öll.

Snæfríður (Snæa)
Stella og Svenni
Marsibil og Silli
Siggi og Hildur
og afabörnin.


leikhúsmögullinn kynnir
HJÓNABANDSSÆLA
eftir Michele Riml
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
Föstud. 24. feb 20:00 ö
Laugard. 25. feb 20:00 ö
Föstud. 16. mars 20:00
Laugard. 17. mars 20:00
Laugard. 24. mars 20:00
Sunnud. 25. mars 20:00
Síðustu sýningarnar á þessu leikári!
Miðasala á gamlabio.is og á midi.is
Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

Messa rittúlkuð í fyrsta skipti

Sú nýjung verður reynd á morgun í Langholtskirkju í Reykjavík að rittúlka messu. Mun það vera í fyrsta skipti sem slíkt er gert á Íslandi. Messan hefst klukkan 11.

Söfnuður Langholtskirkju er 60 ára á árinu og gerir sér glaða daga með ýmsum hætti af því tilefni auk þess sem Félagið Heyrnarhjálp, sem er til húsa í sókninni, fagnar 75 ára afmæli. „Afmælisbörnin“ hafa því efnt til spennandi samstarfs sem felst í því að rittúlka messurnar sem haldnar eru í tilefni afmælis safnaðarins. Textinn birtist á stórum skjá sem allir geta notið góðs af sem vilja.

Í messunni á morgun mun Árni Bergmann rithöfundur predika en hann hefur búið um langt skeið í sókninni. Ein bóka Árna Bergmanns heitir Glíman við Guð en predikun er glíma við texta Biblíunnar og tilraun til að túlka hann og miðla til samtímans, eins og það er orðað á vef kirkjunnar.

Kór Langholtskirkju syngur við athöfnina en hann er einn af kórum Jóns Stefánssonar organista. - gun



PREDIKARINN Árni Bergmann stígur í stólinn á morgun í Langholtskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Stefanía Sigrún Þórðardóttir (Stella)

Háaleitisbraut 26, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 22. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.00.

Guðmundur Þ. Guðmundsson **Þorbjörg Margeirsdóttir**
Arna Stefanía Guðmundsdóttir
Ólafur Skúli Guðmundsson **Kolbrún Vilhelmsdóttir**
Ásdís Brynja Ólafsdóttir
Viktor Tumi Ólafsson
Stefán Emil Ólafsson

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Hilmar Ólafsson

Laugardælum,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, fimmtudaginn 23. febrúar. Útför hans fer fram laugardaginn 3. mars næstkomandi kl. 14 frá Selfosskirkju.

Rósa Haraldsdóttir
Jarþrúður Jónsdóttir **Ásgeir Albertsson**
Ólafur Jónsson **Auður Ingimarsdóttir**
Kristín Jónsdóttir **Jóhann Róbertsson**
Haraldur R. Jónsson **Helga I. Sturlaugsdóttir**
Hjördís Þóra Jónsdóttir **Jóhannes Kristjánsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Guðmundsson

húsasmíðameistari
Dælengi 17, Selfossi,

lést á Kanaríeyjum að morgni miðvikudagsins 15. febrúar. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.00.

Guðmundur Sigurðsson
Ingvi Rafn Sigurðsson **Laufey Jóna Kjartansdóttir**
Sesselja Sigurðardóttir **Örn Grétarsson**
Sigurður Þór Sigurðsson **Kristín Gunnarsdóttir**
Óðinn Sigurðsson

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru frænku,

Margrétar Guðmundsdóttur

áður til heimilis að Bröttukinn 2, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólvangs 2. hæð fyrir einstaka hlýju og góða umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,
Bjarni Valdimarsson
Eygló Valdimarsdóttir
Halldóra Valdimarsdóttir

†

Elskuleg systir okkar og mágkona,

Steinunn Haraldsdóttir

frá Þorvaldsstöðum,
Norðurbrún 1, Reykjavík,

sem lést 16. febrúar sl., verður jarðsungin frá Langholtskirkju þriðjudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

Ingveldur Haraldsdóttir
Sigrún Haraldsdóttir
Ragnar Haraldsson
Hálfdán Haraldsson **Bergljót Einarsdóttir**
Auðunn Haraldsson
Arnór Haraldsson **Júlía Friðriksdóttir**
Guðríður Haraldsdóttir
Haraldur Haraldsson **Sigríður Jóhannesdóttir**
Þórunn Haraldsdóttir **Magnús Guðjónsson**
Ragnhildur Haraldsdóttir **Brynjólfur Magnússon**

†

Okkar ástkæri,

Þórður Ólafsson

lést í faðmi fjölskyldunnar á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 21. febrúar.

Lára Alexandersdóttir
Gígja Þórðardóttir **Páll Liljar Guðmundsson**
Orri Þórðarson
Silja Þórðardóttir **Jóhann Gunnar Jónsson**
Sölvi, Lára og Laufey afabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn og faðir,

Haukur Þorvaldsson

Oconomowoc, Wisconsin, USA,

lést á heimili sínu 3. febrúar 2012. Minningarathöfn fer fram í Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. febrúar klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á söfnunarreikning fyrir dóttur hans: 0535-14-400100 Kt: 060301-2120.

Lori A. Flemming
Hreiðar Hauksson
Þorvaldur Aðalsteinn Hauksson
Maríanna Sól Hauksdóttir

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Vilborgar Helgu Kristjánsdóttur Boggu,

Hjaltabakka 12.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Grundar dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir hlýja og góða umönnun. Guð blessi ykkur.

Einar Gunnlaugsson
Geir Gunnlaugsson **Sigríður Anna Ellerup**
Már Gunnlaugsson **Dögg Árnadóttir**
Andri Geirsson, Gauti Þeyr Másson, Sigrún Helga Geirsdóttir og Gísli Gunnlaugur Geirsson.

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Gíslason

kennari,

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 22. febrúar.

Jakob Líndal Kristinsson **Kristín Gísladóttir**
Halldóra Kristinsdóttir **Þorkell Traustason**
Gísli Kristinsson **Bjarney Sigvaldadóttir**
Jónína Vala Kristinsdóttir **Gylfi Kristinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Pökkum innilega samúð og vináttu við andlát og útför

Guðrúnar Lillýar Sigmundsdóttur

Kirkjusandi 3.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Karitas.

Valdimar K. Jónsson
Þyrí Valdimarsdóttir **Eggert Eggertsson**
Örn Valdimarsson **Guðbjörg María Jónsdóttir**
Vilborg Erla Valdimarsdóttir **Sigurður Sigurðsson**
Jón Rafn Valdimarsson **Elín Rósa Guðmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

WHIRLPOOL Á ÍSLENSKU

Nýju Whirlpool þvottavélarnar með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi eru komnar!

- Íslenskt stjórnborð og íslenskur leiðarvísir
- 6th Sense – Sparar allt að 50% af orku, vatni og tíma
- Daglegt þvottakerfi – 40° daglegt kerfi þar sem má blanda bæði bómull og gerviefnum
- Clean+ – Sérstakt þvottakerfi sem hjálpar til við að losna við blettina
- Vélin fæst bæði í 6kg og 7kg útgáfu

Whirlpool er stærsti heimilistækjaframleiðandi heims.

Whirlpool

SENSING THE DIFFERENCE

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

ERFITT ER AÐ MUNA hvaða stafir eiga heima hvar á lyklaborðinu. Á http://vefir.nams.is/fingrafimi/index.htm hittum við Magga mink, sem gerir það miklu skemmtilegra að læra rétta fingrasetningu.

Lísaloppa og Kata í ratleik 4

Bragi Halldórsson

„Nú segi ég bara eins og Róbert, hvaða stafasúpa er nú þetta?" sagði Kata þegar hún sá næstu þraut í ratleiknum. Lísaloppa horfði á þrautina drykklanga stund. „Ég skil þetta núna," sagði hún sigri hrósandi. „Það á að raða þessum stöfum, þremur í þrjár línur eins og sýnt er, nema að stafirnir verða að vera í annarri röð svo hægt sé að lesa út úr þeim lausnarorðin." „Nú, nú," var það eina sem Kata sagði. Svo bætti hún við, „blíant og blað! Við verðum að leysa þetta annars vinnum við aldrei þennan ratleik." Það vantar ekki keppnisskapið í Kötu.

A A Á
S S I
R R Æ

Getur þú raðað þessum stöfum þannig, að fram komi, þriggjastafa kvenmannsnafn, karlmannsnafn og orð yfir haf, hvort sem lesið er lárétt eða lárétt?

MÉR FINNST SKEMMTILEGAST AÐ SEMJA LÖG

Þegar Greta Salóme Stefánsdóttir var yngri voru Eurovision-kvöld miklar fjölskyldustundir hjá henni. Nú ætlar hún sjálf að heilla áhorfendur Eurovision í vor með söng, fiðluleik og laginu, Mundu eftir mér – ásamt vini sínum Jónsa.

Hvað ertu gömul? Ég er 25 ára gömul:)

Hefur þú alltaf fylgst með Eurovision í sjónvarpinu? Já eiginlega alltaf. Þegar ég var yngri voru þetta miklar fjölskyldustundir og við héldum alltaf skemmtileg Eurovision-kvöld.

Áttu þér uppáhalds Eurovision-lag? Já uppáhaldslagið mitt í Eurovision var framlag Norðmanna 1995 sem hét Nocturne og vann keppnina.

Hlakkar þú til að fara til Aserbaídsjan? Já, ég hlakka mjög mikið til að fara þangað.

Ætlar þú að gera eitthvað sérstakt í Aserbaídsjan annað en að keppa í Eurovision og svara fréttamönnum? Ég bara veit það ekki ennþá en ég held að ég einbeiti mér sérstaklega að því að undirbúa keppnina.

> Jónsi er bæði alveg gífurlega klár og bráðskemmtilegur!

Hvert fannst þér vera besta lagið í söngvakeppni sjónvarpsins í ár, fyrir utan þín lög? Mér fannst lagið Hugarró eftir Svein Rúnar í flutningi Magna alveg svakalega gott lag.

Er Jónsi skemmtilegur? Jónsi er bæði alveg gífurlega klár og bráðskemmtilegur!

Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að læra á fiðlu? Ég var fjögurra ára þegar ég fór fyrst að æfa mig á fiðluna.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera af þessu þrennu, syngja, spila á fiðlu eða semja lög? Mér finnst skemmtilegast að semja lög vegna þess að þá get ég sameinað þetta allt, sungið, spilað á fiðluna og svo samið.

Áttu fleiri áhugamál? Já, ég hef mikinn áhuga á íþróttum og sérstaklega Crossfit.

Í hvaða grunnskóla varst þú? Ég var í Varmárskóla í Mosfellsbæ.

Hver voru uppáhaldsfögin þín í skóla? Mér fannst íslenska rosalega skemmtileg og svo samfélagsfræði.

Komstu oft fram á skólaskemmtunum? Já, ég kom mjög oft fram á skólaskemmtunum og var að spila á fiðluna mína.

Áttu kærasta? Já, kærastinn minn heitir Elvar Þór Karlsson.

GRETA SALÓME „Mér fannst íslenskan rosalega skemmtileg í skóla og svo samfélagsfræði."

BRANDARAKISTAN

„Hvað fyndist þér um það ef þú misstir annað eyrað?" spurði læknir mann nokkurn.
„Það væri hræðilegt," svaraði maðurinn.
„Gott og vel," sagði læknirinn. „En hvað fyndist þér um það ef þú misstir bæði eyrun?"
„Það yrði enn þá verra," svaraði maðurinn. „Ég sæi nánast ekki neitt."

„Ha!" stundi læknirinn. „Hvað meinarðu?"
„Nú þá gæti ég ekki notað gleraugun mín," útskýrði maðurinn.

„Mamma, í dag lærðum við mikið af ljótum orðum í skólanum."
„Hvernig stendur á því?"
„Kennarinn datt um þröskuldinn."

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.

Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassíska sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

KRAKKAKYNNING

Hilmar Þór Árnason

Heimili: Nes í Aðaldal.
Aldur: Átta ára.
Í hvaða skóla ertu? Hafralækjarskóla.
Í hvaða stjörnumerki ertu? Vatnsberi.
Áttu happatölu? Já, 10.
Helstu áhugamál? Keyra vélsleða, mótorhjól, vera í x-box og horfa á sjónvarp.
Eftirlætissjónvarpsþáttur: Nitro cirkus og Sveppi.
Besti matur: Pitsa.
Eftirlætisdrykkur: Vatn.
Hvaða námsgrein er í uppáhaldi? Lestur.
Áttu gæludýr? Nei ég á ekki neitt gæludýr.
Skemmtilegasti dagurinn og af hverju: Laugardagur, þá er nammidagur og frí í skólanum.
Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit: Skálmöld.
Uppáhaldslitur: Rauður.
Hvað gerðirðu í sumar? Fór á mótorhjól og oft að veiða lax og silung, hjólaði og spilaði fótbolta.
Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið: Harry Potter.
Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór? Þrennt kemur til greina: Leiðsögumaður (í lax), fótboltamaður eða tónlistarmaður.

TIËSTO

10. MARS 2012
Í VODAFONEHÖLLINNI

SAMSTARF FM957, SKY AGENCY, HEAT MUSIC, BURN OG DOMINO´S

TIESTO EFTIRPARTÝ Á NASA FYRIR MIÐAHAFA. ALDURSTAKMARK 20. FYLGSTU VEL MEÐ Á FM957

UPPHITUNAR DJ'S : JAMIE - TDK - DANNI DELUXE

MIÐASALA HAFIN Á WWW.MIDI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.FM957.IS

UPPSELT Í VIP SVÆÐI

FM957 · SKYAGENCY · Domino's Pizza · burn KVEIKIR Í ÞÉR · HEATMUSIC

WWW.TIESTO.COM WWW.HEATMUSIC.NO

krossgáta



LÁRÉTT
2. hirðing, **6.** úr hófi, **8.** tilvera, **9.** meðvitundarleysi, **11.** samanburðarteng., **12.** frægð, **14.** kambur, **16.** upphrópun, **17.** klampi, **18.** næði, **20.** frá, **21.** gegna.

LÓÐRÉTT
1. grasþökur, **3.** tveir eins, **4.** kvarta, **5.** málmur, **7.** fyrirhyggja, **10.** skaði, **13.** skammst., **15.** steintegund, **16.** pota, **19.** sjúkdómur.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. ræktt, **6.** of, **8.** æviı, **9.** rot, **11.** en, **12.** fræmi, **14.** spöng, **16.** oj, **17.** okı, **18.** töm, **20.** af, **21.** ansa.
LÓÐRÉTT: 1. torf, **3.** ææ, **4.** kveinka, **5.** tin, **7.** forsjón, **10.** tap, **13.** möo, **15.** grís, **16.** ota, **19.** ms.

Með skítinn upp að hárlínu

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar

Einu sinni var það regla frekar en undantekning að fólk ritaði skoðanir sínar á vefsíður undir dulnefni. Það voru ömurlegir tímar. Svo kom Facebook til sögunnar og kynnti sérstaka tengingu við vefsíður, sem gerir fólki kleift að nota aðgang sinn að samskiptasíðunni til að rita ummæli undir fullu nafni. Vissulega var það mikið framfaraskref, en þegar ummælakerfi fréttasíða eru skoðuð sést að þau eru lítið annað en sorglegur vitnisburður um tilraun sem mistókst.

BANDARÍSKA söngvaskáldið John Grant syngur lagið Queen of Denmark á samnefndri plötu sem kom út fyrir tveimur árum. Upphafslínur lagsins segja ótrúlega margt um fólk sem tjáir sig ótrúlega mikið á netinu um ótrúlega mörg mál: I wanted to change the world / but I could not even change my underwear / and when the shit got really really out of hand / I had it all the way up to my hairline...

FÓLK sem básúnar vanhugsaðar skoðanir sínar á málefnum, eftir að hafa heyrt um þau frá vini sem á frænku sem las í mesta lagi fyrirsögn fréttar, minnir okkur á að tjáningarfrelsið var fundið upp langt á undan internetinu. Þegar réttur fólks til að segja skoðun sína óhindrað var skrásettur óraði engan fyrir því að tól á borð við Facebook myndi opinbera heimsku mannsins jafn harkalega og raun ber vitni.

STÓR hluti af því sem er gert opinbert með hjálp Facebook eru nefnilega ummæli sem myndu aldrei líta dagsins ljós án hjálpar samskiptavefsins. Þetta eru skoðanir sem viðkomandi myndi muldra í hálfhljóði með sjálfum sér eftir að hafa hlustað á fréttirnar. Þeir allra jafnvægisskertustu myndu hringja í útvarpsþátt til að opinbera ömurlegar skoðanir sínar á mönnum og málefnum.

FLESTIR hafa aðgang að upplýsingahimnaríkinu sem veraldarvefurinn er. Netið hefur gefið venjulegu fólki tækifæri til að fræðast um hvað sem er, hvenær sem er á eigin forsendum. Sé netið notað rétt er það beittasta vopn í baráttunni um aukið frelsi, á flestum sviðum, sem almenningur hefur fengið í hendurnar í áraraðir. En það er auðvelt að skera sig á jafn beittu vopni og það er sárt að sjá svo ótrúlegan fjölda fólks fara jafn illa með það og raun ber vitni.

SÉRSTAKLEGA þegar kemur að því að stilla sér upp gegn fórnarlambi perverts sem var einu sinni ráðherra.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HINN MARGVERÐLAUNAÐI ÞRÍLEIKUR **JÓNS KALMAN**

LOKSINS KOMINN Í KILJU!



Jón Kalman Stefánsson hefur þrisvar verið tilnefndur til **Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs** og **Hjarta mannsins** var tilnefnd til **Íslensku bókmenntaverðlaunanna** 2011. **Hjarta mannsins** hefur þegar verið seld til Tékklands, Þýskalands, Danmörku, Svíþjóðar og Noregs, en fyrri bækurnar tvær hafa þegar komið út í þrettán löndum.

DYNAMO REYKJAVÍK

Fyrst var það hafið, svo snjórinn og loks ástin

BJARTUR

BACH-TENÓR Í SKÁLHOLTSDÓMKIRKJU Benedikt Kristjánsson tenór og Jón Bjarnason dómorganisti í Skálholti flytja aríur og resitatív úr kantötum og passíum og þekkt orgelverk eftir Johann Sebastian Bach í Skálholtsdómkirkju í dag, laugardag, klukkan 15. Aðgangur er ókeypis.

AUÐUR JÓNSDÓTTIR RITHÖFUNDUR var Leikskáld Borgarleikhússins 2009. Nú auglýsir leikhúsið eftir umsóknum um stöðuna fyrir yfirstandandi ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leit að leikskáldi Borgarleikhúss

Fyrr á þessu ári réð Borgarleikhúsið sex ung leikskáld til að semja stutt verk fyrir leikhúsið. Stefnt er að uppsetningu hluta þeirra á næsta ári. Nú auglýsir leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur í þriðja sinn eftir umsóknum um stöðu Leikskálds Borgarleikhússins. Stjórnarformaður Leikritunarsjóðs er frú Vigdís Finnbogadóttir. Markmið sjóðsins er að efla nýsköpun og fjölbreytni í íslenskri leikritun, auka vægi leikritunar í samfélaginu og stuðla að því að hún njóti virðingar í samfélagi lista. Stjórn sjóðsins velur höfund úr hópi umsækjenda sem býðst eins árs samningur við Borgarleikhúsið. Skáldið fær aðstöðu í leikhúsinu, vinnur þar á samningstímanum og verður hluti af starfsliði Borgarleikhússins og nýtur aðstoðar, leiðsagnar og stuðnings leikhússtjóra og leiklistarráðunauta. Unnið skal að ritun leikverks á tímabilinu með uppsetningu í huga, auk þess sem skáldið kynnir sér leikhúsformið. Stefnt er að því að leikverk, eitt eða fleiri, sem unnin eru á samningstíma, verði sviðsett í Borgarleikhúsinu. Tvö leikskáld hafa þegar starfað á vegum leikritunarsjóðsins með prýðilegum árangri, Auður Jónsdóttir árið 2009 og Jón Gnarr árið 2010.

Leikskáld Borgarleikhússins
Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum

Stjórn sjóðsins velur höfund úr hópi umsækjenda sem býðst eins árs samningur við Borgarleikhúsið. Laun sem eru greidd mánaðarlega taka mið af starfslaunum listamanna. Skáld skal þegar hafa sýnt árangur við skáldskap en reynsla af leikritun er ekki skilyrði.

Skáldið fær aðstöðu í leikhúsinu, vinnur þar á samningstímanum og verður hluti af starfsliði Borgarleikhússins og mun njóta aðstoðar, leiðsagnar og stuðnings leikhússtjóra og leiklistarráðunauta. Stefnt er að því að velja skáld sem er líklegt til að njóta góðs af aðstöðu sinni hjá leikhúsinu.

Unnið skal að ritun leikverks á timabilinu með uppsetningu í huga, auk þess sem skáldið kynnir sér leikhúsformið. Stefnt er að því að leikverk, eitt eða fleiri, sem unnin eru á samningstíma, verði sviðsett í Borgarleikhúsinu. Þetta er þó ekki skilyrði.

Umsókn skal innihalda:
- *Nafn, heimilisfang, netfang, símanúmer.*
- *Ferilskrá*
- *Sýnishorn af leikrænum texta (1-4 bls)*
- *Æskilegt er að umsækjandi sendi með umsókn sinni hugmynd að leikverki sem hann hefur í huga að vinna á samningstímanum og einnig er heimilt að láta annað fylgja með sem umsækjandi telur að eigi erindi með umsókninni.*

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öll gögn endursend umsækjendum að loknu vali. Umsóknir skulu stílaðar á

Borgarleikhúsið / Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur, Listabraut 3, 103 Reykjavík

fyrir 15. mars 2012.

Borgarleikhúsið

Rauðhólabraut og Starland

Myndir Höskuldar Harra Gylfasonar sem hann sýnir á Mokka eru nefndar eftir götuheitum sem eru ekki til í raunveruleikanum.

„Ég hef alls engar fyrirfram mótaðar hugmyndir þegar ég byrja á myndunum, heldur byggja þær alfarið á spuna. Ég grip blaðið og byrja, stundum heppnast það og stundum ekki, en þá reyni ég að bjarga mér fyrir horn og fer í aðrar áttir á nýjar slóðir. Þetta er eins og að fara inn í frumskóg," segir myndlistarmaðurinn Höskuldur Harri Gylfason sem opnað hefur sýninguna Götur bæjarins á kaffihúsinu Mokka við Skólavörðustíg. Myndir Höskuldar Harra eru unnar með blandaðri tækni og notar hann meðal annars túss, kaffi og tréliti við gerð þeirra.

Þetta er sjötta einkasýning Höskuldar Harra, en hann útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1987. Myndirnar tólf á sölusýningunni á Mokka heita allar eftir götum sem hljóma eins og þær séu til en eru það ekki. „Hingað til hafa myndirnar mínar verið án titils, því sjálfum finnst mér fremur tilgerðarlegt og eyðileggjandi að skrifa inn á myndirnar og nefna þær. En fyrir suma er það mikilvægt og því fór ég inn á Já.is, gúgglaði götuheiti eins og Torfhólar 176, Starland 64, Rauðhólabraut 83 og fleiri, og ef þau voru ekki til þá notaði ég þau."

Listamaðurinn hefur ekki áður haldið sýningu á kaffihúsi en segir verk sín smellpassa inn í hið sögufræga Mokka. „Ég hef lengi verið dapur yfir þróuninni hjá galleríunum, þar sem vel er mætt á opnanir en svo koma sárafáir á sýningar næstu vikurnar á eftir. Þetta hefur breyst mjög mikið til hins verra á síðustu árum, jafnvel hjá vel þekktum listamönnum. Mér finnst frábært að sýna á Mokka. Sumir listamenn vilja ekki sýna á kaffihúsum, en það er bara einhver bömmer í þeim," segir Höskuldur Harri og bætir við að jafnt og þétt rennerí af fólki á öllum aldri á Mokka sé jákvætt, þar sem margir meti og melti verkin og hafi á þeim álit.

GÖTUR BÆJARINS Höskuldur Harri segist kunna betur við að sýna verk sín á Mokka en í listagalleríum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Höskuldur Harri starfar sem grafískur hönnuður hjá Hvíta húsinu, hannar listaverkabækur í hjáverkum og kennir af og til við Listaháskóla Íslands, en honum bregður einnig reglulega fyrir í sjónvarpsauglýsingum á skjáum landsmanna. Hann hefur meðal annars leikið í eftirminnilegum auglýsingum fyrir SP-fjármögnun og SS-pylsur. „Maður lætur plata sig út í ýmislegt, en það er gaman að þessu," segir Höskuldur Harri. Sýning hans á Mokka stendur yfir til 16. mars.

kjartan@frettabladid.is

Aríur og ljóð frá árbakkanum

Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópransöngkona og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari flytja aríur og ljóð eftir Rossini, Grieg, Liszt, Wagner, Strauss, Puccini og Verdi á tónleikum í Salnum í dag, laugardag, klukkan fimm.

Tónleikagestum er boðið í ferðalag tóna og söngs þar sem dramatísk sópranrödd Bylgju Dísar og píanóleikur Helgu Bryndísar bera þá á vit ævintýra er jafnan eiga sér stað við vatn eða á. Á einu síðdegi bera aríurnar og ljóðin áheyrendur í Kappróður í Feneyjum, slást í för með vatnalilju er berst með straumnum, skyggnast í hugarheim pilts er bíður unnustu sinnar við vatnið, kynnast ást, gleði og sorg, hitta konuna sem syngur við Rínarfljót og svo mætti áfram telja.

Bylgja Dís Gunnarsdóttir útskrifaðist frá Söngskólanum í Reykjavík haustið 2003 og frá Royal Scottish Academy of Music and Drama árið 2007. Meðal hlutverka Bylgju Dísar eru Flora í uppsetningu Íslensku óperunnar á La Traviata 2008 og hlutverk Giovönnu í Rigoletto 2011. Árið 2010 vann Bylgja Dís 1. verðlaun í The Barry Alexander International Vocal Competition og söng við það tilefni í Carnegie Hall.

Helga Bryndís Magnúsdóttir útskrifaðist úr Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1987 sem píanókennari og einleikari. Hún stundaði framhaldsnám í Vínarborg og Helsinki. Hún hefur verið virk sem píanóleikari, bæði sem einleikari og í kammertónlist, með söngvurum, í CAPUT hópnum og með Sinfóníuhljómsveitum.

BYLGJA DÍS OG HELGA BRYNDÍS Rossini, Grieg, Liszt, Wagner, Strauss, Puccini og Verdi verða á dagsskránni í Salnum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TECTONICS

1. — 2. — 3. MARS

Allt sem tónlist getur verið

Í byrjun mars mun Harpa iða af lífi á nýrri tónlistarhátíð. Yfir 150 flytjendur og tónsmiðir koma fram á 17 tónleikum og viðburðum á þremur dögum.

Fjölbreyttar tónlistarstefnur renna saman og mynda nýtt og spennandi landslag.

TECTONICS
Tónlistarhátíð

Listrænn stjórnandi
ILAN VOLKOV

Miðar fáanlegir
WWW.SINFONIA.IS
WWW.HARPA.IS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

VONAST TIL AÐ LISTAVERKIÐ HVERFI

Undanfarnar tvær vikur hafa þriðja árs nemar í myndlist við LHÍ dvalið í vinnubúðum á Seyðisfirði. Sýning þeirra opnar í dag í Skaftfelli – miðstöð myndlistar á Austurlandi.

„Við vorum bara að enda við að hreinsa út úr rýminu og erum að setja upp sýninguna núna," sagði Dóra Hrund Gísladóttir, myndlistarnemi við Listaháskóla Íslands, þegar blaðamaður sló á þráðinn til hennar seinni partinn í gær. Hún er ein af fjórtán þriðja árs myndlistarnemum sem hafa undanfarnar tvær vikur dvalið í vinnubúðum á Seyðisfirði. Í dag klukkan 16 opna nemendurnir dyrnar að Skaftfelli – miðstöð myndlistar á Austurlandi og leyfa gestum og gangandi að sjá afrakstur vinnu þeirra þessara tveggja vikna.

Þetta er í tólfta sinn sem námskeiðið fer fram á Seyðisfirði, en það er haldið árlega fyrir þriðja árs nema í myndlist við LHÍ. Námskeiðið er samstarf skólans, Skaftfells, Dieter Roth Akademíunnar og Tækniminjasafns Austurlands.

Dóra segir nemendurna himinlifandi með dvölina fyrir austan. „Þegar við komum hingað vorum við strax kynnt fyrir þeim stöðum sem okkur stóð til boða að nota. Það er Stálsmiðjan, tréverkstæði, Tækniminjasafnið með alls konar búnað, og margt fleira. Svo máttum við bara hefjast handa við að vinna. Það er algjör lúxus að vinna hérna. Við erum meira að segja með aðstoðarmenn," segir Dóra og á þar við þá Kristján Steingrím Jónsson, myndlistarmann og deildarforseta myndlistardeildar LHÍ, og sýningarstjórann Björn Roth.

> Hugmyndin á bak við þetta var að gera eitthvað fyrir bæjarbúa, í þakklætisskyni, því við höfum fengið svo mikið frá þeim.
>
> **DÓRA HRUND GÍSLADÓTTIR** MYNDLISTARNEMI

Dóra segir bæjarbúa hafa verið boðna og búna að aðstoða hópinn. Myndlistarmennirnir fjórtán dreifðust á þrjú hús í bænum og hafa þegið margvísleg boð meðan á dvölinni hefur staðið. Ófá matarboð hafa verið haldin og þeim var meira að segja boðið á sjóstangveiðar. „Það var ótrúlega gaman. Við veiddum heilan helling og höfum verið að elda fiskinn sjálf."

Á sýningunni í Skaftfelli gefur að líta fjölbreytt myndlistarverk, allt frá teikningum og málverkum, til heils báts úr áli. Þá verður nokkuð um gjörninga, þar sem einn nemendanna mun meðal annars ætla að hjóla út í sjó. „Þetta verður stórhátíð," segir Dóra, sem sjálf er með verk sem hún vonast til þess að bæjarbúar muni taka til sín, í bókstaflegri merkingu. Þegar sýningunni lýkur í maí vonast hún til þess að verkið verði fullkomnað með því að vera með öllu horfið. „Ég notaði ljósmyndir sem Dieter og Björn Roth tóku af húsunum á Seyðisfirði og er búin að prenta þær á litla kubba. Þannig að fólk getur komið og sótt sitt hús á sýninguna. Hugmyndin á bak við þetta var að gera eitthvað fyrir bæjarbúa, í þakklætisskyni, því við höfum fengið svo ótrúlega mikið frá þeim."

Þeir listnemar sem taka þátt eru: Ásgrímur Þórhallsson, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Claudia Hausfeld, Dóra Hrund Gísladóttir, Erik Hirt, Gintare Maciulskyté, Gunnar Jónsson, Halla Þórlaug Óskarsdóttir, Katla Stefánsdóttir, Katrín Erna Gunnarsdóttir, Sigmann Þórðarson, Sigurður Þórir Ámundason, Steinunn Lilja Emilsdóttir og Viktor Pétur Hannesson. Hópnum líður vel á Seyðisfirði að sögn Dóru. „Þetta er bara búið að vera dásamlegt. Okkur líður öllum vel hérna umkringd fjöllunum."

holmfridur@frettabladid.is

BÁTUR ÚR ÁLI Meðal þeirra verka sem myndlistarnemar við LHÍ hafa unnið í vinnubúðunum á Seyðisfirði er þessi fíni álbátur. MYND/ÚR EINKASAFNI

VEITT Í SOÐIÐ Myndlistarnemarnir hafa gert fleira en að vinna fyrir austan, svo sem að læra að veiða á sjóstöng. Hér sýnir Viktor Pétur Hannesson meistaratakta.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 25. febrúar 2012

Leiklist

14.00 Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Langafi prakkari í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Leikritið er byggt á sögum Sigrúnar Eldjárn og er miðaverð kr. 2.000.

Listasmiðja

13.00 LornaLAB-smiðja verður haldin í Hafnarhúsinu, í annað skiptið á þessu ári. Viðfangsefni smiðjunnar að þessu sinni er stafræn frumsmíði og fer hún fram undir handleiðslu Eriks Parr. Smiðjan er ókeypis og öllum opin.

Sýningar

16.00 Sýningin Skáskegg á VHS + CD verður opnuð í Skaftfelli, Miðstöð myndlistar á Austurlandi. Um er að ræða sýningu þriðja árs nema í myndlist við Listaháskóla Íslands. Sýningin stendur til 6.maí n.k.

16.00 Ungur og hæfileikaríkur málari, Ragnar Þórisson, opnar sína fyrstu einkasýningu í Gallerí Ágúst. Yfirskrift sýningarinnar er Mannagerðir og er um að ræða stór og áhrifamikil olíumálverk sem leiða hugann að tilvistarkreppu samtímans og firringu mannsins. Sýningin stendur til 1.apríl.

19.00 Listakonan Berglind Ágústsdóttir opnar sýningu sína The party I fell in love og tónleika á Kaffistofunni að Hverfisgötu 42b. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Íþróttir

19.00 Hnefaleikafélag Akraness stendur fyrir hnefaleikamóti í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi. Margir af færustu boxurum landsins etja kappi, auk sterkra boxara frá Danmörku. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

Umræður

11.30 Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður verður gestur á laugardagsspjalli Framsóknar að Hverfisgötu 33. Heitt á könnunni og allir velkomnir.

Fræðslufundir

13.00 Rannsóknahópur Þórarins Guðjónssonar dósents og Magnúsar Karls Magnússonar prófessors býður til fyrirlestrar í Læknagarði, byggingu Læknadeildar Háskóla Íslands, Vatnsmýrarvegi 16. Sagt verður frá stofnfrumurannsóknum og tengslum þeirra við brjóstakrabbamein.

Uppákomur

16.00 Uppboð verður á listaverkum sýningarinnar VÄGGER í Norræna húsinu. Verkin eru á verðbilinu 20 þúsund til 160 þúsund. Allir eru velkomnir.

Kynningar

16.00 Kínaklúbbur Unnar kynnir Kínaferð sem farin verður í sumar, með litskyggnusýningu og tedrykkju á Njálsgötu 33a. Allir velkomnir meðan rúm leyfir.

Málþing

14.00 Málþing um Byggingarlist og samfélagið verður haldið í Norræna húsinu. Talsmenn eru arkitektar, heimspekingar, deildarforsetar og formenn og munu þeir fjalla um samfélagið og áhrif þess á byggingarlist og öfugt. Allir eru velkomnir.

Uppistand

20.00 Uppistandið Steini/Pési og gaur á trommu verður sýnt á Græna Hattinum, Akureyri. Önnur sýning verður kl. 23.00. Miðaverð er kr. 3.200.

Tónlist

14.00 Söngskólinn í Reykjavík fagnar Degi tónlistarskólanna með glæsilegri dagskrá undir yfirskriftinni Upplyfting í skammdeginu. Samfelld dagskrá verður í gangi í Snorrabúð, tónleikasal Söngskólans, Snorrabraut 54 sem endar á fjöldasöng um kl. 17.30. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

15.00 Benedikt Kristjánsson tenór og Jón Bjarnason dómorganisti í Skálholti munu leika og syngja á tónleikum í Skálholtsdómkirkju. Flutt verða verk eftir Johann Sebastian Bach. Aðgangur er ókeypis.

17.00 Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari halda tónleika í Salnum Kópavogi. Fluttar verða aríur og ljóð eftir Rossini, Grieg, Liszt, Wagner, Strauss, Puccini og Verdi.

21.00 Hljómsveitirnar Mercy Buckets, Gunslinger og Chino spila á tónleikum á Bar 11. Allir velkomnir.

23.00 Magnús Einarsson og Tómas Tómasson leika tónlist frá ýmsum áttum á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.30 Skemmtistaðurinn Faktorý býður á Kanilkvöld í níunda sinn. Að þessu sinni er sumarþema með sjóðheitum slögurum, léttum klæðnaði og stanslausum dansi. Aðgangur er ókeypis og gestir hvattir til að mæta í sumarlegum klæðnaði.

Listamannaspjall

14.00 Hulda Hlín Magnúsdóttir myndlistarkona verður með listaspjall í 7Factory Gallerí að Fiskislóð 31. Er spjallið í tengslum við einkasýningu hennar Litlifun eða Chro-motion sem stendur til 11. mars. Aðgangur er ókeypis.

Fyrirlestrar

13.15 Sigurður R. Helgason, framkvæmdastjóri Nafnfræðifélagsins, flytur erindi sem hann nefnir Helgi og dýrkun steina og kletta á Íslandi á fræðslufundi félagsins. Fundurinn verður haldinn í stofu 106 í Odda. Allir velkomnir.

Sunnudagur 26. febrúar 2012

Tónleikar

13.15 Hrólfur Sæmundsson barítón og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari halda tónleika í tónleikaröðinni Klassík í Hádeginu í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Flutt verður tónlist eftir amerísku skáldin Samuel Barber og

Aaron Copland. Aðgangur er ókeypis.

Minningartónleikar um tónlistarmanninn Johnny Cash verða haldnir í Lindakirkju. Einsöngvarar verða Björgvin Halldórsson, Regína Ósk og Svenni Þór, Ingó Veðurguð og Arnar Ingi Ólafsson. Óskar Einarsson tónlistarstjóri leikur ásamt hljómsveit og stjórnar kór Lindakirkju. Á milli laga verða sagðar sögur af Cash. Miðaverð er kr. 3.000.

Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge, Tvímenningur, er spilaður í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Kvikmyndir

15.00 Ballettinn Petrúshka við tónlist eftir Igor Stravinsky verður sýndur í MÍR, Hverfisgötu 105. Sýndar verða upptærslur tveggja af frægustu óperu- og ballettleikhúsum Rússlands á þessu fræga dansverki. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Vikulegt þynnkubíó á skemmtistaðnum Prikinu. Aðgangur ókeypis og popp í boði.

Uppákomur

15.00 Fiðlusmiðurinn Hans Jóhannsson segir frá aðkomu sinni að verkefnum og hugmyndavinnu hjá norsku arkitektastofunni Snøghetta. Viðamikil yfirlitssýning stofunnar stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum, og fer flutningurinn fram þar.

20.00 Tómasarmessa verður haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd. Sérstakt umfjöllunarefni messunnar að þessu sinni verður Barátta við freistingar. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Dansleikir

20.00 Félag eldri borgara í Reykjavík heldur dansleik í félagsheimili sínu, Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500, en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

Tónlist

16.00 Sveitadúettinn **Pikknikk**, skipaður þeim Sigríði Eyþórsdóttur og Þorsteini Einarssyni, mun spila á Vetrartónleikaröðinni í Merkigili. Merkigil er heimili söngvaskáldanna Uni og Jóns Tryggva, á Eyrarbakka. Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin.

16.00 Tristano Project leikur jazztónlist eftir píanistann Lennie Tristano í Norræna Húsinu. Haukur Gröndal, Ólafur Jónsson, Agnar Magnússon, Þorgrímur Jónsson og Scott McLemore skipa bandið. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Tríó Reynis Sigurðssonar leikur jazz-skotið efni úr ýmsum áttum á Café Haití.

Leiðsögn

14.00 Harpa Árnadóttir myndlistarkona mun veita leiðsögn um sýninguna Handverk frú Magneu Þorkelsdóttur sem nú stendur yfir í Þjóðminjasafni Íslands. Leiðsögnin er ókeypis og allir eru velkomnir.

Fyrirlestrar

16.00 Jón Yngvi Jóhannsson flytur fyrirlestur um samskipti Gunnars Gunnarssonar og Halldórs Laxness í Gljúfrasteini. Fyrirlesturinn er liður í Verki mánaðarins sem í vetur er í samstarfi við Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands undir yfirskriftinni Ferðafélagar. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

NÝJUNG Í CHROME Google Chrome-vafrinn býður notendum nú þann möguleika að gera vefsíðum ókleift að afla upplýsinga um þá í þeim tilgangi að beina auglýsingum að þeim. Möguleikinn er einnig til staðar í Firefox og Safari.

ÞUNGLYNDI Stöðuuppfærslur á Facebook gætu verið hróp á hjálp.

Stöðuuppfærslur vísa á þunglynda

HEILSA Þunglyndislegar stöðuuppfærslur á samskiptasíðum eins og Twitter og Facebook geta verið ágætis vísbending um andlegt ástand einstaklinganna sem þá skrifa.

Höfundar uppfærslnanna líta stundum á þær sem eins konar leið til að deila vandamálum sínum með heiminum og oft og tíðum liggur ekkert meira á bak við þær en pirringur eða leiði á þeim tímapunkti. Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var af Háskólanum í Washington gefa þær þó oft vísbendingar um að ekki sé allt með felldu hjá viðkomandi og geta verið hróp á hjálp.

Fótleggjahár á höfuð

HEILSA Nú hefur komið fram ný leið til að hylja skallabletti.

Dr. Sanusi Umar er búinn að þróa leið til að taka hárígræðslur á næsta stig, og segir hann frá rannsóknum sínum í febrúartímariti blaðsins Archives of Dermatology.

Yfirleitt er hár úr neðanverðum hnakka notað í ígræðslur, en þar sem grófara er ofan á höfðinu er oft augljóst að um ígræðslu sé að ræða.

Aðferðir Umars fela það í sér að tekið er hár af öðrum líkamspörtum og því blandað saman við hár úr hnakka. Þannig notar hann fínustu hárin við hárlínuna til að ná sem eðlilegustu útliti.

Bestu hárin til að nota segir Umar vera af fótleggjum einstaklingsins.

Að spá í að skipta yfir í blátt næst

Vinsældir hárlits á borð við rauðan, bleikan og fjólubláan hafa aukist í vetur. Eva Súsanna Victorsdóttir hefur verið með skærrautt hár í eitt ár núna og er harðákveðin í að hárið verður blátt með vorinu.

Eva Viktorsdóttir hefur skartað skærrauðu hári í eitt ár og er ákveðin í að skipta yfir í bláan lit næst.

FRÉTTABLAÐIÐ/

TÍSKA „Það er bara svo gaman að breyta til og ég hef fengið mjög jákvæð viðbrögð við háralitnum," segir Eva Súsanna Victorsdóttir, mannfræðinemi við Háskóla Íslands, sem hefur skartað skærrauðu hári í um það bil ár.

Fréttablaðið hafði samband við hárgreiðslustofur á höfuðborgarsvæðinu en þar voru menn sammála um að aukning hafi átt sér stað í eftirspurn eftir skærum hárlit. Bleikur, rauður og fjólublár eru vinsælustu litirnir um þessar mundir.

Gegnum tíðina hefur Eva gert ýmsar tilraunir með hár sitt. Rétt áður en hún litaði hárið skærrautt, eða „kókakóla-rautt" eins og hún kallar það, skartaði Eva dreddum í þrjú ár. „Mig hafði langað í rautt hár í langan tíma og lét slag standa þegar ég losaði mig við dreddana," segir Eva sem hefur myndað gott samband við hárgreiðslumann sinn, Grjóna á Rauðhettu og úlfinum, en skæri háraliturinn krefst mikils viðhalds og þarf Eva því að fara í litun á fjögurra vikna fresti.

Ástæðan fyrir tíðum breytingum Evu á hári sínu skrifar hún á nýjungagirni en einnig á utanaðkomandi áhrif. „Ég segi kannski ekki að ég sé að fylgja einhverjum tískustraumum en örugglega síast einhver áhrif frá Hollywood inn í undirmeðvitundina." Eva verður vör við aukna athygli og vill meina að flestir séu hrifnir af hárinu. „Ég fæ mikla athygli og margir hafa hrósað litnum. Það er annað en þegar ég var með dreddana því þá fékk ég misjöfn viðbrögð og fólk var ekki eins hrifið," segir Eva, sem er hvergi hætt tilraunum sínum með hárið. „Ég er allt í einu farin að sjá svo marga með rautt hár í Reykjavík að ég er að spá í að skipta yfir í blátt næst."

alfrun@frettabladid.is

ÁHRIFIN KOMA FRÁ HOLLYWOOD

„Ég held að þetta séu áhrif frá Hollywood og hugsanlega tölvuleikja-menningunni líka," segir Grjóni, hárgreiðslumaður og annar eigenda stofunnar Rauðhetta og úlfurinn, en hann segist hafa orðið var við ákveðna aukningu í skærum háralitum í vetur.

Að sögn Grjóna hafa litirnir bleikur, rauður og fjólublár verið vinsælastir í vetur. Kollegi hans, Raggi á hárgreiðslustofunni Circus Circus, tekur í sama streng. „Stelpur eru orðnar jákvæðari fyrir rauðum litum en einu sinni var það alveg bannað. Það getur samt ekki hver sem er borið skæran háralit og maður þarf að átta sig á því að það vekur athygli að vera með skærbleikt hár í Kringlunni til dæmis. Annars fagna ég fjölbreytileikanum og gaman að fólk þori að prufa eitthvað nýtt," segir Raggi og bætir við að æðið fyrir rauða litnum komi líklegast frá söngkonunni Rihönnu.

Rihanna skartaði skærrauðu hári á tímabili og stallsystur hennar í Hollywood hafa fylgt söngkonunni fast eftir. Nú síðast mátti sjá söngkonuna **Katy Perry** með blátt hár á fótboltaleik og Lady Gaga hefur bæði verið með bleikt og blátt hár en hún er gjörn á að skipta ört um háralit.

Bæði Grjóni og Raggi segjast geta litað hár öllum regnbogans litum fyrir þá sem þora.

Takk fyrir að velja Inkasso

Yfir 400 fyrirtæki **velja Inkasso** – við þökkum þeim traustið.

Við sjáum um: fruminnheimtu, milliinnheimtu og löginnheimtu.

Kynntu þér málið núna á Inkasso.is eða hringdu í síma 520-4040 og fáðu nánari upplýsingar.

Einbeittu þér að rekstrinum og láttu okkur sjá um innheimtuna.

INKASSO

PIPAR\TBWA • SÍA • 120485

**Inkasso tekur enga þóknun af höfuðstól innheimtra krafna.*

INKASSO ehf | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 520-4040 | Fax 520-4041 | inkasso@inkasso.is | www.inkasso.is

FANGELSI FYRIR SÍMAÞJÓFNAÐ Chris Brown, fyrrverandi kærasti söngkonunnar Rihönnu, gæti átt yfir höfði sér fangelsisdóm, ef ásakanir um símaþjófnað reynast réttar. Fregnir herma að hann hafi stolið iPhone af aðdáanda sem reyndi að ná af honum mynd. Brown er enn á skilorði eftir líkamsárás gegn Rihönnu.

ENGIN NÝ POTTER-BÓK Í BILI Aðdáendur J. K. Rowling bíða þrátt fyrir það eflaust spenntir eftir nýju skáldsögunni.

Ný bók frá J. K. Rowling

J. K. Rowling, höfundur Harry Potter bókanna hefur tilkynnt að hún sé að vinna að nýrri skáldsögu. Þó er ekki um að ræða viðbót við Potter-bækurnar, en að sögn Rowling verður skáldsagan mjög ólík bókunum um galdrastrákinn. Ekki er enn kominn titill á bókina né útgáfudagur. Rowling er sögð fagna því að velgengni Potter-bókanna hafi veitt henni frelsi til að takast á við ný viðfangsefni, en bókin er ætluð fullorðnum.

Bækurnar um Harry Potter eru sjö talsins og hafa selst í meira en 450 milljón eintökum um allan heim.

Mynduð í kistunni

Mynd af söngkonunni Whitney Houston í opinni kistu sem birtist á forsíðu götublaðsins The National Enquirer hefur vakið mikið hneyksli.

Á myndinni liggur Houston í gylltri kistu í einkaathöfn sem fjölskylda hennar hélt daginn fyrir jarðarförina. Ákvörðun blaðsins um að birta myndina með fyrirsögninni Whitney: Síðasta myndin!, hefur verið gagnrýnd harðlega bæði af aðdáendum söngkonunnar og öðrum fjölmiðlum.

Whitney Houston lést 11. febrúar á hótelherbergi í Los Angeles. Ekki er vitað nákvæmlega hvað varð henni að aldurtila.

ÍSLENSK TÓNSKÁLD FÁ AUKIN TÆKIFÆRI Í HOLLYWOOD

Þeim Íslendingum sem semja tónlist við bandarískar kvikmyndir hefur fjölgað mikið að undanförnu. Nýjasti meðlimurinn í hópnum er Barði Jóhannsson.

Þeim íslensku tónlistarmönnum sem semja tónlist við bandarískar kvikmyndir virðist fjölga með degi hverjum.

Núna síðast greindi Fréttablaðið frá því að Barði Jóhannsson hefði samið alla tónlistina í spennumyndinni Would You Rather, ásamt Daniel Hunt úr hljómsveitinni Ladytron. Einnig er stutt síðan greint var frá því að Jóhann Jóhannsson hefði samið tónlistina við myndina For Ellen með Paul Dano og Jon Heder í aðalhlutverkum.

Þá eru ótaldir Jónsi í Sigur Rós, sem samdi tónlistina við Hollywood-myndina We Bought A Zoo, Ólafur Arnalds sem samdi tónlistina við Another Happy Day með Demi Moore og Kate Bosworth í aðalhlutverkum, og Atli Örvarsson sem samdi tónlistina við Season of the Witch með Nicolas Cage í titilrullunni.

Hægt er að hafa mikið upp úr því að semja tónlist við dýrar myndir og til að mynda hefur Jónsi vafalítið fengið væna summu í vasann fyrir vinnu sína fyrir We Bought A Zoo, sem er týpísk Hollywood-mynd með stjörnum í aðalhlutverkunum, eða þeim Matt Damon og Scarlett Johansson. Leikstjórinn Cameron Crowe var svo ánægður með frammistöðu Jónsa að hann fékk hann til að semja tónlistina við nýja gamanmynd sem hann er með í smíðum. Vafalítið hefur Atli Örvarsson einnig fengið vel borgað fyrir tónlist sína við rándýra hasarmynd byggða á ævintýrinu um Hans og Grétu sem verður frumsýnd á næsta ári með Jeremy Renner og Gemmu Arterton í aðalhlutverkunum. Jóhann Jóhannsson skrifaði nýverið undir samning við eina virtustu umboðsskrifstofu kvikmyndatónskálda í Hollywood; Gorfein/Schwartz. Aðspurður segir hann það rosalega mismunandi hvernig menn fái borgað fyrir vinnu sem þessa. Það fari allt eftir eðli og stærð myndarinnar. „Fyrir mig er það ekkert alltaf peningurinn sem skiptir aðalmáli heldur hvort verkefnið er áhugavert. Hins vegar er þetta yfirleitt frekar vel borgað. Þetta er mismunandi eftir markaðssvæðum en í Ameríku er miklu hærri kostnaðaráætlun en í Evrópu.“

Hvað sem peningamálum líður er ljóst að íslenskir tónlistarmenn eru farnir að fikra sig inn í Hollywood og eiga eflaust eftir að gera sig enn frekar gildandi þar á komandi árum.

freyr@frettabladid.is

KVIKMYNDATÓNSKÁLD

Íslensku kvikmyndatónskáldin **Barði Jóhannsson, Jóhann Jóhannsson, Atli Örvarsson, Jónsi og Ólafur Arnalds** eru farin að fá aukin tækifæri í Hollwyood.

www.volkswagen.is

Volkswagen Passat EcoFuel

Metanlegur sparnaður

Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1000 km*

Metan 8.442 kr.
Dísil 13.187 kr.
Bensín 17.059 kr.

* Miðast við almennt verð á eldsneyti hjá Olís 1. febrúar 2012

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

www.kaupumgull.is

Græddu á gulli á Grand hótel!

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!

Vegna mikillar eftirspurnar.

Verðum eftirtalda daga á 14 hæð í turninum Grand Hótel
Laugardaginn 25. Febrúar, frá kl 09:00 til kl 18:00
sunnudaginn 26. Febrúar frá kl 09:00 til kl 18:00
mánudaginn 27 febrúar frá kl 12:00 til 18:00

Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, styttur, kertastjaka o.fl

FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.

Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.

Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hóteli

Upplýsingar og tímapantanir
Sverrir s.661-7000

HÁIR KRAGAR

Hönnuðirnir sem sýndu í New York vilja greinilega að konur feli á sér hálsinn næsta haust. **Háir kragar** í peysum, jökkum og bolum mátti meðal annars sjá hjá Alexander Wang, Nicholas K og Lacoste.

VÍÐAR SKÁLMAR

Útvíðar buxnaskálmar og víð snið verða allsráðandi í buxnatískunni síðar á árinu. Litríkar og munstraðar buxur eða hin klassísku herrasnið fyrir konur mátti meðal annars sjá á tískupöllunum hjá Ralph Lauren og Veru Wang.

HNÉSÍTT

Stuttir kjólar og pils verða á undanhaldi næsta vetur en hönnuðir á borð við Marc Jacobs og Victoriu Beckham boðuðu **hnésíð pils og kjóla.** Jacobs var þó meira í víðum sniðum á meðan Beckham sýndi níðþrönga kjóla með grófum rennilásum á bakinu.

Hnésítt og útvítt í New York

Tískuvikan í New York fór fram í byrjun febrúar og sýndi okkur hvað verður efst á baugi tískuheimsins komandi haust og vetur samkvæmt hönnuðum þar í borg. Hnésídd í pilsum og kjólum var allsráðandi sem og víðar skálmar og háir kragar.

LEITAR HJÁLPAR Gerard Butler ræður ekki við neysluna.

Gerard Butler í meðferð

Íslandsvinurinn Gerard Butler lauk á dögunum þriggja vikna meðferð á Betty Ford-meðferðarstöðinni vegna verkjalyfjafíknar, samkvæmt vefsíðu breska dagblaðsins Daily Mirror. Skoski leikarinn hóf að taka inn verkjalyf árið 2006, þegar hann vann við myndina 300. Hann lenti í alvarlegu brimbrettaslysi í desember síðastliðnum sem á að hafa aukið á vandann.

Butler kom til Íslands árið 2005 og lét hafa eftir sér að landið væri einn af sínum uppáhaldsstöðum.

Litesound dæmdur sigur í undankeppni

Sigur söngkonunnar Alyonu Lanskaya í Eurovision-söngkeppninni í Hvíta-Rússlandi hefur dæmdur ógildur.

Lanskaya vann undankeppnina, EuroFest, með laginu All My Life 14. febrúar síðastliðinn. Rokkhljómsveitin Litesound lenti í öðru sæti í keppninni, þrátt fyrir að hafa unnið næstum allar skoðanakannanir sem gerðar voru fyrir keppni. Strax að undankeppninni lokinni blossuðu því upp efasemdir um að sigurinn væri réttmætur sem leiddi til þess að forseti landsins, Alexander Lúkatsjenko kallaði eftir rannsókn á niðurstöðu símakosningarinnar sem Lanskaya var sögð hafa unnið.

RÉTTIR SIGURVEGARAR Hljómsveitin Litesound verður fulltrúi Hvíta-Rússlands í Eurovision í Bakú.

Rannsóknin leiddi í ljós að átt hafði verið við niðurstöður kosningarinnar og höfðu strákarnir í Litesound í raun borið sigur úr býtum. Litesound kemur því til með að vera framlag Hvít-Rússa í Bakú í lok maí með lagið We Are the Heroes, en þetta var í fjórða skipti sem hljómsveitin komst í undanúrslit EuroFest. - trs

MEÐ EFASEMDIR Jennifer Aniston efast um að kvikmynd byggð á Friends verði nokkurn tímann gerð.

Líst ekkert á Friends í bíó

Jennifer Aniston efast um að kvikmynd byggð á sjónvarpsþáttunum Friends verði nokkurn tímann gerð. „Ég get ekki ímyndað mér hvernig hún yrði, kannski ef hún myndi gerast mörgum árum síðar," sagði leikkonan við The Hollywood Reporter.

„Friends-þættirnir eiga að vera í stofunni heima, þeir eiga ekki heima í kvikmyndahúsi," sagði hún og bætti við: „Ég hafði mjög gaman af því sem ég gerði fyrir tíu árum. Það var yndislegt og virkilega gaman en það yrði erfitt að toppa það. En samt á maður aldrei að segja aldrei."

Hin eina sanna Skósprengja

Í fullum gangi

Allt að 90% afsláttur

Lágmarks-afsláttur 50%

Opið

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco®
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook®

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Tökur á Ben Stiller-mynd í apríl

Tökur á gamanmynd Bens Stillers, The Secret Life of Walter Mitty, eiga að hefjast í apríl næstkomandi.

Samkvæmt kvikmyndavefnum Imdb.com fara tökurnar fram á Íslandi og í New York. Framleiðslufyrirtækið True North, sem var Ben Stiller til halds og trausts þegar hann kynnti sér tökustaði hér á landi síðasta sumar, vildi ekkert tjá sig um mögulegar tökur hér á landi.

Frumsýna á myndina á næsta ári og mun Stiller leikstýra og leika aðalhlutverkið. Með önnur hlutverk fara Óskarsverðlaunaleikkonan gamalreynda Shirley MacLaine, Kristen Wiig sem sló í gegn í grínmyndinni Bridesmaids, Adam Scott og Patton Oswalt.

The Secret Life of Walter Mitty er byggð á samnefndri gamanmynd frá árinu 1947 og fjallar um draumóramanninn Mitty sem framkallar ljósmyndir fyrir tímaritið Life. Þegar ljósmyndafilma týnist þarf hann að bregða sér í hlutverk alvöru hetju og lendir þá í ýmsum ævintýrum.

Stiller skoðaði ýmsa tökustaði hér á landi í fyrra vegna myndarinnar, þar á meðal á Seltjarnarnesi, Djúpavogi og Stykkishólmi, og virðist hafa heillast mjög af því sem fyrir augu bar.

- fb

TÖKUR Í APRÍL Tökur eiga að hefjast í apríl á nýjustu gamanmynd Bens Stillers. Kristen Wiig og Shirley MacLaine leika í myndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

JOURNEY 2 kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 3D		7
JOURNEY 2 kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D	7
THE WOMAN IN BLACK Forsýning kl. 10:10	2D	16
THE WOMAN IN BLACK Forsýning Luxus VIP kl. 10:10	2D	VIP
A FEW BEST MEN kl. 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
A FEW BEST MEN Luxus VIP kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	2D	VIP
BEAUTY & THE BEAST - 3D ísl. tal kl. 2 - 4 - 6	3D	L
HUGO Með texta kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30	2D	10
ONE FOR THE MONEY kl. 8	2D	12
CONTRABAND kl. 8 - 10:20	2D	16
STÍGVÉLADI KÖTTURINN M/ísl. tali kl. 1:30 - 3:40	2D	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND	kl. 4 - 8	3D	7
FRÍÐA OG DÝRIÐ ísl tal í 3D	kl. 2	3D	L
HUGO með ísl texta í 2D	kl. 5:50	2D	10
EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE	kl. 10:20	2D	10
PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti	kl. 2	2D	L
FJÖRFISKARNIR	kl. 3:40	2D	L
WAR HORSE	kl. 5:30	2D	12
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:30	2D	12

SAMBÍÓIN SELFOSS

A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:20	12
BEAUTY & THE BEAST (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
PUSS IN BOOTS M/ísl. tali	kl. 2	L
THE HELP	kl. 5	L
CONTRABAND	kl. 8	16
MISSION IMPOSSIBLE - GHOST PROTOCOL	kl. 10:20	12

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

JOURNEY 2 kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D		7
JOURNEY 2	kl. 1 - 3:10	2D	7
HAYWIRE	kl. 6 - 8 - 10:10	2D	16
FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali	kl. 1 - 2 - 4.	3D	L
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:40	2D	12
HUGO	kl. 3 - 5:20 - 8	2D	12
PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali	kl. 5:40	2D	L
EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE	kl. 10:20	2D	10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

ERNANI Óperu í Beinni útsendingu	kl. 6		L
JOURNEY 2 1:30 - 5:50 - 8 (sýnd sund. Kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8)		3D	7
EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE	kl. 8	2D	10
A FEW BEST MEN kl. 10:20 (sýnd sund. Kl. 10:10)		2D	12
SHAME kl. 10:10 (sýnd sund. Kl. 8 - 10:10)		2D	16
MAN ON A LEDGE kl. 10:40		2D	12
BEAUTY & THE BEAST - 3D M/ísl. tali kl. 3:40 (sýnd sund. Kl. 1 - 3)		3D	L
THE HELP kl. 5		2D	L
WAR HORSE sýnd sund. Kl. 5		2D	12
PRÚÐULEIKARARNIR kl. 2		2D	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND	kl. 3:30 - 8	3D	7
GHOST RIDER 2 Ótextuð	kl. 10:10	3D	16
A FEW BEST MEN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	12
THIS MEANS WAR	kl. 5:40	2D	14
FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl.tali	kl. 1:30	3D	L
PUSS IN BOOTS m/ísl.tali	kl. 2	2D	L
FJÖRFISKARNIR m/ísl.tali	kl. 4	2D	L

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
JOURNEY 2 3D	2(950 kr), 4, 6, 8
SAFE HOUSE	5.40, 8, 10
SKRÍMSLI Í PARÍS 2D	2(750 kr),4 ISL TAL
THE GREY	8, 10.20
THE IRON LADY	5.50
CONTRABAND	10.20
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	2(750 kr), 4 ISL TAL

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

HAYWIRE	KL. 5.50 - 8 - 10.10	16
HAYWIRE LÚXUS	KL. 5.50 - 8 - 10.10	16
GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ	KL. 5.50 - 8 - 10.15	12
THIS MEANS WAR	KL. 8 - 10.15	14
STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ	KL. 1 (TILB) - 3 - 5	10
STAR WARS EP.1 3D LÚXUS	KL. 2	10
SAFE HOUSE	KL. 8 - 10.30	16
SKRÍMSLI Í PARÍS 3D	KL. 1 (TILB) - 3.20	L
CHRONICLE	KL. 1 (TILB) - 6	12
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 1 (TILB) - 3.20	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ	KL. 8 - 10.15	12
CHRONICLE	KL. 6 - 8 - 10	12
THIS MEANS WAR	KL. 5.45 - 8 - 10.15	14
STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ	KL. 3 (TILB) - 10	10
THE DESCENDANTS	KL. 3 (TILB) - 5.30	L
LISTAMAÐURINN	KL. 4 (TILB) - 6 - 8	L
SKRÍMSLI Í PARÍS	KL. 3.30 (TILB)	L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

GHOST RIDER 2 3D	KL. 8 - 10	12	
THIS MEANS WAR	KL. 6	14	
SKRÍMSLI Í PARÍS	KL. 2 - 4	L	
HAYWIRE	KL. 8 - 10	16	
GLÆPUR OG SAMVISKA	KL.5.45		
ALVIN OG ÍKORN.	KL. 2 - 4	L	

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

LAUGARDAGUR: THE AWAKENING 18:00, 20:00, 22:00 ■ SKIN I LIVE IN 20:00, 22:15 ■ THE DESCENDANTS 17:45, 22:00 ■ DANGEROUS METHOD 20:00N ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 20:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ BORGRÍKI 22:00 SUNNUDAGUR: THE AWAKENING 18:00, 20:00, 22:00 ■ SKIN I LIVE IN 20:00, 22:15 ■ THE DESCENDANTS 17:45, 22:00 ■ DANGEROUS METHOD 20:00N ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ Á ANNAN VEG 20:00 ■ BORGRÍKI 22:00

ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

Seinfeld leikari reyndi sjálfsmorð

Bandaríski leikarinn Daniel von Bargen, sem er Íslendingum kunnur sem Mr. Kruger úr Seinfeld og liðsforinginn Edwin Spangler úr Malcolm in the Middle, var fluttur á sjúkrahús eftir að hafa skotið sig í höfuðið síðastliðið miðvikudagskvöld. Leikarinn hringdi sjálfur eftir aðstoð, en hann er sykursjúkur og átti að mæta á sjúkrahús seinna um daginn. Samkvæmt Reuters óttaðist leikarinn sjúkrahúsvistina því hugsanlega þyrfti að fjarlægja nokkrar tær hans vegna sjúkdómsins.

DANIEL VON BARGEN Eflaust eru margir aðdáendur leikarans slegnir yfir atburðinum.

Ástand leikarans er enn óljóst.

Bargen hefur leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta, en þar má helst nefna Silence of the Lambs, Basic Instinct og O Brother, Where Art Thou?

Trúarlegur rappari

Bandaríski rapparinn Dorian Stevens kemur fram á tónleikum sem haldnir verða 9. mars kl. 20 í kastala Hjálpræðishersins í Kirkjustræti 2. Þar stíga einnig á svið Sigurður Ingimar og hljómsveit og færeysku söngkonurnar Dorthea Dam og Guðríður Hansdóttir.

Stevens kemur frá bænum Aliquippa í Pennsylvaniu. Hann átti erfiða æsku en síðustu ár hefur hann einbeitt sér að rappinu. Hann hefur tekið upp hátt í tvö hundruð lög og hyggur á stóra hluti í tónlistarbransanum. Textarnir hans eru mestmegnis trúarlegir og fjalla ekki um glæpi eða annað í þeim dúr. Hann ætlar að dvelja hér á landi í eina viku og verður einnig í viðtali á Lindinni.

TIL ÍSLANDS Bandaríski rapparinn Doran Stevens heldur tónleika hér á landi 9. mars.



HÆFILEIKARÍK Adele hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir plötu sína 21 sem kom út í fyrra.

Adele á Ólympíuleikunum

Fregnir herma að breska söngkonan Adele komi fram á lokahátíð Ólympíuleikanna, sem fram fara í London í sumar. Bresk tónlist verður í hávegum höfð á hátíðinni og The London Symphony Orchestra leikur undir. Þekktir breskir popparar, sem og nýir, verða fengnir til að flytja goðsagnakennda breska popptónlist. Orðrómur hefur verið um að Rolling Stones, Paul McCartney og Spice Girls komi einnig fram en það hefur ekki fengist staðfest.

Adele hlaut sex Grammy-verðlaun fyrr í mánuðinum.

HELENA BONHAM CARTER stillti sér upp fyrir ljósmyndara við Buckinghamhöllina.

Bonham Carter heiðruð

Breska leikkonan Helena Bonham Carter var heiðruð af bresku drottningunni fyrir framlag sitt til leiklistarinnar. Bonham Carter hlaut BAFTA-verðlaun fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni „The King's Speech" og var einnig tilnefnd til Óskarsverðlauna. Leikkonan tók að sögn við orðunni til að heiðra minningu föður síns, sem lést árið 2004. Colin Firth, mótleikari Bonham Carter í „The King's Speech" var heiðraður af Karli Bretaprinsi í síðasta mánuði.

Borgarleikhúsið

Borgarleikhúsið er samstarfsaðili Símaskrárinnar 2012

Má bjóða þér í leikhús?

Viltu upplifa einstaka leiksýningu og taka þátt í að búa til nýja Símaskrá?

Í Símaskránni 2012 verða leiklistin og þjóðin í forgrunni og við viljum fá þig í lið með okkur við að búa til nýja Símaskrá.

Af því tilefni bjóða **Já** og **Borgarleikhúsið** í leikhús **3. mars kl. 14** þar sem tvíeykið Hundur í óskilum fer í gegnum Sögu þjóðar í tali og tónum á meðan áhorfendur eru myndaðir.

★★★★★
„Langt er síðan ég hef orðið vitni að öðru eins fýreverkerí af fyndni og andríki."
JVJ, DV

Saga þjóðar
3. mars
kl. 14



Hvar & hvenær?
Borgarleikhúsinu, laugardaginn 3. mars kl. 14.

Hvað fæ ég marga miða?
Tveir miðar eru í boði fyrir hvern sem skráir sig.

Hvernig skrái ég mig?
Hægt er að skrá sig á **já.is** eða senda tölvupóst á **leikhus@ja.is** með upplýsingum um nafn og kennitölu þína og þess sem þú vilt bjóða. Einnig er hægt að skrá sig hjá miðasölu Borgarleikhússins í síma **568 8000.**

Hvernig veit ég hvort ég fæ miða?
Þar sem einungis 550 miðar eru í boði þá getum við því miður ekki tryggt öllum sem skrá sig þátttöku. Ef þú dast í lukkupottinn og ert á leiðinni í leikhús þá sendum við þér tölvupóst með nánari upplýsingum.

118 Gulu síðurnar Já.is Stjörnur.is Símaskrá Já í símann i.já.is

já
— er svarið

FULLTRÚAR ÍSLANDS á HM í frjálsíþróttum innanhúss verða hlaupararnir Trausti Stefánsson og Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir. Trausti hefur tvíbætt met sitt í 400 m hlaupi á árinu og Hrafnhild hefur ná góðum árangri í 60 m hlaupi. Enginn Íslendingur náði lágmarki fyrir mótið og því þarf Alþjóðafrjálsíþróttasambandið að staðfesta þátttöku þeirra.

TILBÚINN Gunnar er í toppformi og klár í slaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Blandaðar bardagaíþróttir:

Gunnar í beinni í kvöld

MMA Íslendingar fá loksins að fylgjast með einum umtalaðasta íþróttamanni þjóðarinnar, Gunnari Nelson, í beinni útsendingu í kvöld.

Gunnar keppir þá í blönduðum bardagaíþróttum, MMA, í Dublin á Írlandi. Gunnar mætir Alexander Butenko sem er sagður gríðarsterkur og helsta von Austurblokkarinnar í MMA.

Til stóð að Árni Ísaksson myndi einnig berjast í kvöld en andstæðingur hans dró sig úr keppni þannig að Gunnar sér einn um að halda uppi heiðri Íslands í Dublin.

Stöð 2 Sport sýnir beint frá bardögum kvöldsins og hefst útsending klukkan 21.30.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

Valur - Tindastóll 61-74 (36-39)

Stig Vals: Marvin Jackson 18/14 fráköst, Birgir Björn Pétursson 14, Kristinn Ólafsson 13, Hamid Dicko 4, Alexander Dungal 4, Snorri Þorvaldsson 4, Ragnar Gylfason 2, Benedikt Blöndal 2.

Stig Tindastóls: Friðrik Hreinsson 19, Curtis Allen 15/10 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 14, Svavar Atli Birgisson 8, Igor Tratnik 8, Maurice Miller 6, Helgi Freyr margeirsson 2, Helgi Rafn Viggósson 2.

Þór Þorl. - Keflavík 75-65 (42-30)

Stig Þórs: Darrin Govens 22, Blagoj Janev 21, Matthew Hairston 15/20 fráköst, Guðmundur Jónsson 10, Darri Hilmarsson 7.

Stig Keflavíkur: Jarryd Cole 24, Charles Parker 15/10 fráköst, Kristoffer Douse 9, Magnús Þór Gunnarsson 6, Halldór Örn Halldórsson 6, Valur Orri Valsson 3, Arnar Freyr Jónsson 2.

KR - Fjölnir 106-82

STAÐAN

Grindavík	**17**	**16**	**1**	**1554-1334**	**32**
Stjarnan	17	11	6	1495-1411	22
Þór Þorl.	**17**	**11**	**6**	**1440-1361**	**22**
KR	17	11	6	1510-1554	22
Keflavík	**17**	**11**	**6**	**1522-1408**	**22**
Snæfell	17	9	8	1587-1504	18
Tindastóll	**17**	**8**	**9**	**1444-1504**	**16**
Njarðvík	17	8	9	1452-1455	16
Fjölnir	**17**	**6**	**12**	**1448-1533**	**14**
ÍR	17	6	11	1479-1570	12
Haukar	**17**	**4**	**13**	**1322-1425**	**8**
Valur	17	0	17	1275-1569	0

NÝR ÞJÁLFARI EN SAMA ÚTKOMA

Frumraun íslenska landsliðsins í knattspyrnu undir stjórn Lars Lagerbäck gegn Japan lauk með 3-1 tapi. Líkt og svo oft áður var ljósa punkta að finna í leik íslenska liðsins en úrslitin voru vonbrigði.

FÓTBOLTI Leikmenn Íslands voru líklega enn þá að átta sig á því á hvort markið þeir ættu að sækja þegar boltinn lá í netinu eftir aðeins 94 sekúndur. Heimamenn nýttu sér ábyrgðarleysi íslensku leikmannanna í varnarleiknum sem horfðu á Ryoichi Maeda skalla knöttinn í netið.

Japanar réðu ferðinni í hálfleiknum en færin voru af skornum skammti á báðum endum. Þó varði Hannes Þór einu sinni af stuttu færi eftir hornspyrnu.

Marki undir mættu íslensku strákarnir ákveðnir til leiks í síðari hálfleik. Þeir börðust líkt og í fyrri hálfleiknum og komu sér í betri stöður. Skelfileg holning á varnarlínunni á 53. mínútu varð til þess að Jungo Fujimoto slapp einn í gegn og kláraði færið snyrtilega.

Þriðja markið kom rúmum tíu mínútum fyrir leikslok þegar Tomoaki Makinu skoraði af stuttu færi, liggjandi á bakinu.

Arnór Smárason, líflegasti leikmaður Íslands í leiknum, lagaði stöðuna með marki úr vítaspyrnu í viðbótartíma.

Hafa verður í huga að þótt bæði lið hafi verið vængbrotin voru fleiri lykilmenn fjarri góðu gamni hjá Íslandi. Til marks um það var Hallgrímur Jónasson sá eini sem byrjaði líka í síðasta landsleik Íslands en fjórir Japanar voru í sigurliði þeirra gegn Dönum á HM 2010. Ekki var að marka mikla breytingu á leik Íslands frá síðustu árum. Líkt og undir stjórn Ólafs Jóhannessonar var ýmislegt jákvætt í leik liðsins en úrslitin vonbrigði.

„Við vorum frekar sofandi í upphafi leiksins. Fengum á okkur skyndisókn eftir aukaspyrnu og hefðum aldrei átt að leyfa þeim að skora. Svona gerist stundum í fótbolta en þetta var alls engin draumabyrjun," sagði landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck við Fréttablaðið eftir leikinn. „Ég er sérstaklega ósáttur við fyrstu 25 mínútur leiksins því við vorum allt of rólegir og værukærir í okkar aðgerðum. Við vorum ekki að verjast vel og misstum svo boltann nánast um leið og við náðum honum," sagði Svíinn en honum fannst íslenska liðið vinna sig ágætlega inn í leikinn.

BASL Miðverðirnir Hjálmar Jónsson og Hallgrímur Jónasson náðu ekki nógu vel saman fyrir miðri vörn liðsins. NORDIC PHOTOS/AFP

„Smám saman lagaðist okkar leikur og mér fannst strákarnir spila ágætlega. Ég er samt fyrst og fremst ánægður að hafa fengið þennan leik. Það var gott fyrir leikmennina að spila á erfiðum útivelli fyrir framan fullt af fólki. Liðið vantar svona reynslu. Okkar vegferð hófst núna í Japan og vonandi endar hún á góðum stað."

Voru einhverjir leikmenn í íslenska liðinu sem Lagerbäck fannst standa upp úr í þessum leik?

„Mér fannst Hannes standa sig vel í markinu í fyrri hálfleik. Eftir að hafa fengið á sig mark strax í upphafi þá lét hann það ekki koma sér úr jafnvægi. Hann var mjög öruggur í öllum sínum aðgerðum og gerði engin mistök. Hann sýndi að hann býr yfir miklum andlegum styrk," sagði þjálfarinn og hrósaði fleirum.

„Flestir leikmenn mættu til leiks með rétt hugarfar og lögðu sig alla fram. Helgi fyrirliði átti mjög góðan leik og var alltaf að. Hann keyrði liðið áfram allan tímann."

Lagerbäck segir að þessi ferð til Japan hafi verið jákvæð byrjun á hans landsliðsþjálfaraferli.

„Auðvitað var fúlt að tapa og mér líkar það alls ekki. Bæði ég og liðið náum að læra með því að fara í svona leiki. Vonandi verður stígandi hjá okkur í framhaldinu. Ég er því ánægður með ferðina, ekki úrslitin og tel að við hefðum getað spilað aðeins betur." - ktd, hbg

Aron Einar Gunnarsson verður í eldlínunni með Cardiff á Wembley á morgun er það mætir Liverpool:

Klárlega stærsti leikurinn á mínum ferli

FÓTBOLTI Það verður stór stund í lífi knattspyrnukappans Arons Einars Gunnarssonar á morgun er hann gengur út á sjálfan Wembley ásamt félögum sínum í Cardiff City. Þar mun Cardiff mæta stórliði Liverpool í úrslitaleik deildarbikarsins.

„Þetta er klárlega stærsti leikurinn á mínum ferli og ég ætla að njóta þess að spila hann. Það munu margir fylgjast með og fólkið í Cardiff er mjög spennt. Það er fjöldi manna mættur til þess að kveðja okkur," sagði Aron Einar við Fréttablaðið skömmu áður en liðið hélt af stað til London í gær.

„Það er mjög fín stemning hjá okkur. Það er ró yfir mannskapnum en tilhlökkun samt. Það verða allir klárir á leikdegi," sagði Aron en Cardiff er klárlega litla liðið í leiknum. Hefur allt að vinna en engu að tapa.

„Það er jákvætt að vera minna liðið. Við þurfum ekkert að vera stressaðir. Ég vona að við höfum gaman af þessu og njótum þess að spila leikinn. Það er ekki á hverjum degi sem menn spila úrslitaleik á Wembley og ég tala nú ekki um gegn liði eins og Liverpool. Það er allt hægt í svona bikarúrslitaleik."

Fjöldi Íslendinga verður á vellinum og þar af margir ættingja Arons sem ætla ekki að missa af þessari stóru stund í lífi hans.

GRIMMUR Aron Einar mun líklega ekki gefa neitt eftir á Wembley á morgun. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Það eru allir að koma að norðan. Vinir og ættingjar. Margir vina minna halda með Liverpool og það verður því enn sætara ef við náum að skella þeim," sagði Aron og hló dátt.

„Það verður algjör draumur að labba inn á völlinn fyrir framan tæplega 90 þúsund manns. Ég verð örugglega með kúkinn í buxunum fyrstu tvær mínútur leiksins en svo fer það og ég fer að njóta leiksins. Ég er alltaf smá tíma í gang í stórleikjum." - hbg

Stórleikur hjá AG og Kiel í Meistaradeildinni:

Úrslitaleikur í Köben

HANDBOLTI Það fer fram afar áhugaverður handboltaleikur í Kaupmannahöfn á morgun þegar Íslendingaliðin AG og Kiel mætast.

Þetta er lokaleikur liðanna í D-riðli en Kiel er í efsta sæti riðilsins með einu stigi meira en AG. Þetta er því hreinn úrslitaleikur um efsta sætið í riðlinum.

Það er löngu orðið uppselt á leikinn sem fram fer í Boozt.com-höllinni en forráðamenn AG segja að þeir hefðu vel getað fyllt Parken hefðu þeir farið með leikinn þangað.

Arnór Atlason, Ólafur Stefánsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson verða allir í liði AG og Aron Pálmarsson verður með Kiel sem Alfreð Gíslason þjálfar.

Leikurinn hefst klukkan 16.00 og er í beinni útsendingu á Sporttv.is. - hbg

ARON PÁLMARSSON Mætir fjórum félögum úr landsliðinu í Köben í dag. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Fram þarf að komast fram hjá varnarmúr Hauka til að eiga möguleika í dag:

Höfum unnið vel í sóknarleiknum

HANDBOLTI Topplið N1-deildarinnar, Haukar, mæta Fram í úrslitaleik Eimskipsbikars karla sem hefst klukkan 16.00 í dag. Liðin eru búin að mætast þrisvar í vetur og hafa Haukar unnið í tvígang.

Liðin mættust í deildinni fyrir stuttu síðan og þá unnu Haukar örugglega og héldu Fram í sex mörkum í fyrri hálfleik.

„Við verðum að vera sterkir í sókninni og höfum verið að vinna markvisst í því að styrkja hana. Við erum að mæta öflugu liði sem er stöðugt. Við erum líka góðir og ætlum að selja okkur dýrt," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram. „Haukar gera fá mistök og við verðum að finna ráð til þess að stöðva þá. Við höfum verið að vinna í því og mætum ákveðnir og bjartsýnir til leiks."

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, talar varlega fyrir leik.

„Þó svo við séum efstir þá er Fram-liðið afar vel mannað og öflugt. Okkar styrkur er vissulega vörn, markvarsla og hraðaupphlaup. Við þurfum svo að vera agaðir í sókninni," sagði Aron og bendir á að þó hans menn hafi komið á óvart í vetur, spilað vel og séu efstir hafi liðið ekki enn unnið neitt.

„Við erum margir hverjir óreyndir og þurfum að vera með báða fætur á jörðinni. Staðan í deildinni gefur okkur ekkert í þessum leik."

Haukar lögðu granna sína í FH örugglega í undanúrslitum keppninnar þar sem FH skoraði aðeins fjórtán mörk og þar af fjögur í síðari hálfleik.

Fram vann á sama tíma dramatískan sigur á HK þar sem sigurmarkið kom beint úr aukakasti er leiktíminn var liðinn. **- hbg**

HVER FÆR BIKARINN? Fyrirliðarnir Birkir Ívar úr Haukum og Halldór Jóhann frá Fram bítast hér um bikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FYRIRLIÐAR Annað hvort Hrafnhildur Skúladóttir Val eða Ester Óskarsdóttir ÍBV lyftir bikarnum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eimskipsbikar kvenna:

Valskonur sigurstranglegri

HANDBOLTI Hið spræka lið ÍBV fær það verðuga verkefni að takast á við hið ógnarsterka lið Vals í úrslitum Eimskipsbikars kvenna en leikurinn hefst klukkan 13.30.

Það er valinn maður í hverju rúmi í liði Vals en ÍBV hefur verið að sækja í sig veðrið í vetur og mun örugglega selja sig dýrt í Höllinni í dag.

„Við höfum lent í vandræðum með þær í tvígang í vetur en erum að nálgast þær þannig að þetta verður hörkuleikur," sagði Ester Óskarsdóttir, fyrirliði ÍBV, borubrött fyrir leik.

„Útlendingarnir í okkar liði styrkja okkur mikið. Það var ekkert annað í stöðunni en að fá þær. Valskonur hafa meiri reynslu en við og við þurfum að passa upp á spennustigið. Þetta er nánast landsliðið samt á móti ÍBV enda átta landsliðsmenn í Val á meðan við eigum einn leikmann sem hefur spilað með landsliðinu. Það er samt allt hægt í bikar og það vitum við."

Hrafnhildur Skúladóttir, fyrirliði Vals, veit sem er að þeim er spáð öruggum sigri.

„Mér finnst við vera með besta liðið og við töpum sjaldan. Við förum inn sem stóra liðið en þetta er bikarleikur og við ætlum okkur að vinna," sagði Hrafnhildur sem á von á sterku liði ÍBV.

„ÍBV hefur verið að styrkja sig og eru sterkari. Við vitum að þetta verður erfiður leikur og við verðum að vera tilbúnar." **- hbg**

Hingað er ég komin til að vinna titla

Margrét Lára Viðarsdóttir er nýbyrjuð að spila með þýska liðinu Turbine Potsdam, einu besta félagsliði heims í kvennaknattspyrnunni. Í ítarlegu viðtali segir hún frá áætlunum sínum, bæði innan sem utan fótboltavallarins og langvarandi baráttu hennar við meiðslin.

Margrét Lára Viðarsdóttir er komin aftur í þýska fótboltann, þar sem besta kvennaknattspyrnan í heimi hefur verið síðasta áratuginn. Þar er hún á mála hjá Turbine Potsdam, einu besta félagsliði landsins og þar með heimsins alls.

Potsdam liggur rétt utan borgarmarka hinnar annríku höfuðborgar Þýskalands, Berlín. Fréttablaðið hitti Margréti Láru í vinalegum miðbæ þessa 250 þúsund manna borgar og ræddi við hana um átök næstu vikna og mánaða þar sem hún mun keppa í allra fremstu röð, framtíðaráætlanir hennar og þriggja ára baráttu við meiðsli sem jafnvel sér ekki fyrir endann á.

LÍÐUR VEL Í ÞÝSKALANDI Margrét Lára Viðarsdóttir tyllir sér á viðarbekk við æfingavöll Turbine Potsdam. Þar ætlar hún að spila knattspyrnu næstu mánuðina og lengur ef vel gengur. Turbine Potsdam er eitt allra sterkasta félagslið heims og varla hægt að komast hærra í knattspyrnuheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

Jákvæð og bjartsýn í þetta sinn

„Í raun er þetta nákvæmlega eins og ég átti von á," segir Margrét Lára við blaðamann yfir kaffibolla þess síðarnefnda. Hún lét vatnssopann duga að þessu sinni enda æfing hjá Turbine að viðtalinu loknu. Viðtalið var tekið í síðustu viku, áður en hún lék sinn fyrsta leik með liðinu. Þá gerði Potsdam óvænt jafntefli við Hamburg og spilaði Margrét Lára síðustu 30 mínúturnar. Liðið á næst leik á morgun og mætir þá Leverkusen á heimavelli.

Turbine Potsdam hefur orðið Þýskalandsmeistari í þrjú ár í röð og í fimm skipti alls. Aðeins Frankfurt hefur unnið deildina oftar frá stofnun hennar. Potsdam hefur tvívegis borið sigur úr býtum í Meistaradeild Evrópu, síðast árið 2010 en tapaði fyrir Lyon í úrslitaleiknum í fyrra.

Sem fyrr segir er Margrét Lára að reyna fyrir sér í annað sinn í Þýskalandi. Nítján ára gömul, árið 2006, samdi hún við Duisburg en dvölin þar reyndist henni erfið og ákvað hún að snúa aftur heim á leið.

„Í þetta sinn var ég búin að undirbúa mig vel. Ég fór út með jákvætt hugarfar og bjartsýni. Ég ætlaði ekki að láta koma mér neitt á óvart. Ég veit að það er erfitt að vera einn í Þýskalandi. Hér skilur mann enginn og ég skil engan – allavega til að byrja með. Við erum í Austur-Þýskalandi og þjálfarinn, sem er af gamla skólanum, talar ekki stakt orð í ensku," segir hún. „Ég vissi að ég yrði mikið ein. En ég er að spila í besta liði í Evrópu og hingað er ég komin til að vinna eitthvað stórt. Það er það sem drífur mig áfram á hverjum degi. Ef mér leiðist á daginn – þá loka ég einfaldlega á það og reyni frekar að njóta þess að vera hér fram á vor og sjá svo til. Það var erfitt á sínum tíma að fara svo ung frá fjölskyldu og vinum en í dag er ég allt önnur manneskja og tek lífið á aðeins léttari nótum."

Samningur Margrétar Láru er til átján mánaða en með uppsagnarákvæði sem báðir aðilar geta nýtt sér að loknu tímabilinu.

Þýski boltinn hentar mér vel

Eftir að Margrét Lára samdi við Potsdam líkti hún því við að Gylfi Þór Sigurðsson myndi semja við Manchester United. „Þetta er hrikalega gott lið," segir hún um Turbine Potsdam. „Þjálfarinn er grjótharður en mér líkar mjög vel við allt saman. Við erum á miðju tímabili en það er búið að vera langt vetrarfrí og því líður mér eins og að nýtt tímabil sé að hefjast."

Liðið er í efsta sæti deildarinnar með fimm stiga forystu á næsta lið, Duisburg. Margrét Lára lék síðast með Kristianstad í Svíþjóð sem var þjálfað af Elísabetu Gunnarsdóttur en þær kynntust fyrst þegar Margrét Lára lék með ÍBV, uppeldisfélagi sínu. Hún átti mjög gott tímabil í Svíþjóð og varð markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar.

„Ég hefði getað komið í nóvember [eftir að tímabilinu lauk í Svíþjóð] en ég tel að það hafi verið rétt að koma eftir að hlé var gert á deildinni um mitt tímabilið. Það er samt heilmikið eftir af tímabilinu og vonandi fullt af leikjum í Meistaradeild Evrópu. Það eru rosalega spennandi tímar fram undan," segir hún en Turbine Potsdam mætir sterku liði WFC Rossiyanka frá Rússlandi í fjórðungsúrslitum Meistaradeildarinnar.

„Fótboltinn hér í Þýskalandi er öðruvísi en í Svíþjóð. Hér er meira lagt upp úr hröðu spili og fáum snertingum. Það hentar mér mjög vel og ég held að ég falli vel að skipulagi liðsins."

Farið í 20 röntgenmyndatökur

Margrét Lára hefur nú í þrjú ár verið að berjast við þrálát meiðsli aftan í hægra læri sem erfiðlega gengur að ráða bót á. Meiðslin eru algeng hjá fótboltamönnum en í hennar tilviki virðast þau nánast krónísk. Hvort hún stenst álagið að spila í bestu deild heims og Meistaradeild Evrópu í þokkabót verður mikil prófraun fyrir hana.

„Ég hef örugglega farið í 20 röntgenmyndatökur. Það eina sem sést er að ég er með slit í baki. Þar er uppspretta meiðslanna og vilja læknarnir meina að þetta leiði niður í lærið. Meiðslin gera það að verkum að það er erfitt fyrir mig að hlaupa og sparka. Það eru jú ára gömul íþróttakona. Það er líka hægt að horfa á það þannig."

Hún segist vera í góðum höndum í Potsdam og að henni hafi liðið vel síðustu tvær vikurnar. „Fram að því var ég mjög slæm. En ég hef verið í mjög markvissri og góðri endurhæfingu og æft stíft í sex vikur. Vonandi er það að bera árangur. En ég veit að þetta hef ég áður sagt á síðustu þremur árum og alltaf hefur komið bakslag. En það er ekki hægt. Eins og er vil ég klára tímabilið í Þýskalandi og gera það eins vel og ég get. Svo eru líka spennandi tímar fram undan með landsliðinu og ég horfi líka mikið til þeirra verkefna."

> Það er víst hlutverk okkar kvenna í lífinu að fjölga mannkyninu og er ég mikil barnakona. Við eigum bæði stórar fjölskyldur og ég get ekki sett sjálfa mig í fyrsta sæti endalaust.

Meiðslin fylgja mér mögulega út ferilinn

„Ég er búin að sætta mig við að þetta gæti mögulega fylgt mér til loka ferilsins. Það var einfaldlega ákvörðun sem ég þurfti að taka. Vissulega sorglegt þegar maður er bara 25 ára gamall en ég byrjaði að æfa fimm ára gömul og æfði einnig handbolta til sextán ára aldurs. Um tíma var ég í þremur flokkum í fótbolta og tveimur í handbolta samtímis – svo í yngri landsliðum í báðum greinum. Ég er 25 ára í lífaldri en kannski 32 meiðslin eru einfaldlega þess eðlis. Það er ekki hægt að senda mig í aðgerð og gefa mér sex eða níu mánuði til að jafna mig. Þetta er endalaus tilraunastarfsemi," segir hún. „En mér líður vel og tel að ef ég kemst í gegnum marsmánuð verði mér allir vegir færir."

Ég er mikil barnakona

Utan knattspyrnunnar er Margrét Lára dugleg við að halda sér við efnið. Hún nemur sálfræði í fjarnámi frá Íslandi og er þar í fullu námi þessa önnina. Sem stendur er fótboltinn í fyrsta sæti en það má heyra á henni að hún er einnig byrjuð að huga að lífi án boltans.

„Auðvitað langar mann að vera eilífur í fótboltanum en ég veit að

Hún hefur verið í sambandi með Einari Erni Guðmundssyni, leikmanni Vals í N1-deild karla í handbolta, í tæp fimm ár og eins og svo mörg ung pör horfa þau til þess að stofna fjölskyldu. „Það er víst hlutverk okkar kvenna í lífinu að fjölga mannkyninu og er ég mikil barnakona. Við eigum bæði stórar fjölskyldur og ég get ekki sett sjálfa mig í fyrsta sæti endalaust," segir hún og brosir. „En það er vel hægt að spila fótbolta langt fram yfir þrítugt – þó svo að maður þyrfti að taka sér stöku barneignarfrí inn á milli. Mömmurnar virðast koma sterkari leikmenn til baka ef eitthvað er."

En sem stendur á fótboltinn hug hennar allan. „Ég er að spila í frábæru liði og ég ætla að halda áfram að spila í fremstu röð á næstu árum. Þegar ég er á fullu í boltanum og laus við meiðslin nýt ég þess í botn og finnst ekkert skemmtilegra. Mig langar að vera í þessu eins lengi og ég get."

Þurfti að velja á milli fótbolta og handbolta sextán ára gömul

Sjálfsagt vita ekki margir að Margrét Lára Viðarsdóttir þótti á sínum tíma ein allra efnilegasta handboltakona landsins. Hún lék sem örvhent skytta með yngri flokkum ÍBV og var um tíma valin í yngri landsliðin í bæði handbolta og fótbolta.

„Ég var sextán ára þegar ég hætti í handbolta og var það mjög erfið ákvörðun. Það var mikill barátta á milli þjálfaranna minna," segir Margrét Lára en eins og hún víkur að í viðtalinu hér við hliðar var hún um tíma í þremur flokkum í fótbolta og tveimur í handbolta á sama tíma. „Það var lagt hart að mér í báðum greinum að halda áfram. Það gekk meira að segja svo langt að einhvern tímann þegar félagið fékk boð um að senda mig á æfingu með einu yngri landsliðanna í handbolta þá komst það í hendur fótboltaþjálfaranna og þaðan beint í ruslið," segir hún og hlær.

Elísabet Gunnarsdóttir (á mynd) kom til ÍBV á þessum tíma til að þjálfa og hafði hún áhyggjur af þessu mikla æfingaálagi sem var á Margréti Láru. „Hún sagði mér að ef ég færi á handboltaæfingu gæti ég ekki komið á fótboltaæfingu sama dag til hennar. Ég gat ekki hugsað mér að missa út fótboltaæfingu og því var þetta niðurstaðan," segir hún.

Kærasti Margrétar Láru, Einar Örn Guðmundsson, spilar handbolta með Val í N1-deild karla og fylgist Margrét Lára því mjög vel með.

„Ég fer oft á leiki og mér finnst handbolti skemmtileg íþrótt. Ég hef oft hugsað til þess á æfingum á gervigrasi um hávetur af hverju ég valdi ekki handboltann," segir hún og hlær. „En hvort sem ég hefði valið þá veit ég að ég hefði lagt mikinn metnað í íþróttina. Ég trúi því að ég hefði líka náð langt í handboltanum."

Margrét Lára fylgdist vel með þátttöku handboltalandsliðsins á HM í Brasilíu í desember síðastliðnum. „Þær náðu frábærum árangri og mér finnst að það hefði mátt hylla þær meira. Ég dáist að þeim og þær sýndu að það er allt hægt. Þær geta verið fyrirmyndir okkar í fótboltalandsliðinu."

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is

OSRAM

VERÐVERND BYKO
LÆGSTA VERÐIÐ

LÆGRA VERÐ
Á OSRAM PERUM

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Vnr. 54140214
OSRAM sparperur,
11W, E27, 2 stk.
990 kr./pk.

Vnr. 54140332
OSRAM sparperur,
14W, E27, 3 stk.
1.490 kr./pk.

Vnr. 54140333
OSRAM sparperur,
8W, E14, 3 stk.
990 kr.

Vnr. 54140047
OSRAM mini globe
sparpera, 7W, E14.
990 kr.

Vnr. 54140117
OSRAM mini twist
sparpera, 18W, E27.
990 kr.

KYNNING Á SPARPERUM

Starfsmenn Jóhanns Ólafssonar & co., umboðsaðila OSRAM á Íslandi, verða í BYKO Breidd í dag frá kl. 12 – 16 að kynna sparperur og hvaða perur koma í stað hinnar hefðbundnu glóperu.

KAFFIHORN
BYKO BREIDD

PIZZA, SAMLOKA EÐA PYLSA MEÐ GOSI Á AÐEINS: **195** kr.

VILTU VINNA FLUG OG GISTINGU FYRIR TVO?

Þeir sem versla í BYKO fram til mánaðamóta eiga möguleika á því að vinna 50.000 kr. gjafabréf frá Flugfélagi Íslands, fyrir flugi og gistingu innanlands. 1. mars verða þrír heppnir dregnir út, sem fara á flug. Komdu þér í pottinn – verslaðu í BYKO.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

> Beyoncé Knowles

„Það er alltaf þannig að gaurar sem maður er ekkert hrifinn af láta mann ekki í friði, en um leið og þú sýnir þeim áhuga þá eru þeir horfnir."

Það er erfitt að ímynda sér að söngkonan Beyoncé Knowles hafi átt erfitt með að laða að sér karlmenn í gegnum tíðina. Það virðist þó vera að ástarlífið hafi ekki gengið svo smurt fyrir sig áður en hún fann ástina með Jay-Z. Beyoncé leikur sjálfa Ettu James í stórmyndinni Cadillac Records á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 20.00.

dagskrá
sunnudagur

SUNNUDAGSKVÖLD

> Stöð 2 Sport kl. 15.45
Liverpool - Cardiff

Þetta er stór dagur fyrir íþróttaáhugamenn. Hápunkturinn er viðureign Liverpool og Cardiff City í úrslitaleik enska deildabikarsins á Wembley. Aron Einar Gunnarsson leikur með Cardiff og það verður gaman að sjá hann kljást við Steven Gerrard og allar hinar stórstjörnurnar í liði Liverpool. Leikurinn er sýndur í beinni á Stöð 2 Sport og hefst útsending klukkan 15.45.
Fótboltaveisla dagsins hefst raunar á Stöð 2 Sport 2 klukkan 13.15 þegar Arsenal og Tottenham eigast við. Tíu mínútum síðar hefst útsending frá leik Norwich og Manchester United á Sport 3. Leikur Rayo Vallecano og Real Madrid hefst klukkan 15 á Sport 4 og á sama tíma hefst leikur Stoke og Swansea en Gylfi Sigurðsson leikur með Swansea. Stórleikurinn á Spáni, viðureign Atletico Madrid og Barcelona hefst klukkan 20.20 og til að fullkomna daginn þá er stjörnuleikurinn í NBA sýndur í beinni kl. 1.15 eftir miðnætti.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Íslensk menning **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Brynhildur og Angantýr **11.00** Guðsþjónusta í Seltjarnaneskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Sannleikurinn og lífið **15.00** Sprotar - fyrirtæki framtíðarinnar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu: Hljómsveitin kynnir sig **17.00** Smásaga: Kaffihús í Jaffa **17.27** Vinnustofan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.28 Fum og fát
10.35 Melissa og Joey (7:30) (e)
11.00 Landinn (e)
11.30 Djöflaeyjan (e)
12.10 Meistaradeild í hestaíþróttum (e)
12.30 Silfur Egils
13.55 Mannslíkaminn (4:4) (e)
14.50 Höllin (e)
15.45 Leyndardómar Scoresbysunds (e) Heimildamynd um Scoresbysund.
16.25 Spilaðu lag fyrir mig (2:2) (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Skellibær (46:52)
17.40 Teitur (23:52)
17.50 Veröld dýranna (45:52)
17.55 Pip og Panik (2:13) (P.I.P) (e)
18.00 Stundin okkar
18.25 Helle Thorning-Schmidt (Vejen til magten) Þáttur um fyrstu konuna sem gegnir stöðu forsætisráðherra Danmerkur.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Landinn
20.10 Höllin (5:20) (Borgen)
21.10 Guðrún Á. Símonar Söngkonan segir frá sjálfri sér og syngur lög af ýmsu tagi.
22.20 Sunnudagsbíó - Fallið (The Fall) Atriði í myndinni ekki við hæfi ungra barna.
00.15 Silfur Egils (e)
01.35 Útvarpsfréttir

BÍÓ

08.00 Chestnut: Hero of Central Park
10.00 Bride Wars
12.00 Unstable Fables
14.00 Chestnut: Hero of Central Park
16.00 Bride Wars
18.00 Unstable Fables
20.00 Cadillac Records
22.00 The Hangover
00.00 State of Play
02.05 The Day the Earth Stood Still
04.00 The Hangover
06.00 Goya's Ghosts

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Spaugstofan
12.30 Nágrannar
13.50 Nágrannar
14.10 American Dad (8:18)
14.35 The Cleveland Show (11:21)
15.00 American Idol (13:39)
15.45 Týnda kynslóðin (24:40)
16.15 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi (8:10)
16.50 Spurningabomban (5:10)
17.40 60 mínútur
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.15 Hollráð Hugos (2:2) Vandaðir og skemmtilegir þættir með einum besta fyrirlesara landsins. Hugo Þórissyni sálfræðingi, sem hefur um árabil haldið námskeið um samskipti foreldra og barna.
19.45 Sjálfstætt fólk (20:38) Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið.
20.25 The Mentalist (10:24)
21.10 The Kennedys (8:8)
21.55 Boardwalk Empire (3:12) Önnur þáttaröð af þessari margverðlaunuðu seríu sem skartar Steve Buscemi í hlutverki stórkallsins Nucky Thompson, sem réði lögum og lofum í Atlantic City á bannárunum snemma á síðustu öld.
22.50 60 mínútur Virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar
23.40 Óskarsverðlaunin 2012 - Rauði dregillinn Bein útsending frá forsmekknum af Óskarsverðlaunahátíðinni. Fylgst verður grannt með helstu stjörnum kvikmyndaheimsins renna í hlað Kodak-leikhússins og ganga rauða dregilinn í sínu fínasta pússi.
01.30 Óskarverðlaunin 2012 - Bein útsending Bein útsending frá Óskarsverðlaunahátíðinni 2012 þar sem helstu stjörnur í Hollywood verða viðstaddar afhendingu eftirsóttustu verðlauna í heimi skemmtanaiðnaðarins. Kynnir kvöldsins er leikarinn og grínistinn Billy Crystal en íslenskir þulir eru Ívar Guðmundsson dagskrárstjóri Bylgjunnar og Skarphéðinn Guðmundsson dagsrárstjóri Stöðvar 2.
04.55 The Glades (8:13)
05.45 Fréttir Stöðvar 2

SPORT *besta sætið*

08.15 Man. City - Porto Útsending frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
10.00 Man. Utd. - Ajax Útsending frá leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
11.45 Meistaradeild Evrópu: Basel - Bayern Útsending frá leik í 16 liða úrslitum.
13.30 Meistaradeild Evrópu: Marseille - Internazionale Útsending frá leik í 16 liða úrslitum.
15.15 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu
15.45 Enski deildarbikarinnÞ Liverpool - Cardiff BEINT
18.30 Spænski boltinn: Rayo - Real Madrid
20.20 Spænski boltinn: Atl. Madrid - Barcelona BEINT
22.30 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Cardiff
00.25 Evrópudeildarmörkin
01.15 NBA All Star Game Bein útsending frá stjörnuleiknum í NBA þar sem úrvalslið austur- og vesturdeildar mætast.

SPORT 2 *enski boltinn*

09.40 QPR - Fulham
11.25 Man. City - Blackburn

13.15 Arsenal - Tottenham BEINT
15.40 Premier League World
16.10 Norwich - Man. Utd.
18.00 Sunnudagsmessan
19.20 Stoke - Swansea
21.10 Sunnudagsmessan
22.30 Chelsea - Bolton
00.20 Sunnudagsmessan
01.40 Arsenal - Tottenham
03.30 Sunnudagsmessan

EXTRA

15.30 Íslenski listinn
15.55 Bold and the Beautiful
16.35 Bold and the Beautiful
17.15 Bold and the Beautiful
17.40 Falcon Crest (8:30)
18.30 ET Weekend
19.15 Ísland í dag - helgarúrval
19.40 The Glee Project (8:11)
20.25 American Idol (12:39) (13:39)
22.35 Damages (7:13) (8:13)
00.05 Falcon Crest (8:30)
00.55 ET Weekend
01.40 Íslenski listinn
02.05 Sjáðu
02.30 Fréttir Stöðvar 2
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

ÍNN

14.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
14.30 Gamansaman
15.00 Frumkvöðlar
15.30 Eldhús meistranna
16.00 Hrafnaþing
17.00 Græðlingur
17.30 Svartar tungur
18.00 Björn Bjarnason
18.30 Tölvur tækni og vísindi
19.00 Fiskikóngurinn
19.30 Bubbi og Lobbi
20.00 Hrafnaþing
21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur
21.30 Náttúra og nýting
22.00 Hrafnaþing
23.00 Motoring
23.30 Eldað með Holta
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.10** Golfing World **08.00** World Golf Championship 2012 (4:5) **13.35** Inside the PGA Tour (8:45) **14.00** World Golf Championship 2012 (5:5) **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
11.55 Dr. Phil (e)
12.30 Dr. Phil (e)
13.15 Dr. Phil (e)
14.00 Dynasty (3:22) (e)
14.45 90210 (6:22) (e)
15.35 America's Next Top Model (11:13) (e)
16.25 Once Upon A Time (8:22) (e)
17.15 HA? (22:31) (e)
18.05 The Office (19:27) (e)
18.30 Matarklúbburinn (2:8) (e)
18.55 Survivor (12:16) (e)
19.40 Survivor (13:16) Keppendur fá að hitta ástvini sína en aðeins nokkrir fá að eyða dýrmætum tíma með þeim á Endurlausnareyju. Í friðhelgikeppninni eru allir á móti öllum og goggunarröðin verður skýr.
20.25 Top Gear Australia (2:6) Ástralska útgáfa Top Gear þáttanna hefur notið mikilla vinsælda. Shane, Ewen og Steve ögra sjálfum sér þegar þeir láta á það reyna hvort mögulegt sé að ferðast siglandi frá óbyggðum Ástralíu að Eyre-vatni og áhorfendur fá að berja nýju Top Gear-brautina augum.
21.00 Law & Order: Special Victims Unit (22:24) Bandarísk sakamálaþáttaröð um sérdeild lögreglunnar í New York borg sem rannsakar kynferðisglæpi. Fórnarlamb nauðgunar er numið á brott og fljótlega taka böndin að berast að skuggamenningu ólöglegra fóstureyðinga.
21.50 The Walking Dead (4:13) Erfiðleikar blasa við þegar stærðarinnar uppvakningur fellur ofan í brunn við felustað hópsins.
22.40 Blue Bloods (2:22) (e)
23.30 Prime Suspect (5:13) (e)
00.20 The Walking Dead (4:13) (e)
01.10 Whose Line is it Anyway? (18:39) (e)
01.35 Smash Cuts (27:52) (e)
02.00 Pepsi MAX tónlist

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

BBC entertainment

06.30 Fawlty Towers **07.00** EastEnders **09.00** QI **13.10** Top Gear **14.55** Come Dine With Me **16.35** QI **17.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **18.20** The Graham Norton Show **19.05** Lee Evans Live Different Planet Tour **20.00** Derren Brown: How to Control the Nation **20.50** Live at the Apollo **21.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **22.20** The Graham Norton Show **23.05** Lee Evans Live Different Planet Tour **23.55** Derren Brown: How to Control the Nation **00.45** Live at the Apollo

DR 1

09.25 Isa´s stepz **09.40** Isa´s stepz **09.55** Osman og Jeppe **10.10** Gepetto News **10.40** Conrad og Bernhard **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** BingoBoxen **11.25** I lære som leder **11.55** OBS **12.00** Livet i Fagervik **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Tæt på en dronning **14.30** Lykke **15.30** HåndboldSøndag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Oceaner af liv **19.00** Lykke **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt **20.50** Clement Søndag **21.30** McBride **22.55** Vind eller forsvind **23.55** Mission: Ekstremsport

NRK 1

07.25 Norsk attraksjon **07.55** NRKs sportssøndag **08.55** V-cup alpint **09.55** V-cup alpint **11.15** VM skiflyging Vikersund **15.00** V-cup alpint **15.45** V-cup kombinert **16.15** Sport i dag **16.30** Underveis **17.00** Bokprogrammet **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Fjellfolk **19.55** Erobreren **20.55** Prins Harry og heltene i Arktis **21.45** Oscarkveld 2012 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Oscarkveld 2012 **22.20** Filmbonanza **22.50** Broen **23.50** Oscarkveld 2012

svt1

07.00 Från Lark Rise till Candleford **08.00** Rapport **08.05** Strömsö **08.45** Vinterstudion **09.00** Alpint **09.45** Vinterstudion **10.00** Alpint **11.00** Vinterstudion **11.10** Vinterstudion **12.00** Alpint **12.45** Vinterstudion **13.00** Skicross **14.20** Vinterstudion **14.30** Ridsport **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Så ska det låta **20.00** Äkta människor **21.00** Damages **21.40** X-Games **22.10** Melodifestivalen 2012

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Ísland

í allt sumar

HOBBY PREMIUM

Komdu á sýninguna hjá okkur um helgina og sjáðu hvernig hægt er að ferðast um fallega landið okkar í sumar.
Á sýningunni er fullur salur af ferðavögnum við allra hæfi hvort sem þú ætlar að ferðast um láglendið eða hálendið.
Vegna mjög hagstæðra samninga við framleiðendur getum við boðið úrval ferðavagna á verði sem kemur verulega á óvart.
Nú er rétti tíminn til að undirbúa næsta sumar og láta draumana rætast. Komdu og veldu rétta ferðavagninn.
Við tökum gamla vagninn þinn upp í nýjan þó hann sé í geymslu!
Hjá okkur verður opið um helgina, laugardag frá klukkan 12 til 16 og sunnudag frá klukkan 13 til 17

HOBBY hjólhýsi verð frá 2.990.000

HOBBY Landhaus verð 6.250.000

HOBBY húsbílar verð frá 13.900.000

Bürstner hjólhýsi verð frá 3.875.000

FamilyCamp verð frá 995.000

Coachmen fellihýsi verð 2.990.000

Esterella verð frá 3.295.000

VÍKURVERK – ALLT Í FERÐALAGIÐ!

VÍKUR VERK

VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

dagskrá

> Stöð 2 kl. 20.05

He's Just Not That Into You

Ben Affleck, Jennifer Aniston, Drew Barrymore og Scarlett Johansson eru meðal leikenda í þessari rómantísku gamanmynd. Sagðar eru nokkrar sögur sem allar tengjast á einhvern hátt og fjalla um erfiðleikana sem fylgja því að lesa í hegðun annarra.

VIÐ TÆKIÐ FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR GERIR JÁTNINGU

Vondir strákar eru mest heillandi

Það er eitthvað ótrúlega heillandi við karlmenn sem eru drullusokkar af guðs náð. Fáránlegt að segja það og stríðir gegn allri femínískri og rökréttri hugsun en þannig er það bara. Ósvífnin og kæruleysið um tilfinningar og líðan annarra dregur að sér konur eins og klísturspjald flugur. Við dauðskömmumst okkar auðvitað fyrir þessa þversögn en látum engu að síður fallerast af hrokafullu augnaráði og „til andskotans með heiminn" attitjúdi. Aftur og aftur.

Enginn nær að túlka þennan hrokafulla drullusokk betur en Denis Leary í hlutverki Tommys Gavin í sjónvarpsþáttunum Rescue me.

Þessi síljúgandi, yfirgangssami sláni með kvenfyrirlitninguna gneistandi úr augunum er í einu orði sagt ómótstæðilegur. Persónan og þættirnir í heild eru líka frábærlega vel skrifuð og karlaheimur slökkvistöðvarinnar í New York er í senn fullkomlega ógeðslegur og undarlega seiðmagnaður. Það er ekki vinnandi vegur að hætta að horfa á þessa þætti hversu oft sem kvenfyrirlitningin og mannhatrið sjokkerar mann upp úr skónum. Leary bara setur upp skelmisglottið og hreytir út úr sér einhverri karlmennskuklisjunni og maður er reiðubúinn að ganga aftur í björgin hans.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leikritakvöld Útvarpsins **19.00** Þau stóðu í sviðsljósinu: Gestur Pálsson **20.00** Jón Arason **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.20 Gettu betur (1:7) (Fjölbrautaskóli Suðurlands - Verzlunarskóli Íslands) (e)
11.25 Kastljós (e)
11.55 Kiljan (e)
12.45 Hvað veistu? - Umhverfisvænvísindi
13.15 Bikarúrslitaleikur í handbolta BEINT frá úrslitaleiknum í kvennaflokki.
15.10 360 gráður (e)
15.40 Bikarúrslitaleikur í handbolta BEINT frá úrslitaleiknum í karlaflokki.
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Bombubyrgið (Blast Lab) (e)
18.25 Úrval úr Kastljósi
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ævintýri Merlíns (7:13) (The Adventures of Merlin)
20.30 Spilaðu lag fyrir mig (2:2) Upptaka afmælistónleika Valgeirs Guðjónssonar
21.25 Chuck og Larry ganga í það heilaga (I Now Pronounce You Chuck & Larry) Tveir slökkviliðsmenn þykjast vera samkynhneigt par. Meðal leikenda eru Adam Sandler, Kevin James og Jessica Biel. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
23.20 Dyrnar í gólfinu (The Door in the Floor) Aðstoðarmaður frægs barnabókahöfundar verður peð í tafli hans og konu hans. Meðal leikenda eru Jeff Bridges og Kim Basinger. Atriði í myndinni ekki við hæfi barna.
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 The Ex
10.00 Everybody's Fine
12.00 Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief
14.00 The Ex
16.00 Everybody's Fine
18.00 Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief
20.00 Alice In Wonderland
22.00 Fired Up
00.00 Ripley Under Ground
02.00 Lakeview Terrace
04.00 Fired Up
06.00 Cadillac Records

STÖÐ 2

07.00 Barnaefni Stöðvar 2
11.15 The Glee Project (8:11)
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 American Idol (12:39)
15.10 The Block (8:9)
15.55 Sjálfstætt fólk (19:38)
16.40 ET Weekend
17.30 Íslenski listinn
17.55 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.56 Lottó
19.04 Ísland í dag - helgarúrval
19.29 Veður
19.35 Spaugstofan Spéfuglarnir Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson, Siggi Sigurjónsson og Örn Árnason sýna okkur atburði liðinnar viku í spaugilegu ljósi.
20.05 He's Just Not That Into You Stjörnum prýdd rómantísk gamanmynd sem byggð er á samnefndri sjálfshjálparbók sem var byggð á hluta af Sex and the City þáttunum.
22.15 X-Men Origins: Wolverine Spennandi vísindaskáldsaga sem segir frá uppruna Jarfa eða Wolverine. Myndin gerist tuttugu árum fyrir atburði fyrstu X-Men myndarinnar og áður en Wolverine varð það sem hann er í dag. Skaphundur mikill og er slóð hans oftast þakin ofbeldi og blóðsúthellingum. Hann verður síðan skyndilega hluti af hinu skuggalega og leyndardómsfulla Weapon X-verkefni og við komumst að því hvernig Wolverine varð að því sem hann er í dag.
00.00 A Number Áhrifamikil bíómynd sem byggð er á leikriti eftir Caryl Churchill um flókið samband sem myndast milli sonar og föðurs þegar sonurinn kemst að því að hann var klónaður.
01.15 Home of the Brave Mögnuð spennumynd um baráttu bandarískra hermanna við að laga sig aftur að samfélaginu eftir að hafa gengt herþjónustu í Írak. Með aðalhlutverk fara Samuel L. Jackson, Jessica Biel, Christina Ricci og 50 Cent.
03.00 Boys Are Back, The Hugljúf og áhrifarík kvikmynd með Clive Owen í aðalhlutverki.
04.40 ET Weekend
05.25 Fréttir Stöðvar 2

SPORT *besta sætið*

09.55 Valencia - Stoke
11.40 Evrópudeildarmörkin
12.30 Spænsku mörkin
13.05 Meistarad.: CSKA Moskva - Real Madrid
14.50 Meistarad.: Napoli - Chelsea
16.35 Þorsteinn J. og gestir
17.00 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu
17.30 Þýskaland: Kiel - RN Löwen
18.55 Golfskóli Birgis Leifs (6:12)
19.20 Ensku bikarmörkin
19.50 La Liga Report
20.20 Grillhúsmótið
21.00 Í greipum Gunnars
21.30 Cage Contenter 12 Bein útsending frá Dublin á Írlandi. Gunnar Nelson og Árni Ísaksson berjast. Andstæðingur Gunnars er Úkraínumaðurinn Alexander Butenko og er það stærsti bardagi kvöldsins.
23.00 Vináttulandsleikur Sýnt frá leik Japan og Íslands.

SPORT 2 *enski boltinn*

10.35 Man. Utd. - Liverpool
12.25 Everton - Chelsea
14.15 Premier League Preview
14.45 Chelsea - Bolton BEINT
17.15 Man. City - Blackburn BEINT
19.30 QPR - Fulham
21.20 Newcastle - Wolves
23.10 WBA - Sunderland
01.00 Wigan - Aston Villa

EXTRA

16.40 Nágrannar
18.25 Cold Case (12:22)
19.10 Spurningabomban (5:10)
20.00 Týnda kynslóðin (24:40)
20.30 Twin Peaks (9:22)
21.20 Numbers (8:16)
22.05 The Closer (10:15)
22.50 Til Death (10:18) (11:18) (12:18) (13:18)
00.30 Cold Case (12:22)
01.15 Íslenski listinn
01.40 Sjáðu
02.05 Spaugstofan
02.30 Týnda kynslóðin (24:40)
02.55 Spurningabomban (5:10)
03.40 Fréttir Stöðvar 2
04.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
14.05 Dr. Phil (e)
14.45 Dr. Phil (e)
15.30 Dynasty (2:22) (e)
16.15 Live To Dance (8:8) (e)
17.05 Innlit/útlit (2:8) (e)
17.35 Pan Am (14:14) (e)
18.25 The Jonathan Ross Show (14:19) (e)
19.15 Minute To Win It (e)
20.00 America's Funniest Home Videos (2:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20.25 Eureka (8:20) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Samband Carters og Allison virðist vera á réttu róli en aðilar úr fortíð þeirra flækja málin. Til að bæta gráu ofan á svart ráðast óþekkt öfl á bæinn.
21.15 Once Upon A Time (8:22) Emma býður sig fram til opinberra starfa á móti Sidney og Regina og Mr.Gold taka sitthvora afstöðuna í kosningunum. Í ævintýraheimi reynir Rumputuski að forða syni sínum frá því að taka þátt í tilgangslausu stríði.
22.05 Saturday Night Live (10:22) Í þáttunum er gert grín að ólíkum einstaklingum úr bandarískum samtíma, með húmor sem hittir beint í mark. Gamli SNL-melurinn Jimmy Fallon spreytir sig í gestahlutverki og ætti að vera öllum hnútum kunnugur.
22.55 Like Father, Like Son
00.30 HA? (22:31) (e)
01.20 Jimmy Kimmel (e)
02.05 Jimmy Kimmel (e)
02.50 Whose Line is it Anyway? (e)
03.15 Real Hustle (4:20) (e)
03.40 Smash Cuts (26:52) (e)
04.05 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.35** World Golf Championship 2012 (3:5) **11.35** Inside the PGA Tour (8:45) **12.00** World Golf Championship 2012 (3:5) **17.00** World Golf Championship 2012 (4:5) **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

BBC entertainment

06.30 EastEnders **07.00** My Family **07.30** Fawlty Towers **08.35** Fawlty Towers **09.10** Keeping Up Appearances **10.15** Keeping Up Appearances **11.15** My Family **12.20** My Family **12.50** QI **13.20** QI **13.50** QI **14.20** QI **14.55** QI **15.25** QI **15.55** QI **16.30** QI **17.00** Doctor Who **18.15** Doctor Who Confidential **19.15** Strictly Come Dancing **21.15** Hustle **22.10** PAs **23.05** The Whistleblowers **00.00** Doctor Who

DR 1

09.00 Dragejægerne **09.25** Ramasjang Mix **09.50** Aaron Stone **10.15** Splint & Co **10.40** Troldspejlet 2012 **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tidens tegn **11.55** Sign up **12.15** Jamies mad på 30 minutter **12.40** Ved du hvem du er? **13.40** Støv for alle pengene **15.10** X Factor **16.10** X Factor Afgørelsen **16.40** Før søndagen **16.50** Sporløs **17.20** Held og Lotto **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.10** De kære dyrebørn **19.00** Styrmand Karlsen **21.05** Wallander - Genfærdet **22.35** Rocky

NRK 1

06.05 Førkveld **06.45** Førkveld **07.25** Førkveld **08.05** Popstokk **08.55** NRKs sportslørdag **10.25** V-cup alpint **11.45** V-cup kombinert **12.25** V-cup kombinert **13.00** VM skiflyging Vikersund **17.30** Sport i dag **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Amigo Grande **19.25** Mesternes mester **20.25** Norsk attraksjon **20.55** Nye triks **21.45** Program ikke fastsatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** The Hurt Locker **00.20** Brille

SVT1

06.15 Uppdrag Granskning **07.15** Debatt **08.00** Rapport **08.05** Vintermagasinet **08.45** Vinterstudion **09.00** Alpint **10.00** Vinterstudion **10.30** Alpint **11.30** Vinterstudion **12.30** Skicross **13.50** Vinterstudion **14.00** Handboll **16.00** Det ljuva livet i Alaska **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Go'kväll **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2012 **20.30** Kommissarie Banks **22.00** Rapport **22.05** X-Games **22.35** Jonathan Ross show **23.20** Rapport **23.25** Bröderna Reyes

INN

17.00 Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Félag Fasteignasala
visir

Okkar er ánægjan

Við sendum hlýja strauma til viðskiptavina okkar sem settu Vínbúðirnar í efsta sætið í Íslensku ánægjuvoginni og til starfsfólksins sem gerir viðskiptavini ánægða á hverjum degi.

Takk fyrir okkur!

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM50797

PERSÓNAN

Ása Þórdís Ásgeirsdóttir

Aldur: 21 árs
Starf: Nemi á listnámsbraut og vinnur í Úr og gull í Firðinum.
Foreldrar: Edda Hrönn Steingrímsdóttir, starfsmaður hjá Sjóvá, og Ásgeir Halldór Ingvarsson, eigandi verslunarinnar Úr og gull og einn af eigendum Echo ehf.
Maki: Ægir Steinarsson, starfsmaður Securitas.
Búseta: Í Kópavogi.
Stjörnumerki: Tvíburi

Ása Þórdís er ein fjögurra stúlkna sem hönnuðu slaufur sem líkjast yfirvaraskeggjum.

Dáleiddur af krafti Bloodgroup

Elektrópoppsveitin Bloodgroup fær góða dóma í breska tímaritinu Clash fyrir tónleika sína í ensku borginni Nottingham. Þetta voru síðustu tónleikar hennar á ferðalagi sínu um Evrópu þar sem hún spilaði á 25 tónleikum.

„Fyrir þessa síðustu tónleika höfðu þau öll málað sig um augun en þegar þú ert búinn að horfa á hljómsveitina verðurðu fljótt dáleiddur af krafti þeirra," skrifar gagnrýnandinn. „Sú tegund af elektró sem þau spila er kraftmikil en samt fáguð. Það kemur ekki á óvart að uppselt hafi verið á fjölda tónleika þeirra í Evrópu, þar á meðal í Þýskalandi og að þau hafi spilað á The Roundhouse í London."

Gagnrýnandinn bætir við að Bloodgroup sé greinilega stútfull af hæfileikum og að spilamennska hljómsveitarinnar og sviðsframkoma hafi verið í sérflokki. „Það er synd að hljómsveit með þessa hæfileika skuli ekki vera betur þekkt í Bretlandi. Landfræðileg staðsetning hjálpar þeim ekki en það er ekki annað hægt en að þakka bæði Bloodgroup og Yonioshi [sem spilaði einnig á tónleikunum] fyrir að koma með eitthvað ferskt inn í bresku elektrósenuna og minna íbúa Nottingham á að það kemur fleira gott frá Íslandi en Sigur Rós." - fb

GÓÐIR DÓMAR Hljómsveitin Bloodgroup fær góða dóma í Clash fyrir tónleika sína í Nottingham. MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR

UMDEILDUR TÍSKUKÓNGUR

1993: Ritstjóri bandarísku Vogue gengur út af tískusýningu Karls Lagerfeld fyrir Fendi í Mílanó er hann lætur fatafellur og klámmyndastjörnur ganga niður tískupallinn.

2001: Dýraverndunarsamtökin PETA kasta tófúböku í Lagerfeld á tískuviðburði í New York til að mótmæla notkun hans á dýrafeldum í fatnaði sínum. Lagerfeld sér að sér því í fatalínu Chanel árið 2010 notaði hann einungis gervifeldi.

2009: Karl Lagerfeld gagnrýnir ofurfyrirsætuna Heidi Klum eftir að hún situr nakin fyrir á forsíðu tímaritsins GQ. Lagerfeld segir fyrirsætuna vera „meira bling bling og glamúr en tískufyrirsætu".

2012: Lagerfeld reitir heimsbyggðina til reiði með því að kalla söngkonuna Adele „aðeins of feita", ummæli sem hann dró síðar til baka.

Er matur eins og **sprengja** í maganum á þér?

Nútíma meðhöndlun á matvælum eyðileggur ensímin í matnum, því skortir flesta meltingarensím nema við séum reglulega á hráfæði.

Lifestream Bowel+
meltingarensímin tryggja betri meltingu, meiri upptöku á næringaefnum og góða líðan í maga og ristli.

Regluleg inntaka tryggir vellíðan.

Inniheldur:
Meltingarensím • HUSK trefjar
5 teg acidofilusgerla • Inulin FOS

Bragðgott, 2 tsk á dag

Fæst: Apótekum, heilsubúðum og Krónunni.

lifestream™
lífræn bætiefni fyrir alla - heilsa til framtíðar

ANDREA BRABIN: HÚN ER AÐ SLÁ Í GEGN HRATT

Kolfinna kolféll í kramið hjá Karli Lagerfeld í Mílanó

„Ég hef aldrei verið með fyrirsætu sem hefur slegið í gegn á svona stuttum tíma," segir Andrea Brabin, eigandi Eskimo-skrifstofunnar sem sér um fyrirsætuna Kolfinnu Kristófersdóttur.

Kolfinna var valin sérstaklega af tískukónginum sjálfum, Karli Lagerfeld, til sýna haustlínu Fendi-tískuhússins. Sýningin fór fram á fimmtudagskvöldið og er einn af hápunktum tískuvikunnar í Mílanó. „Lagerfeld er þekktur fyrir að vera mjög vandlátur á fyrirsætur sínar og Kolfinna var í skýjunum með að hitta hann. Hún sagði mér að hann hefði verið almennilegur og meðal annars hrósað á henni hárinu."

Kolfinna hefur verið í lykilhlutverki í stærstu sýningum tískuviknanna í New York, London og nú síðast í Mílanó. Kolfinna var einnig valin af hönnuðinum Donatellu Versace til að sýna haustlínu Versace í gær ásamt því að sýna fyrir Prada, Max Mara og Moschino.

Kolfinna, sem er einungis 19 ára gömul og búsett í New York, tekur velgengninni með mikilli ró að sögn Andreu sem segir skjólstæðing sinn vera mikla hetju. „Hún tognaði á fæti í London en samt skellir hún sér í háu hælana og gengur niður tískupallana. Hún er dugnaðarforkur sem hefur mjög gaman af þessu," segir Andrea og bætir við: „Í augnablikinu eru allir að tala um hana."

Í vikunni fjallaði ítalska Vogue um Kolfinnu sem nýjasta andlit tískuheimsins og birti viðtal við hana á heimasíðu sinni, Vogue.it. Tímaritið POP Magazine birti myndaþátt með Kolfinnu í nýjasta tölublaðinu. Fyrir stuttu var fyrirsætan svo í myndatöku fyrir tímaritið W, sem valdi hana eina af fjórum fyrirsætum sem líklegar eru til að verða næstu stjörnur. Næst á dagskrá er svo tískuvikan í París en þar á Kolfinna eflaust eftir að leika stórt hlutverk. alfrun@frettabladid.is

ÁTVR hafnar „barnalegum" páskabjór

„Við erum ósáttir við niðurstöðu ÁTVR. Hún kostar okkur fullt af peningum," segir Óli Rúnar Jónsson, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni.

ÁTVR hefur hafnað páskabjórnum Páskagull sem Ölgerðin setti á markað í vikunni. Ástæðan er sú að litur umbúða og myndskreyting þykir höfða sérstaklega til barna, einkum um páska. Í rökstuðningi ÁTVR er einnig vísað til þess að á umbúðum sjáist ekki nægilega vel að um bjór sé að ræða og að áfengisprósentan sé ekki heldur nægilega sjáanleg.

Ölgerðin er ósammála þessari niðurstöðu og ætlar að skjóta málinu til fjármálaráðuneytisins. Tekið er fram á framhlið bjórsins að um bjór sé að ræða og hann sé 5,2% að áfengisstyrkleika.

„Páskaungar hafa verið notaðir við sölu á páskavörum heillengi, hvort sem þær eru fyrir fullorðna eða börn," segir Óli Rúnar og bætir við að tjón Ölgerðarinnar hlaupi á milljónum því þegar sé búið að brugga hundrað þúsund dósir. Hann undrast ákvörðun ÁTVR, sérstaklega vegna þess að fyrirtækið hafði áður samþykkt þessa hönnun. Þá átti hún að vera á flöskum en eftir að Ölgerðin ákvað að breyta yfir í dósir kom annað hljóð í strokkinn.

Þrátt fyrir að Páskagull verði ekki fáanlegt í verslunum ÁTVR mun bjórinn fást í Fríhöfninni í Keflavík og á völdum börum og veitingastöðum fram yfir páska. - fb

PÁSKABJÓRINN ÁTVR hefur hafnað páskabjórnum Páskagull sem Ölgerðin setti á markað í vikunni.

LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT FYRIR HEIMILIÐ?

Skatthol 80 x 96 x 55 cm
kr. 52.300,-

Borðstofustóll kr. 19.800,-

Kommóða 90 x 84 x 40 cm
kr. 79.800,-

Stóll kr. 98.900,-

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Ondverga mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET•FLÍSAR

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bætist í drengjahópinn

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra eignaðist tvíbura, tvo heilbrigða drengi, á fimmtudagskvöld. Drengirnir voru teknir með keisaraskurði. Katrín og eiginmaður hennar, rithöfundurinn Bjarni Bjarnason, gengu í hjónaband í apríl í fyrra. Þau eiga hvort sinn soninn fyrir svo synirnir eru nú orðnir fjórir. Bjarni greindi frá tíðindunum og nöfnum drengjanna á Facebook-síðu sinni í gær. Þeir voru tíu og tólf merkur og heita Kristófer Áki og Pétur Logi.

Aðrir tvíburar fæddir

Synir iðnaðarráðherra eiga sér afmælisbræður – aðra tvíbura sem komu í heiminn á fimmtudag. Foreldrar þeirra eru leikaraparið **Tinna Hrafnsdóttir** og Sveinn Geirsson. Tinna segir á Facebook-síðu sinni að foreldrarnir séu að rifna úr stolti. „Lífið er dásamlegt!" bætir hún við.

Drengjaflóð

Og drengirnir urðu enn fleiri á fimmtudaginn, því að söngkonan **Ragnheiður Gröndal** og gítarleikarinn **Guðmundur Pétursson** eignuðust líka strák þennan sama dag. Hamingjuóskunum rigndi yfir skötuhjúin á Facebook-síðu Guðmundar og sumir voru þegar farnir að spá þeim nýfæddda glæstum frama á tónlistarsviðinu.

- þeb, sh

Mest lesið

1. Þjóðsöngur Hildar fyrir Japansleikinn
2. 10 ára hetja bjargaði ársgömlu barni frá drukknun
3. Hollenski prinsinn í dauðadái
4. Lögreglan braut upp hurð að fikniefnasamkvæmi
5. Fundu hestshaus á stöng í Seljahverfi

IKEA á Íslandi óskar sænsku krónprinsessunni Viktoríu og Daníel prins hjartanlega til hamingju með nýfæddu prinsessuna Estelle Silvia Ewa Mary.

Í tilefni fæðingar prinsessunnar færðu nú ekta sænska prinsessutertu og kaffi á Veitingastaðnum á 195 krónur laugardag og sunnudag.

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®